




Háskólinn
á Akureyri

Námsbraut í
lögreglufræði
Júlí 2016

Þátttökutilkynning

Háskólinn á Akureyri hefur kynnt sér verkefnisgögn er varða ferli um val á aðila til að annast lögreglunám á háskólastigi og staðfestir hér með þátttöku sína.

Upplýsingar um þátttakenda og undirskrift:

Nafn/nöfn þátttakenda	Háskólinn á Akureyri
Kennitala	520687-1229
Heimilisfang	Sólborg v/Norðurslóð
Sími tengiliðs	661 1151
Fax	(Á ekki við – óskað er eftir að öll samskipti séu með tölvupósti)
Tölvupóstfang	rektor@unak.is
Tengiliður varðandi tillögu	Eyjólfur Guðmundsson
Staður og dagsetning tillögu	Akureyri 22. júlí 2016
Undirskrift bjóðanda/enda	

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	6
INNGANGUR	9
LÖGREGLUFRÆÐI Á HÁSKÓLASTIGI	10
SKIPULAG NÁMS Í LÖGREGLUFRÆÐI OG DRÖG AÐ NÁMSKRÁ	12
LÝSING Á HÆFI KENNARA OG NÁMSUMHVERFI	19
REKSTRARÁÆTLUN	26
FRAMKVÆMDARÁÆTLUN	28
LOKAORÐ	31
VIÐAUKAR	32

SAMANTEKT

Á síðustu áratugum hefur starfsumhverfi lögreglumanna tekið miklum breytingum. Verkefni lögreglunnar eru fjölbreyttari og flóknari en áður þar sem lögreglumenn koma að ólíkum málum, allt frá því sem kalla mætti almenn lögreglustörf til rannsókna á umfangsmiklum efnahagsbrotum. Þá hefur aðkoma lögreglu að félagslegum málum einstaklinga og fjölskyldna aukist. Á sama tíma eru gerðar sífellt auknar kröfur til þeirra sem sinna almennum lögreglustörfum og mikilvægi þeirra síst minnkað. Auknum kröfum í starfi er best mætt með betri og víðtækari menntun og tilfærsla lögreglunáms á háskólastig er rökrétt skref í þróun lögreglustarfsins. Þetta skref er ennfremur í samræmi við þróun lögreglustarfsins á Norðurlöndum og þróun menntunar í greinum á borð við hjúkrunarfræði og kennslu.

Háskólinn á Akureyri lýsir sig reiðubúinn til þess að taka virkan þátt í þessari þróun með því að bjóða upp á lögreglunám á háskólastigi (starfsréttinda-diplóma) ásamt því að bjóða nám í lögreglufræði til bakkalárgráðu (og meistaragráðu á síðari stigum). Með heildstæðu starfsréttindanámi og viðbótarmenntun í lögreglufræði gefst lögreglumönnum kostur á því að efla sig í starfi á margvíslegum og sérhæfðum sviðum.

Með þátttökuyfirlýsingu þessari sýnir Háskólinn á Akureyri fram á færni sína og hæfni til þess að bjóða upp á lögreglunám sem uppfyllir öll alþjóðleg og innlend viðmið um gæði í háskólanámi sem og þekkingu og færni í lögreglufræði og starfi lögreglumannsins. Samkvæmt auglýsingu Ríkiskaupa og menntamálaráðuneytisins verður við mat á vali aðila sem munu annast lögreglunám á háskólastigi sérstaklega horft til níu þátta.

Fyrsti þátturinn lýtur að hæfi kennara. Við Háskólann á Akureyri starfa 110 akademískir starfsmenn. Af þeim eru a.m.k. 20 sem hafa akademískt hæfi á fræðasviðum sem kennd eru í lögreglufræði. Yfirlit yfir kennslu og rannsóknir þeirra er sett fram í þessari umsókn ásamt skipunarbréfum þar sem fram kemur akademískt hæfi viðkomandi. Jafnframt er hægt að nálgast ítarlegan lista um kennslu og rannsóknir á heimasíðu skólans. Þá hefur Háskólinn á Akureyri fengið vilyrði hjá rúmlega 20 aðilum, sem starfa innan lögreglunnar eða dómskerfisins, um að koma að stundakennslu í náminu. Þessir aðilar eru með starfstengdan sem og fræðilegan bakgrunn á fjölbreyttum sviðum og uppfylla því þær kröfur um hæfi sem gerðar eru til stundakennara. Með því að fá aðila sem starfa á vettvangi að kennslunni skapast mikilvæg tengsl á milli lögreglufræðanna og lögreglustarfsins; tengsl sem eru nauðsynleg til þess að nemendur fái góða innsýn í starf lögreglumannsins. Háskólinn á Akureyri hefur því á að skipa fjölbreyttum hópi af mjög hæfum kennurum til kennslu í lögreglufræði.

Annar þáttur matsviðmiða gerir ráð fyrir að fræðilegur grunnur fyrir lögreglumenn verði breiður. Þeir tæplega 20 starfsmenn Háskólans á Akureyri sem munu koma að náminu eru sérfræðingar í félagsfræði, afbrotufræði, heilbrigðisvísindum, (geð)hjúkrunarfræði, lögfræði, siðfræði, opinberri stjórnsýslu, menntunarfræðum og sálfræði — ásamt því að búa að sérfræðipekkingu í hinum ýmsu undirgreinum á sínum fræðasviðum. Þessir aðilar mynda breiðan hóp sérfræðinga sem tryggja heildstæðan grunn fyrir nám í lögreglufræði. Sérfræðipekking á sviði lögreglufræða (e. Police Science) er takmörkuð á Íslandi en hefur þróast sem sjálfstæð vísindagrein erlendis. Markmið Háskólans á Akureyri er að ráða sérfræðinga á þessu sviði ef samið verður við skólann um rekstur náms í lögreglufræði. Háskólinn á Akureyri er því vel í stakk búinn til þess að bjóða upp á nám í lögreglufræði sem veitir breiðan og góðan fræðilegan grunn fyrir starf lögreglumannsins.

Í þriðja þætti matsviðmiða er litið til sérhæfðs og verklegs hluta námsins. Verkleg starfspjálfun og þjálfun í sérhæfðum lögreglustörfum fer fram í samvinnu við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu (MSSL). Í því skipulagi sem Háskólinn á Akureyri setur fram fyrir nám í lögreglufræði er gert ráð fyrir nánu samstarfi við MSSL ásamt því að MSSL hafi beina tengingu við nám til starfsréttinda á diplómastigi. Aðkoma stundakennara tryggir jafnframt að nemendur verða í beinum samskiptum við sérfræðinga sem starfa innan lögreglunnar og dómskerfisins á hverjum tíma. Með þessum hætti er tryggt að verklegi og sérhæfði hluti námsins feli í sér fjölbreyttan, hagnýtan og fræðilegan grunn fyrir störf lögreglumanna.

Samspil þessara þátta er tryggt með beinni aðkomu MSSL að starfsréttindanáminu en jafnframt verður tryggt að bæði MSSL sem og aðrir hagsmunaaðilar náms í lögreglufræði eigi aðkomu að ráðgjafaráði bakkalár- og meistaranáms í lögreglufræði. Með aðkomu MSSL að skipulagi heildarnámsins er tryggt að verklegir þættir og fræðilegir séu settir fram á heildstæðan hátt þannig að samspil þessara þátta séu lögreglunemanum skýr í námi hans, líkt og kveðið er á um í fjórða þætti matsviðmiða.

Við heildaruppbyggingu námsins er horft til tveggja meginþátta. Annars vegar að byggja upp öflugt nám til starfsréttinda og hins vegar að byggja upp námsleiðir og þekkingu sem gefa kost á frekara námi. Hönnun námsins tekur

mið af Bologna-ferli háskólanáms í Evrópu sem þýðir að gráðan veitir aðgengi að frekara námi á meistarastigi skv. reglum hvers fag- og fræðasviðs. Þegar nemendur hafa lokið tveggja ára starfsréttindanámi býðst þeim að ljúka þriðja árinu og útskrifast þá með bakkalárgráðu í lögreglufræði. Sú gráða mun opna þeim leið til frekara náms á meistarastigi í margvíslegum greinum félagsvísinda (þ.m.t. stjórnnun), þverfaglegum heilbrigðisvísindum, rannsóknar-tengdu félagsvísindanámi sem og námi í lögreglufræði við erlenda háskóla. Með því að taka mið af alþjóðlegum gæðastöðlum er tryggt að nemendur geta stundað frekara nám að loknu starfsréttindanámi eins og tekið er fram í fimmta þætti matsviðmiða.

Rekstur Háskólans á Akureyri hefur verið í jafnvægi á hverju ári síðastliðin tíu ár. Skólinn er skuldlaus við ríkissjóð og hefur sýnt að hann getur nýtt takmarkað fjármagn á farsælan og skynsamlegan máta. Farið var vel í gegnum fjárhagslegar forsendur námsins og sett upp rekstraráætlun miðað við fullan rekstur námsins. Sú niðurstaða sýnir að Háskólinn á Akureyri getur rekið námið innan þeirra fjárhagslegu marka sem fram kemur í útboðsgögnum Ríkiskaupa. Ekki yrði þörf á viðbótar skólagjöldum en lögum samkvæmt ber opinberum háskólum að innheimta skráningargjald af öllum nemendum. Í núverandi lögum er gjaldið 75 þúsund krónur fyrir hvert skólaár. Háskólinn stenst því fyllilega matsviðmið sjötta þáttar útboðsgagna Ríkiskaupa.

Í matsviðum sjö, átta og níu er rætt um heildarskipulag námsins og framkvæmdaáætlun. Háskólinn á Akureyri telur sig hafa sett fram skýra sýn á nám í lögreglufræði ásamt heildarhugsun fyrir námið frá diplómagráðu yfir í meistaranám. Jafnframt er það styrkur Háskólans á Akureyri að geta boðið nemendum sveigjanlegt námsform (staðarnám og/eða fjarnám) sem styður við nemendur sem kjósa að búa áfram í sinni heimabyggð og starfa þar að námi loknu en þeir nemendur sem svo kjósa geta stundað námið að fullu í staðarnámi.

Framkvæmd þessarar áætlunar er einföld þar sem ýmis lykilnámskeið tengd lögreglufræði eru þegar kennd við skólann og sérfræðipekking á hinum ýmsu þáttum lögreglufræða er þegar að finna hjá starfsfólki Háskólans á Akureyri. Í ljósi mjög þröngs tímaramma er hins vegar nauðsynlegt að gera ítarlega framkvæmdaráætlun fyrir fyrstu tvö ár námsins. Ef ákvörðun um staðsetningu náms er tekin fyrir 15. ágúst n.k. verður unnt að hefja nám í lögreglufræði við upphaf skólaársins 2016. Sú endurskipulagning námskeiða mun ekki seinka nemendum í námi en mun hafa í för með sér auka kostnað. Eru þessu gerð ítarleg skil í framkvæmda- og fjárhagsáætlun. Með því að hliðra til í einstökum námskeiðum er unnt að hefja kennslu síðar á haustmisseri ef ákvörðun dregst fram í september. Ef ekki hefur verið samið um tilhögun námsins fyrir 15. september þá mun námið ekki hefjast fyrr en í janúar 2017.

Af ofangreindu er ljóst að Háskólinn á Akureyri er mjög vel í stakk búinn til þess að taka að sér nám í lögreglufræði og uppfyllir vel öll matsviðmið sem sett eru fram í útboðsgögnum Ríkiskaupa.

Þeir fjölmörgu aðilar sem að undirbúningi þessarar umsóknar komu eru sammála um að það sé mikið framfaraskref að lögreglunám hér á landi fari á háskólastig og það muni efla lögreglumenntun en ekki síður gefa starfandi lögreglumönnum tækifæri til þess að efla sig og þróa í starfi — sem aftur leiðir til betri löggæslu fyrir alla landsmenn.

Það er því allra hagur að nám í lögreglufræði fari á háskólastig og sé fundinn staður í jákvæðu og uppbyggilegu námsumhverfi líkt og því sem Háskólinn á Akureyri hefur upp á að bjóða.

Virðingarfyllt

Eyjólfur Guðmundsson, rektor

INNGANGUR

Ríkiskaup, fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis, hafa óskað eftir hæfum aðilum til að annast lögreglunám á háskólastigi. Námið á að skipuleggja sem heildstætt nám sem gefi rétt til skipunar í lögreglu ríkisins, skv. lögreglulögum nr. 90/1996, eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 61/2016. Markmiðið er að nemendur ljúki diplómaprófi í lögreglufræði sem jafngildi a.m.k. 120 ECTS einingum á háskólastigi. Hluti af náminu skal vera verk- og starfsnám sem fram fer hjá mennta- og starfsprófunarsetri lögreglu (MSSL).

Háskólinn á Akureyri lýsir sig reiðubúinn til að annast þetta verkefni með því að setja á stofn námsbraut í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri sem mun þjóna löggæslu- og ákærvaldsstofnunum á Íslandi með menntun sem svarar kalli tímans hverju sinni um almannaoðryggi og sé sambærileg við menntun lögreglu í öðrum löndum. Háskólinn á Akureyri er vel í stakk búinn til að byggja upp nám í lögreglufræði. Við skólann er þegar kennd lögfræði, sálfræði, félagsvísindi, menntunarfræði og heilbrigðisvísindi. Jafnframt er í boði íþróttufræðikjörsvið innan kennaradeildar. Háskólinn á Akureyri hefur enn fremur áratuga reynslu af að byggja upp starfstengt nám á háskólastigi þar sem starfsþjálfun á vettvangi er verulegur hluti náms, svo sem í hjúkrunarfræði, iðjupjálfunarfræði og kennarafræði.

Kjarni þessarar tillögu er tveggja ára nám (120 ECTS) sem lýkur með diplómaprófi og veitir starfsréttindi við löggæslu á grunnstarfstigi. Jafnframt verður í boði viðbótarnám (60 ECTS) til bakkalárprófs (BA) í lögreglufræði. Bakkalárpróf í lögreglufræði mun veita aðgang að námi á meistarastigi í lögreglufræði, afbrotufræði og ýmsum öðrum greinum við innlenda og erlenda háskóla. Háskólinn á Akureyri stefnir jafnframt á að bjóða í framtíðinni upp á meistaranám í lögreglufræði með áherslu á stjórnun, lögfræði, tölvubrot, efnahagsbrot, mansal og forvarnir.

Háskólinn á Akureyri er sjálfstæð menntastofnun sem starfar á grundvelli laga um háskóla nr. 63/2006 og laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 (með síðari breytingum). Þann 22. apríl 2008 hlaut Háskólinn á Akureyri viðurkenningu menntamálaráðherra á fræðasviðum auðlinda- og búvísinda, félagsvísinda og heilbrigðisvísinda. Nám í lögreglufræði telst til félagsvísinda og fellur þar með undir eitt af viðurkenndum fræðasviðum skólans. Miðað við núgildandi skipan fræðasviða við Háskólann á Akureyri tilheyrir nám í lögreglufræði hug- og félagsvísindaviði. Námsbraut í lögreglufræði verður hluti af félagsvísinda- og lagadeild.

Hér á eftir er tillaga um skipulag náms í lögreglufræði, drög að námsskrá og námskeiðslýsingar. Greint er frá hæfi kennara sem koma munu að kennslu námskeiða og sett fram áætlun um rekstur og framkvæmd námsins. Það er mat Háskólans á Akureyri að tillagan í heild sé vel til þess fallin að ná markmiðum um nám af miklum gæðum í lögreglufræði eins og því er lýst í tillögum starfshópa frá 2014 og 2015 um framkvæmd og innihald lögreglunáms.

Varðandi formlegar hæfiskröfur segir í auglýsingu Ríkisgaupa: „Bjóðandi/bjóðendur hafi að lágmarki 10 ára reynslu við rekstur háskóla og viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra skv. lögum um háskóla nr. 63/2006 og reglum um viðurkenningu háskóla nr. 1067/2006 til kennslu á eftirgreindum undirflokkum félagsvísinda hið minnsta: sálfræði og lögfræði.“

Háskólinn á Akureyri var stofnaður árið 1987 og hefur því starfað í tæp 30 ár. Menntamálaráðherra hefur staðfest með bréfi þann 22. apríl 2008 að Háskólinn á Akureyri hafi viðurkenningu ráðherra í tilgreindum undirflokkum félagsvísinda, þ.e. sálfræði og lögfræði.

Afrit af undirrituðu bréfi frá menntamálaráðherra er að finna í viðhengi a.

LÖGREGLUFRÆÐI Á HÁSKÓLASTIGI

Með breytingu á lögreglulögum nr. 61/2016 var tekin ákvörðun um að færa fagnám lögreglumanna á háskólastig. Gerð er ítarleg grein fyrir forsendum og aðdraganda þessarar ákvörðunar í skýrslum starfshópa sem unnu að undirbúningi málsins á vegum innanríkisráðuneytisins. Þessar skýrslur eru fylgigögn með auglýsingu Ríkiskaupa um val á skóla til að annast lögreglunám á háskólastigi. Háskólinn á Akureyri hefur í tillögu sinni leitast við að fylgja þeim áherslum sem þar eru lagðar um skipulag og innihald námsins. Tillagan er einnig í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til náms á háskólastigi, svo sem í lögum um háskóla nr. 63/2006 og reglum um viðurkenningu háskóla nr. 1067/2006.

Lögreglufræði (e. Police Science) er sú fræðigrein sem fjallar um viðfangsefni löggæslu í víðu samhengi og nám í lögreglufræði miðar að því að veita nemendum haldgóða undirstöðufærni í því að fyrirbyggja og upplýsa um brot á lögum og að tryggja almennt öryggi borgaranna.

Við Háskólann á Akureyri eru kjöraðstæður til að byggja upp lögreglufræði á háskólastigi. Núverandi námsframboð og rannsóknaráherslur leggja traustan grunn að slíku námi, meðal annars á sviði lögfræði, sálfræði og félagsvísinda. Menntun fagstétta á borð við hjúkrunarfræðinga, iðjupjálfa og kennara til starfa um allt land er jafnframt stór hluti af reglulegri starfsemi Háskólans á Akureyri. Við skólann er því til staðar umtalsverð reynsla og þekking á fagnámi á háskólastigi og samþættingu akademísks náms við starfsþjálfun á vettvangi. Verði nám í lögreglufræði byggt upp við Háskólann á Akureyri verður sérþekking á því sviði eflað með ráðningu akademískra starfsmanna og kerfi gestafræðimanna, uppbyggingu tengslanets innan lands og utan og stofnun rannsóknaseturs í lögreglufræði við skólann.

Háskólinn á Akureyri skiptist í þrjú fræðasvið og átta deildir þar sem boðið er upp á samtals 22 námsleiðir. Starfsmenn háskólans eru tæplega tvö hundruð, þarf af 110 í akademískum stöðum og nemendur eru tæplega tvö þúsund. Fjarnemar eru rúmlega helmingur nemenda og meistaranemar eru um 20% nemendahópsins. Ítarlegri upplýsingar um Háskólann á Akureyri og starfsemi hans má finna í ársskýrslu skólans fyrir árið 2015. Ársskýrsluna má finna í viðauka umsóknarinnar.

Reynslan af því að færa fagnám á borð við hjúkrunarfræði og kennaranám á háskólastig sýnir að slík ákvörðun er aðeins upphafið að löngu og margþættu ferli. Innan háskólasamfélagsins þarf að ávinna greininni sess meðal annarra háskólagreina, þróa námsframboð og efla rannsóknir. Þetta verkefni krefst stöðugar samræðu og samvinnu við fagfélög á viðkomandi sviði, yfirvöld menntamála og stofnanir þar sem starfsnám fer fram og brautskráðir nemendur fara síðar til starfa. Mennta þarf fagfólk til starfa á vettvangi en jafnframt þarf fagnámið að veita grunn að frekari sérhæfingu og framhaldsmenntun. Það þarf því að veita traustar undirstöður til frekara náms og vinna gegn faglegri einangrun stéttarinnar.

Nám í lögreglufræði á að undirbúa lögreglumenn fyrir samskipti við margvíslega ólíka hópa í fjölbreyttu fjölmenningsarsamfélagi og samstarf við ýmsar aðrar fagstéttir, svo sem starfsfólk heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þeir sem ljúka námi í lögreglufræði geta farið til starfa við löggæslustörf en þeir þurfa jafnframt að hafa möguleika til sérhæfingar á svo ólíkum viðfangsefnum sem sérsveitarstörfum, stjórnun lögregluembætta, ofbeldi í nánum samböndum, mansali, rannsókn efnahagsbrota, alþjóðlegu hjálpar- og þróunarstarfi og fræðastarfi á háskólastigi svo fátt eitt sé nefnt. Bakkalárnámið verður því að leggja grunn að ólíkum leiðum í námi og starfi.

Nám í lögreglufræði verður einnig að undirbúa nemendur fyrir störf um land allt. Starfsvettvangur lögreglumanna spannar allt frá stórum og öflugum stofnunum í mesta þéttbýlinu til fámennra og víðfeðmra svæða þar sem sami einstaklingurinn þarf að ganga í nánast öll störf. Sköpun og miðlun þekkingar á háskólastigi þarf að taka mið af mismunandi aðstæðum og gera lögreglumönnum kleift að sinna störfum víðsvegar um land eftir því sem þörf krefur. Fagnámið þarf jafnframt að vera byggt upp með þeim hætti að hægt verði að fá lögreglumenn til starfa í stórum jafnt sem smáum samfélögum.

Í skýrslu starfshóps um endurskoðun á lögreglunámi frá júní 2015 og í skýrslu starfshóps til innanríkisráðherra um framtíðarskipan lögreglumenntunar á Íslandi frá 2014 er lögð rík áhersla á að nám í lögreglufræði sé boðið í fjar-námi. Í því sambandi er meðal annars bent á að erfitt hafi reynst að manna sumar stöður lögreglumanna á svæðum utan höfuðborgarinnar. Í umsögn ríkissaksóknara um skýrslu síðari starfshópsins er tekið undir mikilvægi þess að nám í lögreglufræði sé í boði í fjarnámi. Landssamband lögreglumanna (LL) leggur einnig ríka áherslu á þetta atriði.

Í umsögn landssambandsins um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (menntun lögreglu) segir því: „Það hafa ekki allir tök á því að flytjast búferlum til að stunda nám í lögreglufræði og því nauðsynlegt og um leið krafa LL að fjarkennsla verði stór hluti af þessu nýja menntunarkerfi“.

Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á sveigjanlegt nám þar sem búseta nemenda getur verið með margvíslegum hætti. Um helmingur nemenda við Háskólann á Akureyri velur að stunda staðarnám sem gefur færi á samskiptum við kennara og samnemendur í raunheimum en um helmingur stundar nám í heimabyggð annars staðar á landinu þar sem slík samskipti fara fram með rafrænum hætti. Eftir því sem tækninni hefur fleygt fram hafa skilin milli staðarnáms og fjarnáms orðið sífellt óskýrari og búseta hefur sífellt minni áhrif á námsumhverfi og samskipti nemenda. Þannig sækja staðarnemar jafnt sem fjarnemar fyrirlestra af netinu og blandast saman í umræðu- og verkefnahópum. Verði lögreglunám byggt upp við Háskólann á Akureyri gætu nemendur valið sér búsetu eftir áhuga og þörfum en starfsþjálfun yrði lotubundin á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess í samvinnu við Mennta- og starfspróunarsetur lögreglu og lögregluembætti landsins.

Sveigjanlegt nám hefur reynst afar mikilvægt til þess að mennta fagfólk til starfa um land allt. Rannsóknir hafa sýnt að meirihluti þeirra sem flytja til Reykjavíkur til háskólanáms í lengist í borginni og oft hefur reynst erfitt að fá höfuðborgarbúa til starfa í öðrum landshlutum. Þeir sem eiga þess kost að stunda sveigjanlegt nám í heimabyggð eru hins vegar líklegir til að starfa þar áfram eftir útskrift. Sveigjanlegt nám í lögreglufræði mun gefa fólki í öllum landshlutum tækifæri til að mennta sig til starfa í heimabyggð, eftir atvikum samhliða starfi.

Reynslan sýnir að sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri höfðar ekki síður til nemenda á höfuðborgarsvæðinu en þeirra sem búa annars staðar á landinu. Frá stofnun Háskólans á Akureyri hafa tæplega þúsund nemendur af höfuðborgarsvæðinu lokið bakkalárnámi við háskólann en það er um fjórðungur allra brautskráðra nemenda frá HA. Rétt rúmur helmingur nemenda af höfuðborgarsvæðinu hefur kosið að vera í staðarnámi á Akureyri en tæpur helmingur í fjarnámi. Tilhögun náms við Háskólann á Akureyri, með áherslu á sveigjanlegt nám, mun þannig stuðla að menntun lögreglumanna til starfa um land allt.

SKIPULAG NÁMS Í LÖGREGLUFRÆÐI OG DRÖG AÐ NÁMSKRÁ

Í þessum kafla er einkum fjallað um þætti er snerta eftirtalin matsviðmið:

- Drög þátttakanda að fræðilega hluta námsins virðast geta veitt lögreglumenum breiðan og góðan fræðilegan grunn fyrir störf sín sem lögreglumenn.
- Drög þátttakanda að skipulagi um námsleiðir og námslok eru sannfærandi hvað varðar nemendur og möguleika þeirra á að ljúka diplómanámi og eiga möguleika á frekara námi á háskólastigi.
- Drög þátttakanda að lýsingu á samspili fræðilega hlutans og þess sérhæfða og verklega eru þess eðlis að þau virðast geta veitt lögreglumenum góðan grunn að störfum sem lögreglumenn.
- Drög þátttakanda að sérhæfða og verklega hluta námsins virðast geta veitt lögreglumenum breiðan og góðan fræðilegan grunn fyrir störf sín sem lögreglumenn.

Kjarni þeirrar tillögu sem Háskólinn á Akureyri setur fram er um tveggja ára (120 ECTS) diplómanám í lögreglufræði til starfsréttinda miðað við ákvæði lögreglulaga nr. 90/1996, með síðari breytingum, sbr. mynd 1 hér fyrir neðan. Gert er ráð fyrir að allir sem uppfylla almenn skilyrði til náms í háskóla geti fengið inngöngu í námskeið á fyrsta misseri. Aðeins þeir sem uppfylla inntökuskilyrði í starfsnám hjá lögreglu geta setið námskeið sem teljast til starfsnáms og þar með öðlast rétt til skipunar í lögreglu ríkisins, skv. lögreglulögum nr. 90/1996, eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 61/2016. Miðað er við að ákvörðun um val á nemum til starfsnáms sé tekin eftir lok fyrsta misseris.

Auk tveggja ára diplómanáms er gerð tillaga um 180 ECTS bakkalárnám í lögreglufræði. Lagt er til að unnt sé að ljúka bakkalárnámi með eða án starfsréttinda. Nemendur sem vilja ljúka bakkalárnámi án starfsréttinda velja námskeið sem falla að áherslusviði lögreglufræða í stað þeirra sem tilheyra starfsnáminu. Slíkt nám án starfsréttinda getur nýst brautskráðum nemendum á margvíslegum vettvangi líkt og almennt nám í t.d. afbrotufræði, stjórnmálafræði, félagsfræði eða sálfræði. Jafnframt styrkir slíkt almennt nám ímynd og stöðu lögreglufræði sem sjálfstæðrar fræðigreinar og sem námsgreinar á háskólastigi. Bakkalárnám án starfsréttinda er enn fremur hugsað sem valkostur fyrir þá sem nú þegar hafa lokið námi til starfsréttinda frá Lögregluskóla Ríkisins og vilja ljúka háskólanámi á sínu fagsviði.

Efnisþættir náms í lögreglufræði

Í þeirri tillögu sem hér er gerð um námskrá í lögreglufræði er fyrst og fremst tekið mið af skýrslu starfshóps um lögreglunám á Íslandi frá júní 2015 en þar eru dregin fram fjögur kjarnasvið náms í lögreglufræði. Þessi kjarnasvið eru: Almenn lögreglufræði, lögfræði, félags- og heilbrigðisvísindi og starfsþjálfun. Um almenna lögreglufræði segir í skýrslu starfshópsins:

Fjallað verður um viðtækt og mikilvægt hlutverk lögreglu í samfélaginu. Lögð verður áhersla á hvert hlutverk [lögreglumanna] er í hverju máli til að störf [þeirra] verði sem skilvirkust og bestur árangur náist. Mikilvægt er að lögreglumennar fái innsýn í menningu lögreglunnar, bæði jákvæða og neikvæða þætti, til að gera þeim kleift að verða virkir þátttakendur í jákvæðri starfsmenningu. Lögð verður áhersla á að góð mannauðsstjórnun og samstarf allra aðila styrki lögreglumenn í starfi. Lögreglumenn verða að þekkja og skilgreina þar að lútandi hugtök er varða alþjóðasamfélagið og alþjóðlegt samstarf.

Tillaga Háskólans á Akureyri gerir ráð fyrir að í 120 ECTS diplómanámi séu samtals 24 ECTS hagnýt námskeið á sviði almennrar lögreglufræði. Í þessum námskeiðum er fjallað almennt um lögreglustarfið í íslensku og alþjóðlegu samhengi, um framkvæmd lögregluvalds og valdheimildir lögreglu, um árangursrík samskipti lögreglu við dagleg störf og um rannsóknarvinnu lögreglu.

Í skýrslu starfshópsins er lögð áhersla á mikilvægi góðrar undirstöðuþekkingar í lögfræði og þar segir meðal annars:

Mikið af vinnu lögreglumanna lýtur að því að hafa afskipti af hegðun borgaranna, oft á tíðum þar sem borgarinn er grunaður um að fara á svig við lög. Það eru einkum fjórir lagabálkar sem lögreglumenn þurfa að vinna eftir: Lögreglulögum, umferðarlögum, hegningarlögum og lögum um meðferð sakamála. Mikilvægt er að lögreglumennar kunni skil á meginreglum um lagatúlkun, samspili réttarheimilda, ákvæðum stjórnarskrárinnar, alþjóðasamningum og uppbygginu réttarkerfisins.

Tillaga Háskólans á Akureyri gerir ráð fyrir að í 120 ECTS diplómanámi séu samtals 24 ECTS námskeið á sviði lögfræði þar sem fjallað er almennt um íslenska lögfræði og meginreglur um lagatúlkun, íslenskt stjórnkerfi, stjórnsýslulög og ákvæði stjórnarskrár, hegningarlög, refsirétt, sakamálaréttarfar og uppbyggingu réttarkerfisins.

Starshópurinn leggur í skýrslu sinni ríka áherslu á mikilvægi námskeiða á sviði félags- og heilbrigðisvísinda. Um það efni segir í skýrslunni:

Í umsögnum hagsmunaaðila, starfsgreiningu og viðhorfum lögreglumanna var sérstök áhersla lögð á þætti sem falla hér undir. Í starfsgreiningunni bentu kjarnaðir til þess að mikilvægir þættir væru hugræn geta, árvekni, þolinmæði, samskiptafærni og almenn sálfræðileg þekking. Þá nefndu lögreglumenn sjálfir samskiptahæfileika (18%), ákvarðanatöku (15%) og siðferði (13%) sem mikilvægustu þætti lögreglustarfsins. Með því að auka vægi félags- og heilbrigðisvísinda í grunnnámi lögreglumanna er verið að auka færni lögreglumanna á sviðum sem þeir sjálfir og helstu hagsmunaaðilar telja mikilvæga. Einnig er lögð rík áhersla á fræðslu um jafnréttismál, sérstaklega til að brjóta niður neikvæðar staðalmyndir og vinna að jöfnuði og virðingu, fræðslu um einelti, kynferðislega- og kynbundna áreitni og siðferði.


Tillaga Háskólans á Akureyri gerir ráð fyrir að í 120 ECTS diplómanámi séu samtals 36 ECTS námskeið á sviði félags- og heilbrigðisvísinda. Þetta eru einkum námskeið á sviði sálfræði og félagssálfræði þar sem meðal annars er fjallað um siðfræði, jafnréttismál, afbrotufræði, félagsfræði laga og réttar, um vímuefni og geðræn vandamál auk almennrar umfjöllunar um íslenskt samfélag.

Fjórdi meginþátturinn í skýrslu starfshópsins er starfshálfun en um þann þátt námsins segir í skýrslunni:

Markmiðið með starfshálfun er að hagnýta þá fræðilegu þekkingu sem aflað er í bóklega hluta námsins í starfi undir handleiðslu reyndra lögreglumanna. Það brúar bil á milli náms og sjálfstæðis í starfi og gefur lögreglunema kost á að auka reynslu sína í fjölbreyttum verkefnum lögreglunnar. Starfsreynsla gefur lögreglunemum færi á því að nýta þekkingu sína og kunnáttu, styrkja hana við nýjar aðstæður sem starfandi nemar undir handleiðslu reyndra lögreglumanna. Slík hagnýt reynsla stuðlar að auknum gæðum í löggæslu.

Tillaga Háskólans á Akureyri gerir ráð fyrir að í 120 ECTS diplómanámi séu samtals 18 ECTS vettvangsnám og starfshálfun þar sem lögreglunemar fá tækifæri til að beita þeirri fræðilegu þekkingu sem þeir hafa aflað sér í bóklega hluta námsins til að framkvæma ýmis verkefni undir handleiðslu reyndra lögreglumanna. Ennfremur fá lögreglunemar í vettvangsnáminu þjálfun í valdbeitingu og notkun lögreglutækja.

Mynd 1 - Tillaga um skipulag náms í lögreglufræði



Sveigjanlegt nám

Ýmsir aðilar, þar á meðal Landssamband lögreglumanna, hafa ályktað um mikilvægi þess að nám í lögreglufræði sé kennt í fjarnámi. Háskólinn á Akureyri hefur verið í fremstu röð háskóla á Íslandi við þróun á fjarnámi og sveigjanlegu námi samhliða hefðbundnu staðarnámi. Fyrstu skrefin voru stigin árið 1998 þegar byrjað var að bjóða upp á hjúkrunarfræði í fjarnámi. Margt hefur breyst frá því að fyrstu tilraunir voru gerðar með það sem þá var kallað fjarnám og enn má búast við umtalsverðum breytingum á næstu árum.

Stórstígar framfarir hafa orðið í rafrænum samskiptaháttum sem gerbreyta möguleikum til náms og kennslu. Áður fyrr sóttu fjarnemendur nám sitt í heimabyggð á símenntunarstöðvum víðsvegar um landið þar sem þeir gátu setið fyrirlestra frá Akureyri í gegnum fjarfundarbúnað. Símenntunarstöðvarnar voru líka notaðar til hópvinnu og próftöku nemenda. Tæknibreytingar og þróun í kennsluháttum hafa hins vegar leitt til þess að hugtökin staðarnám og fjarnám hafa að einhverju leyti glatað merkingu sinni og frekar er rætt um sveigjanlegt nám. Staðarnemar jafnt sem fjarnemar nýta sér þannig upptökur af fyrirlestrum og nemendur tengjast beint við fjarkennslukerfi til að vinna hópavinnu, taka þátt í umræðu- og dæmatímum eða flytja nemendafyrirlestra. Tæknibúnaði og uppsetningu kennslurýma við skólann hefur í vaxandi mæli verið breytt í samræmi við breytingu á kennsluháttum. Háskólinn á Akureyri á þó enn í góðu samstarfi við símenntunarstöðvarnar um allt land og eru þær til dæmis notaðar til próftöku, sem vinnuáðstaða fyrir nemendur og til fundahalda.

Fremur en að nám á einstökum námsbrautum sé skipulagt sem staðarnám eða fjarnám er leitast við að skipuleggja einstök námskeið með þeim sveigjanleika sem unnt er með hliðsjón af hæfniviðmiðum í hverju námskeiði fyrir sig. Innan sömu námsbrautar getur með öðrum orðum verið munur milli námskeiða á því hversu mikinn sveigjanleika nemendur hafa varðandi það hvar, hvenær eða hvernig þeir sinna náminu. Algengt fyrirkomulag í bóklegum námskeiðum er að á hverju misseri sé nemendum gert að mæta í eina til tvær staðarlotur. Í námskeiðum sem fela í sér verklega þjálfun af einhverju tagi geta nemendur þurft að mæta oftár eða dvelja lengur. Til hagræðis fyrir nemendur er mæting í staðarlotur samræmd milli námskeiða innan hvernar deildar á sama misseri.

Nemar í lögreglufræði munu þurfa að mæta annars vegar í staðbundnar lotur á Akureyri og hins vegar í vettvangsnám hjá MSSL og lögregluembættum víðsvegar um landið. Félagsvísindadeild, þar sem nám í lögreglufræði er vistað, hefur haft þann hátt á að nemendur mæta í tvær lotur á fyrsta misseri en svo eina á hverju misseri eftir það. Með vettvangsnámi (sem er hluti af starfsnámi) er átt við þann tíma sem nemendur eru við verklegar æfingar og þjálfun af ýmsu tagi. Fyrirkomulag vettvangsnáms verður ákveðið í samráði við Mennta og starfspróunarsetur lögreglu (MSSL).

Sé það hins vegar eindreginn vilji menntamálaráðuneytisins eða niðurstaða samráðs MSS og Háskólans á Akureyri um framkvæmd vettvangsnáms að nám í lögreglufræði, að hluta eða í heild eigi aðeins að fara fram í staðarnámi er ekkert því til fyrirstöðu af hálfu skólans að útfæra námið með þeim hætti.

Vettvangsnám og starfsþjálfun

Mennta- og starfspróunarsetur lögreglu (MSSL) mun annast starfsnám lögreglunema í samstarfi við Háskólann á Akureyri og ekki er unnt að fullyrða um fyrirkomulag þess áður en þessir aðilar hafa fengið tækifæri á að stilla saman strengi.

Af hálfu Háskólans á Akureyri er þó lagt til að vettvangsnám lögreglunema skiptist í tvo meginþætti. Annars vegar sé almenn starfsþjálfun í umsjón reyndra lögreglumanna (handleiðara). Hins vegar sé markviss þjálfun í lögreglutökum og rétttri notkun lögreglutækja í umsjón aðila (þjálfara) sem hefðu til þess viðurkenningu MSSL. Á sumum sviðum, svo sem grunnatriðum valdbeitingar, eru til viðurkenndir leiðbeinendur um allt land. Annað er þess eðlis að sérhæfða þekkingu og/eða aðstöðu þarf til. Staðsetning slíkrar þjálfunar hlýtur að ráðast af aðstæðum sem í sumum tilvikum eru bestar á höfuðborgarsvæðinu.

Í tillögu Háskólans á Akureyri er miðað við að vettvangsnám lögreglunema hefjist á vormisseri 2017 samkvæmt tillögu MSSL um þá færni sem lögreglunemar þurfa að búa yfir. Í mörgum tilvikum er um að ræða atriði sem þarf að þjálfra samfellt yfir allan námstímann og lagt er til að fyrir þessi atriði skilgreini MSSL þá lágmarksfærni sem nemendur þurfa að uppfylla í lok hvers misseris. Með því móti er hægt að tryggja að nemendur öðlist skilgreinda lykilmærni í vettvangsnáminu.

Fyrir þann hluta sem snýr að almennri starfsþjálfun er lagt til að Háskólinn á Akureyri og MSSL vinni sameiginlega að því að koma upp traustum hópi handleiðara við öll lögregluembætti landsins. Við lögregluembætti á Íslandi starfar fjöldi reyndra lögreglumanna sem geta annast handleiðslu lögreglunema. Sumir í þessum hópi hafa stundað nám á háskólastigi en fáir hafa kennslufræðilegan bakgrunn og vitaskuld hefur enginn lokið hinu nýja lögreglufræðinámi. Til

að bregðast við þessu og byggja upp góðan grunn að farsælu vettvangsnámi nemenda í lögreglufræði mun Háskólinn á Akureyri bjóða sérstök námskeið fyrir þá sem sinna handleiðslu lögreglunema. Góð reynsla er meðal annars af slíkum námskeiðum fyrir kennara sem taka á móti kennaraefnum í vettvangsnámi í skólum landsins. Stefnt verður að því að handleiðarar verði starfandi við öll lögregluembætti landsins.

Markmið námskeiðsins er að þeir sem veljast til að sinna handleiðslu innan lögregluembættanna þekki þær kröfur sem gerðar eru í lögreglunámi á háskólastigi. Handleiðarar þurfa enn fremur að þekkja vel til uppbyggingar námsins, hvaða viðfangsefni eru til umfjöllunar á hverjum tíma í náminu og þar með hvaða kröfur er hægt að leggja til grundvallar verklegu námi nemanna undir handleiðslu þeirra. Námskeið fyrir handleiðara verður af hálfu Háskólans á Akureyri þróað í samvinnu aðila sem komið hafa að uppbyggingu vettvangsnáms í öðrum greinum innan skólans. Samhliða því að þróa námskeið fyrir handleiðara verður sett saman handbók vettvangsnáms sem setur þessum hluta námsins skýran ramma. Þar yrði leitað fyrirmynda í handbókum fyrir vettvangsnám í iðjuþálfun og klínískt nám í hjúkrunarfræði þar sem eru ítarlegir gátlistar um verklega færni og atriði sem leitt geta til þess að nemum sé gert að endurtaka tiltekna hluta vettvangsnámsins.

Háskólinn leggur til að auk vettvangsnáms sé gerð krafa um starfsreynslu utan skipulegs námstíma. Slíka starfsreynslu geta lögreglunemar til dæmis öðlast við afleysingastörf meðan á námi stendur en jafnframt verði hægt að meta fyrri starfsreynslu við löggæslu. Til að öðlast starfsréttindi þyrftu lögreglunemar að sýna fram á að lágmarki 12 vikna starf við löggæslu og skila inn umsögn um frammistöðu í starfi frá viðkomandi yfirmanni. Lögreglunemar gætu uppfyllt þetta skilyrði með afleysingastörfum sumarið eftir fyrsta námsár eða eftir að formlegu námi lýkur.

Aðstaða til náms á Akureyri

Fyrir nemendur sem kjósa að búa á Akureyri meðan á námi stendur er sú aðstaða sem skólinn hefur að bjóða með því besta sem gerist. Húsnæði háskólans er nýlegt og er aðstaða nemenda og kennara til náms og kennslu framúrskarandi. Í húsnæði háskólans er enn fremur góð aðstaða til líkamsræktar í vel búnum hreyfissal. Við upphaf náms fá nemendur afhent aðgangskort og hafa þannig aðgang að lesrýmum skólans hvenær sem er. Sjá kort af skólanum í viðauka g.

Félagsstofnun stúdenta á Akureyri rekur stúdentagarða og annast ýmsa aðra þjónustu við námsmenn. Framboð húsnæðis á stúdentagörðum hefur haldist í hendur við eftirspurn og ekki eru biðlistar eftir húsnæði á stúdentagörðum. Boðið er upp á mikið úrval hýbýla, frá einstaklingsherbergjum til þriggja herbergja íbúða, og í Tröllagili rekur Akureyrarbær fjögurra deilda leikskóla. Stúdentagarðarnir eru í göngufæri við háskólasvæðið á Sólborg. Jafnframt er gott framboð af leiguhúsnæði á vegum einkaaðila og góðir leikskólar og grunnskólar í öllum hverfum Akureyrar.

Á Akureyri er jafnframt að finna úrvals aðstöðu til margvíslegrar íþróttaiðkunar. Akureyrarbær og Háskólinn á Akureyri eru að vinna að samkomulagi um notkun á íþróttaaðstöðu bæjarins í tengslum við nám í íþróttufræðum í kennardeild. Gera má ráð fyrir því að nemendur í lögreglufræði til starfsréttinda myndu nýta samskonar íþróttaaðstöðu og munu Akureyrarbær og Háskólinn á Akureyri gera sérstakt samkomulag um aðgengi nemenda í lögreglufræði til starfsréttinda. Ekki er hægt að útlista nánar með hvaða hætti slík kennsla fer fram þar sem sú skipulagning fer fram í samstarfi við MSSL og í samræmi við væntanlega reglugerð um verklega þjálfun lögreglunema.

Framsetning hæfniviðmiða fyrir námsleiðir

Bologna-ferlið og handbók Gæðaráðs háskóla á Íslandi setja þá kröfu á háskóla að setja fram heildstæð markmið um þekkingu, leikni og færni sem nemendur eiga að öðlast í náminu í heild, sem og í tengslum við hverja námsgráðu. Hér á eftir fylgja því hæfniviðmiðin fyrir diplómagráðu í starfsréttindanámi (120 ECTS einingar) og námi til Bakkalárgráðu (180 ECTS einingar) ásamt skipulagi námsins á hverju misseri fyrir sig.

Hæfniviðmið náms í lögreglufræði

DIPLOMA (120 ECTS)	BAKKALÁRGRÁÐA (180 ECTS)
Þekking Hafa öðlast innsæi í grundvallarkenningar og hugtök lögreglufræðinnar. Hafa þekkingu til að byggja ákvarðanir sínar út frá lögfræðilegum heimildum og mannlegum aðstæðum. Geta greint gagnreyndar aðferðir lögreglufræðinnar frá öðrum aðferðum. Skilja og þekkja mikilvægi og stöðu lögreglufræðinnar í víðu samhengi. Þekkja og skilja mikilvægi þess að tileinka sér nákvæm og vönduð vinnubrögð til að tryggja öryggi sitt og borgaranna.	Þekkja og skilja grundvallarkenningar og hugtök lögreglufræðinnar og beita þeirri þekkingu í störfum sínum. Hafa þekkingu til að rökstyðja ákvarðanir sínar út frá lögfræðilegum heimildum og mannlegum aðstæðum. Hafa tileinkað sér gagnreyndar aðferðir lögreglufræðinnar og vera fær um að auka og viðhalda þekkingu sinni með fjölbreyttum hætti. Þekkja og skilja mikilvægi þess að tileinka sér nákvæm og vönduð vinnubrögð til að tryggja öryggi sitt og borgaranna.
Leikni Vera fær um að undirbúa, skipuleggja og framkvæma löggæsluverkefni. Skilgreina og lýsa hlutverki lögreglu á skipulagðan og skiljanlegan hátt. Beita framsýnni hugsun og setja fram markmið og áætlanir um verkefni sín. Hafa tileinkað sér þau fræðilegu atriði og rannsóknarniðurstöður sem þarf til að leita nýrra leiða við lausn á nýjum áskorunum í löggæslustörfum. Beita tölulegum og grafískum gögnum við greiningu og úrlausn viðfangsefna lögreglunnar og leggja mat á þær aðferðir sem notaðar eru.	Vera fær um að nýta fjölbreytt úrræði við úrlausn verkefna. Geta sett fram og lýst hlutverki lögreglu við tiltekin viðfangsefni og sett þau í fræðilegt samhengi. Hafa tileinkað sér þá þekkingu og rökhusun sem þarf til að leita nýrra leiða við lausn á nýjum áskorunum til að tryggja öryggi almennings. Geta beitt vísindalegum vinnubrögðum við greiningu og úrlausn viðfangsefna lögreglunnar og lagt mat á þær aðferðir sem notaðar eru.
Færni Beita sjálfstæðum vinnubrögðum í lögreglufræði til starfsþróunar. Vinna skipulega í samvinnu við aðra að lausn löggæsluverkefna. Hafa frumkvæði að samvinnu með samstarfsfólki sínu og í þverfaglegu samstarfi ólíkra stofnana. Hafa þróað með sér færni til að takast á við frekara nám í lögreglufræði.	Beita sjálfstæðum vinnubrögðum í lögreglufræði til að þróa sig í starfi. Vinna skipulega í samvinnu við aðra að lausn löggæsluverkefna. Vera fær um að túlka og kynna fræðileg atriði og rannsóknarniðurstöður. Hafa tileinkað sér fagvitund og tekið ákvarðanir um siðferðileg viðfangsefni lögreglu. Hafa þróað með sér færni til að takast á við frekara nám í lögreglufræði.

Tveggja ára diplómanám í lögreglufræði til starfsréttinda (120 ECTS)

1. ÁR		2. ÁR	
HAUST	VOR	HAUST	VOR
Aðferðafræði VIH0106 Vinnulag í háskólanámi	Aðferðafræði RAT0176 Tölfræðileg greining	Lögreglustarfið LFR0376 Samskipti og upplýsingaöflun	Félagssálfræði FSÁ0176 Félagssálfræði
Almenn lögreglufræði LFR0176 Inngangur að lögreglufræði	Lagalegur grundvöllur löggæslu LFR0276 Valdheimildir lögreglu	Réttarkerfi og löggæsla RFÉ0176 Réttarfélagsfræði	Lögreglustarfið LFR0476 Lögreglurannsóknir
Almenn lögfræði LÖG0176 Inngangur að íslenski lögfræði	Umgjörð lögreglustarfsins ÍST0176 Íslenskt stjórnkerfi og stjórnýsluréttur	Lögfræði RRS0176 Refsiréttur	Lögfræði RÉT0276 Mannréttindalögfræði
Samfélagsþróun ÞJF0176 Inngangur að þjóðfélagsfræði	Afbrotufræði ABR0276 Afbrot og frávik	Geðræn vandamál GHE0103 Geðheilsa	Siðfræði SÍÐ0176 Siðfræði og álitamál
Nám til starfsréttinda* ALR0156 Íþróttir og líkamsrækt	Nám til starfsréttinda* SNL0176 Starfsnám I	Nám til starfsréttinda* SNL0276 Starfsnám II	Nám til starfsréttinda* SNL0376 Starfsnám III

* Aðeins ætlað þeim sem hyggjast ljúka tveggja ára diplómanámi til starfsréttinda. Námskeiðin Starfsnám I-II-III geta þeir einir tekið sem standast kröfur um starfsþjálfun.

** Ítarlegri námskeiðslýsingar í viðauka b.

Öll námskeið eru 6 ECTS einingar

Til að öðlast starfsréttindi er lagt til að auk diplómanáms og þeirrar formlegu starfsþjálfunar (vettvangsnáms) sem þar fer fram þurfi lögreglunemar jafnframt að eiga að baki 6 mánaða starfstíma við almenn lögreglustörf sem ekki yrði metið til ECTS eininga.

Bakkaárnám í lögreglufræði með eða án starfsréttinda (180 ECTS)

1. ÁR		2. ÁR		3. ÁR	
HAUST	VOR	HAUST	VOR	HAUST	VOR
Aðferðafræði VIH0106 Vinnulag í háskólanámi	Aðferðafræði RAT0176 Tölfræðileg greining	Lögreglustarfið LFR0376 Samskipti og upplýsingaöflun	Lögreglustarfið LFR0476 Lögreglurannsóknir	Félagsvísindi og sálfræði KYN0176 Kynjafræði og jafnréttismál	Félagsvísindi og sálfræði FKN0176 Fikn
Almenn lögreglufræði LFR0176 Inngangur að lögreglufræði	Lagalegur grundvöllur löggæslu LFR0276 Valdheimildir lögreglu	Réttarkerfi og löggæsla RFÉ0176 Réttarfélagsfræði	Félagssálfræði FSÁ0176 Félagssálfræði	Stjórnun STJ2106 Stjórnun I	Félagsvísindi og sálfræði PSÁ0156 Þroskasálfræði
Almenn lögfræði LÖG0176 Inngangur að íslenskri lögfræði	Umgjörð lögreglustarfsins ÍST0176 Íslenskt stjórnkerfi og stjórnsýsluréttur	Lögfræði RRS0176 Refsiréttur	Lögfræði RÉT0276 Mannréttindalögfræði	Stjórnun VSK0176 Vinnu- og skipulagssálfræði	Rannsóknaraðferðir EIR0176 Eigindlegar rannsóknaraðferðir
Samfélagspróun ÞJF0176 Inngangur að þjóðfélagsfræði	Afbrotfræði ABR0276 Afbrot og frávik	Gedæren vandamál GHE0103 Gedheilsa	Siðfræði SIÐ0176 Siðfræði og álitamál	Rannsóknaraðferðir VRK0176 Rannsóknarverkefni í lögreglufr.	Lokaverkefni BA-verkefni í lög-reglufræði (12 ECTS)
Bundið val* Valnámskeið á áherslusviði	Bundið val* Valnámskeið á áherslusviði	Bundið val* Valnámskeið á áherslusviði	Bundið val* Valnámskeið á áherslusviði	Bundið val* Valnámskeið á áherslusviði	

* Nemendur sem ekki fylgja námsskipulagi tveggja ára diplómanáms velja önnur námskeið í stað þeirra sem tilheyra námi til starfsréttinda eftir ákvörðun námsnefndar.

** Ítarlegri námskeiðslýsingar í viðauka b.

LÝSING Á HÆFI KENNARA OG NÁMSUMHVERFI

Í þessum kafla er einkum fjallað um þætti er snerta eftirtalin matsviðmið:

- Lýsing á hæfi kennara sýnir að skólinn mun geta boðið upp á lögreglumenntun af miklum gæðum skv. gæðakröfum sem gerðar eru til háskóla.

Nýráðningar og framgangur akademískra starfsmanna við Háskólinn á Akureyri fylgja sameiginlegum reglum opinberra háskóla á Íslandi. Allir akademískir starfsmenn háskólans uppfylla því kröfur sem gerðar eru til hæfis háskólakennara við opinbera háskóla og sem tilgreind eru bæði í lögum og í reglum Háskólans á Akureyri.

Starfsemi Háskólans á Akureyri byggir á stefnu háskólans fyrir árin 2012–2017, fyrirmælum Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area (ENQA stöðlunum) og þeim ákvæðum laga og reglna sem sett hafa verið af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og háskólaráði Háskólans á Akureyri. Meðal annars er um að ræða:

- Lög um háskóla nr. 63/2006 með breytingum nr. 126/2011 og 67/2012
- Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 með breytingum nr. 50/2010, 1126/2001 og 1171/2011
- Reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna nr. 321/2009
- Reglur fyrir Háskólinn á Akureyri 387/2009 með breytingum 494/2011 og 1133/2011
- Reglur um störf áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema skv. 20. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 og nr. 1152/2006
- Samningur um kennslu og rannsóknir Háskólans á Akureyri 2012–2016
- Viðauki við samning um kennslu og rannsóknir
- Reglur um gæðaráð Háskólans á Akureyri samþykktar í háskólaráði 9. mars 2011

Menntamálaráðherra hefur staðfest með bréfi þann 22. apríl 2008 að Háskólinn á Akureyri uppfyllir þau skilyrði sem sett eru í lögum og reglum um viðurkenningu háskóla og hefur viðurkenningu ráðherra í eftirgreindum undirflokkum fræðasviðs félagsvísinda: menntunarfræði, viðskiptafræði, fjölmiðlafræði, sálfræði, þjóðfélagsfræði og lögfræði.

Við háskólanum starfar gæðaráð. Í gæðaráði sitja gæðastjóri í forsæti, fulltrúar fræðasviða, forstöðumaður kennslu-umístöðvar og forstöðumaður nemendaskrár, auk tveggja fulltrúa nemenda sem Félag stúdenta við Háskólinn á Akureyri tilnefnir og tveggja fulltrúa sem starfsmenn tilnefna. Gæðaráðið fundar einu sinni í mánuði, og oftast ef þurfa þykir. Hlutverk gæðaráðs er margþætt en ráðinu ber að tryggja að gæðafærlum sé fylgt þannig að skólinn standist innra og ytra mat samkvæmt fyrirmælum Icelandic Quality Enhancement Framework (QEF) sem lýst er í Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education (Rannís 2011) sem og að tryggja að við skipulagningu og framkvæmd náms sé fylgt samevrópskum reglum (Bologna-ferlið) sem tryggir að nemendur eigi skýra leið til frekara háskólanáms innan Evrópu. Nokkur af helstu verkefnum gæðaráðsins eru:

- bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans
- tryggja að háskólinn standist ávallt þær ytri kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans
- vekja áhuga á gæðamálum innan háskólans
- vera vettvangur umfjöllunar og ákvarðanatöku um gæðamál háskólans
- stuðla að umbótum og þróun á kennslu og námsmati innan háskólans
- samþykka, hafa eftirlit með og tryggja reglulega endurskoðun á námsbrautum og prófgráðum
- vaka yfir gæðum rannsókna innan háskólans
- safna saman, meta og bregðast við þeim upplýsingum um starfsemi háskólans sem lúta að gæðum
- taka afstöðu til mikilvægra breytinga á starfsemi háskólans sem kunna að hafa áhrif á gæði í starfsemi hans
- fjalla um undirbúning og framkvæmd sjálfsmats og ytra mats á háskólanum og tryggja eftirfylgni

Í samskiptum við Gæðaráð háskólanna hefur komið fram sérstök ánægja með að Háskólinn á Akureyri skuli hafa gæðastjóra í fullu starfi, einn íslenskra háskóla. Það er gert til þess að tryggja að gæðamálin séu á öllum tímum í

forgrunni starfsemi skólans og sýnir skuldbindingu háskólaráðs gagnvart því að tryggja gæði alls náms við Háskólann á Akureyri. Nánari reglur um starfsemi gæðaráðs háskólans á Akureyri má finna í viðauka e.

Niðurstöður gæðaúttekta má finna á heimasíðu Gæðaráðs háskólanna sem hýst er hjá Rannís (<https://en.rannis.is/media/gaedarad-haskola/UNAK-report.pdf>). Í stuttu máli þá lýsti gæðaráðið fullu trausti á náms- og stjórnsýsluþætti skólans og lýsti ráðið m.a. sérstaklega yfir ánægju sinni með hversu vel Háskólinn á Akureyri fylgdi handbók um gæðaferli háskóla á Íslandi (QEF I) og hversu skuldbundinn yfirstjórn skólans er gæðastarfi skólans í heild sinni. Lokaorð gæðamats Gæðaráðs háskólanna fyrir HA er að finna í viðauka f.

Háskólinn á Akureyri mun því tryggja gæði lögreglunáms með sama hætti og gert er fyrir annað nám við skólann með því að fylgja þeim verkferlum sem fram koma í reglum skólans undir eftirliti gæðaráðs Háskólans á Akureyri.

Lykilstarfsmenn

Brautarstjóri námsbrautar í lögreglufræði við upphaf námsins verður Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri. Þóroddur starfaði sem framkvæmdastjóri Norræna afbrotatræðiráðsins (NSfK) 1995–6 og lauk doktorsprófi með áherslu á afbrotatræði og félagssálfræði árið 2000. Þóroddur hefur sextán ára starfsreynslu sem háskólakennari og hefur meðal annars kennt afbrotatræði í grunnnámi og doktorsnámi á Íslandi og í Bandaríkjunum. Hann er höfundur um 160 fræðigreina og fræðiritna sem birst hafa á margvíslegum innlendum og erlendum vettvangi. Meðal verka hans á alþjóðavettvangi má nefna rannsókn á fjöldaheyringum og hatursglæpum í American Sociological Review, sambandi áfengisneyslu og ofbeldishegðunar í Criminology, félagssálfræði skattsvika í Sociological Spectrum, sam-
anburðarrannsókn á siðrofi í Sociological Forum, neyslu ólöglegra vímuefna meðal evrópskra unglinga í Addiction og áreiðanleika skráningarkerfis alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) fyrir dauðsföll af mannavöldum í Suicide and Life-Threatening Behaviour. Verk hans um aðferðatræði rannsókna á þessu sviði hafa meðal annars verið gefin út á ensku, frönsku, spænsku, rússnesku og arabísku af Vímuefna- og afbrotaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna (United Nations Office on Drugs and Crime). Á innlendum vettvangi hefur hann meðal annars staðið fyrir rannsóknum á áreiðanleika skráningar lögreglu á afbrotum unglinga með tilstyrk Rannís, á ofbeldi meðal unglinga fyrir þáverandi dómsmálaráðuneyti og á sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum fyrir Landlæknisembættið.

Ráðinn verður verkefnisstjóri í hagnýtri lögreglufræði sem starfa mun að skipulagningu og framkvæmd starfsnámsins í nánú samráði og samvinnu við Mennta- og starfsprófunarsetur lögreglunnar og lögregluembætti landsins. Stefnt er að því að ráðinn verði verkefnisstjóri með haldgóða þekkingu og reynslu af starfsþjálfun lögreglumanna og viðtæk tengsl við lögregluembætti landsins og stjórnsýslu á sviði löggæslu.

Um leið og Háskólanum á Akureyri hefur verið falið að annast nám í lögreglufræði verður auglýst til umsóknar staða háskólakennara á sviði lögreglufræði sem jafnframt taki við stjórn námsbrautarinnar. Afar fáir Íslendingar hafa lokið doktorsnámi í lögreglufræði enn sem komið er og því þarf að auglýsa eftir akademísku starfsfólki á alþjóðavettvangi. Reynslan hefur sýnt að fjölmargar góðar umsóknir berast frá innlendum og erlendum sérfræðingum þegar slíkar stöður eru auglýstar við Háskólann á Akureyri. Stefnt er að því að ráða fleiri háskólakennara með sérhæfingu í íslenskri lögreglufræði þegar fram líða stundir en fyrstu árin yrði bilið brúað með stundakennslu og gestakennurum.

Kennarar

Kennsla í lögreglufræði verður í höndum kennara við Háskólann á Akureyri og annarra sérfræðinga á ýmsum sviðum. Akademísk störf við Háskólann á Akureyri eru veitt samkvæmt lögum um opinbera háskóla (nr. 85/2008 með síðari breytingum) og reglum fyrir Háskólann á Akureyri (387/2009 með síðari breytingum) en þar er meðal annars kveðið á um mat á akademísku hæfi.

Þá eina má ráða sem fasta kennara sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein eða tengdri grein þeirri sem þeir eiga að sinna. Akademískt hæfi er metið á grundvelli reglna sem eru samræmdar milli opinberu háskólanna á Íslandi. Þessar reglur tryggja að sambærilegar kröfur séu gerðar til allra akademískra starfsmanna við opinbera háskóla á Íslandi. Hér fyrir neðan má finna nánari lýsingu á sérfræðisviði þeirra akademísku starfsmanna sem munu koma að kennslu í lögreglufræði.

Andrea Hjálmsdóttir hefur hæfi sem lektor í félagsfræði. Hún lauk meistaraþrófi frá University of British Columbia árið 2007. Rannsóknir hennar eru einkum á sviði jafnréttismála og hafa meðal annars birst í tímaritunum Íslenska þjóðfélagið; Netla; Uppeldi og menntun og Sex Roles. Hún hefur meðal annars kennt námskeiðin Afbrot og frávík; Einstaklingur og samfélag og Eigindlegar rannsóknaraðferðir.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=ANDHJ>

Árni Gunnar Ásgeirsson hefur hæfi sem lektor í sálfræði. Hann lauk meistaraþrófi frá Háskóla Íslands og doktorsþrófi frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2014. Rannsóknir hans hafa að mestu farið fram innan tilraunarsálfræðinnar með áherslu á skynjunarsálfræði og birst m.a. í tímaritunum Attention, Perception & Psychophysics og PLOS One.

Ársæll Már Arnarsson hefur hæfi sem prófessor í sálfræði. Hann lauk doktorsþrófi frá læknaeild Háskóla Íslands árið 2009. Ársæll stýrir íslenska hluta tveggja alþjóðlegra rannsóknarverkefna um stöðu unglinga í vestrænum samfélögum; Evrópsku vímuefnarannsókninni ESPAD sem unnin er að tilstuðlan Evrópuráðsins og HBSC rannsókninni sem unnin er að tilstuðlan WHO. Rannsóknir hans snúast meðal annars um ofbeldi, einelti og áhættuhegðun ungs fólks og hafa meðal annars birst í tímaritunum Mental Health and Physical Activity; Scandinavian Journal of Public Health; Science; Sálfræðiritinu og Læknablaðinu. Hann hefur meðal annars kennt námskeiðin Heilinn, sjúkdómar og lyf; Líffræðilegar undirstöður hegðunar og Vinnu- og skipulagssálfræði.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=arma>

Birgir Guðmundsson hefur hæfi sem dósent í stjórnmálafræði. Hann lauk meistaraþrófi frá University of Manitoba árið 1985 og framhaldsnámi við Norræna blaðamannaháskólann árið 1998. Rannsóknir hans snúast meðal annars um íslensk stjórnmál, fjölmiðlalög og ólíkar tegundir fjölmiðlunar og hafa meðal annars birst í tímaritunum Íslenska Þjóðfélagið; New Media and Society; Nordicum-Mediterranum og Stjórnmál og stjórnsýsla. Hann hefur meðal annars kennt námskeiðin Alþjóðastjórnmál og alþjóðasamskipti; Fjölmiðlarýni og Staða og ábyrgð fjölmiðlamanna.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=biggi>

Elín Díanna Gunnarsdóttir hefur hæfi sem dósent í sálfræði. Hún lauk doktorsþrófi í sálfræði frá Chicago Medical School árið 2001. Rannsóknir hennar snúast meðal annars um lyfjanotkun, öldrun og hreyfingu og hafa meðal annars birst í tímaritunum BMC Public Health; Disability and Rehabilitation; Scandinavian Journal of Public Health og Læknablaðinu. Hún hefur meðal annars kennt námskeiðin Heilsusálfræði; Klínísk sálfræði og Sálfræðimeðferðir.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=dianna>

Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir hefur hæfi sem klínískur lektor í hjúkrunarfræði og er sviðsforseti heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri. Hún lauk klínískri meistaraþráu í geðhjúkrun frá University of Pittsburgh árið 1990 og doktorsþrófi frá Háskóla Íslands 2012. Rannsóknir hennar fjalla um fjölskylduhjúkrun og aðstandendur geðsjúkra og hafa m.a. birst í International Journal of Nursing Studies og Journal of Psychiatric & Mental Health Nursing.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=EydisKS>

Gísli K. Kristófersson hefur hæfi sem lektor í geðhjúkrunarfræði. Hann lauk doktorsþrófi frá University of Minnesota árið 2012. Rannsóknir hans snúast meðal annars um geðhjúkrun, árvekni og streitustjórnun í fangelsum og hafa birst í Integrative Nursing og Journal of Forensic Nursing. Hann hefur meðal annars kennt námskeiðin Heilinn, sjúkdómar og lyf; Geðheilbrigði og Geðhjúkrun og geðsjúkdómafræði.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=GKK>

Guðmundur S. Alfreðsson hefur hæfi sem prófessor í mannréttindalögfræði. Hann lauk doktorsþrófi frá Harvard Law School árið 1982. Rannsóknir hans snúast meðal annars um mannréttindi, stjórnskipun og stjórnfestu og þróunar-samvinnu. Hann hefur meðal annars kennt námskeiðin Frumbyggjarétt og Stjórnfestu, ábyrgðarskyldu og gegnsæi.

Hermína Gunnþórsdóttir hefur hæfi sem lektor í menntunarfræði. Hún lauk meistaraþrófi í menntavísindum frá Kennaraháskóla Íslands árið 2003 og doktorsþrófi við University of London árið 2014. Rannsóknir hennar snúast meðal annars um stöðu minnihlutahópa og hafa birst í tímaritunum European Journal of Special Needs Education; International Journal of Inclusive Education; Glæðum og Netlu. Hún hefur meðal annars kennt námskeiðin Fjölmennning og jafnrétti barna; Jafnrétti og fjölmennning og Aðferðir í menntarannsóknnum.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=hermgu>

Hildigunnur Svavarsdóttir hefur hæfi sem lektor í hjúkrunarfræði. Hún er jafnframt skólastjóri Sjúkraflutninga-skólans og forstöðumaður deildar kennslu og vísinda við Sjúkrahúsið á Akureyri. Hún lauk meistaraþrófi frá Glasgow Caledonian University árið 1997. Rannsóknir hennar snúast einkum um bráðabjónustu, endurlífgun og sjúkraflutninga og hafa meðal annars birst í tímaritunum Trends in Anaesthesia and Critical Care; International Journal of Cardiology; Resuscitation og Journal of Emergency Primary Health Care. Hún hefur meðal annars kennt námskeiðin Bráðahjúkrun; Heilbrigðisfræðsla og Skyndihjálp.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=hildigs>

Hilmar Þór Hilmarson hefur hæfi sem prófessor í opinberri stjórnsýslu og þróunarhagfræði. Hann lauk doktorsprófi frá the American University í Washington DC árið 1992. Rannsóknir hans snúast meðal annars um alþjóðaviðskipti, alþjóðlegar fjármálastofnanir og stjórnun og hafa meðal annars birst í tímaritunum Journal of Applied Management and Investments; Journal of Regional Formation and Development Studies; Journal of Applied Economics og Review of International Comparative Management. Hann hefur meðal annars kennt námskeiðin Alþjóðaviðskipti og alþjóðastofnanir; Meginþættir í þróunarmálum og Þjóðhagfræði.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=HILMARH>

Júlí Ósk Antonsdóttir er aðjúnt í lögfræði. Hún lauk meistaraþrófi frá Háskólanum á Akureyri árið 2008 og hlaut lögmannsréttindi árið 2010. Hún er meðal annars sérfræðingur á sviði stjórnsýsluréttar og refsiréttar. Hún hefur meðal annars kennt námskeiðin Alþjóðasamvinna: Stjórnun og öryggi; Íslenskur málflutningur; Réttindafræði; og Viðskiptalögfræði.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=j%FAI%ED>

Kjartan Ólafsson hefur hæfi sem lektor í félagsfræði og er formaður félagsvísinda- og lagadeildar. Hann lauk meistaraþrófi frá Háskóla Íslands árið 2000 og stundar doktorsnám við sama háskóla. Rannsóknir hans snúast meðal annars um áhættuhegðun og netnotkun og hafa meðal annars birst í tímaritunum Computers in Human Behaviour; Cyberpsychology, Behavior, and Social Networking New Media and Society og Journal of Psychosocial Research on Cyberspace. Hann hefur meðal annars kennt námskeiðin Heilsufélagsfræði; Félagsfræðileg greining og Rannsóknar- aðferðir og tölfraðileg greining.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=KJARTOL>

Kristín Guðmundsdóttir hefur hæfi sem lektor í sálfræði. Hún lauk meistaraþrófi frá University of North Texas árið 2002 og stundar doktorsnám við sama háskóla. Rannsóknir hennar eru á sviði hagnýtrar atferlisgreiningar og hafa birst í tímaritinu Atferli og Teaching Social Skills to people with Autism. Hún hefur meðal annars kennt námskeiðin Atferlisfræði; Greining og mótun hegðunar; Mælitæki og matsaðferðir og Saga mannsandans.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=krgu>

Markus Meckl hefur hæfi sem prófessor í sagnfræði. Hann lauk doktorsprófi frá Technische Universität Berlin árið 1999. Rannsóknir hans snúast meðal annars um stöðu innflytjenda á Íslandi og hafa verk hans meðal annars birst í tímaritunum Nordicum-Mediterraneum; Zeitschrift für Geschichts-wissenschaft; Ritinu og Sögu: Tímariti Sögufélagsins.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=markus>

Rachael L. Johnstone hefur hæfi sem prófessor í lögfræði. Hún lauk doktorsprófi frá University of Toronto árið 2004. Rannsóknir hennar snúast meðal annars um mannréttindi, kynjafræði og samanburðarlögfræði og hafa meðal annars birst í tímaritunum Human Rights Law Review; International Journal of Human Rights and Constitutional Studies; Journal of International and Comparative Law and Studies in Social Justice. Hún hefur meðal annars kennt námskeiðin Inngangur að refsí- og eignarétti; Mannréttindalögfræði og Saga, þróun og einkenni fordæmisréttar.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=Rachael>

Sigríður S. Jónsdóttir hefur hæfi sem lektor í hjúkrunarfræði. Hún lauk meistaraþrófi frá Adelphi University árið 1992. Rannsóknir hennar snúast einkum um ofbeldi í nánum samböndum og hafa meðal annars birst í Tímariti Ljós- mæðrafélags Íslands. Hún hefur meðal annars kennt námskeiðin Klínísk heilsugæsla, Fjölskylduhjúkrun og Barneignir, heilbrigði kvenna og fjölskyldunnar.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=SIA>

Sigrún Sigurðardóttir hefur hæfi sem lektor í heilbrigðisvísindum. Hún lauk prófi frá Lögregluskóla Ríkisins árið 1993 og meistaraþrófi í heilbrigðisvísindum frá Háskólanum á Akureyri árið 2007. Hún er doktorsnemi í lýðheilsu- vísindum við Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar hafa meðal annars snúist um sálræn áföll, kynferðislegt ofbeldi í æsku og meðferðarúrræði fyrir þolendur ofbeldis og hafa meðal annars birst í tímaritunum Scandinavian Journal of Public Health; Scandinavian Journal og Caring Sciences og Tímariti hjúkrunarfræðinga.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=SigSigurda>

Sigurður Kristinnsson hefur hæfi sem prófessor í siðfræði. Hann lauk prófi frá Cornell University 1996. Rannsóknir hans eru einkum á sviði hagnýtrar siðfræði starfsgreina, rannsókna og lækninga og hafa meðal annars birst í tímaritunum American Medical Association Journal of Ethics; Canadian Journal of Philosophy; Medicine, Health Care and Philosophy og Stjórnámálum og stjórnsýslu. Sigurður er jafnframt höfundur bókarinnar Siðareglur: greining á siðareglum ásamt skráðum siðareglum íslenskra starfstétta (útg. Siðfræðistofnun).

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=SIGURKR>

Póroddur Bjarnason hefur hæfi sem prófessor í félagsfræði. Hann lauk doktorsprófi frá University of Notre Dame árið 2000. Rannsóknir hans hafa meðal annars verið á sviði afbrotufræði og áhættuhegðunar unglunga og hafa meðal annars birst í tímaritunum Addiction, American Sociological Review, Criminology og Suicide and Life-Threatening Behaviour. Hann hefur meðal annars kennt námskeiðin Afbrot og frávik, Félagsgerð Íslands og Vændi, vímuefni og viðskipti.

<http://stefania.unak.is/stefania/moja-starfsmadur.asp?starfsm=thorodd>

Af 110 akademískum starfsmönnum Háskólans á Akureyri eru einkum 20 starfsmenn sem munu koma að kennslu og rannsóknum í lögreglufræði, hver á sínu sérsviði. Þessir starfsmenn eru:

	Staða	Fræðigrein	Meðal sérsviða
Andrea Hjálmsdóttir	Lektor	Félagsfræði	Jafnréttismál
Árni Gunnar Ásgerisson	Lektor	Sálfræði	Skynjunarsálfræði
Ársæll Már Arnarsson	Prófessor	Sálfræði	Ofbeldi, vímuefni
Birgir Guðmundsson	Dósent	Stjórnámálafræði	Fjölmiðlun
Elín Díanna Gunnarsdóttir	Dósent	Sálfræði	Félagssálfræði
Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir	Klínískur lektor	Hjúkrunarfræði	Fjölskyldur í krefjandi aðst.
Gísli Kort Kristófersson	Lektor	Gedhjúkrunarfr.	Gedhsjúkdómar
Guðmundur S. Alfredsson	Prófessor	Lögfræði	Mannréttindi
Hermína Gunnþórsdóttir	Lektor	Menntunarfr.	Fjölmenning
Hildigunnur Svavarsdóttir	Lektor	Hjúkrunarfræði	Bráðapjónusta
Hilmar Þór Hilmarson	Prófessor	Viðskiptafræði	Opinber stjórnsýsla
Júlí Ósk Antonsdóttir	Aðjúnt	Lögfræði	Refsiréttur
Kjartan Ólafsson	Lektor	Félagsfræði	Aðferðafræði, fjölmiðlun
Kristín Guðmundsdóttir	Lektor	Sálfræði	Atferlisfræði
Markus Meckl	Prófessor	Sagnfræði	Innflytjendur
Rachael L. Johnstone	Prófessor	Lögfræði	Alþjóðalög
Sigríður S. Jónsdóttir	Lektor	Hjúkrunarfræði	Ofbeldi í nánum samböndum
Sigrún Sigurðardóttir	Lektor	Lýðheilsufræði	Ofbeldi og áföll
Sigurður Kristinnsson	Prófessor	Heimspæki	Siðfræði
Póroddur Bjarnason	Prófessor	Félagsvísindi	Afbrotufræði

Auk fastra kennara Háskólans á Akureyri verður leitað til ýmissa aðila um stundakennslu grunnnámskeiða, einkum í lögreglufræði og lögfræði. Eftirtaldir aðilar hafa samþykkt að taka að sér stundakennslu við Háskólann á Akureyri vegna náms í lögreglufræði.

	Staða	Viðfangsefni	Meðal sérsviða
Agnes B. Blöndal	Fulltrúi	Lögfræði	Sakamálaréttarfar
Alda Hrönn Jóhannsdóttir	Yfirlögfr.	Lögfræði	Sakamálaréttarfar
Anna Kristín Newton	Sérfræðingur	Sálfræði	Réttarsálfræði
Bergur Jónsson	Lögreglum.	Lögreglufræði	Valdheimildir lögreglu
Eiríkur Hreinn Helgason	Yfirlögregluþj.	Lögreglufræði	Almenn lögreglufræði
Eiríkur Valberg	Sérfræðingur	Sálfræði	Yfirheyrslutækni
Eyrún Eypórsdóttir	Lögreglufulltr.	Mannfræði	Hatursglæpir
Eypór Þorbergsson	Fulltrúi	Lögfræði	Sakamálaréttarfar
Halla Bergþóra Björnsdóttir	Lögreglustjóri	Lögfræði	Skipulag löggæslu
Helgi Garðar Garðarsson	Yfirlæknir	Geðlæknisfræði	Geðsjúkdómar
Hreiðar Eiríksson	Lögfræðingur	Lögfræði	Mansal og málefni útlendinga
Jóhannes Sigfússon	Varðstjóri	Sálfræði	Löggæsla
Jón H. B. Snorrason	Aðstltj.	Lögfræði	Sakamálaréttarfar
Karl Steinar Valsson	Sérfræðingur	Afbrotufræði	Alþjóðleg samvinna
Kári Erlingsson	Ranns.lögr.m.	Sálfræði	Yfirheyrslutækni
Kolbrún Benediktsdóttir	Saksóknari	Lögfræði	Meðferð ákærvalds
Kristján Kristjánsson	Yfirlögregluþj.	Lögreglufræði	Almannavarnir
Ólafur Tr. Ólafsson	Lögreglum.	Lögreglufræði	Starfsemi sérsveitar
Sigríður B. Guðjónsdóttir	Lögreglustjóri	Lögfræði	Skipulag löggæslu
Sveinn Helgason	Sérfræðingur	Lögfræði	Spillingarbrot
Víðir Reynisson	Lögreglufulltr.	Lögreglufræði	Almannavarnir

Háskólinn á Akureyri hefur auk þess rætt við stjórnendur í Lögregluskóla ríkisins, sem hafa veitt skólanum upplýsingar um fleiri einstaklinga sem hafa góða og yfirgripsmikla þekkingu á löggæslu og leiðbeint hafa í grunnnámi og/eða framhaldsmenntun skólans. Þessir aðilar eru tilbúnir að leiðbeina um einstaka þætti löggæslunnar, bæði í diplómanáminu sem hefst haustið 2016 og eftir atvikum í bakkalárnáminu sem hefst í framhaldi af því.

Gestafræðimenn: Samstarf við erlenda og innlenda aðila

Lögregluskólar eiga sér langa sögu sem fagskólar austan hafs og vestan en á síðustu árum og áratugum hefur lögreglufræði rutt sér til rúms sem hagnýt fræðigrein á háskólastigi. Það er afar mikilvægt að þróa íslenskt háskólanám í lögreglufræði í nánum tengslum við alþjóðlega þróun á þessu sviði.

Háskólinn á Akureyri stefnir að því að verða fullgildur þátttakandi í þróun lögreglufræða á alþjóðavettvangi og byggja upp sterkt tengslanet við fræðimenn og stofnanir sem sinna menntun lögreglumanna á Norðurlöndunum, í Bretlandi og í öðrum löndum í Evrópu og Norður-Ameríku. Háskólinn á Akureyri mun taka þátt í norrænu og evrópsku samstarfi um lögreglumenntun (Nordcop, Eurocop) og óska eftir þátttöku í samstarfi menntastofnana á borð við Evrópska lögregluskólann (CEPOL) og Evrópusamband lögregluskóla (AEPC).

Stefnt er að því að ráða til starfa íslenska eða erlenda sérfræðinga með sterkan fræðilegan bakgrunn í lögreglufræði og stuðla að virkri þátttöku kennara í fræðasamfélagi greinarinnar. Starfsmenn háskólans munu fara í námsferðir

til menntastofnana og taka þátt í ráðstefnum á sviði lögreglufræði í Evrópu og Norður-Ameríku, jafnframt því sem kennarar geta varið rannsóknarmisserum sínum við erlendar háskóladeildir á þessu sviði.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að 2–3 gestafræðimenn á sviði lögreglufræði starfi við Háskólann á Akureyri á hverju misseri. Gestafræðimenn munu veita háskólanum ráðgjöf, vinna að rannsóknum í samstarfi við íslenska fræðimenn og halda fyrirlestra á sínum sérsviðum fyrir nemendur og kennara skólans. Slíkir fræðimenn munu ýmist heimsækja háskólann í nokkra daga eða dvelja þar í allt að einu misseri í senn en að jafnaði verða einn eða fleiri gestafræðimenn við háskólann á hverjum tíma. Í flestum tilvikum verður um erlenda gestafræðimenn að ræða en íslenskum fræðimönnum verður einnig boðin þátttaka eftir því sem ástæða þykir til.

Háskólinn á Akureyri á enn fremur í viðtæku samstarfi við háskóla á Íslandi. Við þróun náms í lögreglufræði verður litið sérstaklega til þess að nýta þá möguleika sem þar eru til staðar og þar sem skólarnir hafa meðal annars opnað nemendum leið til að sækja einstök námskeið milli skóla og sett upp sameiginlegar námsgráður. Góð reynsla hefur þegar fengist á mismunandi samstarfsform og verður sú reynsla nýtt til þess að unnt verði að nýta innlenda þekkingu að fullu sem og gæta að bestu nýtingu fjármuna á hverjum tíma.

Rannsóknir

Samþætting kennslu og rannsókna er forsenda þess að þróa fagnám á háskólastigi. Margvíslegar rannsóknir kennara við Háskólann á Akureyri tengjast lögreglufræði sem háskólagrein með beinum hætti. Þar má til dæmis nefna þátttöku starfsmanna í viðamiklum alþjóðlegum rannsóknarverkefnum á vímuefnaneyslu, afbrotum og óknyttum unglinga, rannsóknir á sviði refsiréttar og mannréttindalögfræði, siðfræði, félagssálfræði og stöðu innflytjenda og minnihlutahópa, og rannsóknir á sviði heilbrigðisvísinda.

Ekki hefur verið lögð áhersla á lögreglufræði sem slíka við Háskólann á Akureyri fremur en við aðra íslenska háskóla. Verði lögreglufræði byggð upp við háskólann er því nauðsynlegt að ráða háskólakennara með rannsóknareynslu á því sviði. Jafnframt yrði leitað eftir rannsóknasamstarfi á sviði lögreglurannsókna innan lands og utan og stefnt að því að 2–3 gestafræðimenn á því sviði starfi við háskólann á hverju misseri.

Áformað er að stofna rannsóknasetur í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri í því skyni að efla rannsóknir á sviði lögreglufræða með samstarfi innlendra og erlendra sérfræðinga. Auk forstöðumanns munu sérfræðingar Háskólans á Akureyri og samstarfsstofnana hans eiga aðild að setrinu. Rannsóknir við setrið munu að hluta til byggjast á rannsóknaskyldu starfsmanna en að hluta til á rannsóknastyrkjum frá innlendum og erlendum aðilum. Skipulagsleg staða setursins verður sambærileg öðrum rannsóknasetrum við Háskólann á Akureyri. Forstöðumaður setursins verður ráðinn sérstaklega.

REKSTRARÁÆTLUN

Í þessum kafla er einkum fjallað um þætti er snerta eftirtalin matsviðmið:

- Drög þátttakanda að rekstraráætlun námsins eru sannfærandi og að hann geti rekið það af beinum ríkisframlögum án tilkomu viðbættra skólagjalda.

Í gögnum Ríkiskaupa er tilgreint að framlög úr ríkissjóði til háskóla vegna náms í lögreglufræði verði kr. 2.187.000 á hvern ársnema en jafnframt að hámarksframlag nemi 175 milljónum króna á ári þegar námið er fullsetið. Í áætlunum um tekjur og útgjöld vegna náms í lögreglufræði þarf að taka mið af því ákvæði í lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum, að „Ríkislögreglustjóri gerir ár hvert greiningu á æskilegum fjölda nemenda í starfsnámi hjá lögreglu á grundvelli áætlunar um endurnýjun í lögreglu ríkisins. Hafa skal þá greiningu til hliðsjónar við mat á inntöku nema í starfsnám hjá lögreglu ár hvert.“ Enn fremur er þar kveðið á um Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu velji nema í starfsnám í samstarfi við háskóla.

Í mati Háskólans á Akureyri á kostnaði við nám í lögreglufræði er því gert ráð fyrir þeim möguleika að fjöldi lögreglunema á hverju ári geti verið breytilegur. Hins vegar þarf að hafa í huga að stór hluti þess kostnaðar sem til fellur vegna kennslu í háskóla er fastur kostnaður og breytist því ekki með nemendafjölda. Þetta á líka við um kennslukostnað. Vegna þessa er nauðsynlegt að í samningi um námið verði ekki aðeins kveðið á um hámarksfjölda ársnema heldur einnig tiltekinn lágmarksfjölda ársnemenda sem greitt er fyrir. Innritun nemenda í almennt lögreglunám án starfsréttinda tryggir að fastur kostnaður við námsbrautina skili sér ávallt í háskólamenntun á sviði lögreglufræði þótt fjöldi lögreglunema í starfsnámi geti verið breytilegur. Enn fremur er nauðsynlegt að leggja traustan grunn að rannsóknum í lögreglufræði samhliða því að tekin er upp kennsla í greininni á háskólastigi.

Mat á kostnaði við námsbrautina byggist á raunkostnaði Háskólans á Akureyri vegna sambærilegra námsbrauta. Þar er miðað við námsbrautir með miðlungsfjölmenna námshópa þar sem verulegur hluti náms eru sérkennd námskeið og þar sem hluti námskeiða felur í sér verklega kennslu. Þetta eru námsbrautir á borð við iðjupálfunarfræði, hjúkrunarfræði og kennarafræði. Eins og tekið er fram í auglýsingu Ríkiskaupa er ekki gert ráð fyrir að Háskólinn á Akureyri þurfi að standa straum af kostnaði vegna starfsþjálfunar, til dæmis með þóknun til lögreglumanna sem sinna handleiðslu eða vegna kennslu sem fram fer á starfsþjálfunartíma.

Árlegur kostnaður við námsbraut í lögreglufræði á verðlagi 2016 í þúsundum króna:

Launakostnaður deildar vegna kennslu	58.000
Deildarskrifstofa	4.000
Verkefnastjórn lögreglunáms	11.250
Námskeið og þjálfun handleiðara	3.050
Rannsóknasetur í lögreglufræði	23.500
Ferðakostnaður vegna samstarfs við MSSL	1.040
Ferðakostnaður erlendra gestafræðimanna	900
Dvalarkostnaður erlendra gestafræðimanna	4.590
Samstarf við erlenda háskóla sem mennta lögreglumenn	2.200
Húsnæði og stoðþjónusta	48.451
Samtals	156.981

Nánari skýringar á kostnaðarliðum:

- Launakostnaður deildar vegna kennslu. Þessi kostnaður er samkvæmt deililíkani Háskólans á Akureyri sem tekur mið af fjölda nemenda, fjölda námskeiða og áætlaðri samsetningu kennaraliðs.
- Deildarskrifstofa. Hér er um að ræða viðbótarkostnað vegna vinnu skrifstofustjóra og fulltrúa á deildarskrifstofu. Annars vegar er margháttuð umsýsla með málefni nemenda, svo sem vegna mats á umsóknum og skráningu í námskeið. Hins vegar verkefni sem lúta að kennslu og samskiptum við kennara vegna námskeiða, svo sem vegna stundatöflugerðar og samninga um stundakennslu.
- Verkefnastjórn lögreglunáms. Ráðinn verður verkefnastjóri sem vinnur náið með brautarstjóra og umsjónarkennurum námskeiða að þróun og uppbyggingu námsins. Verkefnastjóri er einnig tengiliður Háskólans á Akureyri við MSSL vegna starfsnáms og er í beinu sambandi við handleiðara. Að auki fellur til kostnaður vegna ráðgjafarvinnu í tengslum við þróun námsins
- Rannsóknasetur í lögreglufræði. Laun forstöðumanns, sérfræðinga og kostnaður vegna rannsóknarverkefna.
- Námskeið og þjálfun handleiðara. Hér er einkum um að ræða kostnað við 6 ECTS námskeið sem handleiðurum verður boðið að sækja sér að kostnaðarlausu (sjá nánar í umfjöllun um starfsnám og handleiðslu lögreglunema).
- Ferðakostnaður vegna samstarfs við MSSL. Miðað er við að verkefnastjóri lögreglunáms og brautarstjóri þurfi að eiga reglulega samráðsfundi með MSSL og þar komi til að meðaltali 20 ferðir á ári yfir samningstímann.
- Ferðakostnaður erlendra gestafræðimanna. Miðað er við að 2–3 gestafræðimenn á sviði lögreglufræði starfi við Háskólann á Akureyri á hverju misseri. Til vara 1–2 heimsóknir gestafræðimanna á hverju ári yfir samningstímann.
- Dvalarkostnaður erlendra gestafræðimanna. Miðað er við 10 vikur á misseri eða 20 vikur á ári, þ.e.a.s. 140 daga á ári. Verður líklega blanda af stuttum heimsóknum (2–3 dögum), miðlungsheimsóknum (2–3 vikum) og löngum heimsóknum (2–3 mánuðum).
- Samstarf við erlenda háskóla sem mennta lögreglumenn. Hér er um að ræða heimsóknir lykilstarfsmanna Háskólans á Akureyri, MSSL og Ríkislögreglustjóra til að þróa samvinnu við erlendra háskóla sem mennta lögreglumenn og til að efla tengsl HA við slíka háskóla.
- Húsnæði og stoðþjónusta. Miðað er við að kostnaður við húsnæði og stoðþjónustu sé hinn sami og hjá skólanum í heild eða 63,5% af kennslukostnaði (liðir 1–4 í töflunni).

Tillaga Háskólans á Akureyri um framkvæmd náms í lögreglufræði gerir ráð fyrir að allir umsækjendur sem uppfylla almenn hæfisskilyrði til náms í háskóla og sem hafa kynnt sér þau almennu skilyrði sem gerð eru til nema í starfsnámi geti skráð sig í námskeið á haustmisseri 1. árs. Árlegur kostnaður við námsbraut í lögreglufræði miðast við að greitt sé fyrir 80 ársnemendur og þar sem 40 nemendur á ári eru teknir í starfsnám. Ef færri nemendur eru teknir í starfsnám lækkar sá hluti kostnaðar sem er breytilegur eftir nemendafjölda. Stór hluti kostnaðar við nám í lögreglufræði er hins vegar fastur kostnaður sem ekki breytist með nemendafjölda. Sé tekið mið af tillögu Háskólans á Akureyri um skipulag og framkvæmd náms í lögreglufræði og þeim líkönum sem skólinn notar við mat á kostnaði við námsbrautir á borð við þá sem hér er til umfjöllunar er það mat Háskólans á Akureyri að lágmarksfjöldi nýnema sem samþykktir eru í starfsnám sé 20 á hverju ári.

Tillaga Háskólans á Akureyri gerir ráð fyrir að unnt sé að stunda nám í lögreglufræði án starfsréttinda og enn fremur að unnt sé að ljúka bakkalárprófi í lögreglufræði. Kostnaður vegna þessara nemenda rúmast innan núverandi náms í félagsvísindum og því þarf ekki að koma til viðbótargreiðsla úr ríkissjóði vegna þeirra umfram það sem til fellur vegna diplómanámsins.

Í tillögu Háskólans á Akureyri er gert ráð fyrir stofnun rannsóknaseturs í lögreglufræði við skólann. Rannsóknir við setrið munu að hluta til byggjast á rannsóknaskyldu þeirra starfsmanna sem sinna kennslu í lögreglufræði og því þarf ekki að koma til viðbótarframlag úr ríkissjóði vegna þessa. Jafnframt þarf að hafa í huga að umfang rannsókna í lögreglufræði mun verða í beinu hlutfalli við fjölda akademískra starfsmanna sem sinna kennslu á þessu fræðasviði sem aftur er háð fjölda ársnema sem greitt er fyrir. Með því að greiða fyrir fleiri ársnema má þannig hafa bein áhrif á umfang rannsókna.

FRAMKVÆMDARÁÆTLUN

Í þessum kafla er einkum fjallað um þætti er snerta eftirtalin matsviðmið:

- Framkvæmdaráætlun lýsir heildarhugsun og er vel mótuð.
- Tímabáttur framkvæmdaráætlunar er sannfærandi miðað við að nám hefjist þegar haustið 2016.
- Fjárhagspáttur framkvæmdaráætlunar er sannfærandi.

Lögregluskóli ríkisins sem annast hefur lögreglunám á Íslandi verður formlega lagður niður 30. september 2016 en þá er gert ráð fyrir að skólinn muni hafa útskrifað þá nemendur sem höfðu hafið nám árið áður. Í auglýsingu menntamálaráðuneytisins og Ríkiskaupa er óskað eftir því að nám í lögreglufræði á háskólastigi hefjist haustið 2016, sem er í anda umsagna ýmissa aðila um frumvarp til breytinga á lögum um lögreglumenntun þar sem lögð var áhersla á mikilvægi þess að stytta eftir föngum þann tíma sem liður þar til háskóli brautskráir nemendur með diplómapróf. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að lenging námsins úr einu ári í tvö felur í sér eins árs hlé í brautskráningum þótt námið hefjist haustið 2016.

Tillaga Háskólans á Akureyri miðar að því að fyrstu nýnemar geti hafið nám í lögreglufræði á haustmisseri 2016 og að brautskráning fyrstu kándidata með diplómapróf verði í júní tveimur árum síðar. Við Háskólann á Akureyri er nú þegar til staðar öll almenn stöðþjónusta og aðrir þeir innviðir sem þarf til að bjóða fram nám á háskólastigi. Tillaga Háskólans á Akureyri felur í sér útfærslu á öllum þáttum sem þarf umfram það sem þegar er til staðar við skólann. Öll atriði í tillögu skólans hafa verið kynnt og eftir atvikum tekin til umfjöllunar af viðeigandi aðilum í samræmi við gæðafarla Háskólans á Akureyri.

Árið 2015 sóttu 160 um að hefja nám í Lögregluskóla ríkisins og af þeim uppfylltu aðeins tveir ekki almenn inntökuskilyrði. Ekki liggur fyrir hversu stór hluti þeirra sem sóttust eftir að hefja nám í Lögregluskóla ríkisins uppfylltu jafnframt almenn skilyrði til að stunda nám í háskóla en af fjölda umsókna í skólann má ráða að margir eru áhugasamir um nám af þessu tagi. Það er því mat Háskólans á Akureyri að fjöldi umsókna muni í það minnsta hlaupa á tugum og að nú þegar sé nokkur hópur mögulegra nemenda sem biður þess að ákvörðun liggi fyrir um fyrirkomulag lögreglunáms.

Tillaga um tímaáætlun haustmisseris 2016

Í auglýsingu menntamálaráðuneytisins og Ríkiskaupa er miðað við að samningur um námið sé undirritaður 1. september. Vegna væntanlegra nýnema væri æskilegt að ákvörðun um hvaða háskóla verður falið að annast námið yrði tekin fyrr. Meðal annars væri æskilegt að nýnemar í lögreglufræði geti sótt svokallaða nýnemadaga en þá er í boði margvísleg fræðsla um ýmis hagnýt atriði sem tengjast því að stunda nám í háskóla. Ákjósanlegt er að ákvörðun um að fela Háskólanum á Akureyri að annast nám í lögreglufræði verði tekin 15 ágúst eða þar um bil og þá gæti tímaáætlun haustmisseris 2016 verið eftirfarandi:

22. júlí	Skilafrestur þátttökutilkynninga
ágúst	Matsnefnd ræðir við hæfa bjóðendur
15. ágúst	Ákvörðun um að fela HA að annast nám í lögreglufræði – innritun hefst
22.-26. ágúst	Nýnemadagar og upphaf kennslu við Háskólann á Akureyri
29. ágúst	Afgreiðsla undanþágunnritana
1. september	Tímabundin ráðning verkefnisstjóra náms í lögreglufræði
5.-15. september	Staðfesting skráninga í námskeið haustmisseris
15. september	Auglýst staða lektors í lögreglufræði
15. september	Tillaga HA og MSSL um reglur um inntöku nema í starfsnám sendar ráðherra
2.-15. desember	Haustmisserispróf
28. desember	Niðurstaða um val á nemendum í starfsþjálfun

Þessi tillaga um tímaáætlun haustmisseris miðast við að ákvörðun um að fela Háskólanum á Akureyri að annast lögreglunám á háskólastigi sé tekin 15. ágúst. Ef niðurstaða liggur fyrir síðar seinkar framkvæmdinni sem því nemur. Það er mat Háskólans á Akureyri að ef ákvörðun um að fela skólanum að annast námið hefur ekki verið tekin fyrir 15. september sé ekki skynsamlegt að láta nemendur hefja nám á haustmisseri og farsælla sé þá að bíða til áramóta.

Verði niðurstaða valnefndar sú að ganga til samninga við Háskólann á Akureyri er lagt til að opnað verði fyrir umsóknir í námið um leið og sú ákvörðun liggur fyrir. Umsóknum nýnema sem uppfylla almenn inntökuskilyrði verður svarað um leið og viðkomandi hafa skilað inn fullnægjandi fylgigögnum (afrit af stúdentsprófsskírteini). Afgreiðsla umsókna tekur að jafnaði skamman tíma og nýnemar sem skila fullnægjandi fylgigögnum með umsókn geta jafnvel fengið svar samdægurs. Starfsfólk í nemendaskrá og á deildarskrifstofu annast móttöku umsókna, svarar almennum fyrirspurnum nemenda og kallar eftir viðbótargögnum ef fylgigögn eru ófullnægjandi. Sértekjum fyrirspurnum er eftir atvikum beint til brautarstjóra, deildarformanns og námsráðgjafa.

Þegar ákvörðun um að ganga til samninga við Háskólann á Akureyri liggur fyrir verður leitað til hæfra aðila um að taka að sér starf verkefnisstjóra náms í lögreglufræði. Háskólinn á Akureyri hefur rætt við aðila sem uppfylla þau skilyrði sem skólinn gerir í þessum efnunum. Miðað er við að verkefnisstjóri geti hafið störf þegar í stað. Jafnframt verður auglýst akademísk staða (lektors, dósentis eða prófessors) í lögreglufræði. Búast má við að umsóknarferli og mat á umsóknum taki að lágmarki 2 mánuði og að viðkomandi geti hafið störf eftir atvikum um áramót eða við upphaf haustmisseris 2017. Gert verður ráð fyrir þeim möguleika að ráða tvo úr hópi umsækjenda til starfa en að öðrum kosti verður önnur akademísk staða auglýst laus til umsóknar í lok árs 2016. Miðað er við að ráðning nýrra starfsmanna verði tímabundin til loka samningstímans um fjárframlög úr ríkissjóði vegna lögreglunáms.

Skilyrði til innritunar

Tillaga Háskólans á Akureyri er að öllum sem uppfylla almenn inntökuskilyrði um stúdentspróf eða sambærilega menntun verði heimilt að skrá sig til náms í lögreglufræði. Takmarkanir verði hins vegar settar á fjölda nema í vettvangsnámi og þar með þann fjölda sem getur lokið námi til starfsréttinda. Í þessu sambandi verði beitt svipuðu verklagi og í hjúkrunarfræði varðandi rétt til náms á vormissemi 1. árs. Þær reglur sem byggðar verður á við val nemenda í vettvangsnám verða settar af háskólaráði eftir tillögu Mennta- og starfspróunarseturs lögreglu (MSSL). Nánar er fjallað um val á nemum til starfsþjálfunar í kafla um starfsnám. Mikilvægt er að reglur um inntöku nemenda í vettvangsnám á vormissemi 1. árs liggja fyrir eins fljótt og mögulegt er svo nemendum sé ljóst hvaða reglur liggja þar til grundvallar umfram það sem bundið er í lögum. Til viðmiðunar er hér lagt til að þessar reglur hafi verið settar í síðasta lagi 15. september. Nemendur sem óska eftir að innritast í nám í lögreglufræði á haustmisseri 1. árs þurfa enn fremur að staðfesta að viðkomandi hafi kynnt sér ákvæði laga nr. 90/1996 þar sem segir að nemar í starfsnámi skuli fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:

- vera íslenskir ríkisborgarar, 20 ára eða eldri,
- hafa ekki gerst brotlegir við refsilög, þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið frá því að það var framið, né hafa sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglumenn verða almennt að njóta,
- vera andlega og líkamlega heilbrigðir og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis samkvæmt fyrirbyggjandi kröfum sem mennta- og starfspróunarsetur lögreglu setur reglur um í samstarfi við háskóla,
- hafa lokið stúdentsprófi eða annarri sambærilegri menntun,
- samkvæmt nánari kröfum sem ráðherra setur með reglugerð, á grundvelli tillagna frá mennta- og starfspróunarsetri lögreglu, m.a. um menntun, starfsþjálfun, tungumálakunnáttu og líkamlega færni.

Innritun í nám á haustmisseri 1. árs tryggir ekki að viðkomandi nemandi fái inngöngu í starfsnám. Þá ákvörðun er ekki hægt að taka fyrr en ráðherra hefur sett reglugerð þá er kveðið er á um í e-lið 38. gr. laga nr. 90/1996 með síðari breytingum.

Kostnaður við framkvæmd

Sá kostnaður sem til fellur við að hrinda áætlun Háskólans á Akureyri í framkvæmd er í raun sá kostnaður sem tilgreindur er í rekstraráætlun. Ýmsir kostnaðarliðir verða þó lægri á fyrsta ári samningsins meðan ekki þarf að kenna námskeið annars árs.

Eftirfarandi er áætlun um kostnað við upphaf náms á námsbraut í lögreglufræði á hverju ári á verðlagi 2016 í þúsundum króna:

	2016	2017	Á hverju ári eftir það
Launakostnaður deilda v/kennslu	21.000	49.000	58.000
Deildarskrifstofa	2.000	4.000	4.000
Verkefnastjórn lögreglunáms	3.750	11.250	11.250
Námskeið og þjálfun handleiðara	3.050	3.050	3.050
Rannsóknasetur í lögreglufræði	3.920	23.500	23.500
Ferðakostnaður v/samstarfs við MSSL	520	1.040	1.040
Ferðakostnaður erl. gestafræðimanna	300	900	900
Dvalarkostnaður erl. gestafræðimanna	1.530	4.590	4.590
Samstarf við erlenda háskóla	733	2.200	2.200
Húsnæði og stoðþjónusta	18.923	42.736	48.451
Samtals	53.720	142.266	156.981

Nánari skýringar á kostnaði við framkvæmd:

- Launakostnaður deilda vegna kennslu er í réttu hlutfalli við fjölda kenndra námskeiða og fjölda nemenda. Á haustmísseri 2016 og árinu 2017 þarf aðeins að kenna hluta námskeiða sem tilheyra 120 ECTS diplómanámi. Launakostnaður deilda vegna kennslu verður því um helmingur þess sem verða mun þegar námið er fullsetið.
- Sú vinna sem fellur til á deildarskrifstofu er hlutfallslega mest í upphafi hvers misseris og verður hlutfallslega hærri í upphafi námsins.
- Kostnaður við verkefnastjórn fellur til frá upphafi samningstímans og er á hverjum mánuði um 1/12 af áætlunum árlegum kostnaði.
- Kostnaður vegna rannsóknaseturs í lögreglufræði fellur ekki til að ráði fyrr en í lok ársins 2016 þegar gengið hefur verið frá ráðningu forstöðumanns og eftir atvikum annarra starfsmanna.
- Fyrsta námskeið fyrir handleiðara verður haldið síðla árs 2016 og fellur kostnaður vegna þess til á því ári.
- Gert er ráð fyrir að um 1/12 af kostnaði vegna samstarfs við MSSL, ferðir og dvöl erlendra gestafræðimanna og samstarfs við erlenda háskóla falli til í hverjum mánuði.
- Húsnæði og stoðþjónusta. Miðað er við að kostnaður við húsnæði og stoðþjónustu sé hinn sami og hjá skólanum í heild eða 63,5% af kennslukostnaði (liðir 1-4 í töflunni).

LOKAORÐ

Með þátttökuyfirlýsingu þessari og meðfylgjandi efni í viðaukum hefur Háskólinn á Akureyri sýnt fram á færni sína og hæfni til þess að bjóða upp á lögreglunám sem uppfyllir öll alþjóðleg og innlend viðmið um gæði í háskólanámi sem og þekkingu og færni í lögreglufræði og starfi lögreglumannsins.

Háskólinn á Akureyri er því mjög vel í stakk búinn til þess að taka að sér nám í lögreglufræði og uppfyllir vel öll matsviðmið sem sett eru fram í útboðsgögnum Ríkiskaupa.

Þeir fjölmörgu aðilar sem að undirbúningi þessara umsóknar komu eru sammála um að það sé mikið framfaraskref að lögreglunám hér á landi fari á háskólastig og það muni efla lögreglumenntun en ekki síður gefa starfandi lögreglumönnum tækifæri til þess að efla sig og þróa í starfi – sem aftur leiðir til betri löggæslu fyrir alla landsmenn.

Það er því allra hægur að nám í lögreglufræði fari á háskólastig og sé fundinn staður í jákvæðu og uppbyggilegu námsumhverfi líkt og því sem Háskólinn á Akureyri hefur upp á að bjóða.

Viðaukar

Í meðfylgjandi viðaukum má finna eftirfarandi efni:

- a. Afrit af vottun ráðherra um viðurkenningu HA á sviði félagsvísinda
- b. Ítarlegar námskeiðslýsingar fyrir öll námskeið
- c. Staðfesting á hæfi akademískra starfsmanna sem einkum munu sinna kennslu námskeiða í lögreglufræði
- d. Ársskýrslua Háskólans á Akureyri fyrir árið 2015
- e. Reglur um gæðaráð Háskólans á Akureyri
- f. Lokaorð gæðamats Gæðaráðs háskólanna fyrir HA 2014
- g. Yfirlitsmynd af húsakynnum Háskólans á Akureyri

Viðauki a.

Afrit af vottun ráðherra um viðurkenningu HA á sviði félagsvísinda



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is
www.menntamalaraduneyti.is

Þorsteinn Gunnarsson, rektor
Háskólinn á Akureyri
Norðurslóð
600 Akureyri

Reykjavík 22. apríl 2008
Tilv.: MMR07100362/10.2-

Efni: Viðurkenning menntamálaráðherra á fræðasviði félagsvísinda við Háskólann á Akureyri

Menntamálaráðherra staðfestir hér með að Háskólinn á Akureyri uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fram í lögum um háskóla nr. 63/2006 og reglum um viðurkenningu háskóla nr. 1067/2006. Háskólinn á Akureyri öðlast því viðurkenningu ráðherra í eftirgreindum undirflokkum fræðasviðs félagsvísinda, *menntunarfræði*, *viðskiptafræði*, *fjölmiðlafræði*, *sálfræði*, *þjóðfélagsfræði*, og *lögfræði*.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Viðauki b.

ÍTARLEGAR NÁMSKEIÐSLÝSINGAR (DIPLÓMA OG BA)

Aðferðafræði

VIH0106 – Vinnulag í háskólanámi (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Námskeiðið miðar að því að þjálfar nemendur í helstu grundvallaratriðum fræðilegra vinnubragða. Í námskeiðinu er fjallað um helstu gerðir rannsókna og markmið þeirra, hin tvö meginrannsóknarviðmið rannsókna, þ.e. vísindaheimspekilegar forsendur þeirra. Kynntar eru helstu rannsóknaraðferðir og er lögð áhersla á að meginlegar og eigindlegar aðferðir séu kynntar sérstaklega. Þá er lögð áhersla á skipulag rannsókna, rannsóknarspurningar, skilgreiningar hugtaka og tilgátur. Heimildavinna, rafræn heimildaleit, tilvísanir í heimildir og heimildaskráning fá vandlega umfjöllun. Fjallað er um úrvinnslu gagna og framsetningu niðurstaðna gagna, m.a. gerð texta, stílbrigði og grunnatriði framsetningar tölfraðilegra gagna. Þá er fjallað sérstaklega um siðferðileg álitamál í rannsóknum og gagnrýna hugsun í vísindum. Loks er lögð mikil áhersla á að kenna nemendum ritgerðasmíð, uppbyggingu ritgerða og skýrslna og verklag við slíka vinnu. Áhersla er lögð á vinnu minni nemendahópa að sértæku rannsóknarverkefni sem gefur nemendum innsýn og þjálfun í ferli rannsóknar: undirbúning, framkvæmd og framsetningu niðurstaðna.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemandi:

- get gert helstu rannsóknarviðmiðum og aðferðum skil,
- þekkja til helstu rannsóknaraðferða,
- þekkja til grundvallaratriða meginlegra og eigindlegra rannsókna,
- hafa náð tökum á viðeigandi heimilda- og tilvísanakerfi,
- hafa leikni til að kynna niðurstöður rannsókna sinna í rituðu máli,
- hafa tök á gagnrýninni hugsun og kunna skil á meginatriðum í siðferði vísinda,
- hafa kynnist vinnu við hönnun rannsóknarverkefnis sem spannar alla þætti rannsóknarferlisins.

Undanfara / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Almenn lögreglufræði

LFR0176 – Inngangur að lögreglufræði (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Kennd eru helstu kenningar um árangursríka framkvæmd almennrar löggæslu, forgangsörðun daglegra verkefna og góð samskipti í starfi. Rætt er um verkefni lögreglu, hvernig þau tengjast verkefnum annarra viðbragðsaðila og um verkaskiptingu þessara aðila við ólíkar aðstæður. Lögð er áhersla á að nemendur geti tileinkað sér góð vinnubrögð í starfi og gætt að eigin heilsu, líkamlegri sem andlegri.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemandi:

- þekkja sögu og þróun lögreglunnar á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi,
- þekkja helstu kenningar um framkvæmd almennrar löggæslu,
- þekkja helstu verkefni almennrar löggæslu og hlutverk annarra viðbragðsaðila,
- geta forgangsraðað verkefnum sem upp koma á vettvangi daglegra löggæslustarfa,
- þekkja helstu aðferðir er lögregla notar við úrlausn verkefna sinna,
- þekkja reglur um háttvísi í framkomu og vinnubrögðum lögreglu,
- geta tryggt eigið öryggi og heilsu, jafnt líkamlega sem andlega.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar

Almenn lögfræði

LÖG0176 – Inngangur að íslenskri lögfræði (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Í námskeiðinu er fjallað um helstu viðfangsefni almennrar lögfræði, s.s. stjórnskipunarrétt, stjórnslurétt og réttarfar, auk þess sem fjallað er um þann greinarmun sem gera þarf á sérrefsilögum og almennum hegningarlögum. Farið verður yfir grundvallaratriði í íslenskri stjórnskipun og starfsemi löggjafarvalds, framkvæmdavalds, dómstóla og úrskurðaraðila af ýmsum toga svo sem umboðsmanns Alþingis. Fjallað er um reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli og hlutverk þeirra sem réttarheimildir við löggæslu. Sérstök áhersla verður lögð á stjórnslurétt og sakamálaréttarfar og þá einkum réttindi sakborninga, brotþola og vitna, rannsóknarúrræði og þvingunaraðgerðir, svo sem handtöku, leit, gæsluvarðhald og nálgunarbann.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemandi geta:

- lýst og útskýrt grundvallaratriði og þætti helstu sviða íslenskrar lögfræði, þ.m.t. opinber réttur, einkamálaréttur og réttarfar,
- greint frá uppruna réttarreglna og geta notað þær við úrlausn raunhæfra verkefna,
- útskýrt grundvallaratriði íslenskrar stjórnskipunar og gert í aðalatriðum grein fyrir réttarstöðu sinni í íslensku samfélagi,
- beitt þekkingu sinni til að leysa raunhæf verkefni.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Samfélagspróun

ÞJF0176 – Inngangur að þjóðfélagsfræði (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Farið er yfir sögu þjóðfélagsfræða og helstu viðfangsefnum þeirra lýst í hnotskurn. Lögð er áhersla á helstu kenningar sem liggja félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði til grundvallar og viðurkenndar aðferðir við öflun þekkingar innan þeirra greina. Sérstaklega er fjallað um áhrif þjóðfélagsbreytinga á áherslur og efnistöð þjóðfélagsfræða.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu skal nemandinn:

- kunna skil á uppruna þjóðfélagsfræða á 19. og 20. öld,
- þekkja kenningalegar og aðferðafræðilegar undirstöður þjóðfélagsfræða,
- hafa yfirsýn yfir kenningar nokkurra helstu kenningasmiða þjóðfélagsfræða,
- geta beitt mismunandi sjónarhornum þjóðfélagsfræða á félagsleg úrlausnarefni,
- geta kynnt fræðileg atriði í þjóðfélagsfræðum, jafnt skriflega sem munnlega,
- hafa þróað með sér hæfni til að sækja sér frekari þekkingu á sviði þjóðfélagsfræða.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Nám til starfsréttinda

ALR0156 – Íþróttir og líkamsrækt (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Námskeiðinu er ætlað að veita greinargóða kynningu á íþróttum og líkamsrækt almennt. Farið verður í grunnþætti vinsælla íþróttar eins og þolfimi, langhlaupa, hjólríða og sunds. Þá verður ítarlega fjallað um langhlaup og æfingar í tækjasal og hvernig hægt er að vinna með mismunandi vöðvahópa. Sérstaklega verður farið í æfingar sem stuðla að þoli, styrk og liðleika.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemandi:

- kunna skil á ýmsum greinum íþróttar og líkamsræktar, svo sem hlaupum, þolfimi, göngu, hjólríðum og sundi, og geta notað öll helstu tól og tæki í tækjasal,
- hafa góð tök á ýmsum þáttum líkamsræktar, svo sem upphitun, þolþjálfun, viðnámsþjálfun, styrktarþjálfun, kælingu og slökun,
- geta sett saman þjálfunaráætlanir fyrir mismunandi einstaklinga og hópa,
- geta sett saman og fylgt eftir persónulegri þjálfunaráætlun.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Aðferðafræði

RAT0176 – Tölfræðileg greining (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Fjallað er um rannsóknarsnið, helstu gagnaöflunaraðferðir og tölfræði. Af eigindlegum og megindlegum aðferðum er fjallað um viðtöl, rýnihópa og þátttökuathuganir, tilraunir, spurningakannanir og notkun opinberra gagna í rannsóknnum. Þá eru kenndir helstu þættir í lýsandi tölfræði, myndrænni framsetningu gagna og einfaldri framsetningu á niðurstöðum. Kynnt eru grunnatriði í ályktunartölfræði og líkindareikningi og einföld tölfræðipróf. Einnig er farið í grunnatriði aðhvarfsgreiningar. Kynnt er skráning gagna í gagnagrunna og grunnatriði í notkun tölfræðiforrita.

Hæfniviðmið:

Að loknu námskeiðinu skal nemandinn:

- hafa öðlast skilning á helstu gagnaöflunaraðferðum,
- hafa öðlast skilning og færni í notkun helstu aðferða lýsandi tölfræði,
- kunna skil á helstu megindlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum,
- hafa öðlast skilning og færni í notkun stikaðrar og óstikaðrar ályktunartölfræði,
- geta reiknað ýmis marktækniþróf fyrir eina breytu og samband tveggja breyta,
- hafa öðlast grundvallarfærni í notkun forrita til skráningar og úrvinnslu á tölulegum gögnum.

Undanfarar / Forkröfur:

VIH0106 Vinnulag í háskólanámi

Lagalegur grundvöllur löggæslu

LFR0276 – Valdheimildir lögreglu (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Í námskeiðinu er fjallað um ýmis atriði er lúta að framkvæmd lögregluvalds og þann þátt í starfi lögreglu er snýr að því að hafa afskipti af hegðun borgaranna. Fjallað er ítarlega um lögreglulög, sakamálalög og ýmis sérrefsilög (t.d. umferðarlög sem ramma inn störf lögreglu). Fjallað er um meginreglur við túlkun laga og hvernig ákvæðum laga er komið í framkvæmd í daglegu starfi lögreglu.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu skal nemandi:

- þekkja grunnhlutverk lögreglunnar út frá lögreglulögum,
- hafa almenna þekkingu á helstu lögum og reglum er lúta að störfum lögreglu,
- þekkja hvaða þvingunarúrræði og valdbeitingarheimildir lögreglumenn hafa og hvenær og hvernig skuli beita þeim,
- kunna skil á helstu dómum og úrskurðum er viðkoma verkefnum lögreglu,
- geta leitað að lögum og dómum og geta notað lög, dóma og réttarheimildir til að rökstyðja niðurstöður í raunhæfum dæmum,
- geta beitt áðurgreindum aðferðum við almenn lögreglustörf.

Undanfarar / Forkröfur:

LFR0176 Almenn lögreglufræði

LÖG0176 Inngangur að íslenskri lögfræði

Umgjörð lögreglustarfsins

ÍST0176 – Íslenska stjórnkerfið og stjórnsýslulögin (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Í námskeiðinu er fjallað um íslenska stjórnkerfið, lagalegan grundvöll stjórnsýslunnar og hlutverk ólíkra aðila í stjórnsýslunni, svo sem ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana. Fjallað er sérstaklega um hvað einkennir stjórnsýslu ríkisins skv. lögum um stjórnarráð Íslands nr. 115/2011 og sérstöðu sveitarfélaga sem stjórnvalds skv. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Gerð er grein fyrir upplýsingalögum nr. 140/2012 og þeim reglum sem gilda um almennan aðgang að upplýsingum hjá stjórnvöldum, takmarkanir á rétti til upplýsinga og þær málsmeðferðarreglur sem gilda við veitingu upplýsinga. Fjallað er um lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og þær almennu reglur sem gilda um vinnslu persónuupplýsinga, upplýsingarétt og helstu skyldur aðila sem vinna með persónuupplýsingar.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu skal nemandi:

- geta útskýrt uppbyggingu íslenskrar stjórnsýslu hjá ríkinu, hvert er valdsvið og hver eru réttindi og skyldur ráðherra, þ.m.t. eftirlits- og stjórnunarskyldur gagnvart lægra settum stjórnvöldum, og þekkt muninn á sjálfstæðum og sérstökum stjórnvöldum,
- geta skýrt hvað einkennir sveitarstjórnir sem stjórnvald,
- geta fjallað um lögfræðileg álitamál í stjórnsýslu með vísan til laga og dómafordæma,
- geta sett fram lögfræðilegar túlkanir á sviði laga um Stjórnarráð Íslands, sveitarstjórnarréttar og upplýsinga- og persónuverndarréttar,
- geta greint flókin lögfræðileg álitamál,
- geta beitt gagnrýnum og heimspekilegum aðferðum við greiningu á andstæðum lögfræðilegum aðferðum samkvæmt framansögðum lögum,
- geti brotið til mergjar lagareglur með tilliti til lögfræðilegra, siðferðilegra, þjóðfélagslegra og menningarlegra gilda,
- geta kynnt rannsóknarniðurstöður sem varða stjórnskipun Íslands, sveitarstjórnarrétt og upplýsinga- og persónuverndarrétt.

Undanfarar / Forkröfur:

LÖG0176 Inngangur að íslenskri lögfræði

Afbrotafræði

ABR0276 – Afbrot og frávik (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Fjallað verður um helstu tegundir afbrota og frávika og kenningar á sviði afbrotafræði og félagsfræði frávika. Mismunandi skilgreiningar á eðli og afleiðingum slíkra vandamála verða ræddar í sögulegu ljósi og athyglinni beint að áhrifum margvíslegra hagsmuna á setningu og framkvæmd laga.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu skal nemandinn:

- kunna skil á helstu kenningum í afbrotafræði,
- kunna skil á helstu rannsóknarhefðum í afbrotafræði,
- geta beitt mismunandi sjónarhornum afbrotafræði,
- geta kynnt fræðileg atriði í afbrotafræði, jafnt skriflega sem munnlega,
- hafa þróað með sér hæfni til að sækja sér frekari þekkingu á sviði afbrotafræði.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Nám til starfsréttinda

SNL0176 – Starfsnám I (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum fer fram almenn kynning á verkefnum og starfsumhverfi lögreglu. Nemendur fá að kynna mikilvægum aðilum sem koma við sögu í daglegum störfum lögreglu, svo sem fjarskiptamiðstöð lögreglustjóra, tæknideild, bráðapjónustu heilbrigðisstofnana, slökkviliði, sjúkraflutningamönnum og björgunarsveitum.

Í öðrum hlutanum eru nemendur þjálfaðir í nokkrum grundvallaratriðum lögreglustarfsins. Þjálfuð eru lögreglutök (sjálfsvörn) og kenndar aðferðir við handtöku. Nemendur eru þjálfaðir í notkun lögreglutækja og kennd grunnatriði í akstri lögreglubifreiða. Enn fremur er farið yfir grunnatriði í hegðun á vettvangi sakamála.

Síðasti þriðjungur starfsnámsins er 40 klst. námskeið í vettvangshjálp sem kennt er í samstarfi við sjúkraflutningaskólann. Námskeiðið er byggt á viðurkenndum bandarískum staðli og staðfært að íslenskum aðstæðum. Meðal þess sem fjallað er um er öryggi og sóttvarnir, líffæra- og lífeðlisfræði, lífsmörk, öndunarhjálp, endurlífgun, skoðun og mat, meðhöndlun áverka, björgun úr bílflökum og hópslys.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu skal nemandinn:

- hafa öðlast skilning á daglegu starfi og starfsumhverfi lögreglu,
- hafa unnið afmörkuð verkefni lögreglu undir handleiðslu,
- geta beitt lögreglutökum í sjálfsvörn og við handtökur,
- geta notað helstu valdbeitingartæki og önnur lögreglutæki,
- hafa grunnfærni í akstri lögreglubifreiða,
- þekkja upplýsingakerfi lögreglu (LÖKE) og geta skráð upplýsingar inn í kerfið,
- hafa grundvallarfærni í vettvangshjálp,
- hafa sýnt getu til að nýta leiðbeiningar og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.

Undanfarar / Forkröfur:

LFR0176 Almenn lögreglufræði

Aðeins nemendur sem hafa heimild til að stunda starfsnám geta setið námskeiðið

Lögreglustarfið

LFR0376 – Samskipti og upplýsingaöflun (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Markmið námskeiðsins er að efla nemendur í árangursríkum tjáskiptum við samstarfsélaga, skjólstæðinga og aðra sem koma við sögu í daglegum störfum lögreglu. Sérstök áhersla er lögð á samskipti við sakborninga, brotþola og vitni. Fjallað er um algeng vandamál í mannlegum samskiptum og leiðir til að leysa ágreining. Samskipti einstaklinga eru skoðuð með hliðsjón af félagslegum og menningarlegum margbreytileika. Þjálfuð eru samskipti við erfiða einstaklinga og fólk sem er hættulegt sjálfu sér eða öðrum. Kynntar eru aðferðir við skýrslutöku, þar með talið af þolendum afbrota, börnum og sakborningum. Sérstök áhersla er á skýrslur af viðkvæmum (vulnerable) skýrslugjöfum og kynningu á viðurkenndum yfirheyrsluaðferðum með áherslu á PEACE-modelið og aðrar gagnreyndar samtalsaðferðir. Fjallað er um einkenni blekkinga í frásögn og hvernig byggja má upp heildstæða mynd af atburðarás.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu skal nemandinn:

- þekkja megináðferðir við skýrslutökur,
- þekkja gagnreyndar aðferðir til samskipta við brotþola og til að afla framburðar með skýrslutöku, hvort heldur er á vettvangi eða á lögreglustöð,
- þekkja undirstöðuatriði kenninga um árangursrík tjáskipti,
- þekkja undirstöðuatriði viðtalstækni,
- hafa vísindalega þekkingu á árangursríkum tjáskiptum,
- geta aðlagð samskipti og viðmót að þörfum ólíkra hópa,
- geta beitt og greint eigin styrkleika og veikleika í samskiptatækni og tengslamyndun,
- geta beitt virkri hlustun.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Réttarkerfi og löggæsla

RFÉ0176 – Réttarfélagsfræði (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Réttarfélagsfræði (sociology of law) er kynnt og rætt um tengsl hennar við aðrar fræðigreinar og fjölfræðilegar rannsóknarhefðir. Helstu kenningar félagsfræðinnar verðar raktar og veitt yfirlit um rannsóknaraðferðir og aðferðafræðileg vandamál við rannsóknir á þessu sviði. Sérkennum trúarlegra, lagalegra og læknisfræðilegra taumhaldsstofnana verður lýst og rakin barátta þeirra um eignarhald á mismunandi tegundum frávika í aldanna rás. Rætt verður um áhrif félagslegra, pólitískra og efnahagslegra hagsmuna á samspil löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómvalds í réttarkerfi samtímans. Þá verður fjallað sérstaklega um félagslegan heim lögbinga, dómstóla, ráðuneyta og lögreglu, og áhrif slíkra óformlegra samfélaga innan lögformlegra stofnana. Enn fremur verður fjallað um sögulega þróun laga og réttar út frá kenningum félagsfræðinnar um sérfræðivæðingu. Tengsl afbrotufræði og réttarfélagsfræði verða gerð að sérstöku umtalsefni. Rætt verður um auðgunarbrot, ofbeldisbrot og spillingarbrot, og tengsl þeirra við ýmsa félagslega þætti og vinsældir mismunandi refsíúrræða á ýmsum söguskeiðum. Rætt verður um lagalega úrlausn deilna í tímans rás og leiðir til að koma á sáttum milli manna og stríðandi fylkinga. Loks verður gerð grein fyrir samspili félagslegra breytinga og réttarkerfisins og nútímavæðingu þess. Fjallað verður sérstaklega um þróunina á Íslandi í því samhengi.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemandinn:

- geta staðsett reglur laga og aðrar gerðir félagslegrar stjórnunar á frávíkshæðun í vestrænum nútímasamfélögum,
- geta skilið og borið saman helstu kenningar réttarfélagsfræðinnar í sögulegu og samtímalegu samhengi,
- geta skilið gagnvirk samskipti ólíkra stofnana og sviða stjórnskipunar,
- geta á gagnrýninn hátt lagt mat á rannsóknaraðferðir félagsfræðilegra rannsókna á lögum,
- geta á gagnrýninn hátt lagt mat á lög og réttarfar, einstök lagakerfi og lögin, sem slík, sem fyrirbæri, með aðferðum félagsfræðinnar,
- geta greint upplýsingar út frá sögulegu sjónarhorni og í ljósi breytilegra lagalegra, siðferðilegra, félagslegra og menningarlegra gilda,
- geta túlkað og kynnt rannsóknarniðurstöður í réttarfélagsfræði,
- hafa siðferðilega og félagslega getu til virkrar og viðvarandi þátttöku í lýðræðislegu samfélagi.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Lögfræði

RRS0176 – Refsiréttur (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Í námskeiðinu er fjallað um grundvallarhugtök í refsirétti og meginákvæði hegningarlaga. Fjallað er um hugtakið afbrot og rýmkað brotahugtak, og ólíka brotaflokkar. Rætt er um grunnatriði refsiréttar, svo sem hlutræn og hugræn skilyrði refsíabyrgðar, hlutrænar og huglægar refsileysisástæður, tilraunir og hlutdeild, lok refsíabyrgðar, refsilögsögu, refsingar og önnur refsikennd viðurlög og ákvörðun refsingar.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemandinn:

- þekkja helstu hugtök refsiréttar og geta gert greinarmun á tilraun, hlutdeild og fullfrömdu broti,
- þekkja hver skilyrði refsíabyrgðar eru og hvaða atriði hafa áhrif á þyngd refsinga,
- vera fær um að leysa raunhæf verkefni á sviði refsiréttar,
- geta útskýrt grundvallarhugtök, meginreglur og þætti refsiréttar,
- geta þróað og fylgt eftir lausnum á álitamálum í refsirétti sem endurspeglar gildandi rétt,
- geta túlkað lög í refsirétti og beitt mismunandi tækni við túlkun settra laga, dóma og fordæma.

Undanfarar / Forkröfur:

LÖG0176 Inngangur að íslenskri lögfræði

Geðræn vandamál

GHE0103 – Geðheilsa (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Megintilgangur námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu á þeim fyrirbærum sem tengjast geðheilsu fólks og kynnist grunnhugtökum, kenningum og aðferðum sem notaðar eru í geðheilbrigðisþjónustunni. Farið verður yfir helstu geðsjúkdóma, greiningu þeirra, horfur og meðferð. Þá er geðrækt, valdefling, notenda-/batarannsóknir og helstu baráttumál samtaka geðsjúkra kynnt.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemandinn:

- kunna skil á geðrækt,
- þekkja hvað einkennir góða geðheilsu og helstu persónu- og umhverfispætti sem hafa áhrif á geðheilbrigði,
- þekkja helstu geðsjúkdóma, einkenni þeirra, flokkun og batahorfur,
- geta gert grein fyrir helstu hugtökum, kenningum og aðferðum sem notaðar eru í geðlæknisfræði,
- geta útskýrt kvíða og streituviðbrögð og afleiðingar ofbeldis og misnotkunar,
- kunna skil á persónuleikaröskunum og áhrifum þeirra á samskipti,
- kunna skil á valdeflingu, notendabekkingu, batarannsóknum og helstu hagsmuna- og baráttumálum geðsjúkra.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Nám til starfsréttinda

SNL0276 – Starfsnám II (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Vettvangsnámið fer meðal annars fram á starfsstöðvum lögreglu víða um land þar sem nemendur fá leiðsögn frá starfandi lögreglumönnum sem hafa fengið þjálfun í handleiðslu lögreglunema. Hluti starfsnáms er markviss þjálfun í lögreglutökum og rétttri notkun lögreglutækja undir handleiðslu viðurkenndra leiðbeinenda. Á vettvangi fá nemendur tækifæri til að þróa og tengja faglega þekkingu, leikni, viðhorf og fyrri reynslu við raunverulegar aðstæður þar sem þeir bera einhverja ábyrgð. Þeir beita faglegri rökleiðslu við lausn viðfangsefna og taka þátt í daglegum störfum lögreglu.

Hæfniviðmið:

Að tímabilinu loknu skal nemandi:

- hafa tileinkað sér fagleg viðhorf lögreglu,
- sýna faglegt atferli í starfi,
- geta átt í árangursríkum samskiptum við sakborninga, brotþola og vitni,
- hafa öðlast grundvallaröryggi í daglegum störfum lögreglu,
- geta nýtt sér ráðgjöf á uppbyggilegan máta,
- standast kröfur MSSL um færniþrep 2 í lögreglutökum og notkun lögreglutækja.

Undanfarar / Forkröfur:

LFR0176 Almenn lögreglufræði

LFR0276 Valdheimildir lögreglu

SNL0176 Starfsnám I

Aðeins nemendur sem hafa heimild til að stunda starfsnám geta setið námskeiðið

Félagssálfræði

FSÁ0176 – Félagssálfræði (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Markmið námskeiðsins er að lýsa í hnotskurn og leggja mat á helstu fræðikerfi og rannsóknaraðferðir félagssálfræði. Farið verður m.a. í viðhorfamælingar, námskenningar, eignunarkenningar og fordóma. Kostir og gallar ólíkrar aðferðafræði í félagssálfræði verða kannaðir með hliðsjón af þessum viðfangsefnum.

Hæfniviðmið:

Að loknu námskeiði skal nemandi:

- geta lýst helstu fræðikerfum í félagssálfræði,
- geta lýst og gert greinarmun á helstu rannsóknaraðferðum í félagssálfræði,
- geta lýst kostum og göllum ólíkrar aðferðafræði í félagssálfræði,
- geta lagt gagnrýnið mat á helstu fræðikerfi og aðferðir félagssálfræðinnar,
- geta hannað, undirbúið og framkvæmt eigin rannsókn í félagssálfræði,
- geta gert skriflega og munnlega grein fyrir niðurstöðum eigin rannsókna í félagssálfræði,
- geti lagt gagnrýnið og rökstutt mat á aðferðir og niðurstöður eigin rannsókna í félagssálfræði.

Undanfarar / Forkröfur:

VIH0106 Vinnulag í háskólanámi

RAT0176 Tölfræðileg greining

Lögreglustarfið

LFR0476 – Lögreglurannsóknir (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Í námskeiðinu er fjallað um lögreglurannsóknir sem eru einn af meginþáttum í starfsemi lögreglunnar. Nemendur kynnast birtingarmyndum skipulagðrar brotastarfsemi og helstu viðbrögðum og vörnum við henni. Hér má nefna mansal, þar með talið vinnumansal, fjármunabrot og aðkomu erlendra afbrotahópa. Nemendur fræðast um samstarf við erlendar löggæslustofnanir og alþjóðastofnanir (Europol, CEPOL, Interpol, Frontex) og hlutverk íslensku lögreglunnar í alþjóðasamfélaginu, og fræðast um samvinnu íslensku lögreglunnar við framangreinda aðila.

Hæfniviðmið:

Að loknu námskeiði skal nemandi:

- þekkja markmið lögreglurannsókna,
- þekkja ferli rannsókna algengra brota frá upphafi til enda og geta útskýrt það ferli,
- geta lýst mismunandi aðferðum við lögreglurannsóknir, hafa kunnáttu á tilgátuprófun og geta greint á milli mismunandi hugsanaskekkja við rannsóknir brota,
- geta nýtt þekkingu sína til þess að undirbúa mál fyrir ákærvald og rökstutt að mál sé nægjanlega vel rannsakað,
- vita hvaða gagna skal afla og hvernig, kunna skil á og vinna að varðveislu gagna, þar á meðal rafrænna gagna, og vita og geta bent á hvaða heimildir þarf til gagnaöflunar,
- geta stýrt upphafi rannsókna, greint rannsóknarpörf á vettvangi og kallað til viðeigandi aðila til aðstoðar.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Lögfræði

RÉT0276 – Mannréttindalögfræði (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Í námskeiðinu er hugtakið mannréttindi skilgreint lagalega, siðferðilega og pólitískt. Farið verður yfir mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og helstu alþjóðasamninga um mannréttindi, s.s. samninginn um stjórn mála og borgaraleg réttindi og samninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Kynntir verða helstu svæðasáttmálar á sviði mannréttinda og gerð grein fyrir framkvæmd Evrópusáttmálans um mannréttindi. Fjallað verður um fullveldi og ábyrgð ríkisins að alþjóðalögum og hlutverk frjálsra félagasamtaka. Skoðað verður hvernig alþjóðleg mannréttindalöggjöf hefur sett mark sitt á íslenska löggjöf og dómaframkvæmd, til dæmis í málefnum útlendinga, persónuverndar og lögræðisaldurs.

Hæfniviðmið:

Að loknu námskeiði skal nemandi:

- þekkja til helstu mannréttindaákvæða,
- geta lýst stofnanalegu umhverfi mannréttinda innan Sameinuðu þjóðanna í samhengi við almennan þjóðarétt,
- geta útskýrt grundvallareglur og eftirlitsferli helstu mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindasáttmála Evrópu,
- geta túlkað ábyrgð ríkja á mannréttindum út frá þeirri þrýðingu sem felst í að virða þau, tryggja þau og koma þeim í framkvæmd,
- geta útskýrt hvernig og í hve ríki mæli alþjóðleg mannréttindi hafa tekið gildi að landsrétti,
- geta með sjálfstæðum hætti aflað sér heimilda, bæði frumgagna og afleiddra heimilda, í mannréttindalögum,
- geta beitt gagnrýnum og heimspekilegum aðferðum við greiningu mannréttindalaga,
- geta lagt mat á aðstæður þar sem mannréttindi hafa áhrif á framkvæmd lögregluvalds.

Undanfarar / Forkröfur:

LÖG0176 Inngangur að íslenskri lögfræði

Siðfræði

SID0176 – Siðfræði og álitamál (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Fjallað er um hugtök, aðferðir og úrlausnarefni heimspekilegrar siðfræði. Spurt er hvort siðferði sé afstætt eða algilt, huglægt eða hlutlægt. Nemendur kynnst siðfræðikenningum á borð við nytjastefnu, siðfræði Kants og dygðafræði. Fjallað er um valin siðferðileg álitamál úr samtímanum og nemendur æfast í framsögu og umræðu um þau.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemandinn:

- hafa innsýn í helstu hugtök, kenningar, aðferðir og úrlausnarefni heimspekilegrar siðfræði,
- geta rökrætt um siðferðileg efni á agaðan og gagnrýnninn hátt,
- geta beitt siðfræðilegum hugtökum og kenningum við greiningu á siðferðilegum álitamálum í starfi lögreglu.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Nám til starfsréttinda

SNL0376 – Starfsnám III (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Námskeiðið er beint framhald af námskeiðinu SNL0276. Vettvangsnámið fer meðal annars fram á starfsstöðvum lögreglu víða um land þar sem nemendur fá leiðsögn frá starfandi lögreglumönnum sem hafa fengið þjálfun í handleiðslu lögreglunema. Hluti starfsnáms er markviss þjálfun í lögreglutökum og réttri notkun lögreglutækja undir handleiðslu viðurkenndra leiðbeinenda. Á vettvangi fá nemendur tækifæri til að þróa og tengja faglega þekkingu, leikni, viðhorf og fyrri reynslu við raunverulegar aðstæður þar sem þeir bera einhverja ábyrgð. Þeir beita faglegri rökleiðslu við lausn viðfangsefna og taka þátt í daglegum störfum lögreglu.

Hæfniviðmið:

Að tímabilinu loknu skal nemandi:

- sýna þekkingu, viðhorf og leikni sem bera vott um gagnrýna hugsun, faglega rökleiðslu og fagmennsku í öllum samskiptum og vinnubrögðum,
- hafa þróað með sér stöðuga starfsímynd og samsamað sig hlutverki lögreglu.

Undanfarar / Forkröfur:

LFR0176 Almenn lögreglufræði

LFR0276 Valdheimildir lögreglu

SNL0176 Starfsnám I

SNL0276 Starfsnám II

Aðeins nemendur sem hafa heimild til að stunda starfsnám geta setið námskeiðið

Félagsvísindi og sálfræði

KYN0176 – Kynjafræði (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Fjallað er um stöðu kynjanna og viðhorfin til þeirra frá þverfaglegum sjónarhóli. Kynnt verða helstu viðfangsefni í kynjafræði um leið og tvö grunnhugtök, kyn og kyngervi, verða krufin. Meðal þess sem rætt verður um eru breytingar á fjölskyldugerð, vinnumarkaði og réttarstöðu kynjanna, baráttan fyrir jafnrétti kynjanna og kynbundnar hliðar á dæg-urmenningunni. Einnig verður lögð áhersla á kynbundin atriði sem tengjast fjölmiðlum, byggðapróun og loftlagsmálum.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemandinn:

- hafa þekkingu á stöðu karla og kvenna, einkum í íslensku samfélagi,
- kunna skil á baráttu valinna skoðanahópa fyrir jafnrétti kynjanna,
- geta skilgreint grundvallarhugtök í kynjafræðum,
- geta nýtt sér rannsóknir í kynjafræðum bæði í starfi og frekara námi.

Undanfarar / Forkröfur:

VIH0106 Vinnulag í háskólanámi

Stjórnun

STJ2106 – Stjórnun I (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Í námskeiðinu er fjallað um stjórnun og stjórnunarkenningar, skipulagsheildir og atferli einstaklinga og hópa við vinnu. Fjallað er um staðblæ og gildismat innan fyrirtækja og sérstök áhersla lögð á mismunandi þjóðmenningu, viðskiptasiðferði og samfélagslega ábyrgð. Enn fremur er fjallað um atferli einstaklinga og vinnuhópa, starfshvatningu, stjórnunarstíla, leiðtogahlutverkið og breytingastjórnun. Loks er fjallað um nýjar áherslur í stjórnun.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemendi geta:

- greint skilmerkilega frá þróun stjórnunar,
- gert meginþáttum stjórnunarkenninga skil,
- greint frá áhrifum mismunandi þjóðmenningar á stjórnunarvanda fyrirtækja/stofnana,
- útskýrt hvernig hann sem stjórnandi geti tekist á við siðferðisleg álitamál,
- rökstutt hvernig mæta skal viðhorfum um samfélagslega ábyrgð við ákvarðanatöku í viðskiptum,
- notað valdar aðferðir við stjórnun breytinga,
- lýst kenningum og aðferðum við að hvetja og móta atferli einstaklinga og hópa á vinnustað,
- metið hagnýtt gildi helstu kenninga um forystu og leiðtoga.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Stjórnun

VSK0176 – Vinnu- og skipulagssálfræði (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Í námskeiðinu er fjallað um helstu viðfangsefni vinnu- og skipulagssálfræði, þar á meðal sálfræðilegar rannsóknir og kenningar um atferli á vinnustað, og sögu og hlutverk vinnu- og skipulagssálfræði. Megináhersla verður lögð á eftirfarandi þætti: Ráðningar, frammistöðumat, þjálfun, hagnýtingu atferlisfræði á vinnustað, leiðtogahlutverkið, hvatningu og starfsánægju. Einnig verður fjallað um valin atriði í stjórnun og stjórnunarkenningum, skipulagsheildir og atferli einstaklinga og hópa á vinnustöðum. Námskeiðið er samkennt að hluta með STJ2103, Stjórnun í viðskiptafræði.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemendi geta:

- lýst helstu kenningum og hugtökum sem uppi eru í faginu,
- lýst helstu rannsóknnum og kenningum um atferli á vinnustað,
- lýst eftirfarandi þáttum og kenningum á sviði vinnu- og skipulagssálfræði og metið hagnýtt gildi þeirra: Ráðningum, frammistöðumati, tímastjórnun, þjálfun, fjölmenningu, hagnýtingu atferlisgreiningar á vinnustað, leiðtogahlutverkinu, hvatningu og starfsánægju,
- lýst sögu og hlutverki vinnu- og skipulagssálfræði,
- verið fær um að leggja sjálfstætt mat á ýmsar aðferðir og kenningar innan vinnu- og skipulagssálfræði,
- tengt saman fræðilega þekkingu við hagnýt viðfangsefni,
- verið fær um að túlka og kynna rannsóknir í vinnu- og skipulagssálfræði,
- kynnt niðurstöður og rökstutt þær á faglegum grunni,
- notað leitarvélur á netinu til að finna ritrýndar erlendar greinar, túlkað þær og kynnt niðurstöður,
- sýnt nauðsynlega hæfni og sjálfstæð vinnubrögð til frekara náms innan vinnu- og skipulagssálfræði eða tengdra greina,
- borið saman og valið á milli æskilegra stjórnunaraðferða,
- gert grein fyrir aðferðum við að móta atferli einstaklinga og hópa á vinnustað og lagt til hagnýtingu þeirra við hvatningu í skipulagsheildum,
- stjórnað eigin tíma, unnið sjálfstætt og skipulega, sett sér markmið, gert áætlanir og fylgt þeim
- tekið virkan þátt í hópstarfi og séð til þess að hópar fylgi verkefnum til lykta,
- tileinkað sér sjálfstæða og gagnrýna hugsun sem nýtist í frekari námi eða starfi,
- verið fær um að takast á við frekara nám innan sviðsins,
- sýnt faglega og siðlega hegðun í starfi og námi.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Rannsóknaraðferðir

VRK0176 – Rannsóknarverkefni í lögreglufræði (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Í þessu námskeiði fá nemendur þjálfun í rannsóknavinnu undir leiðsögn háskólakennara. Nemendur kynna sér tiltekið rannsóknasvið, finna helstu kenningar og lykilrannsóknir á því sviði og fjalla um þær með gagnrýnum hætti. Í lok námskeiðs skila nemendur rannsóknaráætlun þar sem gerð er tillaga að verkefni til að svara tiltekinni rannsóknaspurningu á viðkomandi sviði.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemandinn:

- þekkja helstu þætti rannsóknaráætlunar í félagsvísindum,
- hafa hlotið þjálfun í vinnslu yfirlits um stöðu þekkingar á tilteknu sviði,
- hafa hlotið þjálfun í skipulagningu gagnasöfnunar fyrir félagsvísindalega rannsókn,
- hafa hæfni til að skrifa rannsóknaráætlun í félagsvísindum

Undanfarar / Forkröfur:

VIH0106 Vinnulag í háskólanámi

RAT0176 Tölfræðileg greining

Félagsvísindi og sálfræði

FKN0176 – Fíkn (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Leitast er við að gefa nemendum þverfaglegt sjónarhorn á fíknivandamál. Gerð verður grein fyrir hinum ýmsu fíknivandamálum sem fólk stríðir við.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemandinn:

- geta gert grein fyrir sálfræðilegum, lífeðlisfræðilegum og samfélagslegum þáttum fíknar,
- geta tengt kenningar við helstu meðferðarleiðir,
- kunna skil á helstu þáttum rannsókna á fíknisjúkdómum, s.s. hönnun, gagnasöfnun og greiningu gagna,
- geta gert grein fyrir eftirfarandi þáttum á sviðinu: mat á fíkn; hliðarraskanir, mismunandi kenningar og líkön; meðferðarmöguleikar og stefnumörkun stjórnvalda,
- geta lagt gagnrýnið mat á helstu rannsóknir og kenningar á sviði fíknar,
- geta kynnt niðurstöður rannsókna og framkvæmt gagnrýnið mat á þær, byggt á faglegum grunni,
- geta lagt sjálfstætt mat á ýmsar aðferðir og kenningar á sviði fíknar,
- hafa þróað með sér hæfni og sjálfstæð vinnubrögð til frekara náms á sviði fíknirannsókna.

Undanfarar / Forkröfur:

VIH0106 Vinnulag í háskólanámi

RAT0176 Tölfræðileg greining

Félagsvísindi og sálfræði

ÞSÁ0156 – Þroskasálfræði (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Á námskeiðinu er leitast við að efla þekkingu á þroskaferli einstaklings frá getnaði til og með unglingsára. Farið er yfir hin ólíku þroskaferli með hliðsjón af líkams-, vitsmuna-, mál-, félags- og tilfinningaþroska. Einnig er fjallað um gagnvirkni þroskaþáttanna og í því skyni fjallað um helstu/þekktustu kenningar sem skýra þroskaferlið. Áhersla er lögð á flókna gagnvirkni erfða og umhverfispáttanna svo og verndar- og áhættuþætti í lífi barns, þar með talið hvað telst til illrar meðferðar á börnum og hverjar eru mögulegar mótvægisaðgerðir. Ábyrgð foreldra, kennara og félaga, skóla, samfélags og menningar á þroska og framtíð barna er rauður þráður í námskeiðinu öllu og því til stöðugrar umfjöllunar.

Hæfniviðmið:

Að námskeiðinu loknu skal nemandi:

- þekkja helstu rannsóknaraðferðir þroskasálfræðinnar,
- þekkja helstu kenningar þroskasálfræðinnar og kunna skil á líkams-, mál-, vitsmuna-, félags- og tilfinningaþroska barna og unglunga í ljósi þeirra,
- þekkja áhrif gagnvirkni erfða og umhverfispáttanna á líf einstaklings,
- skilja mikilvægi þess að laga uppeldi/umönnun/kennslu að þroskastigi og þörfum barna og unglunga,
- átta sig á einstaklingsbundinni og samfélagslegri ábyrgð uppallenda og kennara á uppeldi og menntun barna og unglunga,
- þekkja helstu uppeldisaðferðir sem líklegar eru að leiða til jákvæðra samskipta við börn og unglunga.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Rannsóknaraðferðir

EIRO176 – Eigindlegar rannsóknaraðferðir (6 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Viðfangsefni þessa námskeiðs er eigindlegar rannsóknaraðferðir innan mannvísinda með áherslu á félagsvísindagreinar. Nemendur kynnast sögu, markmiðum og kenningarlegum forsendum eigindlegra rannsóknaðferða og öðlast þekkingu á ýmsum vandmálum og álitamálum sem þeim tengjast. Nemendur læra til verka m.t.t. etnógrafískrar þátttökuathugunar, vettvangslýsingar, ólíkra viðtalsaðferða, rýnihópsaðferðar, sjálfskoðunar, samvinnurannsókna, aðgerðamiðaðra nytjarannsókna, tákn-, orðræðu- og hugtakagreiningar, minnis-, sagnaritunar og frásagnagreiningar, og eigindlegra samanburðarrannsókna.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu skal nemandinn:

- hafa öðlast heildræna innsýn í eigindlegar rannsóknaraðferðir í félagsvísindum,
- hafa öðlast þjálfun í að beita slíkum eigindlegum rannsóknaraðferðum.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Lokaverkefni

LOK0000 – BA-verkefni í lögreglufræði (12 ECTS)

Námskeiðslýsing:

Nemandinn velur viðfangsefni í samráði við fasta kennara og skrifar um það fræðilega ritgerð undir handleiðslu leiðbeinanda. Ritgerðin á að bera vott um (a) gott vald á máli og framsetningu, (b) sjálfstæð efnistöð og frumleika, og (c) staðgóða þekkingu á rannsóknarefninu. Nauðsynlegt er að fá formlegt samþykki fyrir viðfangsefninu og vinna það samkvæmt reglum félagsvísinda- og lagadeildar um lokaverkefni.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu skal nemandi:

- hafa öðlast þjálfun í fræðilegum vinnubrögðum og rannsóknum,
- geta sett fram niðurstöður á eigin rannsóknum.

Undanfarar / Forkröfur:

Engar forkröfur skráðar.

Viðauki c.

Staðfesting á hæfi akademískra starfsmanna sem einkum munu sinna kennslu námskeiða í lögreglufræði

Nafn	Dags. ráðningarbréfs	Framgangur
Andrea S. Hjálmsdóttir	Lektor 22.09.2011	
Árni Gunnar Ásgeirsson	Lektor 06.07.2016	
Ársæll Már Arnarson	Lektor 29.05.2007	Prófessor frá 01.08.2010
Birgir Guðmundsson	Lektor 07.04.2005	Dósent frá 01.01.2010
Elín Díanna Gunnarsdóttir	Lektor 29.10.2001	Dósent frá 01.10.2007
Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir	Forseti 18.12.2015	
Gísli Kort Kristófersson	Lektor 01.04.2014	
Guðmundur S. Alfreðsson	Prófessor 19.11.2004	
Hermína Gunnþórsdóttir	Lektor 01.09.2011	
Hildigunnur Svavarsdóttir	Lektor 16.05.2014	
Hilmar Þór Hilmarsson	Lektor frá 01.06.2006	Prófessor frá 01.01.2011
Júlí Ósk Antonsdóttir	Aðjúnt 19.08.2015	
Kjartan Ólafsson	Lektor 26.09.2006	
Kristín Guðmundsdóttir	Lektor 19.05.2008	
Markus Meckl	Lektor frá 01.08.2004	Prófessor frá 01.05.2013
Rachael L. Johnstone	Aðjúnt 26.03.2003	Prófessor frá 01.01.2013
Sigríður S. Jónsdóttir	Lektor 07.08.2012	
Sigrún Sigurðardóttir	Lektor 28.05.2014	
Sigurður Kristinsson	Lektor 02.05.2003	Prófessor frá 01.11.2012
Þóroddur Bjarnason	Prófessor 19.04.2004	

Sólborg v/Norðurlóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir
Ásvegi 21
600 Akureyri

Akureyri, 22. sept. 2011
Tilv.: 1103037

Efni: staða lektors í félagsfræði við Háskólann á Akureyri

Kæra Andrea.

Þakka þér umsókn þína um 50% stöðu lektors í félagsfræði til eins árs með möguleika á framlengingu til þriggja ára, sem skrifstofa rektors tók á móti 23. maí sl.

Ég hef kynnt mér auglýsingu um starfið, umsóknargögn umsækjenda, dómnefndarálit um hæfi þriggja umsækjenda til að gegna stöðunni dagsett 19. ágúst, athugasemdir umsækjenda við álitid og viðbrögð dómnefndar við þeim dagsett 30. ágúst.

Samkvæmt 19. gr. reglna fyrir Háskólann og Akureyri ber að leita álits viðkomandi fræðasviðs áður en ráðið er í stöðu sem tveir eða fleiri eru metnir hæfir til að gegna. Í samræmi við 7. gr. reglna um stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs nr. 611/2009 leitaði forseti hug- og félagsvísindasviðs álits deildafundar félagsvísindadeildar á umsækjendum. Í samræmi við umsögn deildafundar sem dagsett er 16. september, og að teknu tilliti til annarra ofangreindra gagna, er það niðurstaða mín að *þú uppfyllir best þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingunni.*

Hér með býð ég þér ráðningu í umrætt starf.

Svar óskast sem allra fyrst. Það má senda mér bréflega til skrifstofu rektors, eða á netfangið rektor@unak.is og til ritara rektors, gmk@unak.is.

Virðingarfyllt,

Stefán B. Sigurðsson, rektor



Háskólinn á Akureyri Skjalasafn
Mótt. 7/4 '05
Fl. 211.5/1 / 221 SKRIFSTOFA REKTORS


Akureyri, 7. apríl 2005

Birgir Guðmundsson
Vanabyggð 10
600 Akureyri

Varðandi umsókn þína, dags. 7. maí 2004, um stöðu lektors í fjölmiðlafræði, fjölmiðlarýni og vinnulagi á fjölmiðlum við félagsvísinda- og lagadeild.

Ákveðið hefur verið á grundvelli umsagnar félagsvísinda- og lagadeildar að ráða þig til að gegna ofangreindri stöðu. Ráðningin gildir frá fyrstu mánaðarmótum eftir dags. samþykktis dómnefndarálits í háskólaráði, eða frá 1. október 2004.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Gunnarsson, rektor




Akureyri 29. október 2001

E. Dfanna Gunnarsdóttir, Ph.D.
Clinical Associate
Department of Psychiatry and Behavioral Sciences
DUMC Box 3119
Duke University Medical Center
Durham, North Carolina 27710
USA

Háskólaráð hefur tekið til umfjöllunar umsóknir um stöðu lektors/dósentis í sálfræði við Háskólan á Akureyri. Dómnefndarálit um hæfi umsækjenda lágu fyrir og voru staðfest af háskólaráði. Í samræmi við 3. gr. laga nr. 40/1999 um Háskólan á Akureyri hefur verið ákveðið að ráða þig í hálfa stöðu lektors í sálfræði frá 1. janúar 2002. Háskólinn býður þig hér með velkomna til starfa.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Gunnarsson, rektor

Háskólinn á Akureyri Skjalasafn
Mótt. 8/11/01 (póstsent)
Fl. 211.251/211.251 / 221

Sólborg v/Norðurslóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Skrifstofa rektors

Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir
Þingholtsstræti 15
101 Reykjavík

Akureyri, 18. desember 2015
Tílv.: 1508011

Efni: Ráðning í stöðu forseta heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri

Ágæta Eydís.

Ég hef tekið þá ákvörðun að ráða þig til að gegna stöðu forseta heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Vísað er til umsóknar þinnar frá 30. september 2015. Einn umsækjandi var um stöðuna.

Ráðningartími er til fjögurra ára, frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2019. Upphaf starfs er þó samkvæmt samkomulagi en miðað er við að þú verðir komin í fullt starf eigi síðar en 1. mars 2016.

Ákvörðun mín byggir á auglýsingu um starfið, umsóknargögnum þínum, umsögn sviðsfundar heilbrigðisvísindasviðs, stjórnendamatí Capacent og viðtölum. Háskólaráð hefur staðfest ákvörðun mína.

Ég óska þér hjartanlega til hamingju með ráðninguna og hlakka til að starfa með þér.

Virðingarfyllst,

Eyjólfur Guðmundsson, rektor



Háskólinn á Akureyri Skjalasafn	
Mótt.	6/1 '05
Fl.	221

SKRIFSTOFA REKTORS

Akureyri, 19. nóvember 2004

Guðmundur Alfreðsson
P.O. Box 1155
S-221 05 Lund
Svíþjóð

Það tilkynnist þér hér með að þú hefur verið ráðinn prófessor í þjóðarétti og mannréttindum við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri. Um 25% ólaunaða stöðu er að ræða. Ráðningin tók gildi 1. ágúst 2004.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Gunnarsson, rektor

Sólborg v/Norðurslóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Skrifstofa rektors

Gísli Kort Kristófersson
krist050@umn.edu

Akureyri, 1. apríl 2014
Tilv.: 1311034

Efni: varðar 100% stöðu í geðhjúkrun við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri

Vísað er í umsókn þína frá 7. janúar 2014.

Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, með tilliti til dómnefndarálits dags. 7. mars 2014 og að höfðu samráði við forseta heilbrigðisvísindasviðs, hef ég ákveðið að ráða þig í stöðuna.

Ráðningin gildir frá 1. ágúst 2014 og er hún ótímabundin.

Ég óska þér til hamingju með stöðuna og bendi þér á að hafa samband við Sigrúnu Lóu Kristjánsdóttur verkefnisstjóra á fjármála- starfsmanna- og rekstrarsviði um framhaldið.

Virðingarfyllst,

Ögmundur Knútsson, staðgengill rektors Háskólans á Akureyri

Sölborg v. Norðurslóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Skrifstofa rektors

Hermína Gunnþórsdóttir
Helgamagrastræti 3
600 Akureyri

Akureyri, 1. september 2011
Tilv.: 1105154

Efni: Staða lektors við Háskólann á Akureyri

Kæra Hermína.

Þakka þér umsókn þína dagsetta 16. júní sl. um stöðu lektors við kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri.

Í samræmi við álit deildarfundar kennaradeildar HA, og að teknu tilliti til niðurstöðu dómnefndar, hef ég ákveðið að þér verði boðin staðan.

Með bréfi þessu býð ég þér hér með að taka við starfinu. Um er að ræða 100% starf. Svar óskast sem allra fyrst en helst ekki síðar en 8. þessa mánaðar. Það má senda mér bréflega til skrifstofu rektors, eða á netfangið rektor@unak.is og til ritara rektors, gmk@unak.is.

Virðingarfyllt,

Stefán B. Sigurðsson, rektor

Sólborg v/Norðurlóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Skrifstofa rektors

Hildigunnur Svavarsdóttir
Möðruvallastræti 10
600 Akureyri

Akureyri, 16. maí 2014
Tilv.: 1401125

Ágæta Hildigunnur.


Vísað er í umsókn þína um stöðu við Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri, dags. 21. janúar sl. Umsóknarfrestur var til 27. janúar.

Í reglum um Heilbrigðisvísindastofnun segir að rektor ráði í stöður við stofnunina að fengnu áliti dómnefndar HA, heilbrigðisdeildar HA og stefnunefndar SAK og HA. Að fengnum tillögum framangreindra hefur verið ákveðið að ráða þig lektor við stofnunina frá 1. maí 2014. Ráðningin er tímabundin til þriggja ára.

Um er að ræða 20% stöðu sem skiptist þannig að jafnaðarlega er 5% varið til kennslu og 15% til rannsókna. Stefnt er að því að þessum þáttum verði við komið innan núverandi starfs hjá FSA. Ekki er greitt sérstaklega fyrir þessar stöður við HHA. Stöðunum fylgir aðgangur að Rannsóknasjóði HA.

Ég bendi þér á að hafa samband við Árunu Kr. Sigurðardóttur, forseta heilbrigðisvísindasviðs, um framhaldið, netfang: arun@unak.is, sími 460 8464.

Virðingarfyllt,


Sigrún Stefánsdóttir, staðgengill rektors.

Afrit: Árun Kr. Sigurðardóttir forseti heilbrigðisvísindasviðs HA
Bjarni Jónasson forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri
Hugrún Helgadóttir verkefnastjóri launa- og starfsmannamála HA.

Sólborg v/Norðurlóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is



Hilmar Þór Hilmarsson
Holtsgata 1
260 Reykjanesbær

Akureyri, 28. júní 2011
Tilv.: 1010016

Varðar umsókn þína um framgang dósent-prófessor, dags. 15. október 2010

Ágæti Hilmar Þór.

Háskólaráð staðfesti á fundi sínum þann 27. þessa mánaðar dómnefndarálit um hæfi þitt til að hljóta framgang úr stöðu dósentis í stöðu prófessors við Háskólann á Akureyri, dagsett 27. júní 2011.

Í samræmi við 16. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008, og reglur um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við HA nr. 1207/2007, með síðari breytingu, hefur verið ákveðið að þú hljótir framgang sem prófessor frá 1. janúar 2011.

Háskólinn á Akureyri óskar þér til hamingju með þennan árangur í starfi.

Virðingarfyllst,

Stefán B. Sigurðsson, rektor

Samrit: Hans Kristján Guðmundsson forseti viðskipta- og raunvísindadeildar
Hugrún Helgadóttir verkefnastjóri launa- og starfsmannamála

Sólborg v/Nordurslóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is



Skrifstofa rektors

Júli Ósk Antonsdóttir
juli@lognor.is


Akureyri, 19. ágúst 2015
Tilv.: 1508019

Efni: ráðning í stöðu aðjúnkts við lagadeild hug- og félagsvísindasviðs HA.

Sæl Júli Ósk.

Þrír sóttu um ofangreinda stöðu, sem auglýst var laus til umsóknar með umsóknarfresti til 3. ágúst sl. Ég hef farið yfir gögn umsækjenda og leitað álits fræðasviðsins. Það er niðurstaða mín að þú uppfyllir best kröfur þær sem gerðar er í auglýsingu. Hef ég því ákveðið að ráða þig í stöðuna.

Virðingarfyllst,



Eyjólfur Guðmundsson,
rektor



Háskólinn á Akureyri	
Skjalasafn	
Mótt.	26/9 '06
Fl.	221

SKRIFSTOFA REKTORS


Kjartan Ólafsson
Lektor

Akureyri, 26. september 2006

Það tilkynnist hér með að háskólaráð samþykkti á fundi sínum, þann 25. september sl., dómnefndarálit um hæfi þitt til að gegna stöðu lektors við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri.

Í samræmi við 3. gr. laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri hefur verið ákveðið að ráða þig í 49% stöðu lektors við félagsvísinda- og lagadeild háskólans frá 1. september 2006.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Gunnarsson, rektor

Afrit: Elín Díanna Gunnarsdóttir deildarforseti félagsvísinda- og lagadeildar
Hugrún Helgadóttir launafulltrúi

Pósthólf 224 · 602 Akureyri · Sími 460 8000 · Fax 460 8999 · Kennit.: 520687-1229

Sólborg v/Norðurslóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Skrifstofa rektors

Kristín Guðmundsdóttir
Ásabyggð 12
600 Akureyri

Akureyri, 19. maí 2008
Tilv.: 0801006

Við er í umsókn þína um stöðu háskólakennara í sálfræði við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri sem auglýst var laus til umsóknar í janúar sl.

Í samræmi við 3. gr. laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri hefur verið ákveðið að ráða þig í stöðu lektors við háskólann. Starfsvettvangur þinn verður við hug- og félagsvísindadeild en frá og með 1. ágúst nk. verða félagsvísinda- og lagadeild og kennaradeild sameinaðar í hug- og félagsvísindadeild.

Ráðningin tekur gildi frá og með 1. ágúst 2008.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Gunnarsson, rektor

Sólborg v/Norðurslóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Markus Meckl
Fróðasundi 9
600 AKUREYRI

Akureyri, 3. júní 2013
Tilv.: 1210073

Ágæti Markus.

Háskólaráð staðfesti á fundi sínum 29. maí sl. dómnefndarálit um hæfi þitt til að hljóta framgang úr stöðu dósentis í stöðu prófessors við Háskólann á Akureyri.

Í samræmi við 16. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglur um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við HA nr. 1207/2007 hefur verið ákveðið að þú hljótir framgang sem prófessor við háskólann frá og með 1. maí 2013.

Háskólinn á Akureyri óskar þér til hamingju með þennan árangur í starfi.

Virðingarfyllt,

Stefán B. Sigurðsson, rektor.



Háskólinn á Akureyri Skjalasafn
Mótt.
Fl. 221


Akureyri, 26. mars 2003

Rachel Lorna Johnstone
International Study Center,
Herstmonceux Castle
Hailsham, BN27 1RN
East Sussex
UK

It is my pleasure to announce that you have been appointed Adjunct in 50% position in the areas of general jurisprudence, legal theory, human rights, common law and European law in the new University Faculty of Law and Social Sciences. Your term of appointment is from July 1, 2003 – June 30, 2004. Please find attached your contract of employment. I kindly ask you to sign it and return to me as soon as possible.

I warmly welcome you to this post.

Best regards,


Thorsteinn Gunnarsson, rector

Sólborg v/Norðurslóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is



Sigríður Sía Jónsdóttir
Álfabyggð 22
600 Akureyri

Akureyri, 7. ágúst 2012
Tilv.:1203089

Efni: varðar 50% ótímabundna stöðu lektors í heilsugæsluhjúkrun við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Vísað er í umsókn þína dags. 30. apríl sl.

Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, með tilliti til dómnefndarálits dags. 20. júní 2012 og að höfðu samráði við forseta heilbrigðisvísindasviðs, hef ég ákveðið að ráða þig í stöðuna.

Ráðningin gildir frá 1. ágúst 2012.

Ég óska þér til hamingju með stöðuna og bendi þér á að hafa samband við Árunu Kr. Sigurðardóttur forseta heilbrigðisvísindasviðs og Hugrúnu Helgadóttur launafulltrúa um framhaldið.

Virðingarfyllst,

Stefán B. Sigurðsson, rektor

Sólborg v/Norðurslóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is



Sigrún Sigurðardóttir
Brekatúni 11
600 Akureyri

Akureyri, 28. maí 2014
Tílv.: 1405003

Efni: varðar 100% stöðu lektors í heilsugæsluhjúkrun við heilbrigðisvísindasvið HA

Ágæta Sigrún.

Vísað er í umsókn þína frá 26. þessa mánaðar.

Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, með tilliti til dómnefndarálits dags. 20. júní 2012 og að höfðu samráði við forseta heilbrigðisvísindasviðs, hef ég ákveðið að ráða þig í stöðuna.

Ráðningin gildir frá 1. ágúst 2014 og er hún ótímabundin.

Ég óska þér til hamingju með stöðuna og bendi þér á að hafa samband við Huguínu Helgadóttur verkefnastjóra launa- og starfsmannamála um framhaldið.

Virðingarfyllst,

Stefán B. Sigurðsson, rektor

Afrit: Árún Kr. Sigurðardóttir forseti heilbrigðisvísindasviðs
Huguína Helgadóttir verkefnastjóri launa- og starfsmannamála



Háskólinn á Akureyri Skjalasafn
Mótt.
Fl. 221

SKRIFSTOFA REKTORS

Akureyri, 2. maí 2003

Sigurður Kristinsson, lektor
kennaradeild
Háskólans á Akureyri

Á fundi sínum 25. apríl sl. staðfesti háskólaráð niðurstöðu dómnefndar um hæfi þitt til að gegna lektorsstöðu við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Í samræmi við 3. gr. laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri og með vísun í umsókn þína, dags. 29. september sl., hefur verið ákveðið að ráða þig sem lektor í siðfræði og heimspeki menntunar við kennaradeild háskólans.

Þú ert hér með boðinn velkominn til starfa.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Gunnarsson, rektor

Sólborg v/Norðurlóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Skrifstofa rektors

Árni Gunnar Ásgeirsson
arnigunnarasgeirsson@gmail.com

Akureyri, 6. júlí 2016
Tilv.: 1604010

Efni: Ráðning lektors í sálfræði

Ágæti Árni Gunnar.

Vísað er til umsóknar þinnar um auglýst starf lektors í sálfræði frá 25. apríl 2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, með tilliti til dómnefndarálits dags. 3. júní 2016 og með tilliti til niðurstöðu deildafundar félagsvísindadeildar þann 20. júní s.l. hefur verið ákveðið að ráða þig í stöðuna. Vakin er athygli á því að starfsstöðin er á Akureyri.

Ráðningin gildir frá 1. janúar 2017 og er tímabundin til fimm ára skv. 2. gr. reglna um störf dómnefndar og ráðningar akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri nr. 258/2016. Ráðningin gildir því til 31. desember 2021. Við lok þessa fimm ára tímabils getur akademískur starfsmaður óskað eftir ótímabundinni ráðningu, sbr. 3. gr. reglna nr. 258/2016.

Ég óska þér hjartanlega til hamingju með stöðuna og býð þig velkominn til starfa við Háskólann á Akureyri.

Virðingarfyllst,


Sigrún Stefánsdóttir, staðgengill rektors

Ársæll Már Arnarsson
Álftröð 7
200 Kópavogi

Akureyri, 29. maí 2007

Vísað er í umsókn þína um stöðu háskólakennara í sálfræði við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri sem auglýst var laus til umsóknar í janúar sl.

Í samræmi við 3. gr. laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri og á grundvelli umsagnar félagsvísinda- og lagadeildar hefur verið ákveðið að ráða þig til að gegna stöðu lektors við deildina. Ráðningin gildir frá og með 1. ágúst 2007.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Heiðar Frímannsson
staðgengill rektors



Háskólinn á Akureyri
Stjófnisstaða
MÖL. 19/4/04
FL. 211 511 / 221

SKRIFSTOFA REKTORS

Akureyri, 19. apríl 2004

Póroddur Bjarnason
12 Fletcher Road
Albany
NY 12203
USA

Að fenginni tillögu félagsvísinda- og lagadeildar og samþykki háskólaráðs er mér ánægja að bjóða þér ráðningu í stöðu prófessors á sviði félagsfræði frávika, félagsfræðilegra rannsóknaraðferða og aðferðafræði félagsvísinda við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri. Ráðningin er til tveggja ára, en að fenginni tillögu deildarforseta undir lok reynslutímabils breytist ráðningin í ótímabundna ráðningu án frekari auglýsingar. Ráðningin tekur gildi 1. ágúst 2004 nema samið verði um annað. Boð þetta stendur til 5. maí nk.

Eins og þú veist dæmdi dómnefnd Háskólans á Akureyri þig hæfan til að gegna stöðu prófessors í félagsfræði frávika, félagsfræðilegum rannsóknaraðferðum og aðferðafræði félagsvísinda. Síðan skoðuðu deildarmenn félagsvísinda- og lagadeildar innsend gögn þín og voru á einu máli um að bjóða þér starfið.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Gunnarsson, rektor

Viðauki d.

Ársskýrsla Háskólans á Akureyri fyrir árið 2015



ÁRSSKÝRSLA

20
15



Háskólinn
á Akureyri

ÁRSSKÝRSLA

20
15




Háskólinn
á Akureyri



EFNISYFIRLIT

Stjórn	bls. 6
Skipurit	bls. 6
Formáli rektors	bls. 8
Nemendafjöldi	bls. 10
Starfsmenn	bls. 11
Gæðamál	bls. 12
Góðvinir Háskólans á Akureyri	bls. 13
Heilbrigðisvísindasvið	bls. 14
Hug- og félagsvísindasvið	bls. 18
Miðstöð skólaþróunar	bls. 24
Viðskipta- og raunvísindasvið	bls. 26
Markaðs- og kynningarsvið	bls. 32
Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið	bls. 34
Nemendur og deildir	bls. 35
Nemendaskrá	bls. 37
Fjamám	bls. 38
RHA - Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri	bls. 40
Bókasafn og upplýsingaþjónusta Háskólans á Akureyri	bls. 42
Kennslumiðstöð HA	bls. 43
Félag stúdenta við HA - FSHA	bls. 44
Félagsstofnun stúdenta - FÉSTA	bls. 47
Símenntun HA	bls. 48
Sjávarútvegsmiðstöðin við HA - SHA	bls. 49
Rannsóknamiðstöð ferðamála - RMF	bls. 50
Rannsóknahólf Norðursins, NRF	bls. 52
Samningar	bls. 53
Styrkir	bls. 54
Eitt og annað	bls. 56
Ársreikningur	bls. 88
Brautskráning	bls. 90
Brautskráningarræða rektors	bls. 92
Brautskráðir - myndir	bls. 96
Brautskráðir - listi	bls. 100
Lokaverkefni	bls. 106



STJÓRN

Yfirstjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor og er háskólaráð æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Háskólaráð hélt 12 fundi á árinu.

Háskólafundur er haldinn a.m.k. einu sinni á ári. Hann er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar nemenda, kennara og annars starfsfólks sitja háskólafund. Haldinn var einn háskólafundur á árinu.

Framkvæmdastjórn sér um samræmingu á daglegum rekstri háskólans. Þar er farið yfir fjármál, áætlanagerð og uppgjör, teknar ákvarðanir um samstarfssamninga og rætt um framgang þróunarverkefna og nýsköpunar, auk samræmingar verkefna á milli einstakra akademískra skipulagseininga og háskólaskrifstofu. Stjórnin var skipuð rektor, forsetum fræðasviða og framkvæmdastjóra, skv. reglum nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri.

Með breytingum sem samþykktar voru á árinu er framkvæmdastjórn þannig skipuð:

Rektor í forsæti, framkvæmdastjóri og forsetar fræðasviða. Þá sitja forstöðumaður fjármála og gæðastjóri framkvæmdastjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Við háskólann starfar gæðaráð. Meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Sæti í gæðaráði áttu, skv. reglum um gæðaráð frá 2011, rektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, forstöðumaður nemendaskrár, tveir fulltrúar starfsmanna háskólans og tveir fulltrúar nemenda.

Háskólaráð samþykkti breytingu á reglum um gæðaráð á árinu og þann 14. desember kom gæðaráð saman skv. nýrri skipan. Gæðaráð skipa síðan gæðastjóri í forsæti, fulltrúar fræðasviða, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar og forstöðu-

maður nemendaskrár, auk tveggja fulltrúa nemenda sem Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri tilnefni og tveggja fulltrúa sem starfsmenn tilnefna.

Háskólaráð er skipað skv. lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum.

Eftirtaldir skipuðu háskólaráð á fyrstu mánuðum ársins:

Rektor, Eyjólfur Guðmundsson, formaður háskólaráðs.

Fulltrúar menntamálaráðherra: Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, til vara Hallur Gunnarsson tölvunarfræðingur.

Fulltrúar háskólasamfélagsins: Hermína Gunnþórsdóttir lektor og Hjörleifur Einarsson prófessor, til vara Sigríður Vilhjálmssdóttir verkefnastjóri og Óskar Þór Vilhjálmsson, tækniamaður.

Fulltrúar nemenda: Berglind Ósk Guðmundsdóttir, til vara Aníta Einarssdóttir.

Fulltrúar háskólaráðs: Finnbogi Jónsson, stjórnarformaður Advania, og Svanfríður Inga Jónasdóttir bæjarstjóri, til vara Hjalti Jón Sveinsson skólameistari.

Nýtt háskólaráð kom fyrst saman fullskipað 12. maí 2015. Það skipuðu eftirtaldir:

Rektor, Eyjólfur Guðmundsson, formaður háskólaráðs.

Fulltrúar menntamálaráðherra: Jens Garðar Helgason framkvæmdastjóri, til vara Elvar Jónsson skólameistari.

Fulltrúar háskólasamfélagsins: Hermína Gunnþórsdóttir lektor og Óskar Þór Vilhjálmsson tækniamaður, til vara Hjörleifur Einarsson prófessor og Guðmundur Kr. Óskarsson dósent.

Fulltrúar nemenda: Berglind Ósk Guðmundsdóttir, til vara Grímur Rúnar Lárusson.

Fulltrúar háskólaráðs: Finnbogi Jónsson, stjórnarformaður Advania, og Svanfríður Inga Jónasdóttir ráðgjafi, til vara Erla Björg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Símeý.

**Rektor:**

Eyjólfur Guðmundsson.

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Halldórsson.

Gæðastjóri:

Sigrún Magnúsdóttir.

Fræðasvið og forsetar fræðasviða.

Háskólinn skiptist í þrjú fræðasvið skv. 7. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum.

Heilbrigðisvísindasvið:

Árún Kr. Sigurðardóttir. Staðgengill forseta á vormisseri var Kristín Sóley Sigursveinsdóttir lektor og á haustmisseri Hafðís Skúladóttir lektor.

Hug- og félagsvísindasvið:

Sigrún Stefánsdóttir. Staðgengill forseta var Bragi Guðmundsson prófessor.

Viðskipta- og raunvísindasvið:

Ögmundur Knútsson. Staðgengill forseta á fyrri hluta árs var Hreiðar Þór Valtýsson lektor og frá 1. ágúst Rannveig Björnsdóttir dósent.

Forstöðumaður fjármála-starfsmanna- og rekstrarsviðs:

Úlfar Hauksson.

Forstöðumaður nemendaskrár:

Stefán Jóhannsson.

Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs:

Kristín Ágústs dóttir.

Forstöðumaður RHA – Rannsóknamiðstöðvar HA:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu:

Astrid Margrét Magnúsdóttir.

Reglur og stefnumál samþykkt af háskólaráði 2015

Háskólaráð samþykkti á fundi sínum 23. janúar breytingar á reglum nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri (reglur nr. 499/2015). Ráðningartími forseta fræðasviða breyttist úr tveimur árum í fjögur ár í senn. Einnig tóku breytingarnar til KHA – Kennslumiðstöðvar HA.

Háskólaráð samþykkti á fundi sínum 8. apríl að takmarka fjölda fyrsta árs nemenda í hjúkrunarfræði á vormisseri 2016 við 50 nemendur.

Háskólaráð samþykkti á fundi sínum 12. maí brottfall reglna nr. 414/2006 um val á nemendum í iðjubjálfunarfræði (reglur nr. 500/2015).

Háskólaráð samþykkti á fundi sínum 30. júní reglur um starfs-skyldur kennara við Háskólann á Akureyri, reglur um ráðningu og kjör aðjúnkta í FHA – Félagi háskólakennara á Akureyri, og reglur um sjóð til að fjármagna tímabundnar breytingar á starfsskyldum kennara við Háskólann á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti á fundi sínum 15. október breytingar á reglum um gæðaráð HA frá 2011. Einnig breytingar á reglum nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri. Breytingin er nr. 1016/2015 og varðar skipun gæðaráðs.

Háskólaráð samþykkti á fundi sínum 17. desember breytingar á reglum nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri (reglur nr. 1344/2015). Breytingarnar taka til skipunar framkvæmdastjórnar háskólans.

EYJÓLFUR GUÐMUNDSSON

FORMÁLI REKTORS

Í ársskýrslu þessari er ítarleg umfjöllun um starfsemi Háskólans á Akureyri á árinu 2015. Hún gefur mynd af því viðamikla starfi sem á sér stað innan skólans þó ekki sé algerlega tæmandi.

Af þeim fjölda áfanga sem skólinn náði á síðasta ári stendur það upp úr að í lok árs var skilað inn til mennta- og menningar- málaráðuneytisins umsókn um heimild fyrir Háskólann á Akureyri til að bjóða nám á doktorsstigi. Það var tímabært skref og vel undirbúið. Þess má geta að að 35 doktorsnemar við aðra háskóla voru árið 2015 undir handleiðslu akademískra starfsmanna við HA, sem er merki um hæfi HA til að axla nýtt hlutverk.

Umræðan um íslenskt háskólakerfi er oft á villigötum að því leyti að hún tekur ekki mið af þeirri stöðu sem er í dag en horfir frekar til þess sem var. Háskólakerfið á að sjálfsögðu að ræða í heild sinni á opinberum vettvangi og háskólarnir þurfa að vera virkir í þeirri umræðu til að koma á framfæri skoðunum um það hvernig skólarnir geti þróast með sínu samfélagi á komandi árum.

Sem dæmi má taka að fjöldi háskóla er oft til umræðu, þ.e. hvort hér á landi eru of margir háskólar. Horft er til þess að Ísland sé of fámenn til að standa undir mörgum háskólum í alþjóðlegri samkeppni. Á sama tíma gleymist það að einsleitni í fræða- og menntastarfi leiðir til veikara háskólasamfélags. Háskólarnir þurfa ekki eingöngu að vera samkeppnisfærir á alþjóðlega vísu, heldur eiga þeir að veita alþjóðlegum straumum til Íslands og taka þátt í að byggja upp alþjóðlega þekkingu á sínum sérsviðum. Því er í raun og veru marklaust að ræða um fjölda háskóla ef ekki er á sama tíma rætt um hvert sé markmið íslenskra háskóla og hlutverk háskólakerfisins í heild sinni.

Ef íslensk stjórnvöld settu í öndvegi að byggja upp öflugt og áhugavert samfélag, þar sem þekkingin er grundvöllur að hagvexti og velferð er ljóst, að snúa mætti við þeirri ógnvænlegu framtíðarsýn að Ísland kunni ekki að verða áhugavert fyrir næstu kynslóðir. Menntun í viðum skilningi er stærsta og mikilvægasta auðlindin. Með menntun verður unnt að tryggja lýðræðislegt og eftirsóknarvert velferðarsamfélag sem næstu kynslóðir verða stoltar af. Kannski þyrfti tíu háskóla þar sem helmingur nemenda væri af erlendu bergi brotinn til þess að tryggja faglegan fjölbreytileika og til að viðhalda nauðsynlegum tengingum við samfélag utan landsteinanna.

Háskólaumræðan snýst einnig oft um það að verið sé að kenna sömu fögin í mörgum háskólum. Þá er ekki tekið tillit til þess að eitt fagsvið getur haft margvísleg sjónarhorn. Hægt er að kenna hinar ýmsu greinar með mismunandi áherslum. Samstarf íslenskra háskóla hefur aukist til muna á síðustu árum. Þannig hefur Háskólinn á Akureyri á árinu 2015 aukid samstarf sitt bæði við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík

og erlenda háskóla á árinu og gert samninga um sameiginlegt námsframboð.

Eru nú í boði 5 námsleiðir í samvinnu við aðra háskóla og stofnanir ásamt því að unnt er að stunda nám í tölvunarfræði frá HR við Háskólann á Akureyri. Því síðarnefnda tókst að koma á laggirnar með dyggum stuðningi Samtaka atvinnurekenda á Akureyri og er það skýrt dæmi um hverju samstarf atvinnulífs og háskóla getur áorkað. Sumarnámskeið eru haldin við HA í samstarfi við erlenda aðila. Ótalinn er þá Vísindaskóli unga fólksins sem hóf starfsemi 2015 með styrkjum frá fyrirtækjum í atvinnulífi.

Það er því nauðsynlegt að gott samtal eigi sér stað milli samfélagsins, háskólanna og stjórnvalda um markmið háskólanna og mikilvægi háskólamenntunar og rannsókna fyrir þjóðfélagið. Eins og nýleg dæmi um gagnrýni á ákveðna þætti í starfsemi Háskólans á Akureyri sýna, getur illa grunduð orðræða leitt til þess eins að vantraust skapist milli aðila sem verða að treysta á heilindi í sínum samskiptum.

Á haustmisseri 2015 stunduðu um 1.830 nemendur nám við skólann. Er það enn á ný mesti fjöldi nemenda frá upphafi og hefur aðsókn að skólanum aukist nánast á hverju ári frá stofnun skólans árið 1987. Konur eru nú 80% nemenda en karlar 20%.

Á síðustu tveimur árum hefur verið mikil umræða um þrengingar innan íslensks heilbrigðiskerfis. Staðreyndin er sú varðandi íslenska háskólakerfið að þróunin hefur verið eins. Ekki hefur enn verið jafnaður sá niðurskurður sem Háskólinn á Akureyri varð fyrir á árunum 2008 til 2012. Til dæmis skortir yfir 20 stöðugildi til að skólinn sé að fullu mannaður til að sinna þjónustu sambærilegri við þá sem þykir edlileg í háskólastarfsemi víða erlendis. Fjárhagsþrengingar og niðurskurður síðustu ára valda streitu og langvarandi þreytu gæti hjá starfsfólki í háskólakerfinu í heild sinni.

Þrátt fyrir þrengingar er ekki annað en hægt en að fyllast stolti og aðdáun á vilja starfsfólks og nemenda til þess að gera eins vel og unnt er í stöðunni. Háskólinn á Akureyri hefur vissulega löngu sannað tilveru sinn með því að vera meðal helstu menntastofnana landsins. Með doktorsnámi og auknum rannsóknum á komandi árum verður Háskólinn á Akureyri ekki einungis máttarstólpi í sínu nærsamfélagi heldur einn af máttarstólpum íslensks samfélags og uppspretta þekkingar sem tryggir Íslandi öllu betri lífsskilyrði á komandi árum.

Með vinsemd og virðingu



Eyjólfur Guðmundsson, rektor.





NEMENDAFJÖLDI

Alls voru 1.833 nemendur skráðir til náms á haustmisseri 2015. Í staðarnám voru skráðir 673 nemendur, 890 í fjarnám og 270 í lotunám. Konur voru í miklum meirihluta eins og verið hefur eða 1.430 og 403 karlar.

Miðað er við nemendatölur 15. október 2015.

Alls var 101 umsókn um skólavist synjað.

Heildarfjöldi nemenda





STARFSMENN

Á árinu hlutu eftirtaldir starfsmenn hæfisdoma í tengslum við ráðningar:

Sonja Stelly Gústafsdóttir, lektor við heilbrigðisvísindasvið frá 1. janúar 2016.

Hörður Sævaldsson, lektor við viðskipta- og raunvísindasvið frá 1. janúar 2016.

Jessica Shadian, gestaprófessor við hug- og félagsvísindasvið frá 15. september 2015.

Rannsóknarmisseri:

Jóhann Örlýgsson prófessor, haust 2015 og vor 2016.

Ragnheiður Harpa Arnardóttir dósent, haust 2015 og vor 2016.

Eftirtaldir starfsmenn Háskólans á Akureyri luku doktorsprófi:



Birna María Svanbjörnsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar skóla-
próunar við Háskólann á
Akureyri, varði doktorsritgerð
sína frá Uppeldis- og mennt-
unarfræðideild Háskóla Ís-
lands þann 26. mars. Heiti
ritgerðarinnar er *Forysta og
teymisvinna í nýjum skóla:
Þróun lærdómssamfélags*.

Leiðbeinendur voru dr. Allyson Maconald, prófessor við Háskóla Íslands, og dr. Guðmundur Heiðar Frímannson, prófessor við Háskólann á Akureyri. Auk þess sat í doktorsnefnd dr. Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent við Háskóla Íslands.



Huginn Freyr Þorsteinsson, aðjúnt við Háskólann á Akureyri, varði doktorsritgerð sína í vísindaheimspeki við Háskólann í Bristol í Bretlandi þann 15. apríl. Titill ritgerðarinnar er *Vísindaleg hluthygga og kenningar í merkingarfræði um tilvísun* (e. *Scientific Realism and Theories of Reference*).

Leiðbeinandi Hugins var dr. Alexander Bird, prófessor við Bristolháskóla. Andmælendur voru dr. James Ladyman,

prófessor við Bristolháskóla og dr. Howard Sankey, prófessor við Háskólann í Melbourne, Ástralíu.

Fastir starfsmenn í lok árs:

Fastir starfsmenn	Karlar	Konur	Alls
Prófessorar	21	4	25
Dósentar	10	15	25
Lektorar	9	25	34
Aðjúntar	8	15	23
Sérfræðingar	4	10	14
Skrifstofufólk	9	35	44
Aðrir	13	11	24
Samtals	74	115	189

Að auki eru 7 aðilar í ólaunuðum störfum við HA, flestir prófessorar.



GÆÐAMÁL

Meginhlutverk gæðaráðs Háskólans á Akureyri er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að hann standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans.

Gæðaráð heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og hélt alls tíu fundi árið 2015.

Háskólinn á Akureyri hlaut góða einkunn í viðamikilli gæða-úttekt sem fram fór árið 2014 á vegum Gæðaráðs háskóla, sem starfar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Var úttektin hluti af samræmdu gæðastarfi íslenskra háskóla. Gæðastarfið er umbótamiðað og leggur áherslu á námsumhverfið og nemendur.

Vinna ársins 2015 í gæðaráði einkenndist af margskonar umbótastarfi í kjölfarið. Bæði hefur verið um að ræða umbóta-verkefni sem starfsmenn háskólans vöktu athygli á í umfangsmikilli sjálfsmatsvinnu í tengslum við úttektina og verkefni vegna ábendinga ytri úttektarnefndar erlendra sérfræðinga sem heimsótti háskólann ásamt fulltrúa íslenskra stúdenta.

Á árinu fjallaði gæðaráð um hefðbundin mál tengd námi og kennslu við háskólann, eins og námsmat, námskeiðsmat og skipulagningu námsframboðs, auk þess sem umbótastarf eftir úttektina var á dagskrá allra gæðaráðsfundanna.

Háskólaráð samþykkti breytingar á skipun gæðaráðs sem tóku gildi síðla árs. Desemberfundur var haldinn skv. nýrri skipan. Rektor, forsetar fræðasviða og framkvæmdastjóri hurfu úr gæðaráði en í stað þess komu fulltrúar fræðasviðanna þriggja og forstöðumaður Kennslumiðstöðvar háskólans. Þá varð sú breyting að gæðastjóri tók við formennsku í gæðaráði í stað rektors áður. Breytingar á skipun gæðaráðs voru gerðar til að koma til móts við ábendingar eftir úttektina 2014. Gæðaráð skipaði sér þá einnig ritara í stað ritara rektors, sem var fundarritari gæðaráðs áður.

Eftirtaldir sátu fundi í gæðaráði fram að desemberfundi: Eyjólfur Guðmundsson rektor, Árún Kr. Sigurðardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs, og Kristín Sóley Sigursveinsdóttir sem staðgengill hennar, Ögmundur Knútsson, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, og Hreiðar Þór Valtýsson sem staðgengill hans, og Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs. Finnur Friðriksson sat sem fulltrúi akademískra starfsmanna, og Sigríður Sía Jónsdóttir sem varamaður hans, og

Ingibjörg Smáradóttir sem fulltrúi starfsfólks við stjórnsýslu/stöðþjónustu.

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri, Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri og Stefán Jóhannsson, forstöðumaður kennslusviðs, sátu einnig fundi ráðsins.

Jóna Margrét Guðmundsdóttir var aðalfulltrúi nemenda í byrjun árs ásamt Friðriki Smárasyni, sem sat út árið. Elísa Dröfn V. Tryggvadóttir tók við af Jónu Margréti í mars. Jón Fannar Ólafsson, Katrín Erna Þorbjörnsdóttir og Eyrún Halla Eyjólfssdóttir voru varamenn nemenda. Guðrún María Kristinsdóttir, ritari rektors, var ritari gæðaráðs til og með septemberfundi.

Frá og með desemberfundi eru í gæðaráði Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri í forsæti, Anna Ólafsdóttir, dósent á hug- og félagsvísindasviði, Arnheiður Eypórsdóttir, aðjúnt á viðskipta- og raunvísindasviði, Guðrún Pálmadóttir, dósent á heilbrigðisvísindasviði, og Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar. Einnig Guðmundur Engilbertsson lektor og Ása Guðmundardóttir skrifstofustjóri sem voru nýir fulltrúar starfsfólks frá og með nóvember.

Sigrún Magnúsdóttir var gæðastjóri. Fundargerðir gæðaráðs eru birtar á innri vef háskólans.



GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Góðvinir eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara háskólans. Markmið samtakanna er að auka tengsl háskólans við fyrrum nemendur sína og styðja við uppbyggingu háskólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir meðal annars með því að heiðra nemendur við brautskráningu, innheimta félagsgjöld og styðja við háskólann með gjöfum.

Það bar hæst í starfsemi félagsins á árinu 2015 að Góðvinir veittu styrki til uppbyggingar á starfsemi háskólans. Þrjú verkefni hlutu styrk: Vísindaskóli unga fólksins, sem haldinn var í fyrsta skipti, fékk styrk. Annar styrkur var veittur til kaupa á búnaði sem styður við þróun á kennsluháttum og eflingu einstakra námsbrauta við HA. Þriðji styrkurinn fór svo til kaupa á búnaði fyrir rannsóknarstofur HA.

Líkt og fyrri ár tóku Góðvinir þátt í að halda veislu eftir brautskráningu kandiðata á háskólahátíð í júní. Þátttaka var góð, sér í lagi meðal nýbrautskráðra stúdenta og gesta þeirra. Einnig voru tíu ára afmælisárgangar á staðnum.

Góðvinir heiðra árlega við brautskráningu einn nemanda af hverju fræðasviði fyrir óeigingjarnt starf í þágu háskólans á þeim tíma sem hann var hér við nám.

Verðlaunin eru gullnælur sem Kristín Petra Guðmundsdóttir gullsmiður hennar og smíðar sérstaklega fyrir Góðvini. Eftir tilnefningar frá fræðasviðum og frá forstöðumanni markaðs- og kynningarsviðs vorið 2015 var ákveðið að veita eftirtöldum nemendum viðurkenningu:

Snæbirni Ómari Guðjónssyni á heilbrigðisvísindasviði, Vordísi Guðmundsdóttur á hug- og félagsvísindasviði og Þórhildi Eddu Eiríksdóttur á viðskipta- og raunvísindasviði.

Aðalfundur fyrir árið 2014 var haldinn 2. september 2015. Aðalfundur var auglýstur eins og lög mæla fyrir um. Kjörin var ný stjórn fyrir Góðvini. Hana skipa:

Hafðís Erna Ásbjarnardóttir, formaður

Eyrún Elva Marinósdóttir, varaformaður

Njáll Trausti Friðbertsson, meðstjórnandi

Agnes Eyfjörð, gjaldkeri og fulltrúi HA

Rannveig Lára Sigurbjörnsdóttir, fulltrúi FSHA

Kristín Ágústsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs HA, var starfsmaður Góðvina.

Fréttabréf Góðvina var sent út eftir brautskráningu í júní og fyrir aðalfund í september. Þar er stiklað á stærstu viðburðum.



Frá vinstri: Hafðís Erna Ásbjarnardóttir, formaður stjórnar Góðvina, Þórhildi Edda Eiríksdóttir, Vordís Guðmundsdóttir, Snæbjörn Ómar Guðmundsson og Eyjólfur Guðmundsson rektor.

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Hlutverk heilbrigðisvísindasviðs er að bjóða upp á grunnnám í hjúkrunarfræði og iðjupjálfunarfræði og framhaldsnám í heilbrigðisvísindum, ásamt því að standa fyrir rannsóknum í heilbrigðisvísindum.

Á heilbrigðisvísindasviði er boðið nám í iðjupjálfunarfræði, sem ekki er við aðra háskóla hér á landi. Heilbrigðisvísindasviðið er í ágætu samstarfi við háskóla á hinum Norðurlöndum, í Bandaríkjunum, Kanada og víðar.

Heilbrigðisvísindasvið skiptist í þrjár deildir: hjúkrunarfræðideild, iðjupjálfunarfræðideild og framhaldsnámsdeild. Innan heilbrigðisvísindasviðs er einnig Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – HHA, sem starfar í tengslum við Sjúkrahúsið á Akureyri.

„Unnið var að stofnun fleiri námsleiða og má þar nefna námsleiðir um a) Geðheilbrigðisfræði og b) Heilsugæslu í héraði (bæði fræðileg og klínísk leið). Hófst það nám haustið 2015. Jafnframt var unnið að því að hefja nám í starfsendurhæfingu, sem er samvinnuverkefni Framhaldsnámsdeildar HA og Félagssráðgjafadeildar HÍ, unnið með styrk frá Samstarfi opinberu háskólanna. Ráðgert er að það hefjist haustið 2017.“

Boðið er nám til BS gráðu í hjúkrunarfræði og iðjupjálfunarfræði. Einnig diplóma- og meistaranám í heilbrigðisvísindum. Beita þurfti fjöldatakmörkunum í hjúkrunarfræði haustið 2015 en 160 nemendur hófu þá nám. Fimmtíu og þrír nemendur fengu námspláss í hjúkrunarfræði á vormisseri 2015.

Allt grunnnám við heilbrigðisvísindasvið var hægt að stunda sem staðarnám og fjarnám. Fjarnemar stunda nám í sinni heimabyggð um land allt, en koma til Akureyrar í námslotur á hverju misseri. Fjarkennsluhættir eru í stöðugri þróun í samvinnu kennara, nemenda og KHA – Kennslumiðstöðvar HA. Stærsti hluti fjarkennslunnar fer fram yfir internetið.

Á árinu 2015 fóru átta nemendur HA í hjúkrunarfræði í skiptinám erlendis í klínískum hluta námsins. Tíu erlendir nemendur komu til HA til að taka klínískt nám á vegum hjúkrunarfræðideildar. Fimm nemendur í iðjupjálfunarfræði fóru í skiptinám

erlendis, þrír sóttu viku námskeið á vegum Nordplus og tveir fóru í vettvangsnám á erlendri grundu. Fjórir erlendir nemendur komu í vettvangsnám á Íslandi á vegum iðjupjálfunarfræðideildar HA.

Fastir starfsmenn heilbrigðisvísindasviðs voru 35 í tæplega 23 stöðugildum, þar af voru fjórir ráðnir til HHA. Auk fastra starfsmanna komu fleiri tugir stundakennara að kennslu á fræðasviðinu.

Stjórnskipulagi heilbrigðisvísindasviðs er lýst í reglum nr. 812/2013.

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Markmið náms í hjúkrunarfræði er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu.

Nám í hjúkrunarfræði tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli.

Nám til BS gráðu er fjögurra ára nám, 240 ECTS einingar. Það skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinir og hjúkrunarfræðigreinir. Klínískt nám hefst strax á fyrsta námsári. Nemendur í hjúkrunarfræði geta stundað nám sitt hvar sem er, en skyldumæting er í lotur í 5-10 daga einu sinni til tvisvar á misseri og einnig stunda nemendur klínískt nám undir handleiðslu hjúkrunarfræðinga víða um land í samtals 24 vikur yfir námstímann.

IÐJUPJÁLFUNARFRÆÐIDEILD

Markmið náms í iðjupjálfunarfræði er að búa nemendur undir að gegna margvíslegum störfum er tengjast iðjupjálfun á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu auk þess að veita góða undirstöðu í skipulagningu og stjórnun þjónustu. Námið tekur mið af þörfum íslensks samfélags jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli. Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi, bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi.

Nám í iðjupjálfunarfræði er 240 ECTS einingar, tekur fjögur ár og lýkur með BS gráðu.

Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinir, heilbrigðisvísindi og iðjuvísindi. Vettvangsnám í iðjupjálfun er 25 vikur og hefst í lok annars námsárs. Það fer fram undir handleiðslu iðjupjálfa víða um land.



HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

FRAMHALDSNÁM Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM

Leiðarljós í skipulagi framhaldsnáms í heilbrigðisvísindum er þverfagleg áhersla á *heilsu, virkni og vellíðan*. Þetta leiðarstef hefur gefið tilefni til áhugaverðra rannsóknarverkefna í tengslum við meistaranámið sem er einstaklingsmiðað og rannsóknartengt.

Boðið var upp á 120 ECTS eininga meistaranám í heilbrigðisvísindum til MS gráðu. Námið er byggt upp af 60 einingum í námskeiðum og meistararitgerð sem er að jafnaði 60 einingar. Þrjú námskeið, samtals 30 einingar, eru skyldunámskeið, en hinar 30 einingarnar eru valnámskeið, þar af skal nemandi að öllu jöfnu taka tvö námskeið innan heilbrigðisvísindasviðs. Námið veitir prófgráðuna MS í heilbrigðisvísindum. Einnig var hægt að ljúka 45 eininga diplómagráðu, Dipl S í heilbrigðisvísindum. Ákveðið hefur verið að það nám verði 40 einingar í framtíðinni.

Flestir framhaldsnemar velja sér almennt svið innan framhaldsnámsins og þróa þá sérsvið sitt sjálfir með aðstoð ráðgjafa út frá áhugasviði sínu. Í meistaranáminu er lögð áhersla á að nemar velji sér námskeið sem undirbyggja sem best meistaraverkefni þeirra. Sérsvið sem voru í boði á skólaárinu voru: 1. *Almenn námslína*, 2. *Öldrun og heilbrigði*, 3. *Stjórnun í heilbrigðisþjónustu*, 4. *Langvinn veikindi og lífsglíman*, 5. *Krabbamein og líknameðferð*, 6. *Sálræn áföll og ofbeldi og 7. Fötun og endurhæfing* (í samvinnu við HÍ).

Unnið var að stofnun fleiri námsleiða og má þar nefna námsleiðir um a) *Gedheilbrigðisfræði* (hófst haustið 2015) og b) *Heilsugæslu í héraði* (bæði fræðileg og klínísk leið), hófst haustið 2015). Jafnframt var unnið að því að hefja nám í *starfsendurhæfingu*, sem er samvinnuverkefni Framhaldsnámsdeildar HA og Félagsráðgjafadeildar HÍ, unnið með styrk frá Samstarfi opinberu háskólanna. Ráðgert er að það hefjist haustið 2017.

Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – HHA

Hlutverk Heilbrigðisvísindastofnunar HA er að vera sameiginlegur vettvangur starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri og HA til eflingar kennslu, þjálfun og rannsóknum í heilbrigðisvísindum, miðlunar þekkingar og kynningar á rannsóknum starfsmanna. Á árinu störfuðu fjórir starfsmenn við stofnunina, allir í hlutastörfum. Auk stöðu forstöðumanns er ein staða pró-

fessors, ein staða dósent og tvær stöður lektora. Starfsmenn HHA komu að kennslu við heilbrigðisvísindasvið.

Megináhersla var lögð á að gera rannsóknir starfsmanna sýnilegar og aðgengilegar, auk þess að efla rannsóknarvirkni starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri og tengja verkefni nemenda HA við þarfir sjúkrahússins. Í september var haldinn vísindadagur í samstarfi við Sjúkrahúsið á Akureyri þar sem starfsmenn kynntu rannsóknir sínar.

Rannsóknir við heilbrigðisvísindasvið

Rannsóknarstarfsemi er öflug á heilbrigðisvísindasviði og kennarar sviðsins eru þar í samstarfi við erlenda og innlenda fræðimenn.

Unnið var við skrif úr niðurstöðum úr hinu alþjóðlega rannsóknarverkefni *Eflandi fræðsla til liðskiptasjúklinga – mat og alþjóðlegur samanburður*, en þátttakendur í því eru frá sjö löndum í Evrópu. Áfram er unnið að *rannsóknum meðal fólks með lungnasjúkdóma* í samstarfi við Uppsalaháskóla í Svíþjóð. Þróun kenninga hefur verið nokkuð áberandi innan heilbrigðisvísindasviðs og má þar nefna *kenningu um faglega færni hjúkrunarfræðinga og kenningu um faglega færni idjuþjálfara*. Rannsóknir er lúta almennt að verkjum, að verkjum í fæðingu og að langvinnum verkjum voru áberandi. Á árinu hófst gagnaöflun í *rannsókn um verki, notkun á heilbrigðisþjónustu og heilsutengd lífsgæði* á þremur endurhæfingardeildum á Íslandi. Rannsóknir um *sykursýki meðal aldraðra* hafa verið í gangi allt árið.

Rannsóknir um *sálræn áföll og ofbeldi* og um *sálræna liðan barnshafandi kvenna* voru í gangi, sem og rannsóknir sem tengjast *krabbameini og lífslokameðferð*, auk rannsókna um *upplifun fólks af bráðþjónustu á geddeildum, endurhæfingarþjónustu og starfsendurhæfingu fullorðinna*.

Rannsóknir á því *hvernig heilbrigðisstarfsfólk og hjartasjúklingar álíta að fræðsla eigi að vera fyrir þá sem nýlega hafa fengið hjartaáfall* hófust á árinu, sem og rannsókn um *skjólstæðingsmiðaða endurhæfingu*. Unnið var að rannsóknum á *starfslokum sjómanna, notkun persónumiðaðs sjálfsmats í endurhæfingu og á upplifun kvenna af sársauka og meðferð við sársauka í fæðingu*, sem og á *væntingum og viðhorfum barnshafandi kvenna til sársauka og meðferðar við sársauka*. Rannsóknir um *mat á faglegri færni hjúkrunarfræðinema og*



nýliða í hjúkrun voru í gangi sem og þýðingar og stöðlun/aðlögun matstækja að íslenskum veruleika tengdum fræðum sviðsins. Einnig var gerð rannsókn á *hver væri reynsla hjóna af starfslokum*.

Rannsóknarverkefni sem tengist Hédinsfjarðargöngum og kannar *mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga og heilbrigðismál Fjallabyggðar* lauk formlega á árinu með ráðstefnu á Ólafsfirði í október, en áfram er unnið að skrifum úr verkefninu. Þar eru könnuð viðhorf og reynsla íbúa af heilbrigðisþjónustu í sínum byggðarlögum fyrir og eftir opnun ganganna. Kennarar fræðasviðsins tóku virkan þátt í vísindaráðstefnum heima og erlendis, m.a. alþjóðlegri ráðstefnu ljósmæðra, og einn prófessor deildarinnar tók þátt í sumarskóla í Slóveníu ásamt tveim nemendum.

Málþing og ráðstefnur

Nokkur málþing og ráðstefnur voru haldnar á vegum fræðasviðsins á árinu 2015. *Málþing um geðheilsu – Geðrækt fyrir alla* var haldið í lok mars. Málþingið var samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Hlutverkaseturs, Grófarinnar, Geðverndarmiðstöðvar, Búsetudeildar Akureyrarbæjar, Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Landspítala-háskólasjúkrahúss. *Eigindlegt samræðuþing, eða málþing um eigindlegar rannsóknir*, var haldið í apríl. Þá var haldin rannsóknarráðstefna heilbrigðisvísindasviðs í maí, þar sem meistaranemendur sem lokið höfðu ritgerð sinni og fræðimenn sviðsins kynntu vísindastarf sitt. Í nóvember hélt sviðið, í samvinnu við Sjúkrahúsið á Akureyri, vel sótt málþing um tæknilausnir í heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Málstofur heilbrigðisvísindasviðs hafa verið haldnar einu sinni í mánuði allt skólaárið og hefur aðsókn verið góð.



HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hlutverk hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögfræði og menntavísindum.

Á hug- og félagsvísindasviði er að finna námsframboð sem ekki er í boði við aðra háskóla hérlandis. Það er BA nám í fjölmiðlafræði og nútímafræði. Þá býður Háskólinn á Akureyri einn íslenskra háskóla upp á nám í heimskautarétti á framhaldsstigi.

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í félagsvísindadeild, kennaradeild og lagadeild. Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri – MSHA er starfrækt innan hug- og félagsvísindasviðs og starfar hún í gagnvirkum tengslum við kennaradeild.

„Nám í heimskautarétti undirbýr nemendur fyrir störf hjá hinu opinbera sem og í atvinnulífinu, hjá alþjóðasamtökum, frjálsum félagasamtökum, frumbyggjaþjóðum á norðurskautssvæðum, og í háskólanám og rannsóknarstofnunum um allan heim. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir doktorsnám eða frekari rannsóknir í málefnum heimskautanna.“

Við félagsvísindadeild er nám til BA gráðu í fjölmiðlafræði, nútímafræði, sálfræði og félagsvísindum. Ennfremur rannsóknartengt framhaldsnám til MA prófs í félagsvísindum og meistaranám í fjölmiðla- og boðskiptafræði.

Kennaradeild skiptist í kennarabraut og menntavísindabraut. Á kennarabraut er heildstætt fimm ára kennaranám sem skiptist í þriggja ára kennaranám til BEd gráðu og tveggja ára meistaranám í menntunarfræðum til MEd gráðu. Ennfremur var boðið diplómanám til Dipl Ed gráðu í leikskólafræði á grunnstigi, sem var nýjung haustið 2014. Meistaránám í menntavísindum er rannsóknartengt meistaranám sem lýkur með MA gráðu. Ennfremur er í boði styttra viðbótarnám á meistarastigi (Dipl Ed) á hvorri námsleiðinni sem er, kennarabraut og menntavísindabraut.

Í lagadeild fer fram nám til BA prófs og ML prófs í lögfræði. Einnig er boðið upp á nám í heimskautarétti á framhaldsstigi.

Allt nám í félagsvísindadeild var kennt sem staðarnám og fjarnám. Einnig var allt nám við kennaradeild kennt sem staðarnám, fjarnám og lotunám. Nám við lagadeild fór fram sem staðarnám. Fjarnám við hug- og félagsvísindadeild fer að mestu fram um myndfundabúnað, en auk þess koma nemendur í námslotur til Akureyrar.

Hug- og félagsvísindasvið tók sem fyrr á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema, sem stunduðu nám við HA á árinu, enda kennt á ensku í allmörgum námskeiðum í félagsvísindadeild og lagadeild, þar með talið heilli námsbraut í heimskautarétti. Auk þess voru sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema vistuð á sviðinu. Einnig voru nemendur úr öllum deildum sviðsins skiptinema við erlenda háskóla og Háskóla Íslands.

Fastir starfsmenn hug- og félagsvísindasviðs voru 50 haustið 2015. Auk fastra starfsmanna kom að starfi sviðsins fjöldi stundakennara, að viðbættum kennurum á öllum skólastigum viðs vegar um land sem tóku að sér að veita nemendum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Stjórnskipulagi hug- og félagsvísindasviðs er lýst í reglum nr. 416/2012.

FÉLAGSVÍSINDAEILD

Nemendum í félagsvísindadeild fjölgaði lítillega frá fyrra ári og er deildin sem fyrr fjölmennasta deild Háskólans á Akureyri. Sálfræði var, líkt og áður, það nám sem laðaði til sín flesta nýnema. Við félagsvísindadeild er áhersla á verkefnavinnu nemenda og námið felur í sér fjölþjóðlegar tengingar. Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um félagsvísindaleg og hugvísindaleg efni eru fastur þáttur. Félagsvísindadeild og einstakir kennarar tóku virkan þátt í slíkum viðburðum á árinu sem fyrirlesarar á viðburðum við Háskólann á Akureyri og annars staðar.

Við félagsvísindadeild eru tveir brautarstjórar. Annar fer fyrir sálfræðibraut, sem er stærsta námsbraut deildarinnar, og hinn fer fyrir námsbrautum í félagsvísindum, fjölmiðlafræði og nútímafræði.



HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Áfram var unnið að þróun námskeiða í deildinni með það að markmiði að þjóna sem best hinum fjölbreytta nemendahópi, og þá ekki síst hinum fjölmenna hópi fjarnema. Þar hefur sjálfsmatsvinna, sem ráðist var í á árinu 2013, reynst góður grunnur, en matsferlið leiddi ekki aðeins í ljós atriði sem þörfuðust úrbóta, heldur einnig marga jákvæða þætti. Nýmæli á haustmisseri 2015 var nám á framhaldsstigi í fjölmiðla- og boðskiptafræði, í samstarfi við HÍ. Þetta er fyrst um sinn tímabundið tilraunaverkefni og verður námið einnig í boði haustið 2016.

Í félagsvísindadeild var boðið þriggja ára, 180 ECTS eininga nám til BA gráðu í fjölmiðlafræði, nútímafræði, sálfræði og í félagsvísindum. Boðið var upp á tvennskonar framhaldsnám í félagsvísindadeild. Annars vegar var rannsóknartengt nám til MA gráðu í félagsvísindum, nám sem er sérsníðið að áhuga og þörfum einstakra nemenda í samræmi við sérhæfingu kennara við deildina. Hins vegar var í boði nám í fjölmiðla- og boðskiptafræði í samstarfi við Háskóla Íslands. Tvær leiðir voru á þeirri námslínu, annars vegar 30 eininga diplómanám og hins vegar 120 eininga MA nám.

Fjölmiðlafræði

Fjölmiðlafræði skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Námið tekur mið af þróun sem orðið hefur á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum. Leitast er við að samþætta faglega þekkingu sem kennd er í sönefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd er í hefðbundnu háskólanámi. Slík samtvinnun er eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og til þess ætluð að gera nemendur hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatæknibyltingunni og síhækkandi almennu menntunarstigi. Nemendur taka þátt í gerð ýmissa konar fjölmiðlaefnis í prent- og ljósvakamiðlum. Áberandi er hve margir útskriftarnemar hafa fengið störf á fjölmiðlum eða sinna fjölmiðlatengdum störfum.

Nútímafræði

Nútímafræði er þverfagleg grein á sviði hugvísinda. Námið er þverfaglegt vegna þess að fjallað er um nútímann, þ.e. lífs-hætti og viðhorf síðustu tveggja alda, frá mörgum hliðum, svo sem frá sjónarhóli heimspeki, sagnfræði, bókmenntafræði og ýmissa greina félagsvísinda. Nútímafræði er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér víðtækrar menntunar í hugvísindum og er þannig góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda.

Sálfræði

Sálfræði leitast við að skilja og útskýra mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinám við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á sálfræði sem fræðigrein. Í náminu er meðal annars lögð áhersla á að veita almenna þekkingu á mismunandi sviðum fræðigreinarinnar, bæði hvað varðar kenningar og rannsóknaraðferðir. BA próf í sálfræði veitir því ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði innan sálfræðinnar, heldur fá nemendur gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið hennar. Það auðveldar val á áhugasviði sem þeir nemendur geta síðan lagt stund á í framhaldsnámi. Nemendur frá HA, sem vilja öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar, hafa einkum sótt sér framhaldsmenntun hér á landi og á hinum Norðurlöndunum.

Félagsvísindi

BA námið byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda. Það byggir einkum á félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði. Nemendur öðlast innsýn í eðli manlegs samfélags og hreyfilögmál félagsgerðar, menningar, stjórnmála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda, skipulagningu rannsóknarverkefna og framsetningu á niðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn. Það er sambærilegt við BA nám í einstökum undirgreinum félagsvísinda við aðra innlenda og erlenda háskóla. Að námi loknu hafa nemendur traustan grunn til framhaldsnáms og margvíslegra starfa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. BA nám í félagsvísindum er hægt að stunda með eftirtöldum áherslugreinum:

- Almenn félagsvísindi með valnámskeiðum að eigin vali.*
- Byggingafræði*, áhersla á byggingaþróun á Íslandi, fólksflutninga innanlands og utan, áhrif samgöngubóta á afskekkt samfélög, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, stjórnmál, stjórnsýslu og stefnumótun í byggingamálum.
- Ferðamálafræði* með áherslu á samfélagsrýni og skilning á samtímamenningu, í samhengi við markaðssetningu og stjórnun í ferðaþjónustu í dreifðum byggðum Íslands og á sambærilegum jaðarsvæðum við Norður-Atlantshaf.
- Kynjafræði*, áhersla á kynjun og kyngervi, stöðu kynjanna í dreifbýli og þéttbýli, breytingar á jafnréttisviðhorfum og verkaskiptingu á heimilum, fjölskyldugerðir og líðan barna, kynhegðun unglunga og stöðu samkynhneigðra í samfélaginu.
- Norðurlóðafræði*, áhersla á félagslega, hagræna, menn-



ingarlega og pólitíska þætti þróunar á norðurlóðum, í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlindanýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannaúð og sjálfbærni.

f) *Æskulýðsfræði* með áherslu á unglingamenningu, áhættuhegðun, kynheilbrigði, íþrótt- og tómstundastarf, framtíðaráform og tengsl milli kynslóða í samhengi við sérstöðu Íslands og almenna þjóðfélagsþróun á Vesturlöndum.

KENNADEILD

Kennaradeild skiptist í *kennarabraut* og *menntavísindabraut*.

Svipuð aðsókn var að námi í kennaradeild og árið áður en þá hófu meira en tvöfalt fleiri nemendur nám en á sama tíma árið 2013. Námsframboð var óbreytt frá fyrra ári og öðru sinni var innritað í tveggja ára diplómanám í leikskólafræði. Reynslan af því er góð og er námsleiðin skipulögð þannig að auðvelt er að halda áfram að loknum tveimur árum, fullnusta BEd og síðan MEd próf, og öðlast kennararéttindi.

Umfangsmesta verkefni kennaradeildar HA á árinu 2015 var heildarendurskoðun á öllu námsskipulagi og námsframboði hennar, bæði í ljósi reynslu undanfarinna ára og eins vegna vilja deildarfundar til þess að koma íþróttakjörsviði á laggirnar. Námsnefnd hafði umsjón með starfinu og þungi verksins hvíldi á henni, brautarstjórum og deildarformanni. Við endurskoðunina var einkum litið til þriggja meginþátta: Heildarskipulags námsins; inntaksgreiningar á námskeiðum út frá því hvaða þekkingu, leikni og hæfni er mikilvægt að nemandi hafi með sér út á starfsvettvang að loknu meistaranámi; endurskoðunar á sérsviðum í MA námi. Þessari endurskoðun lauk með samþykktum tveggja deildarfunda, í desember 2015 og janúar 2016, og verður innritað samkvæmt hinni nýju skipan í júní 2016.

Við endurskoðun á fimm ára náminu var sett það meginmarkmið að fjölga raunverulegum námskostum og var því aðallega náð með tvennu móti: Annars vegar er valfrelsi nemenda aukð á þann hátt að hver og einn velur sér allmörg námskeið er henta framtíðaráformum hans sem kennara. Um leið eykst ábyrgð á eigin sérhæfingu til starfsins. Hins vegar er kjörsviðum breytt og námsleiðum fjölgað. Kjörsvið verða framvegis þrjú: Leikskólakjörsvið, grunnskólakjörsvið og íþróttakjörsvið. Áfram er heimilt er að leita kjörsviðssérhæfingar í öðrum háskólaeildum innan og utan HA.

Heiti tveggja fyrstnefndu kjörsviðanna skýra sig sjálf en

íþróttakjörsviðið er nýtt og hugsað sem veruleg breikkun á námsframboði kennaradeildar. Skipulag þess byggir að miklu leyti á skýrslu frá 2014 er var sú þriðja um þetta efni. Stefnt hefur verið að kjörsviðinu frá árinu 1998 og það er nýmæli í íslensku háskólanámi að því leyti að það er innan almenns kennaranáms og stendur jafnt verðandi leik- og grunnskóla-kennurum til boða sem sérhæfing til kennaraprófs. Þá er íþróttakjörsviðið boðið í fjarnámi eins og annað kennaranám að því undanskildu að á þriðja námsári verða nemendur að dvelja í nærumhverfi HA vegna vettvangstengdra íþróttanámskeiða. Vilji nemi á íþróttakjörsviði gera hlé á námi að loknu BEd prófi, t.d. vegna starfa utan skólakerfisins, á hann greiða leið aftur inn í námið kjósi hann svo.

Í MA námi verða áherslusvið framvegis fimm: Almennt svið; lestrarfræði; nám og margbreytileiki – sérkennslufræði; stjórnun og forysta í lærdómssamfélagi; upplýsingatækni í námi og kennslu. Áherslusviðið í upplýsingatækni er nýtt og hugsað til þess að mæta mikilli og stöðugt vaxandi þörf kennara á öllum skólastigum fyrir menntun og þjálfun í notkun rafræns búnaðar við nám og kennslu. Önnur áherslusvið í MA námi byggja á því námsframboði sem fyrir var en með talsvert breyttu sniði.

Framangreindum breytingum er ætlað að styrkja nám og kennslu við kennaradeild. Starfsgrundvöllurinn verður breiðari, nemenda- og starfsmannahóparnir verða fjölbreyttari og sama gildir um rannsóknarviðfangsefni hvoru tveggja.

Á *kennarabraut* var boðið heildstætt fimm ára kennaranám sem skiptist í þriggja ára 180 ECTS eininga kennaranám til BEd gráðu og tveggja ára 120 eininga meistaranám í menntunarfræðum til MEd gráðu. Á öðru ári í BEd náminu hófst sérhæfing með hliðsjón af skólastigum: Leikskólastig, grunnskólastig 1 og grunnskólastig 2.

MEd námið í menntunarfræði er einnig opið þeim sem hafa lokið BA eða BS prófi á öðrum námssviðum.

Á *menntavísindabraut* var í boði 120 eininga, rannsóknartengt meistaranám í menntavísindum til MA gráðu fyrir þá sem vilja sérhæfa sig á tilteknum sviðum til ýmissa starfa í menntakerfinu og/eða stunda rannsóknir og fræðistörf.

Í stað 120 eininga MEd gráðu í menntunarfræði eða menntavísindum er hægt að ljúka 60 ECTS viðbótarnámi á meistara-stigi á hvorri námsleiðinni sem er, kennarabraut og menntavísindabraut. Viðbótarnám í menntunarfræði er ætlað þeim sem hafa lokið meistaraþrófi í kennslugrein í framhaldsskóla og vilja afla sér kennsluréttinda. Viðbótarnám í menntavísindum

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

er ætlað þeim sem vilja efla hæfni sína til starfa í menntakerfinu.

Kennaranemar eru bæði í staðarnámi og fjarnámi, auk þess sem þeir koma í staðarlotur til Akureyrar. Lögð er áhersla á tengingu við væntanlegan starfsvettvang kennaranema, ekki síst með heillar annar samfelldu vettvangsnámi og æfingakennslu á fimm ára. Nokkrir nemendur á kennarabraut taka hluta af námi sínu við aðra háskóla, innanlands og utan.

Menntavísindabraut

Á menntavísindabraut fer fram nám sem ætlað er kennurum og öðrum þeim sem vilja efla starfhæfni sína og sérþekkingu á sviði menntavísinda. Námið er sniðið fyrir þá sem þegar hafa öðlast leyfisbréf til kennslu og vilja dýpka þekkingu sína og efla sig sem kennara eða stunda rannsóknir og fræði á þekkingarsviðinu. Á árinu 2015 voru í boði eftirtalin áherslusvið: *Almennt svið, lestrarfræði, námskrá og starfsþróun, opinber stefnumótun, menntastefna og þróun skóla, sérkennslufræði og stjórnun og forysta*.

Kennsla á menntavísindabraut fer fram í staðbundnum lotum þar sem nemendur koma og eru í skólanum nokkra daga í senn, þrisvar til fjórum sinnum á misseri.

Nemendur og kennarar í kennaradeild tóku þátt í Nordplus-verkefni ásamt kollegum sínum frá kennaraskólum á hinum Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjum þremur á haustmisseri. Fyrst var tekið á móti hinum erlendu gestum í september en í nóvember var haldið til Kaunas í Litháen og dvalið þar í eina viku. Þátttakan í verkefninu var lærdómsrík en leiddi jafnframt í ljós að verkferla í tengslum við námskeið af þessu tagi þarf að skýra. Þá tók deildin á móti kennurum frá Slóveníu og Slóvakíu um Erasmus+ kennaraskipti og skipulagði dagskrá fyrir þá.

LAGADEILD

Nám í lögfræði til BA prófs við HA er um margt með öðru sniði en tíðkast við aðra íslenska háskóla. Um er að ræða fjölbreytt, fræðilegt nám þar sem fjallað er um lög og rétt í sögulegu, félagslegu og heimspeikilegu samhengi. Nám á meistarastigi í lögfræði er í framhaldi af þriggja ára BA prófi í lögfræði og jafngildir hefðbundnu fimm ára námi til embættisprófs í lögfræði. Það er tveggja ára nám, sem lýkur með prófgráðunni Magister Legis (ML).

Í lagadeild er námsframboð á ensku að hluta til. Nám í heimskautarétti fer alfarið fram á ensku en auk þess er BA nám í lögfræði alþjóðlegt að hluta og kennt bæði á íslensku og ensku.

Deildin hefur mikil alþjóðleg tengsl. Háskólinn á Akureyri skrifði undir samning við fjóra aðra háskóla um samkennt meistaranám í *West Nordic Studies*: <http://westnordicstudies.net/>. Frá og með hausti 2015 hefur nám í heimskautarétti verið innan þessa samstarfs. Nemendur frá öllum háskólunum tóku inngangsnámskeið á Akureyri í ágúst 2015. Háskólarnir eru: Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Færeyjum, Háskólinn á Grænlandi, Nordland-háskólinn í Noregi og Háskóli Íslands.

Á haustmisseri 2014 hófst sjálfsmatsferli lagadeildar í samræmi við *Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area*. Sjálfsmatinu lauk á vormisseri 2015.

Í lagadeild var boðið upp á nám til BA gráðu í lögfræði. Námið er til þriggja ára, 180 ECTS einingar. Þá er boðið upp á meistaranám í lögfræði til ML gráðu en það er tveggja ára nám, 120 einingar. ML gráða er í beinu framhaldi af BA prófi og jafngildir hefðbundnu fimm ára embættisprófi í lögfræði.

Lagadeild býður upp á þrenns konar nám í heimskautarétti:

- 90 eða 120 eininga nám til LLM gráðu fyrir nemendur með BA í lögfræði eða sambærilega gráðu.
- 120 eininga nám til MA gráðu fyrir nemendur með margs konar próf á grunnstigi.
- 60 eininga diplómanám í heimskautarétti.

Lögfræði til BA prófs

Meginmarkmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu á undirstöðum lögfræðinnar með áherslu á lagaframkvæmd á Íslandi, í Evrópu og í alþjóðlegu samhengi. Nemendur læra að fjalla með gagnrýnum hætti um lög, lögfræði og tengd efni. BA námið nýtist vel sem fræðileg undirstaða fyrir nám til embættisprófs í lögfræði. Námið er einnig áhugaverður kostur fyrir nemendur í hug- og félagsvísindanámi sem ekki stefna að hefðbundnum lögfræðistörfum en hyggja á önnur störf eða nám, til dæmis í alþjóðasamskiptum, alþjóðastjórnmalum og skyldum greinum.



Meistaránám í lögfræði til ML prófs

Í ML námi í lögfræði er lögð áhersla á hagnýta íslenska lögfræði, jafnt á sviði allsherjarréttar sem einkaréttar. Þannig verða nemendur vel í stakk búnir til að takast á við hefðbundin störf lögfræðinga.

Nám í heimskautarétti, LLM gráða, MA gráða og diplómunám

Gerð er almenn krafa um að nemendur hafi lokið BA eða BS gráðu eða sambærilegu námi við viðurkennda háskóla.

Nám til LLM gráðu er 60 eininga (námskeið sem kennd eru við HA) auk 30 eininga ritgerðar. Nemendur geta valið áðurnefnt samkennt meistaránám, *West Nordic Studies*, þ.e. að taka aukalega 30 einingar við erlenda háskóla. LLM námið er fyrir nemendur sem hafa lokið minnst þriggja ára laganámi.

Meistaránám í heimskautarétti til MA gráðu er skipulagt þannig að nemendur ljúka 60 einingum, þ.e. námskeiðum sem eru alls 60 einingar, við Háskólann á Akureyri. Þeir geta valið um að ljúka 60 eininga ritgerð eða að taka áðurnefnt samkennt meistaránám, *West Nordic Studies*, og ljúka 30 einingum frá erlendum háskólum og skila 30 eininga ritgerð.

Lokaritgerð í LLM og MA námi í heimskautarétti veitir nemendum tækifæri til að takast á við veigamikil, þverfagleg rannsóknarverkefni, með megináherslu á fræðasvið heimskautaréttarins. Í náminu er lögð áhersla á þau svið þjóðaréttar og landsréttar sem tengjast heimskautasvæðunum. Fjallað er um fjölbreytni lífríkisins, mannréttindi, hafrétt og lög um sjálfbæra þróun og auðlindir. Einnig álitamál er varða fullveldi, deilur um markalínur á landi og sjó, réttindi frumbyggja í norðri, sjálfstjórn og stjórnfestu svo og landa- og auðlindakröfur á heimskautasvæðunum.

Nám í heimskautarétti undirbýr nemendur fyrir störf hjá hinu opinbera sem og í atvinnulífinu, hjá alþjóðasamtökum, frjáls-um félagasamtökum, frumbyggjahljóðum á norðurskautasvæðum, og í háskólum og rannsóknarstofnunum um allan heim. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir doktorsnám eða frekari rannsóknir í málafnum heimskautanna.

Diplómanám í heimskautarétti er 60 eininga kennt nám, skipulagt til eins árs. Diplómanemendur skila ekki lokaritgerð.

Rannsóknir við hug- og félagsvísindasvið

Fjölbreyttar rannsóknir voru stundaðar á hug- og félagsvís-

indasviði og áttu kennarar og sérfræðingar í samstarfi við fjölmarga aðila innanlands og erlendis. Rannsóknir kennara og sérfræðinga birtust í íslenskum og alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum, bókum og bókarköflum, auk ótal fyrirlestra og erinda á ráðstefnum, námstefnum og námskeiðum innanlands sem utan.

Kennarar á félagsvísindasviði hafa verið mjög virkir í rannsóknum undanfarin ár, þrátt fyrir fjölgun nemenda. Rannsóknarsvið kennara í félagsvísindadeild spanna allar kennslugreinar deildarinnar. Það hefur í vaxandi mæli falið í sér samstarf við erlenda fræðimenn og rannsóknarstofnanir.

Starfsmenn kennaradeildar áttu í samstarfi um rannsóknir, og ýmsa aðra þætti sem starfseminna varða, við fjölmarga aðila bæði hérlandis og erlendis. Niðurstöður rannsókna birtust í íslenskum og alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum, bókum, bókarköflum og skýrslum. Þá héldu starfsmenn marga fyrirlestra og erindi á ráðstefnum, námstefnum og námskeiðum innanlands sem utan. Viðfangsefni spanna vítt svið menntunar- og kennarafræða og tengjast skólastarfi á margbreytilegan hátt. Nefna má skólaþróun og mat á skólastarfi, heim-speki menntunar, sérkennslufræði, lestrarfræði, skólastjórnun, sagnfræði, íslensk fræði, náttúruvísindi, uppeldis- og kennslufræði, jafnrétti, sálfræði og upplýsingatækni.

Útgáfa, ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um lögfræðileg efni eru fastur þáttur í starfi lagadeildar. Lagadeild skipulagði tvær panelumræður um heimskautarétt á *Arctic Circle* ráðstefnunni 2015, undir heitunum *Arctic Shipping*, *Offshore Seabed Resources* og *Arctic Governance*. Samvinna var við Háskólann í Alaska Fairbanks og Háskólann í Alaska Anchorage um áttundu *Polar Law Symposium* ráðstefnuna í Alaska. Akademískir starfsmenn lagadeildar fluttu þar erindi, sem og á ráðstefnum og málstofum á Íslandi, og Grænlandi og í Japan, Kína og Hollandi.

Ýmsir fræðimenn og starfandi lögfræðingar héldu reglulega erindi á lögfræðitorgi í HA. Kennarar deildarinnar birtu fjölmargar greinar og ritdóma í bókum og ritrýndum tímaritum, bæði íslenskum og erlendum. Út kom bók eftir kennara deildarinnar, *Offshore Oil and Gas Development in the Arctic Ocean under International Law: Risk and Responsibility*. Loks má nefna síðustu útgáfu árbókar um heimskautarétt, *The Yearbook of Polar Law* sem kom út á árinu 2015 en tímaritið hefur aðsetur í Háskólanum á Akureyri og í Háskólanum í Laplandi.

MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR



Miðstöð skólaþróunar – MSHA er starfrækt innan hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Markmið hennar er að stuðla að umbótum í skólastarfi leik-, grunn- og framhaldsskóla og innan sviðsins, og að vera farvegur þekkingar og þróunar út í hið daglega skólastarf (Reglur um stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs HA nr. 416/2012, 6. gr.).

Meginviðfangsefni sérfræðinga MSHA lúta að ráðgjöf og fræðslu til starfandi kennara og skólastjórnaenda við hvers kyns þróun og nýjungar á sviði skóla- og kennslumála. MSHA stendur auk þess fyrir rannsóknum (starfendarannsóknum), stefnumótunarvinnu og mati á skólastarfi og heldur ráðstefnur, námskeið og fræðslufundi. Einnig sinna sérfræðingar MSHA kennslu í kennaradeild. Innan MSHA hefur orðið mikil uppbygging margvíslegrar þekkingar, t.d. um stjórnun og forystu, starfsþróun og fagmennsku, fjölbreytta starfshætti í skólum, mat á skólastarfi og um læsi.

Í starfi MSHA er lögð áhersla á fræðslu, samræðu, samvinnu og ígrundun. Unnið er eftir framkvæmda- og þróunaráætlunum, þar sem gert er ráð fyrir eftirfylgd verkefna og mati á starfinu. Verkefni eru yfirleitt til lengri tíma og lögð er áhersla á að vinna með starfsfólki skóla að því að efla starfsemi skólaanna í heild sinni og stuðla að breytingum, þróun og sjálfbærni. Höfðað er til skuldbindinga þátttakenda um eigin starfsþróun til að bæta skólastarf og auka nám og hæfni nemenda.

Í apríl ár hvert stendur MSHA fyrir ráðstefnu um skólamál og koma fyrirlesarar víða að. Annað hvert ár heldur MSHA haust-ráðstefnu um læsi auk þess sem hún hefur, í samstarfi við bókasafn og upplýsingaþjónustu HA og Amtsbókasafnið á Akureyri, staðið fyrir ýmskonar viðburðum í tengslum við Alþjóðadag læsis 8. september.

Helstu verkefni sem Miðstöð skólaþróunar vann að árið 2015 voru:

- **Þróa skólastarf í viðum skilningi**
- **Þróa verkefni og áherslur í læsiskennslu á öllum skólastigum og í samstarfi við heimili**
- **Finna farveg til að vinna með kennurum og stjórnendum á framhaldsskólastigi.**
- **Þróa starfshætti í stærðfræðikennslu**

- **Þróa fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti, sérstaklega stúlkna**
- **Þróa samskiptaverkefni fyrir stráka – strákaspjall**
- **Þróa ráðgjöf við skólastjórnaendur og kennara um forystu og félagsastuðning**
- **Þróa umgjörð um ráðstefnuhald með nýbreytni í huga**
- **Vinna að þróun fjölbreyttra kennsluaðferða og námsmats (leiðsagnarmats) á öllum skólastigum**
- **Vinna að útfærslu og styðja við innleiðingu grunnþátta aðalnámskrár 2011 og breytingar á námsmati**
- **Þróa verkefni um samræður til náms á öllum skólastigum – HUGLEIKUR**
- **Móta og þróa verkefni með áherslu á upplýsingatæknimennt og skapandi starf**
- **Þróa og efla stuðning og ráðgjöf við starfsemi leikskóla, námskráargerð, stefnumótun og skólaþróun almennt**

Árleg vörðráðstefna miðstöðvar skólaþróunar var haldin þann 18. apríl og nefndist *Hugsmiðar og hæfnimiðað nám*. Þann 10. október hélt MSHA í samstarfi við Barnabókasetur Íslands *Málþing um læsi: Stefna-þróun-mat*.

MSHA hefur með höndum sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla á Akureyri skv. samningi þar um milli Akureyrarbæjar og Háskólans á Akureyri. Umfang hans nemur u.þ.b. tveimur stöðugildum. Að auki vinnur MSHA að umbótastarfi með kennurum og stjórnendum víða um land. Undanfarin ár hefur MSHA komið að starfi með kennurum í mörgum leikskólum, nokkrum framhaldsskólum og í allt að 80-100 grunnskólum. MSHA er rekin af sjálfsaflafé sem felur það í sér að hún þarf að selja verkefni til að halda starfseminni gangandi.

Sérfræðingar MSHA hafa annast kennslu í kennaradeild HA bæði sem umsjónarkennarar einstakra námskeiða og sem stundakennarar. Þeir hafa einnig sinnt leiðsögn með BEð og meistaraþrófsritgerðum. Jafnframt komu kennarar af hug- og félagsvísindasviði, einkum úr kennaradeild, til samstarfs um einstök verkefni á vegum MSHA.

Fjöldi starfsmanna árið 2015 var tíu á fyrri hluta árs, í 7,36 stöðugildum, og níu seinni hlutann, í 6,06 stöðugildum, allir með meistara- eða doktorspróf og mikla reynslu af kennslustörfum á öllum skólastigum. Forstöðumaður var Birna María Svanbjörnsdóttir.

www.msha.is



VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Hlutverk viðskipta- og raunvísindasviðs er að mennta nemendur til starfa á sviði góðrar auðlindanýtingar í anda sjálfbærni, sem og að veita nemendum þekkingu og þjálfun í viðskiptafræði til ábyrgðarstarfa við rekstur fyrirtækja, stofnana og samtaka.

Viðskipta- og raunvísindasvið hefur námsframboð sem ekki er að finna við aðra háskóla hér á landi. Annars vegar er það sérhæft nám í líftækni og hins vegar heildstætt nám til MS gráðu í sjávarútvegsfræði. Starf fræðasviðsins einkennist af nánú samstarfi við atvinnulíf og fyrirtæki um rannsóknir og

sviðum.

Í viðskiptadeild eru tvær námslínur til BS gráðu, annars vegar *stjórnun og markaðsfræði* og hins vegar *stjórnun og fjármál*. Einnig er boðið rannsóknartengt, einstaklingsmiðað meistaranám til MS gráðu í viðskiptafræði.

Allt nám til BS gráðu við viðskipta- og raunvísindasvið er kennt sem staðarnám og fjarnám. Nám á meistarastigi við sviðið er kennt sem staðarnám.

Einnig er meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun kennt sem staðarnám á Ísafirði í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða. Um 50% nemenda í auðlindadeild voru fjarnemar, en allt að 70% nemenda viðskiptadeildar stunduðu fjarnám árið 2015.

Nemendur hafa að hluta stundað nám erlendis á vegum Erasmus og Nordplus. Árið 2015 fóru sex nemendur til skiptináms við erlendar háskólastofnanir. Auk þess fóru fjórir nemendur og einn kennari til Riga á vormisseri 2015 og tóku þátt í námskeiði á vegum EkoTekNord (Nordplus). Erlendir skiptinemendur til viðskipta- og raunvísindasviðs voru 27 talsins, auk fimm nemenda við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna, sem unnu að lokaverkefni sínu við HA skólaárið 2015/2016.

Á viðskipta- og raunvísindasviði störfuðu 23 kennarar, þar með taldir þeir kennarar sem sviðið deilir með rannsóknarstofnunum sem aðsetur hafa á Borgum. Meðal kennara sviðsins eru átta prófessorar. Auk þess komu fjölmargir sérfræðingar og aðstoðarmenn að stundakennslu og rannsóknaverkefnum sem unnið var að á árinu.

Stjórnskipulagi viðskipta- og raunvísindasviðs er lýst í reglum nr. 864/2009.

AUÐLINDAEILD

Lögð er áhersla á að auka þekkingu á auðlindum norðurlóða í viðum og þverfaglegum skilningi. Námsbrautir eru tvær, *líftækni* og *sjávarútvegsfræði*, sem skapar deildinni mikla sérstöðu meðal íslenskra háskóla. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í náttúruvísindum samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnun. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar.

Starfsemi deildarinnar var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Námsleiðir til BS prófs voru tvær, *líftækni* og *sjávarútvegsfræði*. Nám til BS gráðu er skipulagt til þriggja ára og er 180

„Nám í líftækni er samsett af ýmsum námskeiðum á sviði náttúruvísinda og auðlindalíftækni, ásamt viðskiptagreinum og greinum af heilbrigðissviði. Lögð er rík áhersla á að kynna nemendum líftæknilegar aðferðir við að nýta auðlindir með nýjum hætti og koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Áhersla er lögð á umhverfis- og orkulíftækni.“

kennslu á sviðinu, sem gefur náminu hagnýta vidd. Öflugar rannsóknir, stundaðar af kennurum sviðsins í alþjóðlegu samhengi, og í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir, styrkja verulega grundvöll rannsóknartengds meistaranáms við fræðasviðið.

Viðskipta- og raunvísindasvið er þátttakandi í Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna – UNU – FTP. Samstarf er við Haf-rannsóknastofnun um það verkefni. Kennarar sviðsins hafa verið ráðgefandi og skipulagt og haldið námskeið í tengslum við þetta starf í ýmsum þróunarlöndum.

Brautskráðir nemendur sviðsins hafa farið víða og staðið sig vel, hvort heldur sem um er að ræða starf í fyrirtækjum og stofnunum eða framhaldsnám innanlands og erlendis.

Viðskipta- og raunvísindasvið skiptist í tvær deildir, auðlinda-deild og viðskiptadeild.

Innan auðlindadeildar er í boði nám til BS gráðu í líftækni og í sjávarútvegsfræði. Einnig er tveggja ára diplómanám í náttúru- og auðlindafræði á BS stigi. Ennfremur er rannsóknartengt, einstaklingsmiðað framhaldsnám til MS gráðu á báðum



VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

ECTS einingar. Einnig var í boði 120 ECTS eininga diplómanám í náttúru- og auðlindafræði á BS stigi.

Boðið var upp á meistaranám í auðlindafræðum (líftækni og sjávarútvegsfræði) til MS gráðu. Nemendur sem brautskrást með BS gráðu og MS gráðu í sjávarútvegsfræðum bera starfsheitið sjávarútvegsfræðingur. Nám til MS gráðu í auðlinda-deild er alþjóðlegt og rannsóknartengt. Það er 120 ECTS einingar, einstaklingsmiðað og skipulagt til tveggja ára. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að hin einstaklingsmiðaða námskrá standist ítrustu gæðakröfur. Hægt er að velja á milli 60 og 90 ECTS eininga meistara-verkefna. Námskeiðshlutann taka nemendur að hluta við HA, við aðra innlenda háskóla eða við erlenda háskóla, eftir því sem kostur er á og samkvæmt ákvörðun meistaránámsnefndar hverju sinni.

Fjarnám í auðlinda-deild fór fram með upptökum úr kennslustundum í staðarnámi sem dreift var til nemenda í gegnum kennslumhverfið Moodle. Fjarnemar mættu þar að auki til Akureyrar í staðarlotur tvisvar sinnum á hvoru misseri.

Við Háskólasetur Vestfjarða fór fram kennsla í haf- og strand-svæðastjórnun til MRM gráðu, *Master of Resource Management*. Það er alþjóðleg, þverfagleg námsleið, 120 ECTS einingar. Háskólinn á Akureyri ber faglega ábyrgð á gæðum kennslu, námsefnis og námsmats, og prófgráða við námslok er frá HA. Námið fer fram í miklum tengslum við auðlinda-deild.

Líftækni

Nám í líftækni er samsett af ýmsum námskeiðum á sviði náttúruvísinda og auðlindalíftækni, ásamt viðskiptagreinum og greinum af heilbrigðissviði. Lögð er rík áhersla á að kynna nemendum líftæknilegar aðferðir við að nýta auðlindir með nýjum hætti og koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Áhersla er lögð á umhverfis- og orkulíftækni, einkum:

- niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna,
- líftæknilega þætti fiskeldis hvað varðar heilbrigði og fóður,
- lífvirk efni,
- efni með lyfjavirkni,
- fæðubótarefni,
- aukaefni í matvælum og efni sem styrkja ónæmiskerfið,
- grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru.

Af sérnámskeiðum má nefna erfðafræði og sameindaerfðafræði, sjávarlíftækni, líftæknilega örverufræði, matvælafræði, gena- og gagnasöfn og gæðaframleiðsluferli.

Sjávarútvegsfræði

Markmið námsins er að veita nemendum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum, og breiðan grunn til frekara náms. Námið veitir þverfaglega þekkingu sem nýtist sérstaklega vel til stjórnunarstarfa. Kennar eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Sérnámskeið sjávarútvegsfræða eru um vistkerfi sjávar og veiðar og vinnslu sjávarafurða. Mikil áhersla er lögð á samvinnu við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stoðgreinar hans, ekki síst í tengslum við lokaverkefni nemenda.

Viðskipta- og raunvísindasvið tekur árlega á móti nemendum Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Kennarar og sérfræðingar sviðsins skipuleggja dvöl þeirra og annast námið. Náminu er skipt í tvo þætti, annars vegar grunnþjálfun í viðskiptafræði og markaðsfræði, og hins vegar sérhæft nám um rekstur og markaðssetningu sjávarútvegsfyrirtækja, *A specialist course on Management of Fisheries Companies and Marketing*. Nemendur, sem koma víðs vegar að úr heiminum, eru þjálfaðir í gagnrýnni hugsun til að finna lausn á vandamálum í stjórnun og rekstri sjávarútvegsfyrirtækja af ólíkum toga.

Mikið samstarf er við Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri – SHA.

VIÐSKIPTADEILD

Viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri er hagnýtt nám. Nemendur öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfaðir í faglegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, sem gerir þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun. Samhliða því eru nemendur æfðir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast munu í framhaldsnámi og starfi. Í grunnnáminu öðlast nemendur góða grunnþekkingu á viðskiptafræði og geta svo valið að leggja sérstaka áherslu á *stjórnun og markaðsfræði* eða *stjórnun og fjármál*. Starfsemi deildarinnar var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Nám til BS gráðu í viðskiptafræði er skipulagt til þriggja ára og inniheldur 180 ECTS einingar. Það fer fram í fyrirlestrum, umræðutímum og dæmatímum. Grunnnámið veitir nauðsynlegan undirbúning fyrir framhaldsnám í viðskiptafræðum.



Í stjórnun og markaðsfræði er lögð áhersla á að mennta fólk til stjórnunar- og markaðsstarfa. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og stefnumótun. Ennfremur um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, almannatengsl og markaðsrannsóknir. Farið er yfir aðferðir til markaðsgreiningar, sem og gerð markaðs- og kynningaráætlana, þjónustumælinga og almannatengslaherferða. Að auki eru kennd námskeið í vörupróun og áætlanagerð.

Í stjórnun og fjármálum er lögð áhersla á að mennta fólk til almennra stjórnunarstarfa í fyrirtækjum og til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun, stefnumótun, hagnýta stærðfræði, hagrannsóknir og þjóðhagfræði. Einnig er fjallað ítarlega um fjármálastjórnun, áhættu- stýringu og verðbréfalögfræði.

Nám til MS gráðu er rannsóknartengt og einstaklingsmiðað, þar sem nemandi fylgir eigin námskrá sem er sérsníðin að þörfum hans og þess rannsóknarverkefnis sem hann vinnur að á námstímanum. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að hin einstaklingsmiðaða námskrá standist ítrustu gæðakröfur.

Tvær leiðir eru til 120 ECTS eininga MS gráðu í viðskiptafræði. Annars vegar er meistaraverkefnið 90 einingar og námskeið 30 einingar. Hins vegar vega verkefni og námskeið jafnt, 60 einingar hvor um sig. Tíu einingar hið minnsta skulu vera námskeið í rannsóknaraðferðum. Önnur námskeið skal nemandi taka við HA eða samstarfsstofnanir. Einnig er mögulegt að nemandi taki lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og meistaranefnd.

Fjarnám í viðskiptadeild fór fram með upptökum úr kennslustundum í staðarnámi, sem dreift var til nemenda um lokaðan kennsluvef. Fjarnemar mættu þar að auki í upphafi og við lok hvers misseris í kennslustund gegnum myndfundabúnað, ásamt því að koma til Akureyrar í staðarlotu um mitt misseri. Kennsluumhverfið Moodle var notað við deildina og nýttist það bæði staðar- og fjarnemum.

Rannsóknir við viðskipta og raunvísindasvið

Kennarar viðskipta- og raunvísindasviðs starfa að rannsóknum í alþjóðlegu samhengi og náð samstarf er við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir. Þetta styrkir verulega grundvöll rannsóknatengds framhaldsnáms á meistarastigi.



Náið samstarf var á árinu haft við fjölda fyrirtækja og rannsóknarstofnana hérlandis og erlendis um nám og rannsóknir. Má þar telja stofnanir á Borgum, þ.e. Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Matís ohf. Ennfremur var virkt samstarf við aðra íslenska jafnt sem erlenda háskóla, svo sem Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum. Einnig var samstarf við fjölda fyrirtækja og má þar nefna Mannvit, sem er alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki á sviði verkfræði og tæknipjónustu, Landsvirkjun, Norðurorku hf., Samherja hf., Brim hf. og Biopol ehf. auk fjölda annarra fyrirtækja.

Rannsóknir kennara og sérfræðinga auðlindadeildar spanna vítt svið raunvísinda og náttúruvísinda. Rannsóknir tengdar sjávarútvegi hverfðust um hafrannsóknir, líffræði, efna- og örverufræði fiska, gæði og öryggi sjávarfangs, veiðarfærarannsóknir, vinnslutækni og hagrænar rannsóknir. Rannsóknir á sviði líftækni tengdust lífefnaleit, orkulíftækni, fiskeldi, kerfislíffræði og sameindaerfðafræði, og gerðar voru rannsóknir á íblöndunarefnum.

Eitt rannsóknarverkefna á sviði líftækni beinist að *notkun hitakærra örvera við framleiðslu á etanóli og vetni úr lífmassa*. Verkefnið er unnið í víðtæku samstarfi innanlands og utan og hefur fjöldi styrkja fengist til þess og uppbyggingar tækja og aðstöðu, meðal annars úr Tæknipróunarsjóði. Alls unnu þrír sérfræðingar og tveir meistaranemar á sviði orkulíftækni á árinu. Þrjár ritýndar greinar voru birtar á sviði orkulíftækni um hitakærar etanól- og vetnisframleiðandi bakteríur.

Unnið var að *uppbyggingu bakteríustofnasafns úr ýmsum vistgerðum íslenskrar náttúru*. Safnað var stofnum úr ýmsum jarðvegsgerðum á Norðurlandi og víðar. Söfnunin var meðal annars unnin í tengslum við sameiginlegt sumarnámskeið HA, HÍ og University of Reading í *örveruvistfræði norðurslóða*. Einnig var stofnasafnið skimað eftir hagnýtanlegum eiginleikum, svo sem til kuldavirks niðurbrots á ýmsum lífrænum fjölliðum, og umhverfissýni skimuð eftir bakteríuveirum með virkni gegn völdum stofnum.

Áfram var unnið að ýmsum rannsóknarverkefnum tengdum fiskeldi svo og aukinni verðmætasköpun úr hliðarafurðum fiskeldis og annarra greina matvælaframleiðslu. Megináhersla í fiskeldistengdum verkefnum hefur verið á ný hráefni í fóður og eflingu almennrar ónæmissvörunar og heilbrigðis fisks í eldi. Sem dæmi um rannsóknarverkefni má nefna *Örpörunga úr lífríki Eyjafjarðar og Lirfur svörtu hermannaflugunnar sem hráefni í fóður* eftir að lirfurnar hafa nærst á ýmsum hliðarafurðum matvælaframleiðslu og vinnslu. Tvö erlend samstarfs-

verkefni um örpörunga hófust á árinu í samstarfi auðlinda-deildar og Matís ohf., þar sem annars vegar er horft til notkunar örpörunga í fóður (Evrópusambandsverkefni) og hins vegar til notkunar í snyrtivörur (NORA verkefni).

Á rannsóknarstofu í hagnýtri örverufræði við HA var unnið að *rannsóknum á framleiðslu á fjölmöttuðum Omega-3 fitusýrum og lífvirkum efnum með frumverum*, í samvinnu við sjávarlíftækni-setrið BioPol ehf. á Skagaströnd og Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar Íslands. Meginmarkmiðið var að einangra, greina og rækta nýja stofna af frumverum af ættinni *Thraustochytrids* til framleiðslu á Omega-3 sjávarolíum og lífvirkum efnum í tilraunarækt. Frumverurnar hafa ekki verið ræktaðar hér á landi fram til þessa. Verðmætustu fitusýrurnar eru hinar fjölmöttuðu og lífsnauðsynlegu fitusýrur DHA (docosahexaenoic acid, C22:6-n3) og EPA (eicosahexaenoic acid, 20:5n-3).

Starf sameiginlegrar rannsóknarstofu HA og Náttúrufræðistofnunar í sameindaerfðafræði eflidist. Meistararnemar og þrír doktorsnemar störfuðu að verkefnum á vegum stofunnar og innlendra og erlendra samstarfsaðila hennar. Lokaverkefnum nemenda í grunnnámi og verklegri kennslu í erfða- og sameindaerfðafræði er einnig sinnt þar. Jafnframt var unnið að verkefnum í samstarfi við Matís ohf. og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. Rannsóknasjóður Rannís, Háskólasjóður KEA og Rannsóknasjóður HA eru meðal styrktaraðila rannsóknarstarfs á stofunni.

Kennarar í viðskiptadeild hafa á undanförunum árum verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf á sviðum fjármála og fjármálamarkaða. Nefna má *ferðapjónustu, samruna fyrirtækja, alþjóðastofnanir, norrænan vinnumarkað, sveitarstjórnarmál, markaðsmál, stjórnun og skipulagningu fyrirtækja og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja*. Rannsóknir kennaranna hafa birst í bókum, íslenskum og erlendum fræðitímaritum og safnritum. Náin tengsl eru við rannsóknir RMF – Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, meðal annars um byggðarannsóknir.

Kennarar viðskipta- og raunvísindasviðs áttu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við erlendar stofnanir og vísindamenn. Kennarar fóru utan á vegum Erasmus, Nordplus, Espon og Nobanet. Fjöldi erlendra samstarfsskóla heimsótti sviðið og háskólann á árinu, m.a. frá Bandaríkjunum, Slóveníu, Rúmeníu, Slóvakíu, Póllandi og Finnlandi.



MARKAÐS- OG KYNNINGARSVIÐ

Markaðs- og kynningarstarf var með svipuðum hætti og árið á undan. Kynningum í framhaldsskólum var þó fjölgað og kynningarefnið fínþússað. Að venju var lögð áhersla á vandaðar auglýsingar í fjölmiðlum fyrir innritun skólaárið 2015–2016. Áherslur voru í takt við árið á undan, til dæmis varðandi aukna áherslu á notkun vefmiðla í kynningarstarfinu. Nýr starfsmaður markaðs- og kynningarsviðs, sem hefur umsjón með vef- og samfélagsmiðlum, sá um að setja allar auglýsingar inn á Facebook þetta árið.

Markaðs- og kynningarsvið er í samstarfi við ABS fjölmiðlahús um gerð auglýsingaáætlunar.

Forstöðumaður sviðsins vann kynningarefni háskólans í samstarfi við deildir hans. Íslenska auglýsingastofan sá um útlitshönnun á bæklingi og öðru kynningarefni, svo sem vefborðum, útvarpsauglýsingum og skjáauglýsingum. Útliti og áherslum var lítið breytt frá árinu áður. Stíll sá um mestalla uppsetningu á bæklingi, prentauglýsingum og fleiru, og Ásprent prentaði.



Á Háskóladaginn, Ögmundur Knútsson, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, og Kristín Ágústsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs.

Háskólar landsins héldu áfram samstarfi um að skipuleggja Háskóladaginn, sem er árlegur viðburður. Hann var að þessu sinni haldinn laugardaginn 28. febrúar. Allir sjö háskólar landsins kynntu þar námsframboð sitt. Kynning Háskólans á Akureyri fór fram á neðri hæð á Háskólatorgi Háskóla Íslands, ásamt kynningum Háskólans á Hólum, Landbúnaðarháskóla Íslands og HÍ. Háskólinn í Reykjavík var í sínum húsakynnum ásamt Háskólanum á Bifröst. Listaháskóli Íslands hafði kynningu í eigin húsnæði.

Háskóladagurinn var síðan einnig haldinn sameiginlega á Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði og Selfossi líkt og áður. Þar við

bættust kynningar á þremur nýjum stöðum, Höfn í Hornafirði, Grundarfirði og í Borgarnesi.

Eins og undanfarin ár var voru haldnar kynningar á HA fyrir stúdentsefni í framhaldsskólum landsins. Flestir framhaldsskólarnir voru heimsóttir og alltaf voru nemendur HA með í för. Tóku þeir virkan þátt í að kynna skólann. Þá tók starfsfólk markaðs- og kynningarsviðs, ásamt nemendum HA, á móti stúdentsefnum sem komu í kynnisferð í HA.

Að auki var sendur markpóstur til stúdentsefna um allt land til að vekja athygli á háskólanum.

Markaðs- og kynningarsvið sá um skipulagningu fjölmargra viðburða innan háskólans. Nefna má fullveldishátíð 1. desember, nýnemadaga og HA-daginn, en þá fer fram skipuleg kynning á háskólanum fyrir framhaldsskólanema á Norðurlandi og aðra sem huga að námi. Sviðið kom einnig að undirbúningi og framkvæmd háskólahátíðar í júní.

Kristín Ágústsdóttir var forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs. Kristjana Hákonardóttir var verkefnisstjóri vef- og markaðsmála. Rúnar Gunnarsson var verkefnastjóri alþjóðamála.

Alþjóðaskrifstofa HA heyrir undir markaðs- og kynningarsvið.

Verkefnastjóri alþjóðamála hefur umsjón með nemenda-, kennara- og starfsmannaskiptum, ásamt öðrum verkefnum sem tengjast alþjóðlegu samstarfi.

Á árinu 2015 voru alls 103 erlendis skiptinemar skráðir í HA, bæði í venjulegt skiptinám og í verknám, en það er aukning um 28 nemendur milli ára og í fyrsta skipti sem fjöldi skiptinema fer yfir 100 á ári. Nemendurnir komu frá eftirtöldum löndum: Austurríki, Belgíu, Danmörku, Englandi, Finnlandi, Frakklandi, Grænlandi, Ítalíu, Kanada, Kína, Lettlandi, Litháen, Noregi, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi.

Alls stunduðu 28 nemendur frá HA skiptinám eða verknám erlendis í eftirtöldum löndum: Bandaríkjunum, Englandi, Danmörku, Kanada, Kína, Noregi, Slóveníu og Svíþjóð.

Einnig varð aukning í þátttöku nemenda og kennara í samstarfsverkefnum í formi örnámskeiða innan Nordplus. Alls tóku 22 nemendur þátt í slíkum námskeiðum, sem yfirleitt vara í um það bil viku. Ellefu kennarar og starfsmenn stöðþjónustu HA fóru utan í kennara- eða starfsmannaskiptum í gegnum



Erasmus eða Nordplus, og HA tók á móti 36 erlendum kennurum og öðrum starfsmönnum í skiptum.

Alþjóðaskrifstofa HA sá um móttöku og skipulagði kynningar á háskólanum fyrir fjölmargt starfsfólk frá erlendum samstarfs-skólum og sendiráðum. Einnig var tekið á móti ýmsum öðrum erlendum gestum sem komu í óformlegar heimsóknir. HA hefur nemenda- og kennaraskiptasamninga við marga erlenda háskóla. Einnig tekur háskólinn víða þátt í samstarfsneti ásamt erlendum háskólum. Samtals eru samningar og samstarfsnet um 200 talsins. Samstarf þetta er unnið í gegnum eftirfarandi skiptiáætlanir: Erasmus, Nordplus, North2North og tvíhliða samninga.

Unnið er að því auka fjölda skiptinema frá HA og hefur Alþjóðadagur HA verið liður í því. Alþjóðadagur féll niður skólaárið 2015 vegna yfirvofandi verkfalls en einnig vegna dræmrar þátttöku undanfarin ár. Í staðinn voru haldnir sértækir fundir og kynningar fyrir nemendur sem hafa áhuga á að fara til útlanda í skiptináms eða framhaldsnám. Sem dæmi má nefna kynningar Fulbright-stofnunarinnar á Íslandi (Fulbright-styrkir), kynningar frá erlendum sendiráðum á Íslandi og kynningar á sumarnámskeiðum og möguleikum til skiptináms.

Háskólinn á Akureyri hélt sumarnámskeið í samstarfi við Western Kentucky University – WKU í Bandaríkjunum og fór það að hluta til fram á Akureyri. Þrjátíu nemendur frá WKU hittu fyrir kennara og þrjá nemendur frá HA. Námskeiðið bar yfirskriftina *Climate Change and socio-economic impacts in the North*. Verður það hér eftir árlegur viðburður.

Vert er að benda á að þátttaka nemenda og kennara í ráðstefnunni *Arctic Circle*, sem haldin var í október, var framúrskarandi góð. Um 50 nemendur frá HA tóku þar þátt í ráðstefnu um norðurslóðamál og unnu sem sjálfbóðaliðar á ráðstefnunni. Margir kennarar og rannsakendur frá HA voru með erindi á ráðstefnunni. Einnig stóð markaðs- og kynningarsvið HA fyrir almennum kynningarbás meðan á ráðstefnunni stóð, fyrir nemendur sem hafa áhuga á að fara út í skiptináms eða framhaldsnám.



FJÁRMÁLA-, STARFSMANNA- OG REKSTRARSVIÐ

Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið annast helstu sameiginleg verkefni á sviði fjármála. Má þar nefna umsjón með gerð rekstraráætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, miðlun fjárhagslegra upplýsinga, svo og eftirlit og ráðgjöf um fjárhagsleg málefni háskólans. Jafnframt annast sviðið rekstur og umsjón fasteigna og búnaðar háskólans, þar á meðal rekst-ur tölvukerfa og símakerfa.


Á árinu 2015 var starfsemin með hefðbundnu móti. Háskólinn sagði í árslok 2014 upp leigu á hluta húsnæðis á Borgum enda var sú leiga tímabundin. Húsnæðiskostnaður lækkaði því eitt-hvað á árinu 2015 vegna þessa. Á árinu var samið um talsverðar launahækkanir við stéttarfélag starfsfólks.






NEMENDUR OG DEILDIR

Lögheimili nemenda á haustmisseri 2015



Lögheimili	Karlar	Konur	Samtals	Hlutfall
Norðvestur	32	136	168	9,17%
Norðaustur	199	558	757	41,30%
Suður	47	232	279	15,22%
Suðvestur	48	214	262	14,29%
Reykjavík	57	226	283	15,44%
Erlendis	20	64	84	4,58%
Samtals	403	1,430	1,833	100,00%

	2011			2012			2013			2014			2015		
Deild	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindadeild	62	201	263	81	248	329	77	274	351	95	347	442	97	355	452
Kennaradeild	43	246	289	39	215	254	40	210	250	38	237	275	38	237	275
Lagadeild	50	58	108	42	53	95	41	38	79	40	32	72	41	39	80
Hjúkrunarfræðideild	7	241	248	12	253	265	11	245	256	16	269	285	13	305	318
Iðjupjálfunardeild	5	104	109	4	105	109	3	105	108	2	84	86	4	88	92
Framh.deild í heilbr.vísindum	2	41	43	8	34	42	4	70	74	3	92	95	3	82	85
Auðlindadeild	73	51	124	72	51	123	61	73	134	65	73	138	81	83	164
Viðskiptadeild	128	185	313	109	201	310	106	210	316	102	208	310	126	241	367
Samtals	370	1.127	1.497	367	1.160	1.527	343	1.225	1.568	361	1.342	1.703	403	1.430	1.833







NEMENDASKRÁ

Meginmarkmið nemendaskrár er að tryggja gott skipulag á daglegu starfi háskólans, ásamt því að veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu. Nemendaskrá annast meðal annars innritun nýnema, skráningu í og úr námskeiðum og prófum, og prentun og frágang brautskráningargagna.

Afgreiðslustjóri og fulltrúar nemendaskrár annast almenna þjónustu, upplýsingagjöf, símsvörun, útgáfu vottorða og innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans. Ennfremur utanhald ferðabreiðna og flugbókana. Afgreiðslustjóri og fulltrúar hafa umsjón með allri nemendaskráningu og skjalavistun henni tengdri. Þá hafa fulltrúar með höndum bókanir og leigu á stofum og fundaherbergjum í húsnæði skólans.

Skipulag og umsjón prófhalds fer fram á nemendaskrá undir stjórn verkefnastjóra prófa og fjarkennslu. Hann gefur út próftöflur og hefur yfirumsjón með prófhaldi og einkunnaskilum. Reglulegar próftíðir eru í desember og apríl/maí og sjúkra- og endurtökupróf eru að lokinni viðkomandi próftíð.

Nemendaskrá hefur umsjón með framkvæmd fjarkennslu á vegum háskólans og annast samskipti við símenntunar- og fræðslumiðstöðvar um allt land.

Forstöðumaður nemendaskrár hefur umsjón með innra upplýsingakerfi skólans, Uglu, sem og gagnamiðlun milli tölvukerfa háskólans, ásamt vefumsjón. Forstöðumaður sér ennfremur um uppsetningu og birtingu námskrár. Hann annast framkvæmd námskeiðsmats og annarra kannana og veitir ýmsar tölfræðilegar upplýsingar úr gögnum nemendaskrár.

Starfsmenn nemendaskrár voru fimm og gegndi Stefán Jóhannsson stöðu forstöðumanns.



FJARNÁM

Háskólinn á Akureyri kappkostar að bjóða öllum nemendum sínum öfluga stoðþjónustu á sviði tölvu- og upplýsingatækni, hvort sem þeir stunda nám á háskólasvæðinu eða í heima-byggð.

Allar deildir skólans nema lagadeild buðu upp á fjarnám í grunnnámi og stunduðu það 778 nemendur.

Heilbrigðisvísindasvið – hjúkrunarfræðideild og iðjupjálfunarfræðideild

Í hjúkrunarfræðideild fer fram fullt nám í dagskóla, þar sem fjarnemendur stunda nám samhliða nemendum í staðarnámi. Námið byggir að mestu á upptökum og kennarar nýta einnig kennslukerfið Moodle og tölvusamskipti til að miðla kennsluefni. Nemendur á öðru til fjórða ári fá einnig kennslu um gagnvirkan myndfundabúnað.

Í iðjupjálfunarfræðideild er stuðst við kennslukerfið Moodle. Upptökur af öllum kennslustundum eru gerðar aðgengilegar þar. Kennarar nota einnig tölvusamskipti, meðal annars í gegnum Skype.

Árið 2015 voru á heilbrigðisvísindasviði 133 fjarnemendur á vormisseri og 317 á haustmisseri. Þeir stunduðu nám víða um land; á Akranesi og Akureyri, í Árborg, Borgarnesi og Hafnarfirði, á Húsavík, Hvammstanga, Höfn og Ísafirði, í Neskaupstað, á Patreksfirði og Reyðarfirði, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki, í Snæfellsbæ og Vestmannaeyjum og á Þórshöfn.

Hug- og félagsvísindasvið – kennaradeild og félagsvísindadeild

Kennaranám er kennt í fjarkennslu sem fullt nám samhliða staðarnámi. Kennsla fer að mestu fram um gagnvirkan myndfundabúnað. Einnig er Moodle kennslukerfið notað.

Í félagsvísindadeild hófst fjarnám haustið 2011. Sömu námskeið eru kennt í fjarnámi og í staðarnáminu og stuðst er við upptökur og Moodle.

Árið 2015 voru á hug- og félagsvísindasviði 273 fjarnemendur á vormisseri og 315 á haustmisseri. Þeir voru staðsettir á Akranesi og Akureyri, í Árborg, á Blönduósi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, í Fjallabyggð og Hafnarfirði, á Húsavík, Hvammstanga, Höfn og Ísafirði, í Neskaupstað, á Patreksfirði og Reyðarfirði, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki, í Snæfellsbæ,

Stykkishólmi og Vestmannaeyjum, og á Vopnafirði og Þórshöfn.

Viðskipta- og raunvísindasvið – auðlindadeild og viðskiptadeild

Í auðlindadeild og viðskiptadeild er miðað við að fjarnemendur geti stundað vinnu meðfram náminu og dreifist það því á lengri tíma. Námið fer að mestu leyti fram á neti í gegnum Moodle og þar eru einnig aðgengilegar upptökur af öllum kennslustundum. Til stuðnings eru fundir í gagnvirkum myndfundabúnaði utan dagvinnutíma í mörgum námskeiðum í viðskiptadeild, í upphafi og við lok missera. Einnig hafa nemendur tækifæri til að eiga samskipti við kennara og sín á milli í vefumræðum sem settar eru upp fyrir hvert námskeið.

Árið 2015 voru við viðskipta- og raunvísindasvið 142 fjarnemendur á vormisseri og 482 á haustmisseri. Þeir bjuggu á Akranesi og Akureyri, í Árborg, á Blönduósi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, í Fjallabyggð, á Grundarfirði, í Hafnarfirði, á Húsavík, Hvammstanga, Höfn og Ísafirði, í Neskaupstað, á Patreksfirði og Reyðarfirði, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki, í Snæfellsbæ, Stykkishólmi og Vestmannaeyjum, og á Vopnafirði.

Í árdaga fjarkennslunnar var námið nær eingöngu byggt á útsendingum fyrirlestra með gagnvirkum myndfundabúnaði. Vægi myndfundabúnaðarins í kennslu hefur minnkað talsvert á síðustu árum en þó er hann notaður að einhverju marki á öllum sviðum háskólans. Hröð þróun í upplýsingatækni býður hins vegar upp á fjölbreyttar leiðir í kennslu, við miðlun náms-efnis, í samskiptum og við að mæta þörfum nemenda í fjarnámi. Háskólinn fylgist vel með þróun í upplýsinga-, samskipta- og kennslutækni. Markvisst eru innleiddar nýjungar á því sviði. Má þar nefna gagnvirka skjái, upptökur kennslustunda og beinar útsendingar þeirra, ýmsar vefsíður og raf-rænt kennsluefni sem kennarar búa til, og kennslukerfið Moodle. Moodle hefur meðal annars að geyma innbyggð póst-forrit, vefumræður, spjallrásir, próftæki, verkefna miðlara, hóp-vinnuverkfæri og ýmsa möguleika til framsetningar námsefnis á margvíslegu forni.

Einnig er í sumum námskeiðum stuðst við sýndarkennslustofuna Big Blue Button, eða önnur gagnvirk myndfundakerfi, s.s. Skype, þar sem kennarar geta miðlað tölvuefni, glæru- og myndasýningum og haft samskipti um vefmyndavélar og spjallkerfi, auk upptöku fyrirlestra í tímum.



Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að nemendur á þeim stöðum þar sem fjarnám er í boði hafi aðgang að þjónustu í heimabyggð. Háskólinn hefur því samstarf um fjarkennslu við háskólasetun, háskólafélög og símenntunar- og fræðslumiðstöðvar víðs vegar um landið. Þó aðstaða sé mismunandi á fjarkennslustöðunum hafa nemendur aðgang að myndfundabúnaði og tölvuveri ásamt ljósritunar- og vinnuáðstöðu á þeim flestum.

Helstu samstarfsaðilar háskólans eru: Austurbrú, Farskóli Norðurlands vestra, Háskólafélag Suðurlands, Háskólasetun Vestfjarða, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Viska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja og Þekkingarnet Þingeyinga.

Í fjarnáminu er ýmist um að ræða fullt nám í dagskóla eða nám sniðið að þörfum þeirra sem stunda það samhliða starfi. Fjarnemar greiða sömu skráningargjöld og aðrir nemendur skólans. Á sumum fjarkennslustöðum þarf að greiða aðstöðugjöld sem eru nokkuð mismunandi.

Verkefnastjóri fjarnáms er Daníel Freyr Jónsson.



RHA – RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er sjálfstæð eining innan Háskólans á Akureyri. Rannsóknamiðstöðin nýtur ekki fastra fjárframlaga heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti og félagasamtök og með innlendum og erlendum rannsóknarstyrkjum.

Í árslok 2015 störfuðu átta starfsmenn í 7,3 stöðugildum við RHA og Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri – SHA, sem rekin er undir hatti RHA. Forstöðumaður RHA er Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Auk þess að stunda fjölbreyttar rannsóknir fyrir og í samstarfi við samfélagið og atvinnulífið er það hlutverk RHA að efla rannsóknarstarfsemi við Háskólann á Akureyri sem og að styrkja tengsl háskólans við atvinnulífið. Einnig hefur miðstöðin það hlutverk að vinna að þróun nýrra verkefna innan HA og koma þeim í réttan farveg.

Markmiðið með rekstri RHA er í meginatriðum fjórpætt:

- Að efla umsýslu og þjónustu við rannsóknir innan HA með það að markmiði að efla rannsóknir við HA og auka fjármagn til rannsókna úr samkeppnissjóðum.
- Að vinna að þróunar- og sérverkefnum á vegum HA á skilvirkan og markvissan hátt.
- Að vera tengiliður við setur og stofnanir sem starfa innan eða í tengslum við HA og skapa umgjörð til að hægt sé að hýsa litlar stofnanir og setur á sem skilvirkastan og hagkvæmasta hátt.
- Að vera tengiliður HA við atvinnulífið með því að sinna fyrir það verkefnum og stuðla að þekkingaryfirfærslu þangað frá HA.

RHA hefur með höndum stjórnsýslu rannsókna með þjónustusamningi við HA. Er þar um að ræða eftirtalda þætti sem lúta að stjórnsýslu, umsýgn, þjónustu og ráðgjöf við rannsóknir í háskólanum:

- Umsýgn með stigamati og rannsóknarskýrslum. Auglýsing umsóknarfrests, utanhald umsókna um vinnumat og þjónusta við matsnefndir, ásamt náinni samvinnu við vísindasvið Háskóla Íslands. Þá grunnmetur starfsmaður stjórnsýslu rannsókna rannsóknir nýrra starfsmanna.
- Umsýgn með umsóknum í rannsóknasjóð HA og háskólasjóð KEA. Starfsmaður stjórnsýslu rannsókna auglýsir umsóknarfresti, tekur á móti umsóknum, boðar stjórnir sjóðanna á fundi og er starfsmaður þeirra. Að auki sér stjórnsýsla rannsókna um að senda út svarbréf stjórnar og halda utan um styrkgreiðslur.

- Þjónusta við dómnefnd HA vegna grunnmats og framgangs akademískra starfsmanna. Umsýslar umsóknir og úthlutanir á rannsóknarmisserum.
- Umsýsla umsókna um og úthlutanir á rannsóknarmisserum.
- Vinna við lykiltölur um rannsóknir með lykiltöluteymi HA.

RHA sér um nokkur langtíma- og skammtímaverkefni fyrir háskólann. Má þar nefna skrifstofu Rannsóknabings Norðursins, Northern Research Forum – NRF og umsýslu vegna Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar við Háskólann á Akureyri, og teljast starfsmenn þessara starfseininga til starfsmanna RHA.

RHA rekur ráðstefnuþjónustu og umsýslar ráðstefnur og fundi sem haldnir eru í HA, í samstarfi við ýmsa aðila.

RHA hefur undanfarin ár verið þátttakandi í ESPON byggðarannsóknarverkefnum en á árinu hófst nýtt tímabil í þeim rannsóknum, ESPON 2020, og voru verkefni auglýst til umsóknar í árslok. RHA umsýslar áfram íslenskan ESPON-ECP tengilið í umboði Háskólans á Akureyri. Þá er RHA þátttakandi í tveimur verkefnum sem fjármögguð eru af sjóði Norrænu ráðherranefndarinnar, Arctic Cooperation Fund. Þetta eru verkefni *in West Nordic Municipal Structure* og *Value creation in rural areas characterized by industry*. RHA tók þátt í umsóknum um nokkra styrki á árinu í sjóði Norrænu ráðherranefndarinnar en varð ekki ágengt í þetta sinn. Einnig var sótt í nokkra íslenska sjóði og fengust eftirfarandi styrkir á árinu:

- Eva Halapi fékk styrk til verkefnisins *Miðlun sérfræðipækningar á aðgengilegan hátt til foreldra og skóla um áhrifaþætti netávana hjá unglingum* frá Lýðheilsusjóði.
- Hjalti Jóhannesson fékk styrk til verkefnisins *Atvinnu- sökn karla og kvenna* frá Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri.
- Hjalti Jóhannesson fékk styrk til verkefnisins *Samstarf sveitarfélaga* frá Bygðarannsóknasjóði.
- Hjalti Jóhannesson fékk styrk til verkefnisins *Vaðlaheiðargöng – samfélagsáhrif* frá Rannsóknasjóði Vega- gerðarinnar. Um er að ræða eiginlega rannsókn á stöðu samgangna fyrir opnun ganga.
- Hörður Sævaldsson fékk styrk til verkefnisins *Vistey – Upplýsingaveita um lífríki sjávar við Norðurland* frá AVS rannsóknasjóði.
- Hörður Sævaldsson fékk styrk til verkefnisins *Myndbönd um störf í uppsjávariðnaði – Verðmætasköpun með há- tæknibúnaði* frá Rannsóknasjóði sildarútvegsins.
- Marta Einarsdóttir fékk styrk til verkefnisins *Einstæðir ofurforeldrar – samræming fjölskyldu og atvinnulífs* frá Háskólasjóði KEA.



Rannsóknarverkefni:

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsmönnum RHA árið 2015 voru fjölbreytt að vanda. Nokkur aukning varð á stærri verkefnum á árinu og samstarfi við akademíska starfsmenn HA, en einnig var nokkuð um styttri verkefni og kannanir af ýmsu tagi, sem hafa verið algengustu verkefni RHA á undanförunum árum. Eftirfarandi listi yfir rannsóknarskýrslur er ekki tæmandi en sýnir þær skýrslur sem eru aðgengilegar á vefsíðu RHA, www.rha.is. Ekki lýkur öllum rannsóknarverkefnum með skýrslu, s.s. minniháttar ráðgjafarverkefnum. Einnig er nokkuð um að áfangaskýrslur séu ekki birtar, sérstaklega í erlendum rannsóknarverkefnum. Þannig endurspeglar þetta ekki alveg vinnu starfsmanna í rannsóknum. Vegna eðlis sumra rannsókna eru lokaskýrslur þeirra ekki birtar á vef. Starfsmenn kynna gjarnan rannsóknir og starfsemi miðstöðvarinnar á ráðstefnum innanlands og utan þótt slík erindi séu ekki talin upp hér.

Rannsóknarskýrslur og aðrar birtingar starfsmanna RHA 2015:

Áhrif Hvalárvirkjunar á ferðamennsku og útivist. Unnið fyrir Verkis vegna mats á umhverfisáhrifum. Höfundur: Hjalti Jóhannesson

Búsetuskilyrði ungs fólks – helstu niðurstöður netkönnunar. Skýrsla unnin fyrir Landsbyggðin lífi. Höfundur: Hjalti Jóhannesson

Markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings. Skýrsla unnin fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Höfundar: Vífill Karlsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson, Hjalti Jóhannesson og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

Provision and Development of SGI at the Edge: The Case of Iceland. Í Heinz Fassmann, Daniel Rauhut, Eduarda Marques da Costa og Alois Humer (ritstj.), *Services of General Interest and Territorial Cohesion. European Perspectives and National Insights*. Bls. 167-186. Vienna: Vienna university press. Höfundur: Hjalti Jóhannesson

Samfélagsleg þýðing sauðfjárbúskapar. Skýrsla unnin fyrir landssamtök sauðfjárbænda Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson

Vaðlaheiddargöng – Samfélagsáhrif. Helstu niðurstöður könnunar í október 2014. Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Halla Hafbergsdóttir

Á vef RHA, www.rha.is, má finna nánari upplýsingar um starfsemi miðstöðvarinnar.



BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

Bókasafn og upplýsingaþjónusta rekur bókasafn háskólans og annast sérsöfn eins og lista- og steinasöfn. Auk þess annast sviðið mál er snerta útgáfu á skýrslum og hvers kyns ritröðum á vegum deilda. Aðra umsýslu vegna útgáfumála háskólans annast RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Fastráðnir starfsmenn í árslok 2015 voru fimm talsins í 4,5 stöðugildum. Auk þess starfaði á bókasafni frá apríl til ársloka starfsmaður í 0,25 stöðugildi í sérstöku verkefni styrktu af Tryggingastofnun ríkisins. Bókasafnið sinnir einnig bókasafnsþjónustu við Háskólann á Hólum, ígildi hálfs stöðugildis, sem felur m.a. í sér upplýsingaþjónustu, millisafnalán og kennslu í upplýsingalæsi (UL). Forstöðumaður er Astrid Margrét Magnúsdóttir.

Starfsfólk bókasafns veitir meðal annars ráðgjöf og aðstoð við upplýsingaleit og leggur áherslu á að veita nemendum, starfsfólki háskólans og öðrum lánþegum faglega og persónulega þjónustu. Bókasafnið leggur áherslu á að bjóða aðgang að vönduðu úrvali gagnasafna og rafrænna tímarita á fræðasviðum háskólans og hefur reynt að byggja safnkostinn upp jafnt og þétt þannig að hann endurspegli fræðasvið skólans.

Hlutverk Bókasafns og upplýsingaþjónustu er að annast kennslu og þjálfun í UL, en það er sú færni sem gerir mönnum kleift að leita upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og hagnýta þær í námi, kennslu og rannsóknum. Mikil áhersla hefur verið lögð á kennslu og þjálfun nemenda í UL auk þess sem boðið er upp á fræðslu fyrir starfsfólk. Kennsla og þjálfun fyrir nemendur í UL fer m.a. fram í völdum námskeiðum í samráði við kennara. Kennarar, sem og annað starfsfólk háskólans, geta einnig óskað eftir kynningum og stuttum námskeiðum. Námskeið og kynningar fyrir starfsfólk fóru fram í samráði og samvinnu við KHA – Kennslumiðstöð HA. Fræðsla í UL á vegum bókasafns (kennslustundir í deildum, viðtöl við upplýsingafræðing og námskeið fyrir nemendur og starfsfólk) fór samtals fram í 94 kennslustundum á árinu og náði til rúmlega 1000 manns.

Á bókasafni er starfrækt kennslugagnasafn sem er ætlað að þjóna jöfnum höndum nemendum og kennurum kennaradeildar HA, og grunnskóla- og leikskólakennurum á Norðurlandi eystra. Safninu berast samkvæmt samningi eintök alls efnis sem út kemur á vegum Námsgagnastofnunar. Í samstarfi við

Námsgagnastofnun voru í mars haldnir tveggja daga kynningarfundir á nýju námsefni. Samtals tóku um 30 manns þátt í fræðslufundunum.

Góð aðstaða er til sýningahalds á bókasafninu og á árinu voru haldnar listsýningar eftir listamennina Jóhönnu Báru Þórisdóttur og Hjördísi Frímann. Í lok árs voru sýnd verk eftir konur úr listaverkasafni HA undir sýningarstjórn Rósu Kristínar Júlíusdóttur dósents.

Forstöðumaður sviðsins situr í verkefnisstjórn Skemmunnar, <http://www.skemman.is>, sem er rafrænt gagnasafn þar sem varðveitt eru lokaverkefni nemenda og rannsóknarit kennara og fræðimanna. Skemman er samvinnuverkefni allra háskóla í landinu og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, sem sér um hýsingu og rekstur gagnasafnsins. Fjöldi lokaverkefna í Skemmu frá árinu 1999 til ársloka 2015 er 2.995 og hafa 274 tímaritsgreinar og annað efni frá kennurum verið vistað í Skemmu.

Forstöðumaður er einnig fulltrúi HA í samráðshópi um ritstuldarvarnir, sem allir háskólar landsins hafa haft samstarf um frá haustinu 2011. Á árinu var unnið áfram að innleiðingu á Turnitin hugbúnaðinum, www.turnitin.com, sem hefur það meginmarkmið að koma í veg fyrir ritstuld og voru tvö námskeið haldin á vegum safnsins í samráði við KHA. Þau sóttu um 30 starfsmenn.

Fyrir vorpróf bauð bókasafnið upp á viðburðinn *Segðu bless við stressið*, þar sem nemendum var boðið axlanudd, að kyrra hugann með jóga og klappa hvolpinum Trausta. Einnig tók bókasafnið virkan þátt í Vísindaskóla unga fólksins í júní-mánuði, þar sem sýning Hjördísar Frímann lék m.a. stórt hlutverk í kennslu þátttakenda. Í ágúst var haldinn starfsmannafundur í Hrísey þar sem farið var yfir starfsemina framundan ásamt því að hlýða á fræðsluerindi um samvinnunám í fjar-námi og um núvitund og samskipti á vinnustöðum, undir stjórn Auðbjargar Björnsdóttur, forstöðumanns KHA, og Gísla Kort Kristóferssonar geðhjúkrunarfræðings.

Á árinu barst bókasafninu bókaþjóf í lögfræði frá Mannréttindaskrifstofu Íslands fyrir milligöngu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.



KENNSLUMIÐSTÖÐ HA

KHA – Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri er nýtt svið innan háskólans sem tók til starfa 1. janúar 2015 skv. ákvörðun framkvæmdastjórnar og háskólaráðs. Hlutverk KHA er að veita kennurum faglega aðstoð við þróun kennsluhátta, hvort sem er í staðar- eða fjarnámi. Það er gert í formi almennrar ráðgjafar og námskeiða og með þróunarstarfi með áherslu á upplýsingatækni og kennslufræði. Einnig falla störf gagnasmiðju HA nú undir verksvið Kennslumiðstöðvar. Þrjú og hálf stöðugildi eru hjá KHA. Forstöðumaður er Auðbjörg Björnsdóttir.

Dagleg störf gagnasmiðju felast í að veita nemendum og starfsfólki háskólans ýmskonar tækniaðstoð, til dæmis við fjarfundi og í kennslustofum. Af öðrum stórum verkefnum ársins má nefna uppfærslu og hönnun sniðmáts fyrir kennslu-kerfi skólans, Moodle. Einnig var unnið að innleiðingu á breytingum á póstkerfi, gagnageymslu og hugbúnaðar-dreifingu til nemenda og starfsfólks. Undirbúin var innleiðing Panopto, nýs upptökukerfis fyrir kennsluefnisgerð. Voru haldin 20 námskeið og ein vinnustofa fyrir kennara og starfsfólk skólans í tengslum við kennslukerfið, áður nefndar innleiðingar og kennslufræði á háskólastigi. Starfsmenn Kennslumiðstöðvar komu líka að skipulagningu og kynningu stoðþjónustu á ný-nemadögum HA.

KHA hefur boðið kennurum að taka þátt í þróunarnámskeiðum þar sem þeir fá aðstoð við að breyta námskeiðum sínum með tilliti til kennslufræði og tækni. Á seinasta skólaári voru þrjú til fimm slík þróunarnámskeið í gangi á hvoru misseri. Sem dæmi var stutt, hagnýtt námskeið þar sem skoðað var samspil hæfnivíðmiða, kennsluaðferða og námsmats. Bolognateymi háskólans kom að námskeiðinu með Kennslumiðstöð. KHA hefur líka leitast við að vinna í samstarfi við aðrar einingar innan skólans, t.d. Bókasafn og upplýsingaþjónustu og Miðstöð skólaþróunar.



Kennslumiðstöð og bókasafn sýndu samstöðu með nemendum í prófatímabili og tóku einn kósídag.

Á myndinni eru: Aftast Kristín Konráðsdóttir bókavörður, þá frá vinstri Astrid Margrét Magnúsdóttir, forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu, Gunnar Ingi Ómars-son verkefnisstjóri, Helgi Freyr Hafþórsson, umsjónarmaður margmiðlunar, Óskar Þór Vilhjálmsson tækniamaður, Sigríður Vilhjálmisdóttir verkefnisstjóri, og fremst Pia Susanna Viinikka verkefnisstjóri.

FÉLAG STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI – FSHA



Félag stúdentanna við Háskólan á Akureyri er félag allra innritaðra stúdentanna. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdentanna, bakland og sameiningartákn deildarféлага þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins. Félag stúdentanna við Háskólan á Akureyri hefur yfirumsjón með atburðum á sviði skemmtana-, íþróttar- og fjölskyldumála og stendur á bakvið undirfélög sín til þess að sinna þessum málaflokkum innan sinna deilda. Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdentanna og vinnur náið með starfsfólki skólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdentana, beint eða óbeint.

Stúdentaráð fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda, tekur bindandi ákvarðanir fyrir framkvæmdastjórn FSHA og fulltrúa félagsins, stendur við bakið á stúdentum í ráðum og nefndum háskólans og er þeim innan handar í embættisstörfum þeirra. Stúdentaráð skipar framkvæmdastjórn og formenn undirfélaganna, sem kosnir eru til eins árs í senn. Formaður Félags stúdentanna við Háskólan á Akureyri er formaður stúdentaráðs og varaformaður er ritari þess. Stúdentaráð setur sér, framkvæmdastjórn og fastanefndum verklagsreglur sem starfað er eftir.

Undir stúdentaráði starfar framkvæmdastjórn FSHA, skipuð formanni, varaformanni og fjármálastjóra FSHA. Fjármál og daglegur rekstur félagsins er á höndum þessara þriggja aðila og skulu þeir meðal annars annast miðlun upplýsinga er varða starfsemi félagsins og hafa samskipti við yfirstjórn sem og utanaðkomandi aðila. Framkvæmdastjórn getur ekki tekið ákvarðanir um skuldbindingar félagsins nema að hafa samþykki meirihluta stúdentaráðs á bak við sig. Framkvæmdastjórnin sér um að halda Höfuðborg, skrifstofu FSHA, opinni fyrir stúdentana alla virka daga.

Fulltrúar FSHA í háskólaráði voru Berglind Ósk Guðmundsdóttir og til vara Aníta Einarsdóttir, en varamaður frá og með maí-mánuði var Grímur Rúnar Lárusson.

Stúdentaráð hélt átta formlega fundi þetta starfsár. Var jafnan fjöldi mála á dagskrá. Farið var yfir fjárhagsáætlun FSHA í byrjun starfsárs, hugað var að verklagsreglum og reynt að tryggja fulla mönnun af hálfu FSHA í öllum nefndum og ráðum innan háskólans sem nemendur skipa fulltrúa í. Styrk-





beiðnir ársins urðu nokkrar en þar ber helst að nefna þau þrjú rit sem fengu styrk, það eru skólablöðin Félagi, rit félagsvísindadeildar, Lögfræðingur, rit lagadeildar, og blað Stafnbúa, félags nema í auðlindafræðum.

Nokkrir fulltrúar stúdentaráðs fóru á Landsþing LÍS – Lands sambands íslenskra súdenta, á Laugarvatni í mars. Guðbjörn Ólsen og Valdemar Karl Kristinsson voru fulltrúar nemenda Háskólans á Akureyri í LÍS. Í október 2014 tóku gerðu formenn aðildarfélaganna úttekt hver á sinni deild og söfnuðu þeir saman punktum um það sem betur mætti fara í deildunum. Framkvæmdastjórn FSHA færði rektor alla punktana og tók hann ábendingum stúdentaráðs fagnandi. Framkvæmdastjórn og rektor hafa frá þeim tíma unnið markvisst að því að vinna úr þeim athugasemdum.

Í október 2015 var haldinn vinnudagur nemenda, sem var vettvangur til þess að ræða bæði skólamál og félagsmál. Veigamesta atriði vinnudagsins var sú spurning hvernig hægt væri að virkja fulltrúa frá nemendum til þátttöku í hinum ýmsu verkefnum. Er það tillaga stúdentaráðs að slíkur fundur verði árlega haldinn öllum nemendum til góða.

Fulltrúar nemenda í gæðaráði hafa lengi beitt sér fyrir því, að opinberaðar verði niðurstöður námskeiðsmat, sem nemendur taka þátt í á hverju misseri. Að mati stúdentaráðs hefur loksins náðst ásættanleg niðurstaða í málinu og ber að fagna því. Þakkar stúdentaráð sérstaklega þeim kennurum og starfsfólki sem hafa sýnt sjónarmiðum nemenda skilning hvað birtingu á niðurstöðum námskeiðsmats varðar.

Framkvæmdastjórn og stúdentaráð samþykktu að efla bæri hreyfingarsal skólans og var ýmsum búnaði bætt við það sem fyrir var. Er salurinn orðinn hinn glæsilegasti. Stúdentaráð samþykkti samstarf við starfsmannafélag HA um að bjóða upp á yogatíma fyrir starfsmenn og nemendur frá og með september 2015 og hefur sú tilraun reynst afar vel. Einnig var nestisaðstaða stúdenta endurbætt með nýjum heimilistækjum bæði á Sólborg og á Borgum. Þá hefur stúdentaráð komið fram með tillögur að frekari umbótum á nemendaaðstöðu með það að markmiði að nemendum líði sem best í skólanum. Rætt er um aukna afþreyingu innan veggja háskólans. Verður það áframhaldandi verkefni stúdentaráðs. Stúdentaráð þakkar kærlega fyrir skemmtilegt samstarf við stúdenta og starfsmenn háskólans.



Stúdentaráð 2014–2015, frá vinstri:

Sigrún Birna Kristjánsdóttir, Hafdis Kristný Haraldsdóttir, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Eggert Páll Einarsson, Guðbjörn Ólsen Jónsson, Þórhildur Edda Eiríksdóttir, Katla Hrund Björnsdóttir, Birgir Marteinsson, Þorsteinn Helgi Valsson.



Stúdentaráð 2015–2016, frá vinstri:

Helga Margrét Jóhannesdóttir, Birgir Marteinsson, Friðrik Már Ævarsson, Axel Trausti Gunnarsson, Unnur Inga Kristinsdóttir, Hrefna Hlín Sigurðardóttir, Andri Dan Traustason, Rannveig Lára Sigurbjörnsdóttir og Berglind Ósk Guðmundsdóttir.





FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA Á AKUREYRI – FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir nemendur og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka námsmannaíbúðir og annast aðra þjónustu við námsmenn. Sérstakar reglur gilda um úthlutun nemendahúsnæðis. Umsóknarfrestur um sum- arvist er til 1. mars og fyrir vetrarvist til 20. júní.

Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

Skarðshlíð 46, með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989,

Klettastíg, með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1993–1994,

Drekagil, þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2000,

Tröllagil, með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004,

Kjalarsíðu, með 40 íbúðum sem teknar voru í notkun í ágúst 2008.

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jónas Steingrímsson.

Stjórn FÉSTA skipuðu:

Halla Margrét Tryggvadóttir, skipuð af Akureyrarbæ

Ólafur Búi Gunnlaugsson, forstöðumaður, skipaður af háskólaráði

Kristín Ágústsdóttir, forstöðumaður, skipuð af háskólaráði

Úlfar Hauksson, forstöðumaður, skipaður af háskólaráði, varafulltrúi

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, tilnefnd af FSHA – Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri

Jón Fannar Ólafsson, tilnefndur af FSHA – Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri.

www.festaha.is

SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Símenntun Háskólans á Akureyri skal leitast við að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi, með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi. Símenntun HA nýtur ekki fjárveitinga frá Alþingi og þarf starfsemi að standa undir útlögðum kostnaði og taka tillit til samkeppnislaga. Eitt stöðugildi er hjá Símenntun við námskeiðahald en umsýsla annarrar þjónustu, er t.d. lýtur að kennsluhúsnæði og fjárhagslegum rekstri, er á vegum háskólaskrifstofu.

Starfsemi ársins var með hefðbundnum hætti en starfsárið byrjar jafnan með aðfaranámskeiðum fyrir nýja háskólanemendur. Námskeiðsframboðið var nokkuð fjölbreytt, má þar nefna svið eins og félags- og heilbrigðisvísindi, uppeldis- og kennslufræði, persónulega færni og nám með starfi. Af tungumálum voru spænska, franska og ítalska kennd, það síðastnefnda með styrk frá ítalska utanríkisráðuneytinu, sem hefur styrkt ítölskukennslu við skólann í mörg ár. Það hefur gert nemendum mögulegt að stunda ítölskunám sér að kostnaðarlausu. Spænskukennarinn okkar til nokkurra ára, Alberto Carmona, flutti aftur til Spánnar og verður skarð hans vandfyllt.

Sem fyrr komu kennarar námskeiða víða að, frá háskólum og úr atvinnulífinu. Samstarf var við ýmsa einstaklinga og stofnanir eins og Akureyrarbæ um námskeið á ákveðnum sérsviðum.

Á vormisseri var skipulagt 31 námskeið og voru 18 þeirra haldin. Hin féllu niður vegna ónógrar þátttöku, þar eð þau hefðu ekki staðið undir sér fjárhagslega. Þrátt fyrir það hlaust af þeim óhjákvæmilegur kostnaður vegna skipulagningar og auglýsinga.

Útskrifaður var 16 manna hópur úr *Verkefnastjórnun – leiðtogapjálfun (Vogl)*, sem er kennt í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf. Þetta nám hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár og hlotið einróma lof þátttakenda. Í náminu er m.a. lögð áhersla á að samtvinna stjórnun og samskiptafærni, sem hefur þótt góð og hagnýt blanda. Fjórdi hópurinn, 20 manns, hóf svo nám í Vogl að hausti.

Á haustmisseri voru 26 mismunandi námskeið skipulögð og af þeim voru 20 haldin, auk þess sem átta nemendur stunduðu nám á tveimur námslínunum á meistarastigi við heilbrigðisvísindasvið og verður vonandi framhald á þeim möguleika við Símenntun. Starfsemi haustsins hófst samkvæmt venju með

aðfaranámskeiðum fyrir nýja háskólanemendur, í staðar- og fjarkennslu víðs vegar um landið. Námskeiðin voru í efnafræði, Excel, fræðilegri ritun og stærðfræði.

Eins og undanfarin ár sækja mun fleiri konur en karlar námskeið hjá Símenntun og eru námskeið sem tengjast börnum og unglingum vinsælust. Á árinu taldi nemendahópurinn um 600 manns, sem er heldur meira en á síðasta ári. Þátttakendur á námskeiðum eru á öllum aldri, en fjölmennustu hóparnir eru á aldursbilinu 40 til 55 ára. Framboð á fræðslu og afþreyingu fer stöðugt vaxandi hér sem annars staðar og samkeppnin er því mikil, sem gerir kröfur um að framboð sé fjölbreytt og þjónustan góð og sveigjanleg. Öflugt og fjölbreytt kynningarstarf er einnig nauðsynlegt.

Símenntunarstjóri HA var Elín Margrét Hallgrímsdóttir.



SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐIN VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI – SHA

Meginmarkið SHA er öflun og miðlun upplýsinga á sviði sjávarútvegs milli skóla, stofnana og atvinnulífs og þannig að styðja við stefnu Háskólans á Akureyri í þeim efnum. Miðstöðin hefur um hálf tugið og við það bætast hlutastöður við kennslu í sjávarútvegsfræðum og tímabundin stöðugildi vegna rannsóknar- og verkefnastyrkja. Forstöðumaður SHA er Hreiðar Þór Valtýsson, sem jafnframt er lektor við auðlindadeild HA. Auk hans störfuðu Hörður Sævaldsson, Eiríkur Páll Aðalsteinsson og Bjarni Eiríksson við miðstöðina á árinu 2015. Allir eru þeir sjávarútvegsfræðingar. Nánari upplýsingar um Sjávarútvegsmiðstöðina má finna á vefsíðu hennar,

<http://www.sjavar.is>.

Helstu verkefni starfsfólks SHA árið 2015 voru:

- **Kennsla í grunn- og framhaldsskólum.** Starfsmenn SHA tóku þátt í kennslu á skólaskipinu Húna II. Þeir hafa einnig haldið fyrirlestra um mikilvægi sjávarnýtja og um lífríki sjávar við Ísland fyrir nemendur Menntaskólans á Akureyri.
- **Kennslubók, Íslenskur sjávarútvegur á 21. öld – Verðmæti úr hafinu.** Sjávarútvegsmiðstöðin hefur fengið styrki til að rita rafbækur um sjávarútveg fyrir grunn- og framhaldsskóla. Þær fyrstu koma út í byrjun árs 2016.
- **Neðansjávarmyndbönd. Lífríkið í sjónum við Ísland.** SHA var meðumsækjandi í verkefni sem fékk styrk úr Rannsóknasjóði síldarútvegsins. Gerð voru tuttugu stutt myndbönd á árinu um lífríkið neðansjávar. Sjá má myndböndin á slóðinni: <https://www.youtube.com/user/ErlendurBogason>.
- **Myndbönd, Störf í uppsjávariðnaði.** SHA var meðumsækjandi í verkefni sem fékk þriggja milljón króna styrk úr Rannsóknasjóði síldarútvegsins. Gerð verða 8–10 myndbönd um störf í uppsjávariðnaði. Verkefninu verður skilað í júlí 2016.
- **Gagnagrunnar.** Starfsmenn SHA hafa safnað að sér ýmsum gagnagrunnum um fiskveiðar hérlandis sem erlendis. Sem dæmi eru upplýsingar um útflutningsmagn og tekjur af sjávarafurðum á Íslandi og í Noregi og upplýsingar um aflabróð í heiminum frá 1950 (FAO). Einnig hafa verið teknar saman nákvæmar upplýsingar um aflabróð við Ísland frá byrjun 20. aldarinnar.
- **Norðurslóðasamstarf.** SHA leiðir alþjóðlegt samstarfsnet sjávarútvegstengdra háskóla á norðurslóðum: <http://www.uarctic.org/organization/thematic-networks/arctic-fisheries-and-aquaculture/> Sérfræðingar SHA hafa verið virkir á sviði fiskveiða á norðurslóðum. Margt af því sem talið er upp hér að neðan tengist þessu málefni. Sérfræðingar SHA fluttu fyrirlestra á ýmsum vettvangi um fiskveiðar á norðurslóðum. Þar má nefna erindi á alþjóðlegri ráðstefnu í Sjanghai í Kína og málstofu í Tromsø í Noregi.

• **Nordmarine.** Verkefninu lauk á árinu. Það fékk styrk frá Norrænu ráðherranefndinni (Arctic cooperation Programme) og frá sjóði utanríkisráðherra Noregs og Íslands. Ávöxtur þessa er samstarfsnet sjávarútvegstengdra háskóla á norðurslóðum. Alþjóðlegur áfangi, FIF1306, um fiskveiðar á norðlægum slóðum, verður kenndur í samstarfi HA/SHA, St. Johns University, Nýfundnalandi og Norges Arktiske Universitet í Tromsø á vorönn 2016. Einnig leiddi þetta samstarf til þess að nemendur í sjávarútvegsfræði við HA eiga nú greiða leið í framhaldsnám í sjávarútvegsfræði í Tromsø.

• **Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna – UNU-FTP.** HA er stofnaðili að UNU – FTP og síðan 2006 hefur HA séð um námskeið í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og markaðssetningu á sjávarafurðum. Starfsmenn SHA tóku þátt í endurskoðun á námskeiðinu í samstarfi við HÍ og var það kennt um haustið. Sérfræðingar SHA fluttu fyrirlestra fyrir nemendur UNU – FTP og leiðbeindu þeim í lokaverkefnum. Stafsmáður SHA hafði einnig umsjón með nemendum sem dvöldu á Akureyri.

• **Sjávarútvegsráðstefnan.** Sérfræðingar SHA sáu um stjórn einnar málstofu á ráðstefnunni og tólfuðu auk þess nokkra fyrirlestra. Auk þess hefur SHA komið að skipulagi á framlagi nemenda í sjávarútvegsfræðum á ráðstefnunni, þ.e. aðstoð við framkvæmd.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA

Árið 2015 fór í það að efla og styrkja innra starf miðstöðv-
arinnar auk þess að sinna rannsóknum. Fyrri hluta árs 2015
veitti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið Háskólanum
á Akureyri 30 mkr. framlag til eins árs til rannsókna í ferða-
málum. HA óskaði eftir aðstoð RMF við val á rannsóknar- og
nýsköpunarverkefnum í ferðamálum og undirbúning áætlana
fyrir þau. Fjögur verkefni urðu fyrir valinu. Áhersla var lögð á
verkefni sem hægt væri að hefja strax og voru brýn. Yfirverk-
efnastjórn verkefnanna er í höndum starfsfólks RMF en þau
eru öll unnin í samstarfi við aðrar stofnanir og hagsmunaaðila.

Rannsóknamiðstöðin stóð fyrir 24. Norrænu ferðamálaráð-
stefnunni, sem haldin var í Reykjavík, en hún er einn stærsti
og umfangsmesti viðburður sem RMF hefur skipulagt fram til
þessa. Í tengslum við hana var haldið sérstakt námskeið fyr-
ir doktorsnema. Auk þess stóð RMF á árinu fyrir örráðstefnu
og málstofum, í samvinnu við meðal annars viðskipta- og
raunvísindadeild Háskólans á Akureyri, Ferðamálastofu, Land-
græðslu ríkisins, Markaðsstofu Norðurlands, og við Norræna
húsið vegna Fundar fólksins, svo eitthvað sé nefnt.

Starfsfólk RMF á árinu 2015:

Á Akureyri, með aðsetur á Borgum:

Edward H. Huijbens sérfræðingur

Iris Homan, skiptinemi í starfsþjálfun frá Háskólanum í Wagen-
ingen í Hollandi

Gyða Þórhallsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands

Kristinn Berg Gunnarsson sérfræðingur

Kristín Sóley Björnsdóttir forstöðumaður

Mareike Scheller, skiptinemi í starfsþjálfun frá Háskólanum í
Greifswald í Þýskalandi

Þórný Barðadóttir sérfræðingur

Í Reykjavík með aðsetur í Öskju:

Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur

Cristi Frenç sérfræðingur.

Auk þess sinna eftirtaldir aðilar verkefnum fyrir RMF: Guðrún
Þóra Gunnarsdóttir, Háskólanum á Hólum, Johannes T. Welling,
Rannsóknasetri HÍ á Höfn í Hornafirði, og Lilja Berglind Rögn-
valdsdóttir, Rannsóknasetri HÍ á Húsavík.

Stjórnarfundir á árinu voru þrír. Formaður og varaformaður
stjórnar unnu þétt við hlið forstöðumanns allt árið.

Í stjórn RMF árið 2015 áttu sæti:

Rögnvaldur Ólafsson, HÍ, formaður stjórnar

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, HA, varaformaður

Ögmundur Knúttsson, HA

Rannveig Ólafsdóttir, HÍ

Bjarnheiður Hallsdóttir, Samtökum ferðapjónustunnar

Georgette Leah Burns, Háskólanum á Hólum

Oddný Þóra Óladóttir, Ferðamálastofu

Rannsóknarverkefni ársins

Verkefni sem fjármögnuð voru í gegnum RMF og unnin
annars staðar

Verkefni	Tengiliður	Stofnun
<i>Umbreytingar: ferðapjónusta, staður og sjálfsemd</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir	Háskólinn á Hólum
<i>Þróun ferðamannastaða og þol- mörk ferðamanna</i>	Anna Dóra Sæþórsdóttir	Háskóli Íslands
<i>Ferðamennska, landslag og loft- lagsbreytingar á Íslandi</i>	Johannes T. Welling	Háskóli Íslands
<i>Ferðapjónusta í byggðum landsins</i>	Lilja B. Rögnvaldsdóttir	Háskóli Íslands, rannsóknarsetur á Húsavík

Verkefni unnin á RMF

Verkefni	Tengiliður
<i>Viðhorf Íslendinga til ferðapjónustu</i>	Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir
<i>Rýning á forsendum hliðarreikninga ferðapjónustu á Íslandi: Hvaða gögn liggja fyrir til að greina hagræn áhrif ferðapjónustu? Hversu skýr eru gögnin með tilliti til einstakra landshluta eða svæða?</i>	Cristi Frenç
<i>Ferðamennska, jarðminjar og skart (NordMin) – for- verkefni</i>	Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir
<i>Áhrif Hvalárvirkjunar á ferðamennsku og útivist</i>	Hjalti Jóhannsson og Kristín Sóley Björnsdóttir
<i>Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObe- WELL): Að tengja saman rannsóknir á heilsutengdri þjónustu og athuga hvernig þær nýtast í ferðamennsku, þ.e. framboði á afþreyingu og útivist. Bætt heilsa og vel- líðan með samlífi við auðlindir náttúru og sjálfbæra nýtingu vistkerfa.</i>	Edward H. Huijbens
<i>Slow adventure tourism og SAINT 2015: Að bera kennsl á vörur og þjónustu sem snúast um „yndis-ævintýri“ (e. slow adventure) á norðurlöðum og hvað það er sem einkennir þessar ferðir</i>	Edward H. Huijbens
<i>Norðurlóðasamstarf. RMF er virkur þátttakandi í norðurlóðasamstarfi fræðafólks í ferðamálum með þátttöku í International Polar Tourism Research Network – IPTRN</i>	Edward H. Huijbens



Verkefni unnin fyrir fjárframlag frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu

Verkefni	Tengiliðir
<i>Samfélagsleg áhrif ferðapjónustu – Mývatnssveit, Höfn, Siglufjörður</i>	Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Kristín Sóley Björnsdóttir
<i>Efnahagsleg áhrif ferðapjónustu – Húsavík, Mývatnssveit, Höfn, Siglufjörður</i>	Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir og Kristín Sóley Björnsdóttir
<i>Markhópagreining – gerð markhópalíkans</i>	Kristín Sóley Björnsdóttir, Edward H. Huijbens og Þórný Barðadóttir
<i>Dreifing ferðamanna um landið</i>	Rögnvaldur Ólafsson, Gyða Þórhallsdóttir og Kristín Sóley Björnsdóttir

Nánari lýsingu á verkefnunum er að finna í ársskýrslu á vef RMF. Ennfremur ítarlegt yfirlit yfir útgefið efni, fyrirlestra, erindi, ráðstefnur, málþing og vinnufundi.

www.rmfi.is



RANNSÓKNAPING NORÐURSINS, NORTHERN RESEARCH FORUM – NRF



Markmið NRF er að skapa vettvang fyrir umræður um málefni norðurslóða og að auka samvinnu vísindamanna og hagsmunaaðila á norðurslóðum. Viðfangsefnin eru margvísleg, svo sem loftslagsbreytingar, sjálfbær þróun, nýting auðlinda, menntun, heilsa og öryggi.

Að NRF standa sex norðurskautslönd, þ.e. Ísland, Finnland, Noregur, Kanada, Bandaríkin og Rússland. Níu manna stjórn stýrir NRF með fulltrúum frá ofangreindum löndum og eru Ísland, Kanada og Bandaríkin með tvo fulltrúa hvert. Stjórnarformaður er dr. Lassi Heininen frá Finnlandi. Skrifstofa NRF er staðsett hjá RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, sem rekur skrifstofuna samkvæmt þjónustusamningi við Háskólann á Akureyri. Framkvæmdastjóri skrifstofunnar er Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, sem jafnframt er forstöðumaður RHA.

Til að uppfylla markmið sín skipuleggur NRF rannsóknarþing, *The Arctic Council*, á tveggja til þriggja ára fresti í aðildarríkjum Norðurskautsráðsins. Forsvarsmenn NRF hvetja til að tekið sé heildrænt á málefnum norðursins og að reynsla og velferð samfélaga og fólks á svæðinu séu höfð að leiðarljósi. Því er leitast við að tryggja þátttöku frá sem flestum sviðum samfélagsins á rannsóknarþingunum. Þátttakendur eru m.a. vísindamenn, stjórnmalamenn, embættismenn, sveitarstjórnarmenn, frumbyggjar og síðast en ekki síst ungir vísindamenn. Nokkrir ungir vísindamenn hljóta styrk til að sækja hvert þing og gegna þar veigamiklu hlutverki. Að auki miðlar NRF upplýsingum í gegnum heimasíðu sína, www.nrf.is, og fésbókarsíðu, <https://www.facebook.com/NorthernResearchForum/>.

Rannsóknarþing NRF 2015

NRF hélt 8. rannsóknarþing sitt í samstarfi við *Trans Arctic Agenda* en það verkefni er undir rannsóknasetri um norðurslóðir sem tilheyrir alþjóðamálstofnun Háskóla Íslands.

Yfirskrift rannsóknarþingsins var: *Engaging cultural heritage when building resilience – the 8th NRF open assembly*. Málþingið var haldið í aðdraganda Arctic Circle dagana 14. og 15. október á Radisson Blue Hótel Saga. NRF styrkti fjóra unga vísindamenn, tvær konur og tvo karla, til að koma og taka þátt í ráðstefnunni og flytja erindi. Málþingið tókst vel og var það vel sótt. Samantekt um rannsóknarþingið og dagskrá má nálgast á slóðinni: <http://www.rha.is/nrf/open-assemblies/reykjavik-2015>.

Alþjóðaráðstefnan *Arctic Circle* var haldin í þriðja sinn í ráðstefnu- og menningarhúsinu Hörpu í Reykjavík 16. til 18. október. NRF tók virkan þátt í undirbúningi og stóð fyrir málstofu með yfirskriftinni *Arctic Traditional Music and Cultural Integrity*. Samstarfsaðilar voru eftirfarandi: RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Þjóðlist ehf., Listaháskóli Íslands og Norðurslóðanet Íslands. Til viðbótar stóð NRF fyrir þremur málstofum í samvinnu við *The GlobalArctic Project*, en þær báru eftirfarandi titla:

- *Building Arctic Resilience – Global Warming and Arctic Resource Extraction.*
- *Building Arctic Resilience – Asia and the Northern Sea Route: Trade, Logistics and Actors.*
- *Building Arctic Resilience – The Nexus of Resilience, Sustainable Development and Resource Management.*

Málstofurnar tókust allar vel og voru vel sóttar.

Að venju var NRF þátttakandi í árlegum verkefnum eins og Calotte Academi og Jokkmokk vetraráðstefnunni í Finnlandi. Skrifstofa NRF hélt að auki kynningarfundum á árinu og tók á móti gestum og sendinefndum.

NRF tók þátt í útgáfu á *Arctic Yearbook 2015* ásamt Háskóla Norðurslóða og Arctic Portal á Akureyri. Útgáfuhófi var í bandaríska sendiráðinu þann 16. október. Bókin er aðgengileg á slóðinni: <http://www.arcticyearbook.com/>



SAMNINGAR

Í skránni hér á eftir er getið nokkurra helstu samninga sem Háskólinn á Akureyri gerði á árinu. Fyrst er getið um samningsaðila, síðan eðli samningsins, gildistíma og loks dagsetningu undirskriftar. Auk þessa hafa deildir og svið gert fjölda samstarfssamninga, m.a. við erlendar stofnanir og háskóla.

HA og dr. Nikolai Gagunashvili gestaprófessor.

Samningur um aðstöðu við HA. 7. jan. 2015.

HA, Háskóli Íslands, University of Greenland, University of The Faroe Islands, University of Nordland.

Samningur um *Nordic Master's Programme, West Nordic Studies*, 2015–2017. 8. janúar 2015

HA, Norðurlóðanet Íslands og Western Kentucky University.

Samstarfssamningur um málefni sem varða loftslagsbreytingar í heiminum. 23. mars 2015.

HA og Flugfélag Íslands.

Samningur um eflingu rannsóknna við Háskólann á Akureyri. Gildir til 27. mars 2018. 27. mars 2015.

HA og Akureyrarbær.

Rammasamningur um kaup á þjónustu sem lýtur að rannsóknnum og úttektum sem og faglegri ráðgjöf um skólaþróun í leik- og grunnskólum Akureyrar. Gildir til 1. jan. 2018. 18. apríl 2015.

HA og Akureyrarbær.

Samningur um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla á Akureyri, skv. nánari skilgreiningu. Gildir til 1. jan. 2018. 18. apríl 2015.

HA, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins – HH og velferðarráðuneytið.

Samningur um samstarf um sérnám fyrir hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu. Gildir til 1. jan. 2016. 30. apríl 2015.

HA og Tokyo University of Marine Science and Technology.

Samningur um nemendaskipti. 11. maí 2015.

HA og Gæðastjórnunarfélag Norðurlands

Samkomulag um samstarf að verkefnum sem lúta að eflingu fræðslu um gæðamál. Gildir til 20. maí 2017. 26. maí 2015.

HA og KPMG ehf.

Samningur um vinnu við staðfestingu fjárhagsupplýsinga (í tengslum við samstarfssamning HA og Wyższa Szkoła Bankowa w Poznaniu). 29. maí 2015.

RHA og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Þjónustusamningur um umsýslu Sprotasjóðs. Gildir til 30. júní 2018. 25. júní 2015.

HA og Stefna hugbúnaðarhús.

Þjónustusamningur. 29. júní 2015.

HA og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Samningur um rannsókn á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu (Húsavík, Höfn, Siglufjörður). 16. júlí 2015.

HA og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Samningur um rannsókn á markhópagreiningu í ferðaþjónustu. 16. júlí 2015.

HA og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Samningur um rannsókn á dreifingu ferðamanna um landið. 16. júlí 2015.

HA og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Samningur um rannsókn á samfélagslegum áhrifum ferðaþjónustu. 16. júlí 2015.

Stofnanasamningur HA við Félag háskólakennara á Akureyri – FHA.

11. ágúst 2015.

HA og Byggðastofnun.

Samningur um tengilið fyrir ESPON 2020. Sept. 2015.

HA og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Rammasamningur um Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri. Gildir til 25. okt. 2018. 25. okt. 2015.

HA og FSHA – Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri.

Samningur um starfsemi FSHA 2015–2016. 3. nóv. 2015.

HA og FÉSTA – Félagsstofnun stúdenta á Akureyri.

Samningur um rekstur námsmannaíbúða 2015–2016. 16. nóv. 2015.

HA og RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Verksamningur. Áhrif aflamagns sem dregið er frá heildarafla á byggðafestu. 19. nóv. 2015.

HA og Nortek ehf.

Þjónustusamningur um sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi. Gildir til 29. des. 2018. 29. des. 2015.

HA og Ríkiseignir, húsaleigusamningur vegna húsnæðis á 1., 2. og 4. hæð Borga.

30. desember 2015.

HA og ýmsir aðilar, samningar um stuðning við kennslu í tölvunarfræði við HA 2015–2017. Eftirtaldir aðilar eru:

Dekkjahöllin ehf., CCP hf., Ferrozink hf., Landsbankinn hf., útibúið á Akureyri, Netkerfi og tölvur ehf., Rafeyri ehf., Rafntákn ehf., Samherji Ísland ehf., T plús hf., Tengir hf., Þekking – Tristan hf., Þula norrænt hugvit.

STYRKIR OG GJAFIR

Gjafir

Bókasafn HA tók á móti bókaþjóf í lögfræði frá Mannréttinda-skrifstofu Íslands fyrir milligöngu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Styrkir

Styrkir til Vísindaskóla unga fólksins.

Fjöldmargir styrku skólann á fyrsta rekstrarári hans. Styrktar-aðilar voru:

Goði, Kjarnafæði, Kristjánbakarí, Ekran ehf., Hnýfill ehf., Matur og mörk ehf., MS – Mjólkursamsalan ehf., Nettó, N4, Blómabúð Akureyrar ehf., Útgerðarfélag Akureyringa, Stefna hugbúnað-arhús, Lostæti, Sérleyfisbílar Akureyrar, Góðvinir HA, Rótary-klúbbur Akureyrar, Lionsklúbburinn Hængur, Lionsklúbburinn Ösp, Akureyrarbær, Háskólinn á Akureyri-Sigrún Stefánsdóttir, Norðurorka hf., Raftákn og Kaupfélag Eyfirðinga.

Á fullveldishátíð í HA þann 1. desember afhentu Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, og Eyjólfur Guðmundsson rektor styrki úr Háskólasjóði KEA. Að þessu sinni voru veittir tólf rannsóknarstyrkir, samtals að upp-hæð 4,5 mkr. Þetta var í þrettánda sinn sem úthlutað var úr sjóðnum. Eftirtalin verkefni fengu styrk:

Ársæll Már Arnarson. *Lífshættir og óhættuþegðun unglunga í alþjóðlegum samanburði (ESPAD)*. Kr. 400.000.

Guðmundur Alfreðsson. *Heimskautaréttarþingið* 2016. Kr. 400.000.

Hafðís Skúladóttir. *Áhrif verkjameðferða á þremur endurhæf-ingardeildum á Íslandi*. Kr. 250.000.

Hjörleifur Einarsson. *Stofna- og efnagreining á þörungum úr Mývatni*. Kr. 400.000.

Hörður Sævaldsson. *Ráðstefna við Háskólann á Akureyri, Sjáv-arútvegur á Norðurlandi*. Kr. 300.000.

Ingibjörg Sigurðardóttir. *Námsefni í íslensku sem annað mál*. Kr. 400.000.

Kjartan Ólafsson. *Fjölmiðlanotkun íslenskra barna í alþjóðlegu samhengi*. Kr. 400.000.

Marta Einarsdóttir. *Einstæðir ofurfórelðrar – samræming fjöl-skyldur og atvinnulífs*. Kr. 300.000.

Rachael Lorna Johnstone. *The Arctic in the 21st Century*. Kr. 400.000.

Ragnar Stefánsson. *Undirbúningur og virk þátttaka í Ráðstefnu um jarðskjálfta á Norðurlandi 2016*. Kr. 300.000.

Miðstöð skólaþróunar og kennaradeild Háskólans á Akureyri. *Hugleikur – samræður til náms*. Kr. 400.000.

Þóroddur Bjarnason. *Byggðaðpróun á Íslandi í alþjóðlegu ljósi*. Kr. 400.000.

Í janúar var úthlutað úr Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri. Úthlutað var styrkjum að upphæð samtals 14.090.000. kr.

Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir. *Íslenska ofurfjöl-skyldan – samræming fjölskyldu og atvinnu*. Kr. 1.000.000.

Ársæll Már Arnarson. *Evrópska vímuefnarannsóknin (ESPAD)*. Kr. 1.000.000.

Árún K. Sigurðardóttir og Ingibjörg Hjaltadóttir. *Skráning upp-lýsinga um umönnun fólks með sykursýki á hjúkrunarheim-ilum á Íslandi: Þekking starfsfólks á sykursýki*. Kr. 290.000.

Brynhildur Bjarnadóttir og Bjarni E. Guðleifsson. *Áhrif hlýnunar loftslags á háfjallagróður*. Kr. 530.000.

Elín Díanna Gunnarsdóttir og Sólveig Ása Árnadóttir. *Heilsu-tengdir hagir aldraðra í dreifbýli og þéttbýli*. Kr. 350.000.

Grétar Þór Eypórsson. *COST Action IS1207. Umbreytingar á sveitarstjórnarstigi. Alþjóðlegur samanburður. Sérfræðihópur III: Umbreytingar á skipan sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga*. Kr. 300.000.

Guðmundur H. Frimannsson og Trausti Þorsteinsson. *Rann-sóknasetur um læsi*. Kr. 500.000.

Hafðís Skúladóttir og Sigríður Halldórsdóttir. *Væntingar og ávinningur verkjameðferðar á endurhæfingardeild*. Kr. 800.000.

Hilmar Þór Hilmarsson. *Submarine Cable from Iceland to Europe: Is Proper Possible Risk mitigation Possible?* Kr. 340.000.

Hjalti Jóhannesson og Andrea S. Hjálmsdóttir. *Vaðlaheiðar-göng: Breytingar á atvinnusókn kvenna og karla*. Kr. 690.000.

Hjörleifur Einarsson og Arnheiður Rán Almarsdóttir. *Könnun á eiginleikum þörungum úr Mývatni*. Kr. 560.000.

Hreiðar Þór Valtýsson og Bjarni Eiríksson. *Uppruni aflaganga af Íslandsmiðum*. Kr. 570.000.



Ingibjörg Auðunsdóttir, Kjartan Ólafsson og Rúnar Sigþórsson. *Reynsla foreldra af samstarfi við skóla um læsissám barna sinna*. Kr. 950.000.

Jóhann Örlýgsson og Sean Scully. *Framleiðsla greinóttra alkóhóla úr aminosýrum*. Kr. 850.000.

Oddur Vilhelmsson. *Jökullíftækni: Kuldakærar lífhreinsibakteríur úr Vatnajökulsþjóðgarði*. Kr. 900.000.

Rachael Lorna Johnstone. *Áreiðanleikakönnun*. Kr. 390.000.

Sigríður Halldórsdóttir, Kristín Sóley Sigursveinsdóttir, Sara Stefánsdóttir og Sonja Stelly Gústafsdóttir. *Fagleg færni iðjuþjálfar við útskrift*. Kr. 800.000.

Sigríður Halldórsdóttir, Gísli Kort Kristófersson, Hafdís Skúladóttir, Sigríður Inga Karlsdóttir og Þorbjörg Jónsdóttir. *Fagleg færni hjúkrunarfræðinga við útskrift*. Kr. 800.000.

Sigríður Margrét Sigurðardóttir og Anna Þóra Baldursdóttir. *Meistaránám í skólastjórnun, starfsþróun, starfshæfni, starfshættir*. Kr. 350.000.

Sólveig Zophoníasdóttir, Guðmundur Heiðar Frímannsson, Jenný Gunnbjörnsdóttir og Jórunn Elísdóttir. *Hugleikur – samræður til náms*. Kr. 720.000.

Þorlákur Axel Jónsson og Brynhildur Bjarnadóttir. *Hvað stýrir umhverfissvitund unglina á norðurlóðum*. Kr. 500.000.

Ögmundur Knútsson og Helgi Gestsson. *Samanburður á virðisæðjum í sjávarútvegi á Íslandi, Alaska og í Nýfundnalandi*. Kr. 900.000.

Nýsköpunarsjóður námsmanna.

Magnús Örn Stefánsson. Háskólinn á Akureyri. *Uppsköpun rækta vegna framleiðslu á fjölmöttum omega-3 fitusýrum með sjávarfrumverum*. Kr. 699.000.

Oddur Þór Vilhelmsson. Háskólinn á Akureyri. *Jökullíftækni: Kuldakærar lífhreinsibakteríur úr Vatnajökulsþjóðgarði*. Kr. 699.000.

Rannveig Björnsdóttir og Ásta Margrét Ásmundsdóttir. Matís ohf./Háskólinn á Akureyri. *Rannsókn á lífvirkni slíms úr innvolsi fiskiaugna og möguleikar á nýtingu augnslímsins við þróun nýrra afurða*. Kr. 1.398.000.

Rannveig Björnsdóttir, Edda Kamilla Örnólfsdóttir og Ásta Margrét Ásmundsdóttir. Matís ohf./Háskólinn á Akureyri, Hólavátn, Háskólinn á Akureyri. *BLAÐKAN – þróun hreinsiefna og skordýrafælu úr blaði rabarbarans*. Kr. 699.000.

Orkurannsóknarsjóður Landsvirkjunar.

Fjórir rannsóknarstýrki komu í hlut starfsfólks Háskólans á Akureyri. Einn nemandi við HA og HÍ fékk styrk til doktorsnáms. Úthlutað var úr sjóðnum þann 11. febrúar.

Oddur Vilhelmsson. *Umhverfislíftækni á Norðurlóðum – kuldavirkar lífhreinsibakteríur úr íslenskri náttúru*. Verkefnið snýr að því að auka þekkingu á örverulífri íslenskra vistgerða með áherslu á bakteríur sem geta brotið niður mengunarefni við kaldr aðstæður. Auk Odds koma Anett Blischke, Kristinn P. Magnússon og Guðný Vala Þorsteinsdóttir að verkefninu. Kr. 2.500.000.

Brynhildur Bjarnadóttir. *MÝRVIÐUR – Loftslagsáhrif skógræktar á framræstu mýrlendi*. Verkefnið gengur út á að rannsaka skóga og framræstar mýrar með tilliti til losunar á gróðurhúsalofttegundum. Samstarfsaðilar Brynhildar í verkefninu koma frá Landbúnaðarháskóla Íslands og Rannsóknastöð skógræktar ríkisins. Kr. 2.500.000.

Jóhann Örlýgsson. *Next Generation Biofuels from Protein-rich Biomass*. Verkefnið snýr að notkun hitakærra baktería til að framleiða greinótt alkóhól úr próteinríkum úrgangi. Samstarfsaðilar Jóhanns eru Jan Eric Jessen og Sean Scully. Kr. 3.600.000.

Máney Sveinsdóttir, styrkur til doktorsverkefnis. *Visterfðamengjafræði íslensku rjúpunnar*. Aðalleiðbeinandi Máneyjar er Kristinn P. Magnússon.

Jafnréttissjóður á vegum forsætisráðuneytisins.

Þann 24. október fór fram úthlutun styrkja til rannsókna á sviði kynja- og jafnréttisfræða.

Veittir voru sex styrkir, þeir hæstu 3,2 mkr. Styrkur að þeirri upphæð kom í hlut Markus Meckl, prófessors við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, til rannsóknarinnar *Adjusting masculinities and femininities. Gender perspectives on immigration in Iceland*. Auk Markusar vinna að rannsókninni Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor við HÍ, Kjartan Ólafsson, lektor við HA og Stéphanie Barillé, doktorsnemandi við HÍ.

Sjá einnig styrkveitingar til RHA – Rannsóknamiðastöðvar Háskólans á Akureyri á bls. 40.

EITT OG ANNÐ



Aðalheiður Hanna Björnsdóttir, BEI í kennarafræði frá HA, hefur hannað námsspil á grunni lokaverkefnis síns frá háskólanum. Spilið heitir *Frá toppi til táar* og er um líffræði mannsins, ætlað nemendum á miðstigi grunnskóla en nýtist líka eldri nemendum. Spilinu er ætlað að vekja áhuga og auka þekkingu nemenda ásamt því að stuðla að fjölbreyttum kennsluáðferðum í náttúrufræði. Það er byggt á kennslufræðilegum áherslum námsefnis í líffræði og áherslum aðalnámskrár grunnskóla. Námsgagnastofnun gefur spilið út.

Aðalheiður Hanna hefur starfað við grunnskóla í Reykjanesbæ og færði hún öllum sex skólunum eintak af spilinu. Gylfi Jón Gylfason fræðslustjóri þakkaði henni þessa höfðinglegu gjöf.



Frá úthlutun úr orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar 11. febrúar.

Í febrúar fór fram árleg úthlutun úr orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar. Að þessu sinni komu fjórir styrkir til HA. Þeir komu í hlut Odds Vilhelmssonar prófessors, Brynhildar Bjarnadóttur lektors, Jóhanns Örlýgssonar prófessors, og Máneyjar Sveinsdóttur nema. Sjá nánar um verkefnið á bls. 55.



Hin árlega Atvinnu- og nýsköpunarhelgi fór fram í HA 13.–15. febrúar. Um er að ræða samvinnuverkefni HA, Akureyrarstofu, Stefnu Hugbúnaðarhúss og Tækifæris hf. Atvinnu- og nýsköpunarhelgi er vinnustofa fyrir aðila með viðskipta-hugmyndir. Þátttakendur fá tækifæri til að útfæra hugmyndir sínar svo að úr verði atvinnuskapandi fyrirtæki eða grein.

Margar nýsköpunarhugmyndir voru kynntar. Veitt voru verðlaun fyrir fimm bestu hugmyndirnar. Þær voru:

TA tagvélar, að því stóð Gísli Steinar Jóhannesson. Verkefnið snýr að því að hanna tölvustýrða togvél sem nýtist einkum snjóbrettafólki.

Rabarbaraverksmiðja, hugmynd Eddu Kamillu Örnólfsdóttur. Verkefnið miðar að því að auka rabarbaraframleiðslu í landinu, minnka þar með innflutning á rabarbara og hefja útflutning á íslenskum rabarbara.

Speni er hugmynd Halldórs Karlssonar, færanlegt mjólkurbú til að gera bændum kleift að stunda heimaframleiðslu á mjólkurafurðum fyrir markað.

Verkefnið *Orðflokkgreiningarforrit* hlaut hvatningarverðlaun. Höfundur þess er Sigurður Friðleifsson. Verkefnið snýst um orðflokkgreiningu, að gera hana meira spennandi.

Á myndinni eru verðlaunahafar ásamt dómnefndinni, en hana skipuðu þau Albertína F. Elíasdóttir frá Akureyrarbæ, Eyjólfur Guðmundsson rektor, Jón Steindór Árnason frá Tækifæri hf. og Soffía Gísladóttir frá Vinnuálastofnun.



Verkefnið *Aukin verðmæti úr vinnslu á karfa (Sebastes) – Rannsókn á efnsamsetningu og lífvirkni slíms úr karfaaugum* var meðal framúrskarandi verkefna sem tilnefnd voru til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands. Höfundur þess er Friðrik Þór Bjarnason, sjávarútvegsfræðingur frá HA, meistaranemi í fiskeldi við Universitetet i Nordland, Bodø, Noregi. Samstarf er við HA og Matís ohf. Alls voru fimm verkefni tilnefnd til verðlaunanna. Öll verkefni fengu viðurkenningu.



Háskóladagurinn var haldinn í Reykjavík laugardaginn 28. febrúar. HA var með námskynningu á Háskólatorgi HÍ, neðri hæð. Nemendur HA tóku virkan þátt og einnig margir úr starfslíðinu. Þátttakan var skipulögð af markaðs- og kynningarsviði.



Snorri Eldjárn Hauksson og Berglind Ósk Guðmundsdóttir, nemendur HA .

EITT OG ANNÐ



F.v.: Rósa Margrét Hünadóttir og Heiða Kristín Jónsdóttir.



F.v.: Oddur Vilhelmsson, Stefán Sigurðsson, Sigurður Óli Kristinsson og Steinar Rafn Beck.

Um morguninn þann 20. mars urðu nemendur og starfsfólk vitni að mesta sólmyrkva sem sést hefur hér á landi frá 1954. Um var að ræða mjög verulegan deildarmyrkva. Á Akureyri náði myrkvinn hámarki kl. 09.41 og huldi tunglið þá 97,8% af sólinni. Veður var gott og margir fylgdust með þessum sögulega viðburði frá útsýnisstöðum við háskólann. Aflagðir floppydiskar komu að góðum notum sem augnhlífar. Með þeim var hægt að horfa á sólmyrkvann án óþæginda. Búið er við næsta almyrkva sólu, sem sjást mun í Evrópu, árið 2026.





Í júní 2014 tók rektor HA á mótí gjöf frá væntanlegum samstarfsaðila, Western Kentucky University – WKU, það var skrauteplatré af tegundinni Malus' Golden Hornet, keypt á Akureyri. Trénu var plantað sunnan við O-hús á Sólborg. Ári síðar fékk tréð enska verkefnisheitið *Tree of Change* en það hefur ekki verið íslenskað.

Þann 23. mars var undirritaður samstarfssamningur milli Háskólans á Akureyri, Western Kentucky University og Norðurslóðanets Íslands, sem ber yfirskriftina *the North Atlantic Climate Change Collaboration* eða *Loftslagsrannsóknir á norðurslóðum*. Lögð er áhersla á skiptináám, þróun sameiginlegs námsframboðs og samstarf um rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóðum. Rannsóknarverkefni verða einkum á sviðum sjávar, heilbrigðis, velferðar og sjálfbærni. *Tree of Change* er angi af samstarfinu. Annað slíkt var gróðursett við Western Kentucky-háskóla og það þriðja í Belize, en þangað teygir samstarfið sig. Fylgst verður með vexti og viðgangi *Tree of Change* á þessum þremur ólíku stöðum.



Framan við *Tree of Change* standa, f.v.: Eyjólfur Guðmundsson, rektor, Gary Ransdell rektor, Jason Polk, Leslie North og Bernie Strenesky frá WKU.



Frá undirritun samstarfssamnings, f.v. Eyjólfur Guðmundsson, rektor, Embla Eir Oddsdóttir, forstöðumaður Norðurslóðanets Íslands, og Gary Ransdell, rektor WKU.

EITT OG ANNÆÐ



Flugfélag Íslands styrkir rannsóknarstarfsemi kennara og sérfræðinga við Háskólann á Akureyri með samningi sem var undirritaður 27. mars og gildir í tvö ár. Samningurinn felur í sér árlegt framlag Flugfélags Íslands til Rannsóknasjóðs HA auk flugmiða.

Flugfélag Íslands hefur um árabil styrkt háskólann með sambærilegum hætti.

Ari Fossdal, stöðvarstjóri Flugfélags Íslands, og Eyjólfur Guðmundsson rektor.



Bókaðu bókasafnsfræðing.

Bókasafn og upplýsingaþjónusta HA bauð nemendum háskólans að bóka tíma á internetinu fyrir persónulega aðstoð við gagnaöflun, t.d. í tengslum við lokaritgerðir. Staðar- og fjarnemendur gátu bókað tíma með bókasafnsfræðingi í 30 mínútur í senn.

Starfsfólk Bókasafns og upplýsingaþjónustu f.v.: Pia S. Viinikka verkefnastjóri, Sigríður Vilhjálmisdóttir verkefnastjóri, Kristín Konráðsdóttir bókavörður, Júlíana Þ. Lárusdóttir verkefnastjóri og Astrid M. Magnúsdóttir forstöðumaður.




Í mars fór sendinefnd frá Akureyri til Monterrey í Mexíkó til að kynna sér leikskóla CENDI-samtakanna, *The Centers of Childhood Development*. Það voru þær Elín Dánn Gunnarsdóttir dósent, Kristín Dýrfjörð dósent, Sigríður Inga Karlsdóttir dósent, og Sigríður Sía Jónsdóttir lektor, allar frá Háskólanum á Akureyri, Hólmfríður Árnadóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar við HA, Gróa Björk Jóhannesdóttir barnalæknir, frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, og Jónína Hauksdóttir, skólustjóri á Naustatjörn.

CENDI-leikskólarnir eru reknir á vegum samnefndra samtaka sem stofnuð voru 1990 til að auka dagvistunarmöguleika barna í fátækrahverfum Monterreyborgar. Hugmyndafræði CENDI byggir á því að menntun sé forsenda framfara og velferðar einstaklinga og samfélaga. Samtökin hafa með miklu hugsjónastarfi byggt upp lítil velferðarkerfi þar sem börnum fátækra er gert kleift að öðlast menntun og læknisþjónustu sem þau annars hefðu orðið af. Leikskólarnir hafa uppbyggileg samfélagsleg áhrif og hafa samtökin hlotið ýmsar viðurkenningar.



Vorráðstefna Miðstöðvar skólabróunar var haldin 18. apríl. Yfirskriftin að þessu sinni var *Hugsmiðar og hæfnimiðað nám*. Meginefnið var hæfnimiðað skólastarf í leik-, grunn- og framhaldsskólum og markmiðið að varpa ljósi á það hvernig hugarfar og starfshættir í skólastarfi stuðla að hæfni nemenda.

Aðalfyrirlesarar voru Lyn Dawes, menntunarfræðingur og fyrrverandi dósent í menntavísindum við Bedford-, Northampton- og Cambridgeháskóla á Bretlandi, Henry Alexander Henrysson, verkefnisstjóri við heimspekistofnun HÍ, og Ísak Rúnarsson, nemandi við HÍ og formaður stúdentaráðs. Auk þess var fjöldi málstofa um afmörkuð efni sem lúta að þróun hæfnimiðaðs skólastarfs.



Þann 15. apríl kynnti Rachael Lorna Johnstone, prófessor við HA, nýja bók sína, *Offshore Oil and Gas Development in the Arctic under International Law: Risk and Responsibility*.

Í bókinni er meðal annars fjallað um þjóðarétt vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis á norðurslóðum, og réttindi og skyldur strandríkja í ljósi umhverfisréttar, frumbyggjaréttar og mannréttinda. Kynningin fór fram í húsnæði Norðurslóðanets Íslands á Borgum.



Segðu bless við stressi, klappaðu hundi.

Í prófatíð í apríl bauð starfsfólk Bókasafns og Kennslumiðstöðvar HA upp á streitulosandi meðferð. Í boði var nærandi axlanudd hjá Gunnhildi Helgadóttur og Matthíasi Henriksen og jóga með Söndru Sif frá Jógahöfinu. Mannelski hvolpurinn Trausti var staddur á bókasafninu og mátti klappa honum að vild. Þá var hægt að grípa í myndarlegt þúsluspil.

EITT OG ANNAÐ

Þann 30. apríl var undirritaður samningur um nýtt námsframboð fyrir fagfólk í heilbrigðisþjónustu milli HA og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins – HH. Velferðarráðuneytið staðfesti samninginn. Í kjölfarið var boðið nýtt þverfaglegt meistaranám við framhaldsnámsdeild heilbrigðisvísindasviðs, *heilsugæsla í héraði*. Náminu er ætlað að breikka og bæta þekkingu sérhæfðra hjúkrunarfræðinga innan heilsugæslunnar og efla þá til að mæta nýjum og breyttum kröfum sem gerðar eru í starfinu. Það miðar að því að efla heilsugæsluna og stuðla að framlíðun hennar.

Innan meistaranámsins er boðin sérstök námslína, sérfræðinám í klínískri heilsugæsluhjúkrun, ætluð hjúkrunarfræðingum. Umsjónaraðili meistaranámsins er Sigríður Sía Jónsdóttir lektor.



Undirritun samninga um heilsugæslu í héraði fór fram í húsakynnum heilbrigðisvísindasviðs.

Frá vinstri: Sigríður Sía Jónsdóttir, lektor við HA, Þórunn Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar HH, Sigríður Halldórsdóttir prófessor, HA, Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, sviðsstjóri þróunarsviðs HH, Svanhvit Jakobsdóttir, forstjóri HH og Dagný Brynjólfssdóttir, staðgengill skrifstofustjóra í velferðarráðuneytinu.



Þann 2. maí fór fram útskrift úr eins árs námi í *Verk-efnstjórnun og leiðtogaþjálfun* á vegum Símenntunar HA og Nordica ráðgjafar ehf.

Námið miðar að því að efla leiðtogafærni, samskiptafærni, stefnumótunarfærni og skipulagsfærni nemenda. Kennt er með hagnýtum aðferðum og nemendur fást við raunhæf verkefni. Námið hefur almennt gildi og nýtist vel stjórnendum innan fyrirtækja, stofnana og félaga. Nemendur voru 16 í þetta sinn.



Adam Ingi Viðarsson.

Barnabókasetur – rannsóknarsetur um barnabókmenntir og lestur barna við Háskólann á Akureyri efndi til myndbandakeppni meðal nemenda í 5.–10. bekk grunnskóla á Norðurlandi. Þetta nýjasta verkefni Barnabókasets nefnist Siljan. Markmiðið með Siljunni er að hvetja börn og unglinga til að lesa og tjá sig um bækur sem þeir lesa, sem og að vekja athygli á barna- og unglingabókmenntum. Sigurvegari í keppninni var Adam Ingi Viðarsson en með honum vann Jón Páll Nordfjörð. Báðir eru nemendur við Glerárskóla. Verðlaunaveitingin fór fram í Amtsbókasafninu þann 11. maí.

Barnabókasetur var stofnað 2012. Að því standa Háskólinn á Akureyri, Amtsbókasafnið og Minjasafnið á Akureyri. Þá eiga Rithöfundasamband Íslands, Samtök barna- og unglingabókahöfunda, IBBY, Félag fagfólks á skólasöfnum og fleiri aðild að setrinu. Brynhildur Þórarinsdóttir dósent leiðir starfsemina.

EITT OG ANNÐ



Framtíðarþing um farsæla öldrun var haldið í húskyninum HA þann 18. maí. Það var samvinnuverkefni Öldrunarráðs Íslands, Akureyrarbæjar, Félags eldri borgara á Akureyri, Háskólans á Akureyri, Landssambands eldri borgara og velferðarráðuneytisins. Sambærileg þing hafa verið haldin víðar um land.

Framtíðarþing um farsæla öldrun eru vettvangur fyrir þá sem koma að öldrunarmálum á einhvern hátt. Markmiðið er meðal annars að miðla til stjórnvalda viðhorfum eldri borgara um það hvernig þeir sjá framtíðina fyrir sér.

Um 60 þátttakendur voru á þinginu. Það fór að hluta til fram sem umræður í smærri hópum undir handleiðslu reyndra fundarstjóra.



Þann 26. maí var undirritaður samningur milli HA og Gæðastjórnunarfélags Norðurlands – GSFN. Markmiðið með samningnum er annars vegar að skapa námsframboð í gæðastjórnun með endurmenntun og hins vegar að efla tengsl háskólans við atvinnulífið. Símenntun HA mun bjóða upp á námskeið um gæðamál sem henta aðilum í atvinnulífi.

Frá undirritun sammingsins, f.v. Hannes Garðarsson, bófa Ýr Árnadóttir, bæði úr stjórn GSFN, Gunnur Ýr Stefánsdóttir, formaður stjórnar, Eyjólfur Guðmundsson rektor, Elin M. Hallgrímsdóttir, símenntunarstjóri HA, og Amheiður Eyþórsdóttir, aðjúntkt við HA.



Hekla hf. lánaði háskólanum rafbil í tvær vikur um mánaðamótin maí-júní. Bifreiðin stóð starfsfólki til boða í erindrekstur á vegum skólans og var hún vel nýtt. Tilraun þessi var gerð til að kynna starfsfólki háskólans notkun rafbíla og þar með styðja við þróun rafvæðingar bílaflotans á Íslandi. Akureyrarbær hefur sett sér það markmið að verða kolefnislaust samfélag. Háskólinn á Akureyri vil leggja sitt af mörkum til að svo megi verða. Það er í góðu samræmi við Grænfánaviðurkenninguna sem skólinn hlaut árið 2013.



Í byrjun júní var haldið samnámsskeið á Akureyri undir yfirskriftinni *Climate change and socio-economic impacts in the North*. Námskeiðið var á vegum HA, Western Kentucky University og Norðurlóðanets Íslands. Þátttakendur voru nemendur frá báðum háskólunum og sérfræðingar á sviði loftslagsmála. Samstarfsaðilar munu í kjölfarið kortleggja rannsóknarverkefni á sviðum sjávar, heilbrigðis, velferðar og sjálfbærni. Þar skapast tækifæri til að tengja nemendur og fræðimenn í vísinda- og menningarstarfi. Rauði þráðurinn er framtíðin í ljósi loftslagsbreytinga á jörðinni. Fyrirhugað er að heimsóknir bandarískra háskólanemenda til HA verði árviss viðburður.



Þann 5. júní fór fram í hátíðarsal HA útskrift nemenda Sjúkraflutningaskólans. Sjúkraflutningaskólinn er sjálfstæð eining innan Sjúkrahússins á Akureyri. HA á fulltrúa í fagráði skólans. Útskrifaðir voru 237 nemendur sem sótt höfðu nám á vegum skólans árin 2014 og 2015. Sjúkraflutningaskólinn býður námskeið til grunnréttinda til sjúkraflutninga og réttinda til neyðarflutninga. Einnig menntar skólinn vettvangsliða, sem er styttra nám. Mörg slík námskeið voru haldin fyrir starfsfólk fyrirtækja sem sinna öryggismálum. Þau eru einnig haldin fyrir íbúa nokkurra byggðarlaga þar sem komið hefur verið upp viðbragðshópum með stuðningi frá velferðarráðuneytinu.

EITT OG ANNAÐ

Háskólahátíð

Háskólahátíð fór fram í húsakynnum HA þann 13. júní. Þá voru brautskráðir 327 kandidatar. Þetta var í annað sinn sem brautskráning fer fram í húsakynnum háskólans á Sölborg. Heiðursgestur hátíðarinnar var frú Vigdís Finnbogadóttir. Það var sérlega ánægjulegt á hundraðasta ári kosningaréttar kvenna á Íslandi. Háskólinn og Góðvinir HA buðu léttar veitingar að brautskráningu lokinni



Hornaflokkur lék inngöngulag við upphaf brautskráningar. Hann skipuðu Kjartan Ólafsson, Atli Sigurðsson, Helgi Þorbjörn Svavarsson og Ella Vala Ármannsdóttir.



Frú Vigdís Finnbogadóttir gengur í sal ásamt Eyjólfu Guðmundssyni rektor og forsetum fræðasviða.



Frá vinstri: Rannveig Björnsdóttir, staðgengill forseta viðskipta- og raunvísindasviðs, Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs, Árun Kr. Sigurðardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs, Eyjólfur Guðmundsson rektor, og Kristín Ágústsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs.



Frú Vigdís Finnbogadóttir flutti ávarp og var því vel fagnað af öllum viðstöddum



Kandídatar sátu í hátíðarsal. Athöfnin var sýnd í beinni útsendingu frá N4 og því gátu allir landsmenn fylgst með.



Þórhildur Eiríksdóttir, BS í líftækni og formaður stúdentaráðs FSHA, flutti ávarp fyrir hönd kandiðata



EITT OG ANNAÐ

Vísindaskólinn

Vísindaskóli unga fólksins við HA stóð yfir vikuna 22.–26. júní. Það var í fyrsta sinn sem skólinn starfaði. Tilgangurinn með Vísindaskólanum var annars vegar að auka valmöguleika barna þegar formlegu skólastarfi lýkur að vori og hins vegar að kynna háskólann fyrir ungmennum á svæðinu. Alls voru 90 börn á aldrinum 11–13 ára nemendur í skólanum.

Vísindaskólinn var skipulagður sem fimm ólíkir þemadagar. Þemur voru: *Undur náttúrunnar, fjölmiðlar í leik og starfi, heilbrigði, spriklandi fiskur og matar-diskur og kynleg menning*. Efnið tengdist hefðbundnu námi í HA og hluti skólastarfsins fór fram innan dyra, en einnig fóru nemendur í vettvangsferðir og hittu sérfræðinga að störfum. Kennslan var í höndum reyndra kennara úr starfsliði HA. Skólanum lauk með útskriftarathöfn í hátíðarsal HA og fengu nemendur skírteini í hendur. Eyjólfur Guðmundsson rektor setti Vísindaskólann. Skólastjóri var Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs, sem átti frumkvæði að skólanum, skipulagði framkvæmdina og aflaði styrkja. Fjölmargir aðilar styrktu Vísindaskólann. Vísindaskóli unga fólksins er án efa kominn til að vera. Eins og myndirnar sýna var námið fjölbreytt og áhugi nemendanna ósvikinn.





EITT OG ANNAÐ

Háskólinn á Akureyri og University of Maribor í Slóveníu hafa átt í áralöngu samstarfi undir stjórn Rúnars Gunnarssonar verkefnisstjóra alþjóðamála af hálfu HA. Meistaranevnið við HA bauðst að taka þátt í sumarskóla sem University of Maribor hélt og nefndist *Solution design/Out of the box*. Sumarskólinn stóð fyrir námskeiði dagana 28. júní til 11. júlí. Yfirskrift námskeiðsins var: *What is waste and what to do with it?*. Stefnt var að þverfaglegri nálgun á efnið sem nýst gæti á öllum námsleiðum.

HA hafði möguleika á 5–6 þátttakendum og var auglýst eftir áhugasömum á vef háskólans.

Sex nemendur sóttu um og fóru utan, en það voru þau Sandra Sif Jónsdóttir, Árný Ingveldur Brynjarsdóttir, Hulda Sædis Bryngeirsdóttir, Hulda Svanbergisdóttir, Orri Filippusson og Þórhildur Edda Eiríksdóttir. Stefán B. Sigurðsson prófessor skipulagði ferðina af hálfu HA og tók þátt í að kenna hluta af námskeiðinu. Ferðin heppnaðist mjög vel og voru nemendur ánægðir með afriksturinn.



Hópurinn í Maribor. Stefán B. Sigurðsson er lengst til vinstri.



Rósa Kristín Júlíusdóttir, dósent við kennaradeild, lét formlega af störfum í júlí, en hún kom til starfa við HA árið 2003. Hún hefur meðfram kennslu verið virkur þátttakandi í innlendu og alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi af ýmsu tagi. Faglegar áherslur Rósu í starfi hafa einkum beinst að kennslufræði myndlista, gildi fagurfræði og mikilvægi lista og listsköpunar í daglegu lífi bama og ungmenna.



Meistara- og diplómanám í fjölmiðla- og boðskiptafræðum var nýtt samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands á haustmisseri. Meginmarkmið námsins er að auka skilning á flóknu, fjölbreyttu og sibreytilegu fjölmiðlaumhverfi. Vonir standa til að samstarfið skili aukinni grósku í rannsóknum á því sviði.

Námsnefnd meistaranámsins skipa, f.v.: Ragnar Karlsson aðjúnt, Valgerður A. Jóhannsdóttir aðjúnt, Ólafur Þ. Harðarson prófessor, öll frá HÍ, og Birgir Guðmundsson, dósent, við HA.



Gísli Kort Kristófersson

Á haustmisseri var boðin ný, þverfagleg meistaranámslína með áherslu á geðheilbrigði við framhaldsnámsdeild heilbrigðisvísindsvíðs. Innan námslínunnar er fjallað um geðheilbrigði frá lýðheilsusjónarmiði. Námið er ætlað fagfólki í geðheilbrigðisþjónustu, eða á tengdum sviðum, sem þegar hefur lokið fyrstu háskólagráðu. Námið hentar vel þeim sem starfa á sviðum þar sem mikil þekking á geðheilbrigðismálum og gagnreyndum þverfaglegum meðferðarleiðum kemur að notum. Umsjónaraðili námslínunnar er Gísli Kort Kristófersson, sérfræðingur í geðhjúkrun og lektor við heilbrigðisvísindasvið HA.

EITT OG ANNAÐ




Á haustmisseri var boðið nýtt, þverfaglegt meistaranám í vestnorrænum fræðum, sk. *West Nordic Studies, Governance and Sustainable Management*. Um er að ræða samstarf Háskólans á Akureyri, háskólans í Færeyjum, háskólans á Grænlandi, Nordlandháskólans í Noregi og Háskóla Íslands. Námið byggir á samningi milli þessara aðila sem gildir 2015–2017. Nemendur fá tækifæri til að kynna málafnum vestnorræna svæðisins. Gert er ráð fyrir að nemendur búi og stundi rannsóknir við að lágmarki tvo samstarfsskólanna. (Mynd: Friðþjófur Helgason.)



Humarpaté nemenda Háskólans á Akureyri hlaut fyrstu verðlaun í keppninni *Ecotrophelia Ísland*. Það er keppni meðal háskólanemenda í að þróa markaðshæf, vistvæn matvæli. Aðstandendur eru Matis, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Samtök iðnaðarins, ásamt Food for Life, sem er þróunarvettvangur á sviði matvæla. Í vinningsliðinu voru Gunnar Ásgeirsson og Þórhildur Sigurðardóttir úr sjávarútvegsfræði, Inga Ósk Jónsdóttir og Snæfríður Arnardóttir úr líftækni, Sigfús Örn Sigurðsson og Stefánía Jónsdóttir úr viðskiptafræði, og Margrét Eva Ásgeirsdóttir, útskrifuð úr líftækni árið 2013.

Nemendurnir þróðu paté úr humarmamingi, sem gefur því bragð, og þorsþunnildum. Miklir möguleikar felast í nýtingu þessa ódýra hráefnis til að framleiða gæðavöru. Umbúðirnar eru glerkrukkur sem nýtast áfram. Verðlaunin voru afhent á ráðstefnu Matvælandlandsins Íslands á Hótel Sögu. Þeim fylgdi þátttökuréttur í *Ecotrophelia Europe*-keppninni sem fór fram á Ítalíu seinna á árinu. Myndin sýnir hópinn sem fór til Ítalíu í keppnina, ásamt aðstoðarmanni.

Frá vinstri: Sigfús Örn Sigurðsson, Gunnar Ásgeirsson, Margrét Eva Ásgeirsdóttir, aðstoðamaðurinn Pietro Baldighi, Þórhildur Sigurðardóttir, Snæfríður Arnardóttir, Inga Ósk Jónsdóttir og Stefánía Jónsdóttir.



Háskólinn hefur verið virkur þátttakandi í Erasmus+ samstarfi um árabíl. Það veitir nemendum evrópskra háskóla tækifæri til að öðlast alþjóðlega reynslu í námi sínu og skapa sér sérstöðu á vinnumarkaði. Indverjanir Deepika Dhamodaran, Sant-halingam Elamurugan og Sudharsan Sreenivas, nemendur í MSc námi í líftækni við Vytautas Magnus- háskólann í Litháen, völdu að eyða þremur mánuðum í aðlindadeild HA við rannsóknir undir handleiðslu Kristins P. Magnússonar prófessors og Máneyjar Sveinsdóttur doktorsnema.

Indversku nemarnir tóku þátt í rannsóknum á örverum í rjúpu, sem er samvinnuverkefni Háskólans á Akureyri og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í sem stystu máli þá er vonast til þess að niðurstöðurnar komi að gagni við alifuglarækt.



Teklúbbur HA kemur saman einu sinni í mánuði á mismunandi stöðum í skólanum til að smakka hinar ýmsu tegundir og skiptast á fróðleik um te. Teklúbburinn er gott tækifæri fyrir starfsfólk háskólans til að hittast og kynnast. Myndin er tekin á júnifundi: Aftari röð f.v.: Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri, Daniel Freyr Jónsson, verkefnastjóri prófa og fjarkennslu, Gunnar Ingi Ómarsson verkefnastjóri, Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður, og Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar.

Fremri röð f.v.: Sigríður Vilhjálmisdóttir verkefnastjóri, Astrid M. Magnúsdóttir, forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu, Ingibjörg Smáradóttir skrifstofustjóri, Hermina Gunnþórsdóttir lektor, og Oddný Baldursdóttir, umsjónarmaður.



Þann 14. ágúst fékk háskólinn heimsókn frá sendiráði Kína. Þar var í för Zhang Weidong sendiherra ásamt fylgdarliði.

Frá vinstri: Kínverski sendiherrann, Eyjólfur Guðmundsson rektor, Rúnar Gunnarsson, verkefnastjóri alþjóðamála, og Zhang Zhiruo sendiráðsfulltrúi.



Eyjólfur Guðmundsson rektor og Matthias Brinkmann, sendiherra Evrópusambandsins. Frá heimsókn þess síðarnefnda í HA þann 19. ágúst.

EITT OG ANNAÐ

Nýnemavika

Nýnemavika hófst 24. ágúst. Nýir nemendur fengu kynningu á húsnæði og aðstöðu háskólans, námi og þjónustu sem stendur til boða. Félag stúdenta við HA – FSHA skipulagði einnig sérstaka móttöku fyrir nýnemana með grilli og skemmtun. Í lok nýnemaviku var Íslandsklukkunni hringt til að markaða upphaf nýs skólaárs, alls sex slög, eitt fyrir hvert aðildarfélag innan FSHA.



Nýnemar taka „sjálfur“ á móttökuathöfn rektors við Íslandsklukkuna.



Karen Erludóttir nýnemi hringdi Íslandsklukkunni. Það er hefð í nýnemaviku.



Akureyrarvaka

Akureyrarvaka var að vanda haldin síðustu helgina í ágúst. Framlag háskólans var líflegt vísindasetur í Rósenborg. Sérfræðingar voru til taks, þar á meðal Ævar vísindamaður með ryksuguhaneska, þurrís og fleira. Sean Scully, efnafræðingur hjá HA, sýndi hvernig sprengja má blöðrur og banana með aðstoð köfunarefnis. Í boði var fræðsla um holla sveppi og aðra miður holla. Fleira var á boðstólum, s.s. heimspekikaffi.

Leitað var svara við vísindalegum spurningum á borð við:

- Er hægt að byggja hótél í Langjökli?
- Af hverju leka Vaðlaheiðagöng?
- Hvað veist þú um loftslagsbreytingar?
- Hvernig lítur DNA út?
- Hvað eru ungir frumkvöðlar að gera í dag?


Fjöldmargir heimsóttu vísindasetrið.



EITT OG ANNAÐ

Haustið 2015 var boðið nám í tölvunarfræði við HA eftir nokkurra ára hlé. Um er að ræða tveggja ára diplómanám með sveigjanlegu námsformi. Námsleiðin er samstarfsverkefni HA og Háskólans í Reykjavík.

Nemendur höfðu aðstöðu og leiðbeinanda í HA, og þangað mættu þeir virka daga í verkefnavinnu, en voru skráðir í HR, sem sá um fyrirlestra og að leggja fyrir verkefni. 22 nemendur hófu námið. Nemendur geta að því loknu lokið gráðu í tölvunarfræði frá HR. Verkefnastjóri var ráðinn að HA til að stýra þessu af hálfu háskólans. Ýmsir aðilar í atvinnulífi styrkja tölvunarfræðinámið í HA.



Fv.: Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA, Yngvi Björnsson, deildarforseti tölvunarfræðideildar HR og Ari Kristinn Jónsson rektor HR.



Höpurinn í diplómanáminu í tölvunarfræði. Ólafur Jónsson, verkefnastjóri tölvunarfræðikennslu við HA, er annar frá hægri í aftari röð.



Háskólinn á talsvert af myndum og málverkum sem alla jafna eru ekki til sýnis. Rektor notar vegg á skrifstofu sinni fyrir tímabundnar sýningar á listaverkum í eigu skólans. Veggurinn heitir *Gallerí rektor*. Sýnt er eitt verk í einu og skipt út nokkrum sinnum á ári. Verkin eru einnig kynnt á svæði rektors í Uglunni.

Rósa Kristín Júlíusdóttir kom að verkefninu frá byrjun með því að velja listaverk og taka saman upplýsingar um þau. Fyrsta verkið var Hús í París frá 1928, eftir Jóhannes Kjarval.

Hús í París. Raudkrít á pappír, 74 x 84 cm.



Skiptinemar við HA hafa aldrei verið fleiri en á haustmisseri, eða 46 talsins, frá 16. löndum. Flestir voru frá Evrópu, en einnig voru skiptinemar frá Kína og Kanada. Flestir taka áfanga innan hug- og félagsvísindasviðs, sem hefur meira námsframboð á ensku en hin fræðasviðin.

Verkefnastjóri alþjóðamála vinnur með deildum háskólans við að aðstoða nemendur erlendra samstarfsskóla sem vilja komast í verknám hér á landi, en það nýtur einnig vaxandi vinsælda. Á haustmisseri komu 15 erlendir nemendur til að dvelja við verknám á Íslandi í lengri eða skemmri tíma. Haldinn er kynningardagur fyrir erlenda skiptinema og aðra erlenda nemendur við HA. Ýmislegt er gert til að kynna nemendum land og þjóð. Nánar má lesa um skiptinemendur í kaflanum um markaðs- og kynningarsvið.



Hópur skiptinemenda fór ásamt alþjóðnefnd FSHA í flúðasiglingu í Skagafirði.



Þorablót erlendra skiptinema við HA.



Erlendir skiptinemar í HA sækja flestir námsáfanga um náttúru Íslands sem felur í sér vettvangsferðir. Myndin er tekin þegar farin var sjóferð frá Hauganesi til fiskveiða og hvalaskoðunar.



Erlendir nemendur við HA á leið í jólaboð, sem alþjóðaskrifstofa HA í samvinnu við alþjóðnefnd FSHA stóð fyrir í desember. Boðið var upp á íslenskan jólamat eins og hangikjöt, laufabrauð og malt og appelsín. FSHA stýrði jóla-quiz-keppni sem hafði íslenskt jólabema og hlustað var á íslensk jólalög. Allir skiptinemarnir, 46 talsins, mættu í jólaboðið.

EITT OG ANNAÐ



Í september tók kennaradeild HA ásamt alþjóðaskrifstofu HA á móti nemenda- og kennarahópi í gegnum Nordplus samstarfsnetið NNTE – Nordic Network of Teacher Education. Um var að ræða hraðnámskeið sem bar yfirskriftina *Comparative Studies in Education with a Focus on Inclusion in a Baltic-Nordic Context*. Þrjátíu nemendur sóttu námskeiðið og voru þar á meðal fjórir nemendur úr kennaradeild HA. Aðrir nemendur voru frá Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Noregi, Lettlandi og Litháen. Einnig voru kennarar frá hverju þátttökulandi og héldu þeir í sameiningu utan um námskeiðið. Seinni hluti námskeiðsins fór fram í Kaunas í Litháen í október.

Á myndinni eru nemendur og kennarar á námskeiðinu á Akureyri.



Salutogenesis er ný fræðigrein í lækningum. Hún byggir m.a. á breiðari nálgun að heilbrigði en almennt tíðkast í heilbrigðisþjónustu Vesturlanda. *Salutogenesis* miðar að því að þróa og bæta heilbrigðisþjónustu.

Dr. Bengt Lindström, barnalæknir og prófessor við NTNU – Norges teknisk- naturvitenskapelige universitet í Brándheimi, hefur helgað sig þessari fræðigrein, og er hann eini prófessorinn í heiminum í þeim fræðum. Hugmyndafræði *Salutogenesis* er kennd innan nýju námslínunnar *heilsugæsla í héraði* við HA og kemur dr. Lindström að kennslunni. Hann hélt opinn fyrirlestur í HA um efnið þann 3. september.



Rannsóknarverkefninu *West Nordic Municipal Structure – Challenges to service effectiveness, local democracy and adaptation capacity*, sem stjórnað hefur verið frá Háskólanum á Akureyri, er lokið. Verkefnið var styrkt af Arctic Cooperation Programme 2012–2014. Það var unnið af þeim Grétari Þór Eypórssyni prófessor og Vífli Karlssyni, dósent og ráðgjafa við Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi. Samstarfsmaður þeirra var Erik Gløersen, yfirráðgjafi hjá Spatial Foresight GmbH í Luxemburg og lektor við University of Geneva.



Grétar Þór Eypórsson prófessor.



Í september tóku Oddur Vilhelmsson prófessor og Heiða B. Friðjónsdóttir, meistaranemi við auðlindaeild, þátt í alþjóðþingi háfjalla- og heimskaутаörverufræðinga í České Budějovice í Tékklandi. Á þinginu var meðal annars fjallað um lífnefaleit á heimskautasvæðunum, þ.e. leit að örverum sem gegna hlutverki við lífhreinsum á menguðu umhverfi. Á heimskautasvæðunum verða nú ýmsar breytingar vegna hlýnandi loftslags. Til dæmis losna úr læðingi örverur sem áður voru læstar í sífrera. Þekking á örverubúskap þessara viðkvæmu svæða og virkni örvera þar er mikilvægt vopn gegn mengun í kjölfar vaxandi umsvifa manna.

Heiða kynnti verkefni sitt um kuldavirkt niðurbrot á olíuefnum með *Sphingomonas*-gerlum sem einangraðir hafa verið úr köldu umhverfi á Íslandi. Oddur fjallaði um niðurbrotsörverur úr annars vegar íslenskum fléttum og hins vegar mýravatni við gasuppstreymissvæði í Óxarfirði.



Ingibjörg Sigurðardóttir hélt fyrirlestur sinn einnig undir formerkjum fyrirlestraraðarinnar *Margar myndir ömmu* sem Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við HÍ stóð fyrir á árinu.

Málþing var haldið í HA þann 26. september undir yfirskriftinni *Ömmur fyrir og nú*. Var það haldið í tilefni af 100 ára kosningarétti kvenna. Fluttir voru sex örfyrirlestrar um efnið og einnig sögðu nokkur akureyrsk ungmenni frá ömmum sínum. Aðalfyrirlesarar voru Silja Bára Ómarsdóttir aðjúnkt við HÍ og Ingibjörg Sigurðardóttir aðjúnkt við HA. Hét erindi Ingibjargar *Á eigin vegum. Um sjálfsmyndarsköpun Ingibjargar Steinsdóttur leikkonu (1903-1965)*. Málþingið var öllum opið.



Ingibjörg Steinsdóttir.

EITT OG ANNÆÐ



Frá öngli í maga er fræðsluverkefni fyrir nemendur 6. bekkja í grunnskólum Akureyrar. Sjávarútvegsbraut HA hefur á hverju ári frá 2007 tekið þátt í verkefninu. Tilgangur þess er að kynna nemendum lífríki sjávar, mikilvægi sjávarnyrtja fyrir Íslendinga og hollustu sjávarfangs. Siglt er á eikarbátnum Húna II á fiskimið innan fjarðar. Nemendur kynna öryggisatriðum á sjó, ýmsu sem við kemur lífríki í sjó í Eyjafirði, og fræðast um mikilvægi sjávarafila fyrr og nú. Rennt er fyrir fisk og er aflinn krufinn og hreinsaður, síðan sjá áhafnarmeðlimir um að grilla hann fyrir nemendur. Stundum er hvalaskoðun í bónus, sem ekki spillir fyrir.

Jafnréttis-
dagar
2015



Starfsfólk og nemendur HA tóku virkan þátt í Jafnréttisdögum 5.–8. október með viðamikilli dagskrá. Í fyrirlestrum og á sýningum í háskólanum var rýnt í hugtakið jafnrétti í víðri merkingu þess.

Halldóra Haraldsdóttir dósent flutti hádegiserindið *Frá Sólborg til HA—á einni starfsævi*, um þróunarsögu málefna fatlaðra frá því að Vistheimilið Sólborg var formlega vígt sumarið 1971. Rósa Margrét Húnaðóttir fulltrúi hélt erindið *Staðalmyndir og kynjamyndir í sjómannaöldum*. Erindi Brynhildar Þórarinsdóttur dósents hét *Frá Benna og Báru til Messi og Margrétar Láru—um kynjamyndir og fyrirmyndir í barnamenningu*, og loks flutti Markus Meckl prófessor erindið *Gender and Immigrants in Akureyri*.



Jafnréttisráð HA og erlendir skiptinemar við háskólann stóðu fyrir tungumálakaffi í Miðborg. Þar var rætt á ýmsum tungumálum, meðal annars um jafnréttismál og um tungumálin sjálf, með samnburði við önnur. Nemendafélagin innan FSHA seldu gómsætar jafnréttismúffur sem vöktu lukku.



Miðstöð skólabróunar við HA stóð fyrir málþingi um læsi þann 10. október. Markmiðið var að skapa vettvang fyrir málefnalega umræðu um fjölbreyttar og árangursríkar aðferðir við læsiskenndu, sem og matsaðferðir til að meta læsishæfni barna. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðgjafi, var gestur málþingsins og ávarpaði hann samkomuna. Flutt voru erindi um málefni læsis frá ýmsum sjónarhornum. Rúmlega 200 manns sóttu málþingið og 150 til viðbótar fylgdust með streymi á vef HA. Frá pallborði, f.v.: Rúnar Sigbórsson prófessor, Amór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, Laufey Petrea Magnúsdóttir, uppeldis- og menntunarfærðingur, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Rithofundasambandi Íslands, Kristín Jóhannesdóttir, Skólastjórafélagi Íslands, Gunnar Gíslason bæjarfulltrúi.

EITT OG ANNAÐ



Á kvennafrídaginn, 24. október, var úthlutað úr Jafnréttissjóði sex styrkjum til rannsókna á sviði kynja- og jafnréttisfræða. Sjóðurinn starfar á vegum forsætisráðuneytisins og afhenti Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra styrkina sem alls numu 5,3 mkr. Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs, veitti viðtöku styrk fyrir hönd Markus Meckl.



Markus Meckl, prófessor við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, hlaut hæsta styrk sjóðsins eða 3,2 mkr. fyrir rannsóknina *Adjusting masculinities and femininities. Gender perspectives on immigration in Iceland*. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að kortleggja afstöðu til og skilning á kynjasjónarmiðum meðal innflytjenda á Íslandi, í samanburði við innfædda Íslendinga, með hliðsjón af kynjajafnrétti. Er þetta fyrsta rannsókn sinnar tegundar á Íslandi og nýmælið því mikið.



HA-dagurinn var haldinn 29. október. Þá sóttu stúdentsefni á Norðurlandi háskólann heim. Nemendur HA kynntu allar námsleiðir skólans. Einnig gátu gestirnir kynnt sér alþjóðlegt skiptinám og spjallað við náms- og starfsráðgjafa HA. Farið var í gönguferðir um húsakynni háskólans og meðal annars skoðaðar verklegar stofur, íþróttasalurinn og bókasafn HA. Markaðs- og kynningarsvið hefur veg og vanda af HA-deginum.



Katla Hrund Björnsdóttir, nemi í sjávarútvegsfræði, fékk önnur verðlaun í keppninni Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2015 fyrir hugmynd sína *Ljómandi krókar*. Hugmyndin er að setja flúr- og fosfórljómandi (sjálflysandi) málningu á öngla til aðlöðunar á línuveiðum.

Verðlaunin voru veitt í fimmta sinn og markmiðið með þeim er að efla umræður og hvetja til nýrrar hugsunar með framsæknum og frumlegum hugmyndum. Tveir aðrir nemendur HA voru með verkefni á lista yfir þau tíu bestu. Það voru þau Stefán Hannibal Hafberg og Hallveig Karlsdóttir.

Frá vinstri: Hjálmar Alexander Sigurþórsson framkvæmdastjóri, Tryggingamiðstöðinni hf., Katla Hrund og Hörður Sævaldsson lektor.



Eyjólfur Guðmundsson rektor skrifaði undir yfirlýsingu um aðgerðir í loftslagsmálum, fyrir hönd Háskólans á Akureyri, á fundi í Höfða þann 16. nóvember. Yfirlýsingin var gerð í aðdraganda loftslagsráðstefnunnar í París í byrjun desember. Reykjavíkurborg, ásamt Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, efndi til samstarfsins. Alls skuldbundu 103 fyrirtæki og stofnanir sig til að setja sér markmið og fylgja þeim eftir með aðgerðum sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs. Auk þess verður árangur mældur og upplýsingum um stöðu mála miðlað reglulega. HA greip strax til þeirra aðgerða að auka notkun á rafbílum. Nýjar reglur verða settar sem kveða á um að starfsmenn skuli leigja rafmagnsbíla í ferðum á vegum háskólans ef vegalengdir verða 100 km eða styttri í hvert sinn, en einnig er heimilt að leigja rafbíl þó vegalengdir séu meiri. Með því er dregið verulega úr vistspori háskólans gagnvart losun gróðurhúsalofttegunda.

Eyjólfur Guðmundsson undirritar, Ketill Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Festu, og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fylgjast með.

EITT OG ANNAÐ



Verkefnisstjórn opinberu háskólanna og Samstarfsnefnd háskólastigsins funduðu í HA í boði rektors þann 20. nóvember. Samstarf opinberu háskólanna hófst formlega í ágúst 2010, þegar mennta- og menningarmálaráðherra gaf út erindisbréf verkefnisstjórnarinnar. Samstarfsnefnd háskólastigsins hefur starfað frá árinu 1990 og starfar nú skv. 26. gr. laga um háskóla nr. 63/2006. Í samstarfsnefndinni eru rektorar háskóla sem hafa fengið viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis. Nefndin kemur reglulega saman og fjallar um ýmis mál efni er varða starfsemi og hagsmuni háskólanna og veitir umsagnir um mál sem mennta- og menningarmálaráðherra eða einstakir háskólar vísa til hennar. Ennfremur tilnefni samstarfsnefndin fulltrúa í ýmsar nefndir og ráð. Friða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskólans, var með leiðsögn um sýningu Roni Horn, *Some Thames*, sem prýðir húsaðkynni HA.

Frá vinstri: Eyjólfur Guðmundsson, HA, Erla Björk Örnólfsdóttir, Háskólanum á Hólum, Jón Atli Benediktsson, Háskóla Íslands, Björn Þorsteinsson, Landbúnaðarháskóla Íslands, Friða Björk Ingvardsdóttir, Listaháskóla Íslands, og Ari Kristinn Jónsson, Háskólanum í Reykjavík.



Þann 23. nóvember var undirritaður samstarfssamningur milli KÍ og kennara-deildar HA.

Samstarfið varðar mál efni kennaramenntunar og fagleg mál efni sem tengjast störfum félagsmanna KÍ í skólum. Sett verður á fót samstarfsnefnd sem hefur þau markmið:

1. Að efla kennaramenntun og kennarastarf.
2. Að taka þátt í faglegri umræðu um kennaramenntun og kennarastarf á hverjum tíma, ræða meðal annars um breytingar á lögum og reglugerðum og skyld mál, fjalla um skipulag og úrbætur og eiga frumkvæði að umræðu um nýjungar.
3. Að tryggja gagnkvæmt flæði upplýsinga milli KÍ og HA og sinna fræðslu- og kynningarverkefnum er þessu tengjast.

Samstarfsnefndin leggur sérstaka áherslu á að auka veg og virðingu kennaramenntunar og kennarastarfsins.

Aðalheiður Steingrimsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands, og Bragi Guðmundsson, prófessor og formaður kennaradeildar, undirrituðu samþykkt fyrir hönd sinna stofnana.



Þann 25. nóvember tók Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs, við Fjölmíðlaviðurkenningu Jafnréttisráðs 2015 fyrir störf hennar í þágu jafnréttis á fjölmiðlum.

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, afhenti verðlaunin í lok Jafnréttisþings, sem að þessu sinni var haldið undir yfirskriftinni *Kynlegar myndir – jafnrétti á opinberum vettvangi*. Að Jafnréttisþingi standa Jafnréttisráð, mennta- og menningarmálaráðuneytið og velferðarráðuneytið.

Lengst tv. eru Sigrún Stefánsdóttir og barnabarn hennar, Goði Svarfidal Héðinsson.



Fullveldishátíð

Fullveldishátíð var haldin í háskólanum þann 1. desember. Við það tækifæri voru afhentir styrkir úr Háskólasjóði KEA. Þetta var í 13. sinn sem styrkir eru veittir úr sjóðnum og voru styrkir 12 talsins að þessu sinni, alls að upphæð 4,5 mkr. Yfirlit yfir styrkþega og verkefni er á bls. 54.



Frá afhendingu styrkja, f.v. : Hjalti Jóhannesson, Hörður Sævaldsson, Kjartan Ólafsson, Hjörleifur Einarsson, Marta Einarisdóttir, Þóroddur Bjarnason, Ingibjörg Sigurðardóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Sólveig Zophoníasdóttir, Hafðís Skúladóttir, Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, og Eyjólfur Guðmundsson rektor.



Margt góðra gesta sótti málþing í HA til einkað mannréttindum, lögum og stjórnarskrá, sem efnt var til á fullveldishátíð. Hér er Jón Már Héðinsson, skólameistari MA, í hóp nemenda. Hátiðardagskrá hélt svo áfram í Miðborg, þar sem Æskulýðskór Gleráarkirkju söng nokkur lög í tilefni dagsins og kakó og smákökur voru í boði.



Helga Margrét Jóhannesdóttir og Birgir Marteinsson.

Gengið var út að Íslandsklukkunni, Kristín Ágústsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs, og Eyjólfur Guðmundsson rektor í fararbroddi. Sabrina Rossana, nemandi í Menntaskólanum á Akureyri, hringdi klukkunni 15 sinnum.

EITT OG ANNAD



(Ljósmynd: Ragnar Hólm Ragnarsson).



Illviðri gekk yfir landið í prófatíð í byrjun desember. Af því tilefni sendi rektor út tilkynningu þess efnis að nemendur sem ekki kæmst á prófstað vegna veðurs og/eda fyrirmæla stjórnvalda gætu tekið það próf sem um ræddi í sjúkra- og endurtökurprófatíð. Hvatti rektor til þess að fólk færi að fyrirmælum almannavarna. Á vef Veðurstofu Íslands má lesa eftirfarandi um desemberveðrið: „Mikil illviði gerði þann 7. til 8. og aftur þann 30. Fyrri veðursins gætti um mestallt land og varð allmikið tjón í mörgum landshlutum, veðrið var víðast hvar af austri og suðaustri.“ Ekki kom til þess að starfsemi háskólans raskaðist að ráði í þetta sinn.



Fjórir fræðimenn við HA, sem tengjast rannsóknum á örverulífri jaðarvistkerfa, þau Auður Sigurbjörnsdóttir verkefnastjóri, Jóhann Örlýgsson prófessor, Oddur Vilhelmsson prófessor og Sean Scully, aðstoðarmaður á rannsóknarstofu, hafa gengið til liðs við alþjóðlegt samstarfsnet í geimlíffræði, *Nordic Network of Astrobiology*. Vísbandingar eru um að vistkerfi, ekki alls ólík þeim sem fyrirfinnast sumstaðar á Íslandi, kunni að vera að finna á öðrum hnöttum. Vonir standa til að samstarfsnetið muni efla frekari rannsóknir við HA og að fræðimenn skólans nýti sér þennan vettvang til að taka þátt í alþjóðlegum verkefnum í hinni ört vaxandi fræðigrein geimlíffræði.



Í desember býður bókasafn HA jafnan starfsfólki háskólans til jólastundar með upplestri við kertaljós. Síðan er boðið í kakó og sýnishorn af smákökum sem starfsfólk leggur á borð með sér. Að þessu sinni las Finnur Friðriksson dósent úr bók Árna Björnssonar, *Saga daganna*. Kristín Sólveig Björnsdóttir, forstöðumaður RMF, fylgist með.



Þann 16. desember var undirrituð yfirlýsing um faglegt samstarf milli hug- og félagsvísindasviðs HA og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs, skrifaði undir af hálfu kennaradeildar og MSHA – Miðstöðvar skólapróunar og Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, af hálfu sambandsins.



Samningurinn felur í sér formlegt samstarf til ávinnings fyrir báða aðila. Með honum er orðinn til sameiginlegur vettvangur til faglegrar umræðu og skoðanaskipta um nám og kennslu barna og ungmenna og menntun kennaraefna. Meðal annars verður rætt um inntak, áherslur, þróun og gæði skólustarfs og kennaranáms- og starfsþróun kennara.

Skipulagðir verða tveir formlegir fundir á ári þar sem skólamálanefnd og/eða skólateymi sambandsins eftir atvikum fundar með fulltrúum kennaradeildar HA og Miðstöðvar skólapróunar um tiltekin, afmörkuð viðfangsefni. Óformlegt samstarf aðila fer fram þess á milli eftir því sem tilefni eru til. F.v. Kjartan Ólafsson lektor, Anna Þóra Baldursdóttir lektor, Eyjólfur Guðmundsson rektor og Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir sérfræðingur.




Þann 16. desember undirrituðu þeir Eyjólfur Guðmundsson rektor og Arnar Páll Guðmundsson, útibússtjóri Landsbankans, samning um stuðning Landsbankans við kennslu í tölvunarfræði við HA 2015–2017. Jafnframt verður unnið að því að finna grundvöll fyrir tölvunarfræðinám við HA í framtíðinni.

Eyjólfur Guðmundsson til vinstri, Arnar Páll Guðmundsson til hægri.

ÁRSREIKNINGUR 2015

Skipting kostnaðar



Þús. kr.

Launagjöld	74,7%	1.622.634
Húsnæðiskostnaður	6,5%	140.151
Skrifstofu- og stjórnunarkostn.	3,2%	70.573
Funda- og ferðakostnaður	3,3%	70.718
Aðkeypt sérfræðipjónusta	4,2%	91.204
Annar rekstrarkostnaður	2,5%	54.852
Eignakaup	1,2%	25.735
Tilfærslur	4,4%	96.102
Samtals	100,0%	2.171.969

Rekstrarreikningur árið 2015

Tekjur

	2015	2014
Innritunargjöld	149.490.721	137.860.572
Framlög og styrkir	155.566.230	196.332.565
Aðrar tekjur	168.579.607	147.664.192
	<u>473.636.558</u>	<u>481.857.329</u>

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	1.622.634.110	1.457.925.963
Húsnæðiskostnaður	140.150.991	179.673.074
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	70.573.448	68.008.825
Funda- og ferðakostnaður	70.718.450	77.668.694
Aðkeypt sérfræðipjónusta	91.203.715	74.735.333
Annar rekstrarkostnaður	54.851.973	71.188.085
Tilfærslur	<u>96.101.863</u>	<u>80.618.814</u>
	2.146.234.550	2.009.818.788
Eignakaup	<u>25.734.726</u>	<u>9.876.336</u>
	<u>2.171.969.276</u>	<u>2.019.695.124</u>

Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur

	(-1.698.332.718)	(-1.537.837.795)
--	------------------	------------------

Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)

	6.281.988	6.153.617
--	-----------	-----------

Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins

	(-1.692.050.730)	(-1.531.684.178)
--	------------------	------------------

Ríkisframlag


	<u>1.704.000.000</u>	<u>1.534.100.000</u>
--	----------------------	----------------------

Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins

	<u>11.949.270</u>	<u>2.415.822</u>
--	-------------------	------------------



Skipting tekna



Þús. kr.

Innritunargjöld	6,8%	149.419
Aðrar tekjur	8,0%	174.861
Framlög	7,1%	155.566
Ríkisframlag	78,0%	1.704.000
Samtals	100,0%	2.183.918

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	2015	2014
Eignir		
Áhættufjármunir	<u>14.000.000</u>	<u>14.000.000</u>
Eignarhlutir í félögum	<u>14.000.000</u>	<u>14.000.000</u>
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	135.007.261	123.540.408
Handbært fé	<u>233.419.788</u>	<u>205.311.225</u>
	<u>368.427.049</u>	<u>328.851.633</u>
Eignir alls	<u>382.427.049</u>	<u>342.851.633</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	5.555.836	3.140.014
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	<u>11.949.270</u>	<u>2.415.822</u>
Höfuðstóll	<u>17.505.106</u>	<u>5.555.836</u>
Eigið fé	<u>17.505.106</u>	<u>5.555.836</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	186.207.189	166.980.165
Viðskiptaskuldir	<u>178.714.754</u>	<u>170.315.632</u>
Skuldir	<u>364.921.943</u>	<u>337.295.797</u>
Eigið fé og skuldir	<u>382.427.049</u>	<u>342.851.633</u>

BRAUTSKRÁNING 13 JÚNÍ 2015

Háskólinn á Akureyri brautskráði 327 kándidata á háskólahátíð 13. júní. Af þessum stunduðu 111 fjarnám fyrir milligöngu háskólasetra og símenntunarmiðstöðva, 78 stundaði lotunám og 139 staðarnám. Flestir kándidatar voru brautskráðir frá hug- og félagsvísindasviði, eða 166. Frá heilbrigðisvísindasviði brautskráðist 81 og 80 frá viðskipta- og raunvísindasviði.

Auk þess brautskráðust 15 namar þann 15. febrúar og aðrir 12 þann 12. október. Alls brautskráðust því 354 nemendur frá háskólanum á árinu.

Brautskráning sundurliðast þannig:

BS próf í hjúkrunarfræði 49

BS próf í iðjupjálfunarfræði 18

Dipl Sc í heilbrigðisvísindum 9

MS próf í heilbrigðisvísindum 11

BA próf í félagsvísindum 4

BA próf í fjölmiðlafræði 13

BA próf í nútímafræði 8

BA próf í samfélags- og hagþróunarfræði 1

BA próf í sálfræði 49

BEd próf í kennarafræði 17

Kennslufræði til kennsluréttinda (meistarastig) 1

Dipl Ed í menntunarfræði 9

MEd próf í menntunarfræði 26

Dipl Ed í menntavísindum 27

MA próf í menntavísindum 8

BA próf í lögfræði 8

ML próf í lögfræði 9

Heimskautaréttur diplóma (meistarastig) 1

BS próf í líftækni 4

BS próf í sjávarútvegsfræði 13

MS próf í auðlindafræði 3

MRM próf í haf- og strandsvæðastjórnun 9

BS próf í viðskiptafræði 56

MS próf í viðskiptafræði 1

Brautskráðir frá upphafi

Deild	2015	Samtals
Auðlindaeild		49
Félagsvísinda- og lagadeild	93	658
Heilbrigðisdeild	87	1,155
Kennaradeild	88	1,936
Viðskipta- og raunvísindadeild	86	710
Viðskipta-/Rekstrardeild		476
Sjávarútvegsdeild		96
Upplýsingatækni-deild		32
Samtals	354	5,112

Eftirtaldir fengu viðurkenningu við brautskráningu 2015:

Auðlindafræði – Eiríkur Páll Aðalsteinsson

Félagsvísindi – Einar Kristinsson

Kennarafræði – Vordís Guðmundsdóttir

Hjúkrunarfræði – Jóna Maren Magnadóttir

Iðjupjálfunarfræði – Alda Pálsdóttir

Lögfræði – Magnús Smári Smárasón

Viðskiptafræði – Þorsteinn Helgi Valsson



KEA veitir viðurkenningu nemendum með hæstu meðaleinkunn í grunnnámi á hverju fræðasviði. Eftirtaldir hlutu viðurkenningar 2015:


Jóna Maren Magnadóttir – hjúkrunarfræðideild, fyrir hæstu meðaleinkunn í grunnnámi á heilbrigðisvísindasviði.

Einar Kristinsson – félagsvísindadeild, fyrir hæstu meðaleinkunn í grunnnámi á hug- og félagsvísindasviði.

Eiríkur Páll Aðalsteinsson – auðlindadeild fyrir bestan námsárangur á viðskipta- og raunvísindasviði.

Góðvinir Háskólans á Akureyri veittu viðurkenningar til þeirra nemenda sem höfðu verið ötulir í starfi í þágu háskólans á námstímanum, svo sem með nefndarsetum og við kynningarstarf. Þrír hlutu heiðursverðlaun Góðvina, þau Vordís Guðmundsdóttir, hug- og félagsvísindasviði, Snæbjörn Ómar Guðjónsson, heilbrigðisvísindasviði og Þórhildur Edda Eiríksdóttir, viðskipta- og raunvísindasviði, sjá mynd á bls. 13.

Brautskráðir 2015



BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS



Frú Vígðís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, bæjarstjóri, þingmenn, kándídatar, samstarfsfólk og gestir bæði nær og fjær.

Verið öll innilega velkomin á háskólahátíð Háskólans á Akureyri 2015, sem að þessu sinni er send út bæði á netinu og í sjónvarpi. Háskólinn er með öfluga fjarkennslu sem nær um allt land. Ekki eiga allir fjölskyldumeðlimir kándídata heimangengt og því erum við afar ánægð með að geta boðið kándídotum og fjölskyldum þeirra upp á þessa þjónustu, ásamt því sem þetta form auðveldar okkur að halda hátíðina hér í skólanum okkar. Með þessu móti er háskólahátíðin, líkt og nám ykkar kándídata, bæði við skólann sjálfan sem og í veraldarvöldum netheiminum.

Að þessu sinni brautskrást 327 kándídatar af þremur fræðasviðum og 22 meginnámsleiðum. Með bakkalágráðu útskrifast 228 og 99 útskrifast úr framhaldsnámi. Þá eru 80% kándídata konur og 20% karlmenn, sem endurspeglar kynjahlutfallið við skólann eins og það er í dag. Og það er ánægjulegt, að nú á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, eru konur í fararbroddi menntunar.

Yfirstandandi skólaár hefur verið viðburðaríkt og aðgerðir, sem hafa verið í undirbúningi um langt skeið, hafa komist til framkvæmda ásamt ýmsum áhugaverðum nýmælum. Sem dæmi um nýmæli vil ég nefna Vísindaskóla unga fólksins sem verður settur í fyrsta sinn nú í júnímánuði, og jafnframt nýtt námsframboð í fjölmiðlafræði og tölvunarfræði í samvinnu við aðra háskóla hér á landi.

Aukið samstarf háskólans við bæði innlendar og erlendar háskólastofnanir er lykillinn að því að unnt sé að bjóða upp á fjölbreyttara nám við Háskólann á Akureyri, á sama tíma og skólinn getur styrkt sig á sínum sérsviðum, og þá sérstaklega hvað varðar rannsóknir. Ég tel því að stjórnvöld eigi að fara sér hægt í sameiningarmálum háskóla en vinna frekar að því að skapa háskólum landsins sameiginlegt og gagnsætt rekstrarumhverfi, þannig að skólarnir sjái tækifærin í samþættingu náms og rannsókna með fullu fjárhagslegu jafnræði á milli stofnana. Rannsóknir á vegum samtaka háskóla í Evrópu hafa einmitt sýnt að þegar að stofnanirnar sjálfar fá tækifæri til að leiða samræðuna er líklegast að verulegur árangur og ávinningur náist í gegnum nána samvinnu á öllum sviðum háskólastarfsins.

Annar merkur viðburður fyrir háskólann var þegar lokið var við umsókn til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um heimild til doktorsnáms við Háskólann á Akureyri. Um er að ræða lok á löngu ferli sem hófst árið 2011 með stefnumótun háskólans fyrir árin 2012–2017. Í heimi sem sífellt verður flóknari, og þar sem viðfangsefnið krefjast nýrra lausna, er rannsóknartengt nám grundvallaratriði. Íslenskt samfélag stendur frammi fyrir stórum spurningum um áhrif hnattrænnar hlýnunar fyrir land og þjóð, en ekki síður siðferðislegum og efnahagslegum spurningum um stefnu í nýtingu og framleiðslu á jarðefnaeldsneyti, þróun ferðaþjónustu og uppbyggingu sjálfbærs samfélags. Til þess að unnt sé að svara svo stórum spurningum þarf ítarlegar og fjölbreyttar rannsóknir, á mörgum ólíkum sviðum. Ljóst er að ekki munu fást einhlít svör og því er nauðsynlegt að fleiri en ein stofnun hér á landi hafi tækifæri til þess að fjalla um þessi mál efni á doktorsstigi. Það er íslensku samfélagi öllu til framdráttar að Háskólinn á Akureyri fái heimild til doktorsnáms á sínum sérsviðum. Það hefur sýnt sig að fjárfesting í Háskólanum á Akureyri hefur skilað sér í hærra menntunarstigi alls staðar í dreifbýli hér á landi. Það er því góður kostur, og skynsamlegt fyrir íslensk stjórnvöld, að fjárfesta enn frekar í háskólanum nú, þegar bjartari tímar eru framundan í fjármálum ríkisins.

Það er lífsnauðsynlegt fyrir þjóð, sem vill geta keppt við alþjóðleg samfélög um mannauð og þekkingu, að hafa öflugar háskólastofnanir sem taka virkan þátt í gagnrýnni umræðu um samfélagið og skapa með því grunn fyrir upplýsta umræðu sem leiðir fram staðreyndir byggðar á viðurkenndum og vísindalegum aðferðum. Í því felst framlag háskólans til samfélagsins og því fylgir jafnframt mikil ábyrgð sem háskólastofnanir verða að standa undir á öllum tímum.

Háskólinn á Akureyri heldur áfram að vaxa og er metaðsókn í nám við skólann nú í haust. Aukin aðsókn, formleg staðfesting gæðaráðs háskólanna á akademískum gæðum og námsumhverfi skólans, og góður rekstur innan fjárlagaramma, eru allt þættir sem stuðla að því að Háskólinn á Akureyri, þriðji stærsti háskólinn á landinu, er ein af öflugustu menntastofnunum landsins. Slíkt væri ekki hægt nema fyrir ötula vinnu samhents starfsfólks sem leggur hart að sér við að efla háskólasamfélagð. Fyrir það ber að þakka, og sérstaklega þeim sem láta nú af störfum vegna aldurs, en þeir eru að þessu sinni þeir.



Helgi Már Bergs, lektor í þjóðhagfræði við viðskiptadeild, en hann hóf störf við skólann árið 1991, eða fyrir rétt tæpum 25 árum síðan.

Kristín Aðalsteinsdóttir, prófessor við kennaradeild, lét af störfum síðastliðið haust en hún hafði starfað við skólann í yfir 20 ár.

Rósa K. Júlíusdóttir, lektor í myndlist við kennaradeild, lætur af störfum að loknu þessu vormisseri en hún hefur starfað við skólann í rúmlega 12 ár.

Ég vil þakka þessum einstaklingum sérstaklega fyrir þeirra góða framlag til uppbyggingar og eflingar skólans á síðustu áratugum.

Kæru kándídatar.

Dagurinn í dag er góður dagur og þetta er ykkar dagur. Þið hafið náð merkurum áfanga í lífi ykkar. Á tímamótum sem þessum er gott að líta örsnöggt um öxl með stolti yfir góðum árangri og ánægju með að áfanga sé nú lokið.

En mikilvægara er þó að líta fram á veginn og hugsa um hvernig þið ætlið ykkur að nýta þessa þekkingu, hæfni og færni sem þið hafið aflað ykkur, hvernig þið ætlið að nýta þekkinguna til að bæta ykkur sjálf og bæta samfélag ykkar.

Við erum öll hluti af mörgum samfélögum, bæði í raunheiminum og netheiminum, og við berum ábyrgð á því hvernig þau próast, og ef við, hvert og eitt okkar, tökum ekki alvarlega þá ábyrgð mun ekkert breytast, það verða engar framfarir. Sem fullgildir meðlimir háskólasamfélagsins er það jafnframt rík skylda ykkar að virða grunngildi þess samfélags: gagnrýna hugsun, virðingu við lýðræðið og stöðuga leit að nýrri þekkingu, eins og lesa má í bók Páls Skúlasonar, *Háskólapælingar*.

Nú, þegar þið veltið fyrir ykkur framtíð ykkar er ekki laust við að um mig fari ákveðinn ótti; ótti um að það ósætti sem ríkir í íslensku samfélagi hafi neikvæð áhrif á það hvernig þið sjáið framtíðina fyrir ykkar hér á landi.

Það er vissulega margt sem betur má fara í okkar samfélagi, margt sem hægt er að bæta.

Staðreyndin er hinsvegar sú að landið er ríkt; ríkt af auðlindum sem mörg önnur lönd líða fyrir skort á. Nú er náttúran sjálf, eins og hún stendur ein og sér, orðin ein verðmætasta eign

okkar og skapar okkur jafnvel meiri gjaldeyri í gegnum ferðaþjónustu en aðrar stóðir efnahagslífsins.

Við eigum jafnframt ómæld verðmæti í sögu okkar og menningu. Sameiginlegur sagnaarfur hefur reynst mikill stuðningur í þróun hugverkaiðnaðar hér á landi þannig að í dag er sú auðlind sem hefur mesta möguleika til að vaxa mannauðurinn sjálfur. Í mannauðnum býr hugvitið sem skapar hugbúnað, kvikmyndir, tónlist, bókmenntir og þekkingu á því hvernig við best nýtum okkar hefðbundnu auðlindir. Tækifærin fyrir ykkur eru því fjölbreytt og spennandi og nú er vissulega komið að því að bókvitið verði í askana látið.

Gestir sem sækja okkur heim sjá þessar staðreyndir. Ísland uppfyllir flest þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess unnt sé að byggja upp öflugt, réttlátt og auðugt samfélag. Og það höfum við gert, því þrátt fyrir erfiðleika síðustu ára, þrátt fyrir versnandi lífsskjör og fjárhagsleg áföll, og þrátt fyrir þunga í orðræðu, jafnvel innan okkar virtustu stofnana, þá er íslenskt samfélag enn meðal öflugustu samfélaga í heiminum þegar kemur að helstu forsendum góðra lífsskilyrða, það eru lýðræði, mannréttindi, og hagsæld. En það er ekki sjálfsagt að við höldum í þessi lífsskilyrði, við verðum öll að vinna að því hörðum höndum að efla lýðræðið, tryggja mannréttindi og stuðla að aukinni hagsæld.

Góðir áheyrendur nær og fjær.

Mikilvægasta verkefnið er að efla og þróa lýðræðið og lýðræðislega hugsun, því lýðræðið er hornsteinninn að þeim miklu framförum sem orðið hafa í samfélögum hins vestræna heims og við sjáum að þar sem lýðræðið fær að njóta sín best er hagsældin mest.

Það eru 100 ár síðan konur öðluðust kosningarétt hér á landi og eru það tímamót sem ber að fagna. Háskólasamfélagið á Akureyri hefur tekið þátt í að minnast þessara tímamóta með ráðstefnum og málstofum og mun nú í haust standa fyrir fleiri viðburðum. Einn áhugaverður viðburður sem haldinn verður í september í samvinnu við Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum ber heitið *Margar myndir ömmu* og er hluti af fyrirlestraröð sem segir sögur kvenna í lok 19. og byrjun 20. aldarinnar. Í því samhengi hugsa ég til langömmu minnar, Ingibjargar Ögmundsdóttur símtjóra, sem fæddist árið 1895. Sem ungur drengur þekkti ég lítið til sögu hennar en leitaði til hennar í

spjall og spil. Það var ekki fyrr en mörgum árum síðar sem ég lærði hversu mikill kvenskörungur hún hafði verið. Þegar þessi kjarkaða og kraftmikla kona, sem tókst á við erfiðleika lífsins með miklu æðruleysi, fæddist höfðu konur ekki kosningarétt. Hún fékk heldur ekki kosningarétt þegar hún varð 18 ára né þegar hún varð tvítug. Það er erfitt til þess að hugsa að manneskur, sem við þekktum og lítum til sem sterkra og góðra fyrirmynda, skuli hafi verið svo vanmetnar af sínu eigin samfélagi að þær máttu ekki taka þátt í að skapa framtíð þess með þátttöku í almennum kosningum.

Það var síðan 65 árum eftir að konur fengu fyrst kosningarétt sem Íslendingar kusu leiðtoga sem stóð sem sameiningartákn fyrir þjóðina alla um tveggja áratuga skeið, og já sá leiðtogi er fyrsti lýðræðislega kjörni kvenforsetinn og er hún hér með okkur í dag. Það er okkur mikill heiður að fyrirverandi forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, skuli ávarpa Háskólahátíð Háskólans á Akureyri hér á eftir.

Þjóðfélag okkar hefur þróast til betri áttar og með síaukinni þátttöku kvenna á öllum stigum samfélagsins höfum við komist nær jafnrétti og réttlæti. En þó svo að Ísland teljist vera það land sem hvað lengst hefur náð á sviði jafnréttis kynjanna þá þýðir það ekki að fullu jafnrétti hafi verið náð. Það er því verkefni okkar allra að halda áfram á þeirri braut og uppræta mismunun, og það gerum við einungis með því að taka sjálf virkan þátt í að bæta okkar samfélag og nýta kosningaréttinn.

Ágætu kandiðatar.

Nútímasamfélög eru alþjóðleg í eðli sínu og því mikilvægt að við sem einstaklingar víkkum út sjóndeildarhring okkar með því að kynna nýjum heimum, nýrri menningu og öðrum síðum. Fjölbreytt og fjölbætt menning er hverju samfélagi lífsnaðsynleg á sama hátt og það er okkur nauðsynlegt að skilja eigin menningararf. Best er þegar það tekst að blanda þessum mismunandi heimum saman til þess að skapa eitthvað alveg nýtt, eitthvað alveg einstakt. Ég mun seint geta lýst í orðum þeirri stórkostlegu upplifun sem ég varð fyrir þegar ég sat á tónleikum Skálmaldar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hlustaði á þjóðlagadauðarokksklassík studda einstaklega góðri textagerð sem nýtti sér forna íslenska bragarhætti. Á þeirri stundu kom saman allt það besta úr ólíkum áttum og þegar allir lögðust á eitt varð samhljómurinn svo kraftmikill, svo yfirþyrmandi, að orð fá því ekki lýst. Ef við stöndum öll saman og stillum strengina rétt eru okkur allir vegir færir.

Það er þessi samhljómur sem við þurfum að finna fyrir íslenskt samfélag. Samhljómur á milli kynja, samhljómur á milli kynslóða, samhljómur á milli stétta, samhljómur á milli borga og landsbyggðar. Þið sem heild hafið þekkingu sem getur stuðlað að því að íslenskt samfélag nái slíkum samhljómi, þannig að við getum sameinuð byggt upp öflugt, samkeppnishæft og umfram allt réttlátt samfélag, sem getur dafnað og vaxið sem þjóð á meðal þjóða. Takist okkur það er ég þess fullviss, að á Íslandi verði fjölbreytt samfélag sem stendur fyllilega undir lífskjörum eins og þau gerast best í heiminum, og að þegar þið hafið aflað ykkur fjölbættrar og dýrmætrar reynslu á erlendum vettvangi komið þið til baka og nýtið þá reynslu við uppbyggingu enn betra samfélags.

Kæru kandiðatar. Ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar innilega til hamingju með daginn. Munið ætíð að fara þangað sem hjartað segir ykkur að fara en notið þekkinguna sem þið hafið öðlast í námi ykkar til þess að komast á þann stað.

Lifið heill!







Heilbrigðisvísindasvið

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR 13. JÚNÍ 2015

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

1. röð frá vinstri

Bryndís Bjarnadóttir
Brynja Bjarnadóttir
Sólrun Arney Siggeirsdóttir
Karítas Ósk Agnarsdóttir
Sigríður Halldórsdóttir,
formaður framhaldsnámsdeildar
Árún K. Sigurðardóttir,
forseti heilbrigðisvísindasviðs
Eyjólfur Guðmundsson rektor
Sigfríður Inga Karlsdóttir,
formaður hjúkrunarfræðideildar
Kristín Sólveig Sigursveinsdóttir,
formaður iðjuþjálfunarfræðideildar
Gullveig Ösp Magnadóttir
Sólveig H. Sveinbjörnsdóttir
Hugrún Birna Bjarnadóttir

2. röð frá vinstri

Sólveig Jóhannsdóttir
Elin Svana Lárusdóttir
Sandra Sif Gunnarsdóttir
Andís Kristjánsdóttir
Katrín Erna Þorbjörnsdóttir
Jenny Kamilla Knútsdóttir
Patricia Huld Ryan
Kristjana S. Sveinsdóttir
Guðbjörg Þóra Snorradóttir
Hallveig Skúladóttir
Þórdís Ágústsdóttir
Andrea Klara Hauksdóttir
Svala Berglind Robertsson

3. röð frá vinstri

Kristín Vilborg Þórðardóttir
Kristín Ásgeirsdóttir
Lóa Maja Stefánsdóttir
Jóna Ósk Antonssdóttir
Ásthildur Guðlaugsdóttir
Ólöf Sigurborg Sigurðardóttir
Ragnhildur Sigurjónsdóttir
Birna Blöndal
Helena Rós Þórólfsdóttir
Marsibil Anna Jóhannsdóttir
Elísa Rán Ingvarsdóttir
Sæunn Pétursdóttir

4. röð frá vinstri

Inga Heinesen
Áslaug Felixdóttir
Linda Björk Rúnarsdóttir
Katrín Ósk Agnarsdóttir
Erna Kristín Valdimarsdóttir
Sigurjón Valmundsson
Sigurfinnur Línal Stefánsson
Vilborg Lárusdóttir
Dóra Björk Jóhannsdóttir
Dagný Ragnarsdóttir

5. röð frá vinstri

Danía Anfinnsdóttir Heinesen
Jóna Margrét Guðmundsdóttir
Heiða Björg Kristjánsdóttir
Bjarnfríður L. Guðsteinsdóttir
Íris Ósk Egilsdóttir
Jóna Maren Magnadóttir
Aldís Erna Vilhjálmsdóttir
Snæbjörn Ómar Guðjónsson
Rósa María Sigurgeirsdóttir
Rakel Valsdóttir
Berglind Ólafsdóttir

6. röð frá vinstri

Eygló Brynja Björnsdóttir
Aldís Eiríksdóttir
Júliana Petra Þorvaldsdóttir
Alda Pálsdóttir
Kristján Sigfússon
Guðrún Friðriksdóttir
Birna María Einarssdóttir
Ingibjörg Hulda Jónsdóttir
María Svava Sigurgeirsdóttir



Hug- og félagsvísindasvið

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

1. röð frá vinstri

Rakel Viggósdóttir
Þóra Sonja Helgadóttir
Erla Brimdis Birgisdóttir
Bára Björk Björnsdóttir
Ingibjörg Benediktsdóttir
Kjartan Ólafsson,
formaður félagsvísindadeildar
Sigrún Stefánsdóttir,
forseti hug- og félagsvísindasviðs
Eyjólfur Guðmundsson, rektor
Bragi Guðmundsson,
formaður kennaradeildar
Sóley Rut Þrastardóttir
Caroline Patricia Simm
Heike Viktoria Kristinardóttir
Harpa Friðriksdóttir
Jenný Þorsteinsdóttir
Laufey Guðnadóttir

2. röð frá vinstri

Hugrún Ósk Hermannsdóttir
Anna Berglind Pálmadóttir
Ásthildur Erlingsdóttir
Vildís Björk Bjarkadóttir
Sólborg Ýr Sigurðardóttir
Steinunn Hrafnkelsdóttir
Sóley Björk Gunnlaugsdóttir
Hulda María Einarsdóttir
Sólveig Indriðadóttir
Kristín Heimisdóttir
Sunna Ella Róbertsdóttir

Steinunn Ásta Lárusdóttir
Ragnheiður Thelma Snorradóttir
Helga Guðrún Þorsteinsdóttir
Júlía Guðrún Gunnarsdóttir
Katría Valdís Ólafsdóttir
Rachel Wilkinson
Heiða Björk Pétursdóttir

3. röð frá vinstri

Dagbjört Erla Gunnarsdóttir
Christine Sarah Arndt
Erna Sigrún Hallgrímsdóttir
Harpa Kristín Þóroddsdóttir
Anna Lilja Harðardóttir
Elisabet Líf Magnúsdóttir
Hlíf Ambjargardóttir
Hrund Malín Þorgeirsdóttir
Erna Kristín Kristjánsdóttir
Karen Nanna Þorkelsdóttir
Harpa Hrónn Harðardóttir
Vordís Guðmundsdóttir
Sigurveig Petra Björnsdóttir
Kristín Margrét Gísladóttir
Brynja Guðmundsdóttir

4. röð frá vinstri

Aðalheiður Hanna Björnsdóttir
Laufey Guðmundsdóttir
Jónína Rakel Sigurðardóttir
Þóra Sigurðardóttir
Þuríður Pétursdóttir

Hrafnhildur Gunnþórsdóttir
Pála Björk Kúld
Halla Mjöll Stefánsdóttir
Guðný Lára Jónsdóttir
Kristín Þóra Jóhannsdóttir
Sigrún Lindal Sigurðardóttir
Ragna Gerður Jóelsdóttir
Birgitta Ósk Sveinbjörnsdóttir
Urður María Sigurðardóttir
Ingibjörg Björnsdóttir

5. röð frá vinstri

Hólmfríður Björk Pétursdóttir
Auður Dögg Pálsdóttir
Þuríður Björg Kristjánsdóttir
Anna Sigríður Jóhannesdóttir
Ingibjörg Þuríður Stefánsdóttir
Harpa Þorvaldsdóttir
Sigrún Harpa Bjarnadóttir
Aníta Einarsdóttir
Hulda Björg Arnarsdóttir
Tara Björt Guðbjartsdóttir
Thelma Lind Guðmundsdóttir
Hildur María Þórisdóttir
Þórey Sif Þórisdóttir
Heiðrún Ástríðardóttir
Elma Sturludóttir
Auður Dögg Bjarnadóttir
Ólöf Brynjólfsdóttir
Íris Berglind C. Jónasdóttir

6. röð frá vinstri

Jóna Kristín Guðmundsdóttir
Ólöf Heiða Óskarsdóttir
Marthen Elvar Veigarsson Olsen
Hörður Þórhallsson
Gunnar Már Hauksson
Þorsteinn Roy Jóhannsson
Sigurður Stefán Nikulás Sigurgeirsson
Davíð Þorsteinsson
Björn Björnsson
Sigrún Edda Sigurjónsdóttir
Hrefna Guðmundsdóttir
Hugrún Erla Karlsdóttir
Sara Björk Sigurðardóttir
Unnur Ósk Unnsteinsdóttir
Sigríður Elisabet Stefánsdóttir

7. röð frá vinstri

Jón Haraldsson
Halldór Sánchez
Ari Brynjólfsson
Stefán Smári Jónsson
Einar Kristinnson
Sverrir Björn Einarsson
Eyþór Gunnarsson
Magnús Einarsson
Óliver Karlsson
Kristinn Björn Haraldsson
Helgi Freyr Hafþórsson
Björn Birgir Þorláksson
Magnús Smári Smáráson
Rúnar Már Þráinsson



Viðskipta- og raunvísindasvið.

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

1. röð frá vinstri

Jónína Guðmundsdóttir
Katrín Dögg Ásbjörnsdóttir
Elisabet María Þórhallsdóttir
Hjörleifur Einarsson,
formaður auðlindaeildar
Guðmundur Kr. Óskarsson,
formaður viðskiptadeildar
Eyjólfur Guðmundsson, rektor
Rannveig Björnsdóttir,
staðgengill forseta viðskipta-
og raunvísindasviðs
Selma Aradóttir
Íris Brá Svavarsdóttir
Björk Guðmundsdóttir
Klara Teitsdóttir

2. röð frá vinstri

Guðbjörg Arngeirsdóttir
Helga Margrét Helgadóttir
Stefanía Jónsdóttir
Erla Dögg Ólafsdóttir
Greta Kristín Ólafsdóttir
Ragnheiður Jakobsdóttir
Hrónn Harðardóttir
Lilja Margrét Hreiðarsdóttir
Diljá Helgadóttir
